

Hafnarfjarðarbær

Úttekt á rekstri og stjórn- skipulagi bæjarins

Nánari upplýsingar:

Arnar Pálsson (arnar.palsson@capacent.is)

Pröstur Sigurðsson (throstur.sigurdsson@capacent.is)

Reykjavík, 30. júní 2015

Auð baksíða vegna
kaflaskila við útprentun

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
1. Inngangur	6
1.1. Vinna við verkefnið hófst í mars og skýrslu skilað í júní	6
1.2. Skilvirk nýting skattfjár.....	6
2. Yfirlit yfir rekstur Hafnarfjarðar 2011-2014	10
2.1. Rekstrartekjur hafa aukist um 4,0 ma.kr.	10
2.2. Svigrúm til hækkunar á skatttekjum er lítið.....	11
2.3. Framlegð rekstrar er of lág	11
2.4. Ónóg framlegð til að greiða upp skuldir	13
2.5. Jafnvægisreglan skríður yfir viðmið í samanteknum reikningi	13
2.6. Mikilvægt að styrkja framlegð til eignabreytinga	14
2.7. Launakostnaður jókst um 1 ma.kr. á milli árána 2013 og 2014	17
2.8. Innheimtukostnaður	21
2.9. Ræstingarkostnaður	22
2.10. Tryggingar	23
2.11. Styrkir til íþróttamála	24
2.12. Heitt vatn	26
2.13. Fjármagnsliðir	27
3. Stjórnsýslusvið	30
3.1. Stoðþjónusta og blönduð íbúðþjónusta	30
3.2. Lögfræðimál	32
3.3. Fjármálastjórn og innkaup.....	33
3.4. Reikningshald	34
3.5. Fjárreiðudeild	34
3.6. Launadeild.....	36
3.7. Tölvudeild	37
3.8. Þjónustuver	40
3.9. Skrifstofa bæjarstjóra	42
3.10. Skjalastjórn	42
3.11. Mannauðsmál	42
3.12. Markaðs- og kynningarmál.....	43
3.13. Menningar- og ferðamál.....	44
3.14. Bókasafn	46
3.15. Byggðasafn.....	52
3.16. Hafnarborg	55
3.17. Atvinnumál	58
4. Fræðsluþjónusta	60
4.1. Heildarútgjöld í málaflokknum	61
4.2. Skólaskrifstofa.....	64
4.3. Sérfræðiþjónusta.....	66
4.4. Skólaakstur	69
4.5. Grunnskólar	70
4.5.1. Kennslustundaúthlutun	73
4.6. Rekstrarkostnaður í grunnskólum	76
4.6.1. Setbergsskóli.....	79
4.6.2. Lækjarskóli	82
4.6.3. Áslandsskóli	86
4.6.4. Hraunvallaskóli	89

4.6.5.	Hvaleyrarskóli	92
4.6.6.	Víðistaðaskóli	95
4.6.7.	Öldutúnsskóli	98
4.7.	Leikskólar	101
4.7.1.	Arnarberg	103
4.7.2.	Álfaberg	105
4.7.3.	Álfasteinn	107
4.7.4.	Brekkuhvammur	110
4.7.5.	Hlíðarberg	112
4.7.6.	Hlíðarendi	114
4.7.7.	Hraunvallaskóli	116
4.7.8.	Hvammur	119
4.7.9.	Hörðuvellir	121
4.7.10.	Norðurberg	123
4.7.11.	Stekkjars	125
4.7.12.	Tjarnarás	127
4.7.13.	Vesturkot	129
4.7.14.	Víðivellir	131
4.8.	Dagvistun	133
4.9.	Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	134
4.10.	Námsflokkar Hafnarfjarðar	137
5.	Umhverfi og framkvæmdir	142
5.1.	Umhverfis- og hönnunardeild	143
5.2.	Þjónustumiðstöðin	145
5.3.	Fasteignafélag Hafnarfjarðar	149
5.4.	Rekstrardeild	151
5.5.	Veitur	151
5.6.	Vinnutími	155
6.	Skipulag- og byggingar	158
7.	Hafnarsjóður	164
7.1.	Skipakomum fækkar	164
7.2.	Fimmta tekjuhæsta höfnin	166
7.3.	Tekjur námu 400 m.kr. árið 2014	167
7.4.	Rekstrarkostnaður án afskrifta hækkar og nam um 300 m.kr. árið 2014	169
7.5.	Launakostnaður hefur hækkað stöðugt á tímabilinu	170
7.6.	Vinnuskipulag, mikil yfirtíð og óreglulegur vinnutími á höfninni	172
7.7.	Starfsmannakostnaður	175
7.8.	Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkaði milli áranna 2013 og 2014	175
7.9.	Rekstur húsnæðis og lóðar	176
7.10.	Rekstur bifreiða og flutningatækja	177
7.11.	Rekstur lóðs og hafnsógu	178
7.12.	Markaðs- og ferðakostnaður lækkaði 2014	178
7.13.	Rekstur hafnarmannvirkja	184
7.14.	Höfnin 100 ára – söguritun	184
7.15.	Minnkandi EBITDA	186
7.16.	Næst lægsta framlegð 10 stærstu hafnanna árið 2013	188
7.17.	Efnahagur og sjóðstreymi – lánsfjármögnun	191
7.18.	Helstu kennitölur	194
8.	Tillögur og ábendingar	196
	Almennar tillögur	196
1.	Móta þarf launastefnu og afnema tvöfaldar orlofsgreiðslur vegna fastrar yfirvinnu	196

2.	Endurmat á þörfum vegna ræstinga	197
3.	Bifreiðastyrkir og akstursfyrirkomulag	198
4.	Gæðastjórnun	198
5.	Samstarf á milli sviða verði eflt með aukinni verkefnastjórnun	199
6.	Samskiptareglum verði komið á	199
7.	Viðskipti við tengda aðila	200
	Stjórnsýslusvið	200
8.	Breyttar áherslur á skrifstofu bæjarstjóra	200
9.	Ein afgreiðsla í ráðhúsi og endurskoðun á öryggismálum	200
10.	Lögfræðipjónusta bæjarins verði miðlæg	201
11.	Stefnumótun í mannauðsmálum	201
12.	Aukin áhersla á rafræna stjórnsýslu og upplýsingamiðlun	201
13.	Upplýsingakerfum sveitarfélagsins verði útvistað til þjónustuaðila	202
14.	Allir samningar um byggðasamlög og aðrir samningar verði í umsjón stjórnsýslusviðs	203
15.	Reglulegt útboð á vöru og þjónustukaupum	203
16.	Endurmat á starfsemi og verkaskiptingu innan launadeildar	205
	Fjármálasvið	205
17.	Fjármálasvið verði eining í miðlægri þjónustu	205
18.	Geta bókhaldsdeildar til fjárhagsgreininga verði efld samhliða fækkun stöðugilda	205
19.	Kostnaður við innheimtu útsvars	206
20.	Aukin þátttaka forstöðumanna við gerð fjárhagsáætlana	206
21.	Breytingar á fyrirkomulagi bókhalds launa	206
	Menningarmál	207
22.	Endurskipulagning á fyrirkomulagi menningarmála	207
23.	Mótun stefnu í menningarmálum	207
24.	Starfsemi og stefna Bókasafns Hafnarfjarðarbæjar verði endurskoðuð	207
25.	Bókasafni verði reiknaðar tekjur vegna umsjónar með skráningu bóka í Landskerfi bókasafna fyrir aðrar stofnanir bæjarins	208
26.	Aðgangseyrir inn á Byggðasafn	208
27.	Aðgangseyrir inn á Hafnarborg	209
28.	Kanna þarf fjárfestingu á skilabúnaði rafrænna gagna til Þjóðskjalasafns	209
	Fræðslu- og frístundaþjónusta	210
29.	Verkefni íþróttadeildar og forvarna- og tómstundadeildar verði færð undir fræðsluþjónustu ...	210
30.	Ný stoðdeild í fræðsluþjónustu fyrir sérfræðipjónustu og ráðgjöf	210
31.	Forstöðumaður leikskóla og daggæslu verður yfirmaður leikskólamála	211
32.	Rekstrarverkefni og ritarastörf innan skólaskrifstofu verði endurskipulögð og að hluta færð til miðlægrar þjónustu	211
33.	Endurskoðun reiknilíkans við úthlutun kennslustunda til grunnskóla	212
34.	Frímínútnagæsla kennara	212
35.	Úttekt á auknum kostnaði við akstur fatlaðra barna	212
36.	Mötuneyti í grunn- og leikskólum	213
37.	Aðgengi skólastjóra og leikskólastjóra að rekstrarupplýsingum	213
38.	Endurskoðun reiknilíkans fyrir úthlutun til leikskóla	213
39.	Túlkþjónusta í leikskólum	214
40.	Innkaup í leikskólum samræmd	214
41.	Breytt fyrirkomulag Námsflokka Hafnarfjarðar	214
	Umhverfis- og skipulagsþjónusta	215
42.	Sameining sviða á Norðurhelli og breytingar á stjórnskipulagi	215
43.	Rekstur þjónustumiðstöðvar og fasteigna verði sameinaður undir eignasjóði	216
44.	Fjöldi verkstjóra í þjónustumiðstöð og föst yfirvinna yfirmanna	216
45.	Vinnudagur starfsmanna þjónustumiðstöðvar hefjist kl. 8:00 í stað 7:25 og yfirvinna unnin eftir þörfum	217
46.	Vinnutími og bakvaktir almennra starfsmanna í þjónustumiðstöð	217
47.	Heimkeyrsla starfsmanna í þjónustumiðstöð verði lögð af	218

48.	Samkomulag um frítt fæði í þjónustumiðstöð verði endurskoðað	218
49.	Skráning á útseldri vinnu þjónustumiðstöðvar	218
50.	Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar vinni ekki önnur störf á dagvinnutíma nema með leyfi næsta yfirmanns og bæjarstjóra	218
	Hafnarþjónustan	219
51.	Rekstrarfyrirkomulagi Hafnarfjarðarhafnar verði breytt og til verði nýtt hafnarsvið inn í stjórnýslu sveitarfélagsins.....	219
52.	Stefnumörkun fyrir Hafnarfjarðarhöfn	220
53.	Samstarf milli hafna um rekstur lóðs- og dráttarbáta, hafnsöguþjónustu.....	221
54.	Vinnutími starfsmanna hafnarinnar og vaktakerfi	221
55.	Samningar við starfsmenn hafnarinnar verði yfirfarnir með tilliti til gildandi kjarasamninga	222
9.	Tillaga að breyttu stjórnskipulagi bæjarins	224
9.1.	Stjórnskipulag	225
9.1.1.	Núverandi skipurit Hafnarfjarðarbæjar	225
9.1.2.	Nýtt stjórnskipulag Hafnarfjarðarbæjar	226
9.1.3.	Stjórnýslusvið	227
9.1.4.	Fjármálasvið.....	228
9.1.5.	Fjölskylduþjónusta.....	229
9.1.6.	Fræðslu- og frístundaþjónusta	229
9.1.7.	Umhverfis- og skipulagsþjónusta.....	230
9.1.8.	Hafnarþjónusta	232
10.	Samantekt um mögulegan ávinning af tillögum	233
11.	Viðauki - Yfirlit yfir töflur og myndir	236
11.1.	Töflur	236
11.2.	Myndir	238

1. Inngangur

1.1. Vinna við verkefnið hófst í mars og skýrslu skilað í júní

Að beiðni Haraldar Líndal Haraldssonar, bæjarstjóra Hafnarfjarðarbæjar hefur Capacent unnið meðfylgjandi skýrslu um rekstur og stjórnskipulag bæjarins.

Úttektin er unnin á grundvelli samþykktar bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar þann 29. október 2014 þar sem ráðgjafafyrirtækinu R3 var falið að „framkvæma greiningu á rekstri Hafnarfjarðarbæjar og gerð tillagna varðandi rekstur sveitarfélagsins byggðar á greiningunni. Vinnan fari fram á tímabilinu frá október lok 2014 til febrúar 2015.“

Í febrúarlok lá fyrir að R3 myndi ekki ná að framkvæma greiningu á öllum sviðum bæjarins. Félagið hafði þá unnið greiningu á fjölskylduþjónustunni og tekið viðtöl við starfsfólk fræðsluskrifstofu, grunnskóla og leikskóla. Óskað var eftir því að Capacent framkvæmdi greiningu á öðrum sviðum bæjarins, auk Hafnarfjarðarhafnar og lyki úttekt á fræðslusviði. Ráðgjafar Capacent hófu vinnu við úttektina í fyrstu viku mars 2015.

Meðfylgjandi úttekt á starfsemi bæjarins, nær til stjórnsýslusviðs, fræðslusviðs, umhverfis- og framkvæmdasviðs, skipulags- og byggingarsviðs og hafnarsjóðs. Úttektin byggir meðal annars á viðtölum við starfsmenn þeirra sviða sem til skoðunar voru. Ráðgjafar Capacent tóku viðtöl við starfsmenn á ofangreindum sviðum, að fræðslusviði undanskildu. Ráðgjafar R3 höfðu tekið viðtöl við starfsfólk fræðslusviðs og Capacent vann úr þeim. Ráðgjafar Capacent tóku þó viðtöl við hluta starfsmanna á sviðinu þ.e. sviðstjóra, rekstrarstjóra, skólastjóra Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og forstöðumann Námsflokka Hafnarfjarðar.

Úttektin byggir á gögnum sem aflað var í viðtölunum, greiningum á upplýsingum úr bókhaldi sveitarfélagsins, samanburði við rekstur annarra sveitarfélaga og öðrum gögnum sem tiltekin eru í skýrslunni. Úttektin kallaði á fjölda spurninga sem beint var til starfsmanna, sem brugðust almennt vel við og sýndu mikla þolinmæði, þrátt fyrir að fyrirspurnirnar ykju þeim álag í dagsins önn.

1.2. Skilvirk nýting skattfjár

Rekstur sveitarfélaga hefur það ekki að markmiði að skila hagnaði og byggja upp eigið fé. Slík ráðstöfun getur falið í sér að skattlagning sé umfram það sem þarf til þess að greiða fyrir þá þjónustu sem íbúar sveitarfélagsins telja að sé betur komið í höndum samfélagsins en þeirra eigin.

Rekstur sveitarfélaga miðar öllu heldur að því að hámarka nýtingu þess fjármagns sem bæjarbúar hafa treyst starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir. Þetta felur í sér að nýting þess skattfjár sem bæjarbúar hafa samþykkt að nota í sameiginlega þjónustu er skilvirk.

Stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga leggja metnað sinn í að veita íbúum sem besta þjónustu hverju sinni. Íbúar þrýsta auk þess oft en ekki á að þjónustuframboðið sé aukið. Hafi stjórnendur

ekki fyrirvara á því að bæta þjónustuframboðið er hætt við að smám saman bætist við kostnaður sem ekki er í takti við það sem meginþorri bæjarbúa sækist í raun eftir.

Til þess að stemma stigu við óhóflegum kostnaði við veitta þjónustu er regluleg yfirferð yfir starfsemi eðlileg og það er von okkar að hún megi nýtast til þess að auka skilvirka nýtingu skattpeninga í Hafnarfjarðarbæ. Það er mat okkar að mikilvægara sé að hreyfa reglulega við starfsemi og þróa áfram, en að láta það ógert af ótta við að gera mistök.

Fjárhagsstaða Hafnarfjarðarbæjar er slæm og samkomulag hefur verið gert við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um aðlögunaráætlun sem tryggja á að fjárhagur sveitarfélagsins verði viðunandi. Í samantekt sem Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri kynnti á bæjarstjórnarfundi 24. júní sl. kemur fram að um 500 m.kr. þarf í aukna framlegð til að bærinn nái að standa við áætlunina.

Í fyrsta hluta meðfylgjandi skýrslu er fjallað um rekstur Hafnarfjarðarbæjar árin 2011-2014. Þar kemur fram að árið 2014 hafði framlegð bæjarins lækkað um 500 m.kr. frá fyrra ári. Þá liggur fyrir niðurstaða um kostnaðarmat á endurskoðun starfsmatskerfis sem mun leiða til þess að launakostnaður þeirra sveitarfélaga sem það nær til mun hækka að jafnaði um 3,3%. Hækkun launakostnaðar um 3,3% í Hafnarfirði myndi minnka framlegð um 330 m.kr. til viðbótar.

Svigrúm bæjarins til tekjuaukningar er takmarkað. Útsvarsálagning er í hámarki og svigrúm til hækkunar fasteignagjalda takmarkað, ekki síst vegna samanburðar við nágrannasveitarfélögin. Þá eru þjónustugjöld í Hafnarfirði almennt nokkru hærri en í nágrannasveitarfélögunum, sbr. fyrrnefnda kynningu bæjarstjóra. Það er því ólíklegt að fjárhagsstaðan verði bætt verulega með því að hækka skatta eða þjónustugjöld. Aukna skilvirkni og aukið aðhald í rekstri þarf til að þetta markmið náist.

Úttekt Capacent á starfsemi bæjarins leiðir fram mögulegan ávinning til aukinnar framlegðar með skipulagsbreytingum og auknu aðhaldi í rekstri. Það er mat Capacent að á þeim sviðum sem Capacent greindi megi auka framlegð um allt að 710 m.kr., auk þeirrar framlegðaraukningar sem ná má fram með breytingum á fjölskylduþjónustunni. Aukin framlegð að upphæð 710 m.kr. á ári getur á 20 árum greitt upp um þriðjung vaxtaberandi skulda bæjarins, ef miðað er við að þær beri 4,5% vexti.

Tillögur Capacent hafa að leiðarljósi að:

- Með skipulagsbreytingum má ná fram aukinni samlegð, þannig að í auknum mæli starfi saman starfsfólk með sama bakgrunn. Þannig verði stuðlað að faglegra starfi og bættri nýtingu starfskrafta.
- Með því að bæta ferla og innleiða gæðastjórnun má lágmarka mögulega sóun um leið og tryggt er að þjónusta við bæjarbúa uppfylli væntingar.

- Með bættri áætlanagerð, auknu aðhaldi og styrkara eftirliti með rekstri sviða og deilda aukast líkur á að þau markmið náist sem bæjarstjórn setur sér hverju sinni.

Úttektin miðar að því að benda á þætti sem færa má til betri vegar, en margt er vel gert. Breyttir tímar kalla einnig á breyttar áherslur í þjónustuframboði, svo sem sjá má á Mynd 4 um aldursdreifingu íbúa í Hafnarfirði.

Það er von okkar að úttektin stuðli að því að Hafnarfjarðarbær nái að bæta stöðu sína svo sveitarfélagið uppfylli viðmið um fjármál sveitarfélaga, en svo verður ekki að óbreyttu.

Auð baksíða vegna
kaflaskila við útprentun

2. Yfirlit yfir rekstur Hafnarfjarðar 2011-2014

Taflan hér að neðan sýnir rekstur A-hluta Hafnarfjarðarbæjar annars vegar og A- og B-hluta bæjarins hins vegar. Yfirlitið nær yfir fjögur ár, 2011-2014.

2.1. Rekstrartekjur hafa aukist um 4,0 ma.kr.

Rekstrartekjur A-hlutans skiptast í skatttekjur og aðrar tekjur. Skatttekjur standa saman af útsvari, fasteignaskatti, lóðarleigu og framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Undir aðrar tekjur falla þjónustutekjur, endurgreiðslur, eignatekjur og aðrar tekjur.

Tafla 1 Rekstrarreikningur A-hluta annars vegar og A- og B-hluta hins vegar 2011-2014, í þ.kr.

Heimild: Ársreikningar Hafnarfjarðar 2011-2014

(ISK í milljónum)	Ársreikningar				Samantekin reikningsskil (A og B)			
	2011	2012	2013	2014	2011	2012	2013	2014
Rekstrarreikningur								
Rekstrartekjur	14.350	15.323	17.018	17.986	15.612	16.871	18.691	19.648
Skatttekjur	12.570	13.309	14.860	15.607	12.525	13.262	14.807	15.554
Útsvar	9.182	9.824	11.000	11.500	9.182	9.824	11.000	11.500
Fasteignaskattur og lóðarl.	2.071	2.204	2.443	2.475	2.027	2.157	2.390	2.423
Jöfnunarsjóður	1.316	1.281	1.417	1.632	1.316	1.281	1.417	1.632
Aðrar tekjur	1.780	2.014	2.158	2.380	3.087	3.609	3.884	4.093
Rekstrarkostnaður	-12.521	-13.570	-14.994	-16.582	-12.971	-14.163	-15.657	-17.148
Laun og launatengd gjöld	-7.329	-7.564	-8.108	-8.823	-7.497	-7.765	-8.336	-9.058
Vöru- og þjónustukaup	-2.635	-3.384	-3.981	-4.339	-2.894	-3.685	-4.302	-4.551
Styrkir, framlög og annað	-2.112	-1.937	-2.347	-2.507	-2.115	-2.013	-2.446	-2.611
Br. á lífeyrisskuldbindingu	-445	-685	-557	-913	-465	-701	-573	-928
Framlegð rekstrar	1.829	1.753	2.024	1.404	2.641	2.708	3.035	2.499
Afskriftir	-620	-614	-611	-624	-868	-863	-855	-865
Afkoma fyrir fjármangslíði	1.209	1.139	1.413	780	1.773	1.844	2.179	1.634
Fjármagnslíðir, nettó	-2.033	-2.282	-499	-939	-2.789	-3.055	-769	-1.226
Afkoma reglulegrar starfsemi	-824	-1.144	914	-159	-1.016	-1.211	1.411	409
Óvenjulegir liðir	0	-1.587	0	-333	0	-1.587	0	-333
Niðurstaða ársins	-824	-2.731	914	-492	-1.016	-2.798	1.411	76

Tekjur í B-hluta eru þjónustutekjur, eignatekjur, vatnsgjald, fráveitugjald og aðrar tekjur.

Rekstrartekjur A-hluta hafa aukist úr 14,4 ma.kr. í tæpa 18,0 ma.kr. eða um 3,6 ma.kr. á tímabilinu (7,8%) og úr 15,6 ma.kr. í 19,6 ma.kr. (1,3%) í samanteknum reikningi. Í B-hluta munar mestu um hækkun í fráveitunni, en þar jukust tekjur úr 443 m.kr. í 705 m.kr. frá 2011 til 2014.

Skatttekjur hafa aukist úr 12,6 ma.kr. árið 2011 í 15,6 ma.kr., árið 2014, þ.e. um rúma 3,0 ma.kr. (7,5%). Skatttekjur eru um 87% heildartekna í A-hluta, útsvör um 64%, fasteignaskattur og lóðarleiga um 14% og Jöfnunarsjóðstekjur um 9%.

Skatttekjur eru um 79% heildartekna samantekins reiknings, útsvörin um 59%, aðrar tekjur 21% og framlög úr Jöfnunarsjóði 8%.

Svo sem sjá má af þessu eru útsvörin mikilvægasti tekjustofn sveitarfélagsins. Álagning útsvars er í hámarki í sveitarfélaginu og því ekki mögulegt að auka tekjur með aukinni álagningu.

Álagningarhlutfall útsvars er hið sama í Hafnarfirði og í flestum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu (14,48%), Garðabær og Seltjarnarnes hafa þó verið með lægra álagningarhlutfall (13,66%).

2.2. Svigrúm til hækkunar á skatttekjum er lítið

Hámarksálagning fasteignaskatta er 0,625% á íbúðarhúsnæði, 1,32% á opinberar byggingar og 1,65% á atvinnuhúsnæði skv. lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Álagning Hafnarfjarðar var 0,28% á íbúðarhúsnæði, en í hámarki bæði á opinberar byggingar og á atvinnuhúsnæði. Svigrúm bæjarins til að bæta fjárhag bæjarins með hækkun skatttekna takmarkast því af hækkun fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði úr 0,28% í 0,625%. Slík hækkun myndi hækka tekjur bæjarins um allt að 980 m.kr. á ári, hækkun um 0,01% hækkar tekjur bæjarins um 29 m.kr.

Tafla 2 Efnahagsreikningur A-hluta og A- og B-hluta fyrir árin 2011-2014, í þ.kr.

Heimild: Ársreikningar 2011-2014

(ISK í milljónum)	Ársreikningar				Samantekin reikningsskil (A og B)			
	2011	2012	2013	2014	2011	2012	2013	2014
Efnahagsreikningur								
Fastafjármunir:	33.598	35.060	35.542	35.876	44.428	45.652	45.905	46.071
Varanlegir rekstrarfjármunir	31.705	33.038	33.585	33.843	43.186	44.291	44.612	44.701
Áhættufjármunir og langtíma kr.	1.893	2.022	1.957	2.034	1.243	1.361	1.293	1.370
Veltufjármunir:	2.415	2.419	2.453	1.970	2.557	2.552	2.578	2.127
Skammtíma kröfur	2.328	2.103	2.201	1.794	2.445	2.187	2.317	1.921
Handbært fé	87	316	252	176	112	365	261	206
Eignir alls	36.013	37.479	37.996	37.847	46.985	48.204	48.483	48.198
Eigið fé:	5.051	3.523	4.703	4.530	7.964	6.368	8.046	8.432
Skuldbindingar	5.831	7.816	8.181	8.893	5.990	7.987	8.353	9.065
Langtímaskuldir:	20.380	20.711	19.357	16.251	28.437	28.672	26.795	21.554
Langtímalán	18.662	18.985	17.666	14.711	26.719	26.946	25.105	20.014
Leiguskuldir	1.718	1.726	1.690	1.540	1.718	1.726	1.690	1.540
Skammtímaskuldir:	4.751	5.430	5.754	8.172	4.594	5.177	5.290	9.146
Vaxtaberandi skuldir	250	512	651	0	250	512	651	0
Eigin fyrirtæki	673	832	1.038	1.103	0	0	0	0
Næsta árs afborganir	1.137	1.506	1.594	5.430	1.579	2.013	2.092	7.428
Aðrar skammtímaskuldir	2.691	2.580	2.472	1.639	2.765	2.652	2.547	1.718
Fjármögnun alls	36.013	37.479	37.996	37.847	46.985	48.204	48.483	48.198

Álagning nágrannasveitarfélaga bæjarins árið 2014 var almennt lægri en í Hafnarfirði. Aukin álagning gæti haft neikvæð áhrif á búsetuval íbúa á svæðinu og því dregið úr tekjuaukningu samfara fækkun íbúa. Auk þess er hún líkleg til að valda því að fasteignaverð í sveitarfélaginu lækki.

2.3. Framlegð rekstrar er of lág

Framlegð rekstrar A-hluta til fjármagnsliða og eignabreytinga (fjárfestinga og afborgana lána) var 1,8 ma.kr. árið 2011, fór hæst í 2,0 ma.kr. árið 2013 en lækkaði árið 2014 í 1,4 ma.kr. (sbr. Tafla 1).

Framlegðin hefur því minnkað um 600 m.kr. á milli áranna, þrátt fyrir að tekjur hafi aukist um tæpar 970 m.kr., þ.a. skatttekjur um 750 m.kr. Framlegð rekstrar í samanteknum reikningi nam um 2,5 ma.kr. árið 2014, sem er um 500 m.kr. lægri framlegð en árið 2013. Rekstrartekjur hækkuðu um 1,0 ma.kr. á milli áranna, en rekstrarkostnaður hækkaði um tæpan 1,5 ma.kr. á sama tíma.

Setja má þessar upphæðir í samhengi við skuldastöðu bæjarins. Fyrir þessar 500 m.kr. sem framlegðin versnaði um á milli áranna, væri hægt að greiða upp lán á 20 árum að upphæð 6,5-6,8 ma.kr., m.v. að lánið beri 4,0-4,5% vexti. Þetta samsvarar um þriðjungi af skuldum bæjarins.

Í árslok 2014 námu heildarskuldir bæjarsjóðs (A-hluti) rúmum 33 ma.kr. og samantekins reiknings (A- og B-hluti) um 39,5 ma.kr. (sbr. tafla 2).

Tafla 3 Kennitölur um rekstur Hafnarfjarðar árin 2011-2014, A-hluti og A- og B- hluti

Heimild: Ársreikningar Hafnarfjarðar

(ISK í milljónum, ef við á)	Ársreikningar				Samantekin reikningsskil (A og B)			
	2011	2012	2013	2014	2011	2012	2013	2014
Kennitölur								
Í hlutfalli við reglulegar tekjur								
Framlegð	13%	11%	12%	8%	17%	16%	16%	13%
Rekstrarniðurstaða	-6%	-7%	5%	-1%	-7%	-7%	8%	2%
Veltufé frá rekstri	9%	9%	10%	4%	12%	12%	13%	8%
Skuldahlutfall	216%	222%	196%	185%	250%	248%	216%	202%
Skuldaviðmið	N/A	N/A	169%	157%	N/A	N/A	192%	176%
Aðrar kennitölur								
Veltufjárhluftfall	0,51	0,45	0,43	0,24	0,56	0,49	0,49	0,23
(Vaxtaberandi skuldir + skuldbindingar)/Veltufé	20,6	22,1	17,2	39,2	19,1	19,4	15,6	23,9
Peningaleg staða í þús.kr.á íbúa	-1.080	-1.178	-1.129	-1.127	-1.379	-1.468	-1.386	-1.353
Eiginfjárhluftfall	14%	9%	12%	12%	17%	13%	17%	17%
Fjöldi ára sem það tekur að greiða lán með 4,5% vöxtum	25,8	34,8	24,7	88,7	21,8	23,9	18,7	26,2
Fjöldi íbúa og hlutfallleg breyting	26.434	26.763	27.325	27.818	1,3%	1,2%	2,1%	1,8%
Vaxtaþekja	2,44	2,18	2,83	1,99	2,57	2,36	2,92	2,36
Greiðsluþekja	1,28	1,05	1,10	0,36	1,29	1,09	1,14	0,42
Jafnvægisreglan								
Ár 1	-609	-1.753	-1.054	-389	-2.232	-1.762	-817	608
Ár 2	-824	-1.144	914	-159	-1.016	-1.211	1.411	409
Ár 3	215	-824	-1.144	914	466	-1.016	-1.211	1.411
Ár 3		215	-824	-1.144	-1.681	466	-1.016	-1.211

Ofangreind lækkun framlegðar hefur því veruleg áhrif á getu bæjarins til að standa við skuldbindingar sínar.

Tafla 3 sýnir helstu kennitölur úr rekstri bæjarins síðastliðin fjögur ár. Þar eru m.a. settar fram þær kennitölur sem *Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga* (Eftirlitsnefndin) hefur byggt athuganir sínar á fjármálum sveitarfélaga á.

Framlegð rekstrar er undir viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar. Í viðmiðunum nefndarinnar er gert ráð fyrir því að framlegð sé ekki lægri en sem nemur tíund af skuldaviðmiði, þannig að ef skuldaviðmiði er 150% af skatttekjum, þá skuli framlegðin ekki vera lægri en 15% af tekjum af reglulegri starfsemi. Skuldaviðmiði Hafnarfjarðar er nokkuð yfir viðmiðunarmörkum Eftirlitsnefndarinnar, var 169% árið 2013 og 157% árið 2014 ef eingöngu er litið til A-hlutans, en nokkru verri eða 192% árið 2013 og 176% árið 2014, þegar litið er til A- og B-hluta samtals.

Á sama tíma var framlegðin 16% af rekstrartekjum ársins 2013 og 13% vegna ársins 2014, í samanteknum reikningi.

Þrátt fyrir að skuldahlutfallið og skuldaviðmiðið hafi ekki enn náð viðmiðunum Eftirlitsnefndarinnar, hafa þessi hlutföll þó lagast síðustu ár. Þannig hefur skuldahlutfallið farið úr um 250% árið 2011 í um 202% af rekstrartekjum árið 2014. Á hinn bóginn hafa aðrar kennitölur ekki lagast, kennitölur sem segja til um getu félagsins til að standa undir skuldbindingum til skemmri tíma s.s. veltufjárhlutfallið. Það hefur lækkað úr því að vera ríflega 0,5 niður í 0,23 (A- og B-hluti) frá árinu 2011 til 2014, og er hvorugt hlutfallið viðunandi (viðmið er um 1,0).

2.4. Ónóg framlegð til að greiða upp skuldir

Í töflu 3 má sjá að veltufjárhlutfallið hefur lækkað verulega, en auk þess hefur vaxtaþekjan¹ og greiðsluþekjan lækkað umtalsvert.

Greiðsluþekja ársins 2014 var lægri en 1,0 þannig að óbreytt framlegð nægir ekki til að greiða vexti og afborganir af lánum, hvort sem litið er til A-hluta eða A- og B-hluta saman.

Að því gefnu að vextir séu 4,5% nægir framlegð í A-hluta til að greiða skuldir upp á tæplega 89 árum og ef vextir hækka í 5,0% mun A-hlutinn ekki vera sjálfbær um að greiða upp skuldir sínar ef framlegðin hækkar ekki.

Staðan er skárri ef litið er til samantekins reiknings (A- og B-hluta). Framlegð samantekins reiknings nægir til að standa undir greiðslu skuldbindinga bæjarins á ríflega 26 árum, en það er um 6 árum lengri tími en Eftirlitsnefndin hefur miðað við.

2.5. Jafnvægisreglan skríður yfir viðmið í samanteknum reikningi

Árin 2011 til 2014 tókst Hafnarfirði ekki að uppfylla jafnvægisreglu Eftirlitsnefndarinnar fyrir A-hlutann. Þar er gerð krafa um að rekstrarniðurstaða fyrir óvenjulega liði síðustu þriggja ára sé jákvæð.

Það sama á við þegar litið er á samantekin reikning fyrir árin 2011-2013. Jákvæð rekstrarniðurstaða árána 2013 og 2014, vega hins vegar upp tap ársins 2012, þannig að 2014 var

¹ Vaxtaþekjan (e. interest cover ratio) er hér reiknuð sem hlutfall framlegðar að viðbættum reiknaðri lífeyrisskuldbindingu og að frádræginni greiðslu upp í lífeyrissjóðsskuldbindingu annars vegar og greiddra vaxta hins vegar sem reiknaðir eru þannig að frá fjármagnsliðum nettó eru dregnar áfallnar en ógreiddar verðbætur og gengismunur. Við útreikning á greiðsluþekju (e. debt cover ratio) er afborgunum langtímalána og leiguskulda bætt við vaxtagreiðslur.

fyrsta árið sem Hafnarfjörður uppfyllti þetta skilyrði Eftirlitsnefndarinnar á því tímabili sem hér er til umfjöllunar.


2.6. Mikilvægt að styrkja framlegð til eignabreytinga

Mikilvægt er að styrkja framlegð bæjarins til eignabreytinga. Framlegð bæjarins má styrkja annars vegar með því að auka tekjur og hins vegar með því að draga úr kostnaði.

Tekjur bæjarins geta í grundvallaratriðum aukist á þrjá vegu:

- **Skatta- og verðhækkanir.** Verð fyrir veitta þjónustu er hækkað, s.s. með því að hækka skatta og hækka gjaldtöku þar sem það á við. Áður hefur verið rakið að svigrúm til hækkunar skatttekna, sem eru um 80% af rekstrartekjum bæjarins, takmarkast við hækkun fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði.

Það er hins vegar líklegt að hliðaráhrif þess að hækka fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði yrðu að búseta í bænum verður ekki jafn aðlaðandi og í nágrannasveitarfélögum sem bjóða lægri álögur. Það myndi lækka fasteignaverð og þar með tekjur af fasteignasköttum. Þessi leið myndi þó skila tekjuaukningu til skemmri tíma, en langtímaáhrifin yrðu hins vegar neikvæð.




Mynd 1 Heildarfjölgun íbúa í völdum sveitarfélögum frá 1998 og frá 2006

Heimild: Hagstofa Íslands

- **Stærri stofnar og aukin viðskipti.** Þeir stofnar sem skattar eru reiknaðir af vaxa og fjöldi þeirra sem kaupa þjónustu, sem gjald er tekið fyrir, eykst. Þetta getur komið til vegna almennra

launahækkana, hækkaðs verðs á fasteignum í sveitarfélaginu og aukinnar eftirspurnar eftir þeirri þjónustu sem bærinn veitir. Aðgerðir bæjarstjórnar hafa hér ekki veruleg áhrif og þær aðgerðir sem hugsanlega myndu skila árangri munu taka tíma og munu líklega krefjast fjárfestingar á þeim sviðum sem eru líkleg til að auka eftirspurn eftir þjónustu bæjarins.

- **Fjölgun íbúa.** Bærinn hefur byggt upp innviði fyrir allnokkra fjölgun íbúa í Vallahverfinu, norðan Straumsvíkur. Íbúapróun hefur verið jákvæð í Hafnarfirði hvort sem litið er til tímabilsins frá 1998 til 2014 eða 2006 til 2014. Íbúum hefur að jafnaði fjölgað um 2,5% á ári frá 1998 og litlu minna frá 2006. Í heild hefur íbúum bæjarins fjölgað um 53% frá 1998 og 24% frá 2006.




Mynd 2 Árleg fjölgun íbúa í nokkrum völdum sveitarfélögum. Fjölgunin sýnir meðalfjölgun á milli ára frá árinu 1998 til ársloka 2014 annars vegar og frá árinu 2006 hins vegar.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Tekjuaukning í kjölfar fjölgunar íbúa er hins vegar tímafrek aðgerð og líklegt er að hún krefjist fjárfestinga af hálfu bæjarins, jafnvel þó bærinn hafi byggt upp innviði fyrir fjölgun í Vallahverfinu. Þá er einnig mikilvægt að hafa í huga, þegar litið er til þess að fjölga íbúum, hvernig íbúar myndi auka framlegðina mest.


Sjá má á myndunum sem sýna tekjuskattsstofn eftir aldri og aldursdreifingu í Hafnarfirði að tekjur eru almennt hæstar hjá íbúum á aldrinum frá 41-60 ára. Þessi aldurshópur er einnig sá hópur sem líklega þarfnast minnstrar þjónustu.



Mynd 3 Tekjuskattsstofn eftir aldursbilum íbúa frá 16 ára aldri. Myndin sýnir fjögur ár þ.e. 2000, 2004, 2008 og 2012.

Heimild: Ríkisskattstjóri

Aldursdreifing íbúa í Hafnarfirði hefur færst nokkuð í átt að því að verða meira „kassalaga“ frá því sem var árið 1998. Árið 1998 voru hlutfallslega fleiri börn í sveitarfélaginu, en jafnframt hlutfallslega færri eldri en 70 ára.



Mynd 4 Aldursdreifing íbúa í Hafnarfirði árin 1998 og 2015. Samsetningin færir nær „kassalögun“, þ.e. jafnari dreifingu eftir aldri. Íbúar á aldrinum 41-60 ára með hærri tekjur en íbúar eldri og yngri. Íbúar á þessum aldri hafa einnig minni þörf fyrir þjónustu.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Ef við skilgreinum íbúa á aldrinum 20-69 ára sem skattborgara, þá má segja að hlutfall skattborgara sé hagstæðara í Hafnarfirði í ársbyrjun 2015 en 1998. Þannig var hlutfall skattborgara árið 1998 59% en 63% árið 2015. Þessi þróun er í samræmi við þróun á landsvísu.

Svo sem sjá má af ofangreindu getur verið erfitt að bæta framlegð og þar með getu sveitarfélagsins til eignabreytinga með tekjuaukningu. Lækkun kostnaðar er fljótvrækasta leiðin sem völ er á.

Það er mikilvægt, þegar lækka á kostnað og auka með því framlegð, að það sé gert í takti við þær áherslur í þjónustu sem stjórnendur bæjarins vilja leggja og þannig að íbúar verði sem minnst varir við. Þetta má gera með skipulagsbreytingum, aukinni framleiðni og aðhaldi í rekstri. Meðfylgjandi greining miðar fyrst og fremst að því að leita leiða til skipulagsbreytinga og kostnaðaraðhalds með það að markmiði að auka framlegð rekstrar og halda sömu þjónustu fyrir sama eða minni kostnað.

2.7. Launakostnaður jókst um 1 ma.kr. á milli árána 2013 og 2014

Heildarlaunakostnaður bæjarsjóðs og stofnana bæjarins nam um 7,8 ma.kr. árið 2012, 8,3 ma.kr. árið 2013 og 9,3 ma.kr. árið 2014. Launakostnaður hefur því hækkað um tæpan 1 ma.kr. á milli árána, sem samsvarar um 12% hækkun á milli ára. Af einstökum þáttum var mest hækkun í krónum talið milli árána 2013 og 2014 í föstum launum og dagvinnu, um 537 m.kr. (10,2%) og í launatengdum gjöldum um 379 m.kr.


Tafla 4 Sundurliðun launakostnaðar í Hafnarfirði árin 2012-2014

Heimild: Bæjarskrifstofur Hafnarfjarðar

Tegund launagreiðslu	2014				2013				2012				Breyting til 2014 frá 2013		
	A-hluti	B-hluti	Samtals	%*	A-hluti	B-hluti	Samtals	%*	A-hluti	B-hluti	Samtals	%*	A-hluti	B-hluti	Samtals
Föstlaun og dagvinna	5.699,1	85,2	5.784,3		5.164,6	83,1	5.247,7		4.706,7	219,4	4.926,1		10%	3%	10%
Yfirvinna	864,7	54,6	919,3	16%	840,1	54,2	894,3	17%	665,0	126,7	791,7	16%	3%	1%	3%
Álag (33%,45%,55%)	151,8	24,3	176,1	3%	143,7	22,2	166,0	3%	131,8	15,5	147,3	3%	6%	9%	6%
Orlof á fasta yfirvinnu	37,5	3,0	40,5	1%	35,6	3,4	39,0	1%	22,9	11,6	34,6	1%	5%	-11%	4%
Orlof á aðra yfirvinnu og álag	101,3	6,1	107,5	2%	83,9	6,0	90,0	2%	73,3	5,6	78,9	2%	21%	2%	19%
Nefndir og kjörstjórn	71,8	3,9	75,8	1%	59,3	3,7	63,1	1%	49,2	14,9	64,1	1%	21%	6%	20%
Bifreiðastyrkir	47,6	1,6	49,2	1%	59,2	1,4	60,6	1%	39,9	12,7	52,6	1%	-20%	18%	-19%
Orlofs- og desemberuppbot	176,2	2,1	178,3	3%	161,3	2,6	163,9	3%	147,0	7,6	154,6	3%	9%	-18%	9%
Fatapeningar	4,9	0,0	4,9	0%	4,1	0,0	4,1	0%	4,6	0,0	4,6	0%	18%	0%	18%
Önnur laun	9,5	3,5	13,0	0%	22,2	4,2	26,4	1%	26,0	1,1	27,1	1%	-57%	-17%	-51%
Launatengd gjöld	1.927,0	44,8	1.971,9	34%	1.551,4	41,5	1.592,9	30%	1.401,2	89,7	1.490,9	30%	24%	8%	24%
Samtals	9.091,5	228,0	9.319,4		8.125,6	222,3	8.347,9		7.267,6	504,8	7.772,4		12%	3%	12%
	Yfirvinna	Orlof	Samtals	%	Yfirvinna	Orlof	Samtals	%	Yfirvinna	Orlof	Samtals	%	Yfirvinna	Orlof	Samtals
Yfirvinna föst	331,8	40,6	372,4	6%	305,0	38,1	343,1	7%	260,0	42,3	302,3	6%	9%	6%	9%
Yfirvinna - önnur	587,8	74,4	662,2	11%	589,3	70,9	661,3	13%	504,4	112,2	616,6	13%	0%	5%	0%
Samtals	919,6	115,0	1.034,7		894,3	109,0	1.004,4		764,4	154,5	918,9		3%	6%	3%

Föst laun og dagvinna nema um 62% af heildarlaunakostnaði bæjarins, launatengd gjöld um 21,2% og yfirvinna, álag og orlof á yfirvinnu nemur um 13,3% af heildarlaunakostnaði A- og B-hluta samtals.


Stöðugildi hjá sveitarfélaginu voru árið 2014 alls 1.466, sem er svipaður fjöldi og árið áður, þegar þau voru 1.469. Stöðugildum fjölgaði hins vegar um 48 (3,4%) á milli árunna 2012 og 2013, þegar þau fóru úr 1.421 í 1.469.



Mynd 5 Fjöldi stöðugilda í Hafnarfirði og fjöldi íbúa á hvert stöðugildi

Heimild: Bæjarskrifstofur Hafnarfjarðar

Fjöldi íbúa að baki hverju stöðugildi í Hafnarfirði á árinu 2014 var 19, sem er sambærilegur fjöldi og verið hefur síðustu fjögur ár.




Mynd 6 Fjöldi íbúa á bakvið hvert stöðugildi í nokkrum völdum sveitarfélögum, eins og staðan var þann 1. apríl 2014. Hafa verður í huga að sveitarfélög kunna að hafa sameinast um tiltekin verkefni s.s. í byggðasamlögum og starfsmenn þeirra eru ekki taldir með í töflunni.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Árið 2013 voru laun á hvert stöðugildi samtals um 5,6 m.kr. og hækkuðu í 6,3 m.kr. árið 2014, sem samsvarar 12% launahækkun.

Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi er svipaður í Hafnarfirði og í Garðabæ og Reykjanesbæ. Í þessum sveitarfélögum er fjöldi íbúa á hvert stöðugildi meiri en í flestum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Það verður að hafa í huga við samanburð sem þennan að á bakvið starfsmannafjöldann er mismikil þjónusta. Þetta verður sérstaklega að hafa í huga þegar litið er til Akureyrar, þar sem möguleikar til samstarfs við stór nágrannasveitarfélög um þjónustu og fyrirkomulag þess er ekki það sama og á höfuðborgarsvæðinu. Hér má nefna almenningssamgöngur (strætó) og starfsemi slökkviliðs.

Í yfirlitstöflu, sem sýnir tegund launagreiðslna, má sjá að verulegur hluti launa er greiddur í yfirvinnu, annars vegar unninni og hins vegar fastri. Einnig eru álagsgreiðslur umtalsverðar. Árið 2014 námu þessar greiðslur, þ.e. yfirvinna, álag (33%, 45% og 55%) og orlof á yfirvinnu og fasta yfirvinnu alls um fimmtungi ofan á mánaðarlaun.



Mynd 7 Fjöldi starfsmanna með tiltekinn fjölda fastra yfirvinnutíma. Alls voru 226 starfsmenn bæjarins með fasta yfirvinnu.

Heimild: Bæjarskrifstofur Hafnarfjarðar

Alls voru 226 starfsmenn með fasta yfirvinnu. Algengast er að starfsmenn hafi 20 tíma í fasta yfirvinnu á mánuði, en bilið er breitt, allt að 85 tímar á mánuði. Að meðaltali eru greiddar um 31 klukkustund í yfirvinnu.

Tafla 5 Álagsgreiðslur, yfirvinna og aðrar álagsgreiðslur eftir einstökum stofnunum. Því miður lágu ekki fyrir upplýsingar úr aðalbók 2014 vegna breytinga á fyrirkomulagi í bókhaldi 2014.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014.

Þjónustudeildir í þ.kr.	2011	2012	2013	Skipting 2013
Félagspjónusta, barnavernd o.fl.	3.177,3	2.915,1	4.663,6	3,1%
Stofnanir í félagspjónustu	69.509,3	74.221,1	80.689,8	54,5%
Leikskólar	4.848,4	5.339,2	5.738,7	3,9%
Grunnskólar	1.520,5	0,0	0,0	0,0%
Íþróttahús skóla	2.205,9	3.885,8	4.010,7	2,7%
Tónlistarskóli	3.477,2	3.447,3	3.622,8	2,4%
Námsflokkar	1.394,1	1.455,5	1.366,4	0,9%
Bæjarbókasafn	1.013,2	832,0	894,6	0,6%
Hafnarborg	477,2	509,7	572,8	0,4%
Frístund og félagsmiðstöðvar	7.880,6	8.993,1	8.187,4	5,5%
Íþróttahús	3.150,4	2.358,1	2.513,0	1,7%
Sundlaugar	19.585,7	21.052,3	21.369,5	14,4%
Vatnsveita	2.431,7	2.497,1	2.704,9	1,8%
Fráveita	1.481,2	2.541,4	3.559,0	2,4%
Þjónustumiðstöð	6.929,5	6.224,6	7.933,0	5,4%
Annað	0,0	43,0	272,7	0,2%
Samtals	129.082,1	136.315,1	148.098,9	100,0%

Álagsgreiðslur, þ.e. vegna vaktavinnu, eru mestar vegna starfsemi sundlauga, frístunda- og félagsmiðstöðva, þjónustumiðstöðvarinnar og vegna stofnana í félagsþjónustu, en Capacent hefur ekki gert úttekt á starfsemi félagsþjónustunnar í sveitarfélaginu.


2.8. Innheimtukostnaður

Innheimtukostnaður á fjárreiðudeild nam árið 2014 rúmum 58 m.kr. samkvæmt aðalbók Hafnarfjarðar. Kostnaðurinn hækkaði nokkuð á milli áronna 2011 og 2012, fór úr 45 m.kr. í 54 m.kr.

Í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 45/1987 er innheimtuþóknun til ríkissjóðs 0,5% af innheimtu útsvari. Fyrir árið 2014 innheimti ríkissjóður samtals 122,7 ma.kr. vegna útsvars til sveitarfélaga. Þar af var innheimta fyrir Hafnarfjarðarbæ um 10,3 ma.kr.

Framlög sveitarfélaga vegna innheimtunnar eru 0,5% af innheimtu útsvari. Samkvæmt yfirliti sem Samband íslenskra sveitarfélaga birtir á heimasíðu sinni var innheimt útsvar vegna Hafnarfjarðarbæjar 11.709 m.kr. og greidd þóknun nam því um 58 m.kr.

Heildarþóknun sem sveitarfélögin greiddu ríkissjóði fyrir innheimtuna nam um 703,6 m.kr. vegna ársins 2014.



Mynd 8 Greidd þóknun Hafnarfjarðarbæjar til ríkissjóðs fyrir innheimtu útsvars samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014.

Árið 1989 var hámarksálagning útsvars 7,5% af útsvarsstofni, nú er hámarksálagningarhlutfallið 14,48% eða 93% hærra en árið 1989, tveimur árum eftir að lög um innheimtu opinberra gjalda tóku gildi (lög nr. 45/1987). Innheimtuhlutfallið hefur ekki breyst á þessum tíma. Það má hins vegar spyrja sig hvort kostnaðurinn við innheimtuna ráðist af því hver upphæðin er frekar en fjöldi greiðenda.

Heildarútsvarsstofn sveitarfélaga var um 1.026 ma.kr. árið 2014. Ef hámarksálagningarhlutfallið hefði verið óbreytt frá 1989 (7,5%) hefði ríkissjóður fengið greiddar 371,2 m.kr. og greiðslubátttaka Hafnarfjarðar hefði verið u.þ.b. 28 m.kr. lægri en hún var árið 2014.

Það má spyrja hvort ekki sé eðlilegt að hlutfall þetta verði tekið til skoðunar í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

2.9. Ræstingarkostnaður

Kostnaður við ræstingar, þ.e. aðkeyptur ræstingarkostnaður og ræstingarlaun (án launatengdra gjalda) hefur hækkað um 15% á tímabilinu. Árið 2012 lækkaði ræstingarkostnaður á milli ára úr 217 m.kr. í 200 m.kr. Frá árinu 2012 hefur ræstingarkostnaður hins vegar aukist um 50 m.kr. og samsvarar það 20% hækkun á þremur árum.

Tafla 6 Ræstingarkostnaður í þ.kr. eftir stofnunum árin 2011-2014

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Aðkeypt ræsting í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Félagsþjónusta	1.538,3	1.670,3	2.351,7	6.220,7	304%
Tómst.st.aldraðra og mötuneyti	1.508,3	1.255,9	945,8	888,6	-41%
Heimaj. aldraðra og öryrkja		125,6	509,0	2.092,0	
Félagsmiðstöð eldri borgara	30,0	118,9	726,9	1.800,3	5901%
Hæfingarstöðin Bæjarhrauni	0,0	170,0	170,0	1.439,8	
Fræðslumál	133.210,5	175.564,7	187.717,2	219.173,0	65%
Leikskólar	30.950,1	38.643,6	43.180,9	51.877,7	68%
Grunnskólar	97.023,4	129.343,2	136.458,9	158.068,1	63%
Tónlistarskóli og námsflokkar	5.237,0	7.578,0	8.077,4	9.227,2	76%
Menningarmál	5.936,2	6.197,8	6.235,7	7.632,3	29%
Bæjarbókasafn	2.157,5	2.299,8	2.422,6	2.926,8	36%
Byggðasafn	2.340,0	2.070,2	2.167,9	2.832,9	21%
Skrifstofa Hafnarborgar	1.438,6	1.533,5	1.645,2	1.864,9	30%
Annað		294,2		7,7	
Æskulýðs- og íþróttamál	2.629,9	2.299,9	2.396,9	3.546,6	35%
Atvinnumál	64,3				-100%
Bæjarskrifstofan og rekstur ráðhú	5.098,8	4.895,8	5.546,1	7.372,8	45%
Eignasjóður, rekstur	2.234,1	3.361,4	3.939,6	3.501,1	57%
Fasteignafélag, skrifstofa	1.466,8	2.087,9	1.675,0	2.408,6	64%
Rekstur fasteigna	767,3	1.273,5	2.264,6	1.092,6	42%
Húsnæðisskrifstofa, rekstur	600,8	1.477,1	2.180,3	1.617,7	169%
Húsnæðisskrifstofa	600,8	1.477,1	2.180,3	1.617,7	169%
Samtals	151.312,9	195.467,1	210.367,5	249.064,2	65%

Gerður var samningur við þann verktaka sem nú sinnir ræstingarmálum fyrir sveitarfélagið í upphafi árs 2011. Árið 2011 bættust þrjú grunnskólar og fimm leikskólar við í ræstingu, árið 2012

bættist Tónlistarskóli Hafnarfjarðar við. Fyrir utan Hæfingarstöðina, sem kom inn árið 2014 hafa ekki bæst við nýjar byggingar í ræstingu.

Viðbótarkostnaður hefur komið til vegna aukinnar tíðni í ræstingu, aukins kostnaðar vegna ræstinga eftir kl. 17:00 og einhverra viðbótarýma. Í viðtölum við starfsfólk kom fram almenn ánægja með fyrirkomulag ræstinga. Kostnaðurinn við ræstingu er hins vegar verulegur og þarfnast því stöðugs aðhalds.

Mestur er kostnaðurinn við ræstingar í grunnskólunum. Samtals nam hann 158 m.kr. árið 2014 samanborið við 147 m.kr. árið 2011 og 129 m.kr. árið 2012 þegar hann var lægstur. Kostnaður við ræstingar hefur því hækkað um tæpar 30 m.kr. frá árinu 2012, þ.e. um 22%.

Næst mestur er kostnaður við ræstingar í leikskólunum. Árið 2011 nam kostnaður við ræstingar þeirra samtals um 29 m.kr. og hefur hann aukist síðan á milli ára og er nú um 39 m.kr. Kostnaður við ræstingar hefur þannig aukist um 31% á fjórum árum, þ.e. frá 2011 til 2014, um 50 m.kr. Hækkunin er því nokkru minni eða sem nemur um 11 m.kr.

2.10. Tryggingar

Kostnaður við tryggingar hefur aukist í Hafnarfirði frá árinu 2011 til 2014 um 27%. Mest hefur aukningin verið í starfsmanna- og nemendatryggingum, sem líklega kemur til af fjölgun nemenda og skóla.

Tafla 7 Yfirlit yfir tryggingar eftir tegund frá 2011-2014.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Tryggingar	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Brunatryggingar fasteigna	30.601,5	28.377,4	34.403,3	35.669,0	17%
Ábyrgðatryggingar	18.059,6	740,4	3.180,5	261,3	-99%
Húseigendatrygging	-10.777,1	3.337,5	11.975,8	10.408,7	-197%
Lausafjártryggingar	1.243,1	96,7	203,1	1.782,3	43%
Starfsmanna- og nemendatrygging	5.961,9	32,4	1.656,7	12.092,7	103%
Aðrar vátryggingar	1.872,7	20.684,7	11.113,9	3.733,1	99%
Bifreiðatryggingar	6.251,6	3.244,9	3.735,2	4.016,7	-36%
Sjálfsábyrgð og skaðabætur	3.485,9	2.995,0	7.987,3	4.282,0	23%
Samtals	56.699,3	59.509,0	74.255,7	72.245,8	27%

Dregið hefur úr kostnaði við bifreiðatryggingar (36%) og ábyrgðatryggingum (99%) hefur verið sagt upp.

Mestur kostnaður við tryggingar er vegna brunatrygginga fasteigna í eignasjóði. Næst mestur kostnaður fellur til vegna starfsmanna- og nemendatrygginga, sem færast á sameiginlegan kostnað.

2.11. Styrkir til íþróttamála

Styrkir til íþróttamála jukust um 54% frá 2011 til 2014, fóru úr 207,4 m.kr. í 320,1 m.kr. Mest varð aukningin vegna framlaga til Kaplakrika, þ.e. til Íþróttamiðstöðvarinnar þar sem framlagið jókst úr 47 m.kr. í 81,7 m.kr. (74%), til Kaplakrikavallar sem fór úr 13,7 m.kr. í 19,6 m.kr. (42%) og til Knattþússins sem jókst úr 24,4 m.kr. í 27,2 m.kr. (12%). Auk styrkja til íþróttamála lagði bærinn um 63,4 m.kr. til samnings vegna niðurgreiðslu æfingagjalda.

Næst á eftir framlagi til Kaplakrika koma framlög til Ásvalla sem jukust úr 58,5 m.kr. í 93,4 m.kr. á tímabilinu 2011 til 2014.

Framlög til íþróttamála námu alls 320 m.kr. árið 2014, sem samsvarar um 23% af framlegð A-hluta og tæpum 13% af framlegð A- og B-hluta í rekstri bæjarins.

Tafla 8 Framlög til íþróttamála, sundurliðuð eftir styrkþegum árin 2011-2014

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Styrkir til íþróttamála í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Íþrótta- og tómstundanevnd	7.500,0	16.411,8	9.568,5	10.463,9	40%
Kaplakriki	85.206,3	117.378,7	104.599,2	128.536,1	51%
Íþróttamiðst. Kaplakrika	47.032,5	76.230,1	66.059,5	81.717,4	74%
Knattþúsið í Kaplakrika	24.425,6	27.730,2	26.803,6	27.236,1	12%
Kaplakrikavöllur	13.748,2	13.418,4	11.736,0	19.582,6	42%
Ásvellir	58.498,9	85.393,8	75.297,9	93.392,9	60%
Íþrótta- og tómstund. Ásvöllum	44.832,6	71.737,4	55.744,9	70.491,1	57%
Íþróttasvæði Ásvöllum	13.666,3	13.656,4	19.553,0	22.901,8	68%
Golfklúbburinn Keilir	5.156,9	5.156,9	5.591,2	6.809,1	32%
Hestamannafélagið Sörli	9.597,7	9.547,7	10.743,0	12.958,1	35%
Siglingarklúbburinn Þytur	3.570,0	3.570,0	3.570,0	4.200,0	18%
Bláfjallasvæði	12.949,1	16.662,2	21.379,6	27.255,7	110%
Skátafélagið Hraunbúar	6.184,6	6.190,0	6.190,0	9.061,4	47%
IBH, skrifstofa	5.950,0	6.000,0	8.000,0	8.000,0	34%
IBH v/íþróttahúsa, svæða	881,3		2.589,8	3.025,4	243%
Íþróttfélagið Fjörður	1.100,0	1.100,0	800,0	1.000,0	-9%
Sundfélag Hafnarfjarðar	4.675,0	4.675,0	4.285,4	5.088,3	9%
Skotíþróttarfélag Hafnarfj.	140,0	280,0	280,0	400,0	186%
Dansíþróttfélagið	140,0	340,0	340,0	400,0	186%
Skákfélagið	200,0	200,0	0,0	400,0	100%
Fimleikafélagið Björk	2.550,0	1.750,0	2.550,0	2.551,5	0%
Badmintonfélag Hafnarfjarðar	1.275,0	1.275,0	1.275,0	1.500,0	18%
Kvartmíluklúbburinn	360,0	360,0	360,0	400,0	11%
Íþróttfélag Hafnarfjarðar	510,0	510,0	510,0	600,0	18%
Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar	0,0	11.976,3	2.805,0	3.300,0	
Bridgefélagið	140,0	400,0	200,0	400,0	186%
Akstursíþróttafélag Hafnarfjar	200,0	0,0	400,0	400,0	100%
Annað	581,8	505,0			-100%
Samtals	207.366,5	289.682,3	261.334,7	320.142,4	54%

Það er mikilvægt að fylgjast vel með því hvernig kostnaður við þennan lið þróast milli ára, markmið styrkjanna þurfa að vera skýr og afraksturinn vel mælanlegur, þannig að hægt sé að hafa eftirlit með því að aukinn kostnaður skili sér í bættri þjónustu til íbúanna. Sérstök úttekt er í gangi, þar sem staða samninganna er til skoðunar. Framlög til byggðasamlaga jukust um 21% frá 2011-2014

Framlög til byggðasamlaga hafa hækkað úr því að verða 453,7 m.kr. árið 2011 í 550,7 m.kr. árið 2014. Þetta samsvarar 21% hækkun á tímabilinu.

Tafla 9 Framlög til byggðasamlaga í þ.kr. árin 2011-2014

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Framlög til byggðasamlaga í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Ferðaþjónusta aldraðra	12.734,4	13.374,2	11.836,3	11.413,4	-10%
Liðveisla fatlaðra	20,0	4.173,0	4.330,3	4.527,0	22535%
Ferðaþjónusta fatlaðra	174,4	196,4	943,2	2.718,0	1459%
Grunnskólar, sameiginlegt	32.025,0	26.284,0	25.740,0	23.685,0	-26%
Slökkvilið höfuðb.svæðisins	129.750,4	138.376,3	138.973,2	159.961,9	23%
Sorpa	63.875,5	68.176,5	79.927,4	89.834,3	41%
Almenningssamgöngur	214.841,4	234.135,0	242.970,7	257.250,1	20%
Annað	250,0	516,0		1.265,0	406%
Samtals	453.671,2	485.231,3	504.721,2	550.654,7	21%

Mest er hækkunin í framlögum til almenningssamgangna, en þær hækka úr 214,8 m.kr. í 257,3 m.kr. Framlög til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins hækkar um 30 m.kr. og voru árið 2014 um 160 m.kr. Þá hækkuðu framlög til Sorpu úr 63,9 m.kr. í 89,8 m.kr.

Auk þess sem framlög til Sorpu hækkuðu um u.þ.b. 26 m.kr. á tímabilinu hækkaði kostnaður við móttökugjald vegna sorps úr því að vera 25,9 m.kr. í um 59,6 m.kr. en það má sjá í töflu 10.

Til að mæta þessum aukna kostnaði við sorphirðu og sorpeyðingu hafa sorpeyðingargjöld hækkað um 45% á tímabilinu.

Tafla 10 Sorphirðugjald að frádregnum kostnaði við sorphirðu og –eyðingu árin 2011-2014

Heimild: Aðalbækur 2011-2014

Sorphirða og -eyðing	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Sorpeyðingargjald, tekjur	-162.237,8	-185.579,3	-232.386,3	-234.448,0	45%
Sorphirða (endurkr. vsk)	83.575,0	97.604,3	97.812,4	92.582,8	11%
Breyting á vatn/hol/sorp	872,9	291,4	1.009,3	670,6	-23%
Móttökugjald v/sorps (endurkr. vsk)	25.870,4	29.570,4	49.742,7	59.217,6	129%
Grendargámar Sorpu	2.422,3	2.740,7	2.247,0	1.104,7	-54%
Þjónusta frá Framkv. sviði	7.877,2				-100%
Framlög til byggðasamlaga	63.875,5	68.176,5	79.927,4	89.834,3	41%
Efni ýmislegt			8.566,0	14.151,5	
Annað	0,0	46,1	1.683,9	25,7	
Kostnaður samtals	184.493,5	198.429,4	240.988,6	257.587,1	40%
Kostnaður mínus sorpeyðingargjald	22.255,7	12.850,1	8.602,3	23.139,1	4%

Byggðasamlög eru góð leið til að auka hagkvæmni í rekstri sveitarfélaga. Með rekstri þeirra má ná hagkvæmni stærðar og í sumum tilvikum ná fram æskilegri fjarlægð í viðkvæmum málum. Ókostur byggðasamlaga er hins vegar að kostnaðareftirlit verður erfiðara fyrir kjörna fulltrúa og starfsmenn einstakra sveitarfélaga. Auk þess getur ákvarðanatöku verið á skjön við stefnu einstakra sveitarfélaga. Ábyrgð á rekstri og ákvarðanatöku fer ekki fram á vettvangi þar sem kjörnir fulltrúar geta haft bein áhrif. Ákvarðanatöku í byggðasamlögum á sér stað á vettvangi sem er fjær kjörnum fulltrúum og því auknar líkur á að slakað verði á kostnaðaraðhaldi. Það er því mikilvægt að fulltrúar sveitarfélagsins í stjórnnum byggðasamlaga séu kjörnir fulltrúar eða starfsmenn þeirra. Kjörnir fulltrúar bera beina ábyrgð gagnvart kjósendum og starfsmenn eru ábyrgir gagnvart hinum kjörnu fulltrúum.

2.12. Heitt vatn

Kostnaður vegna kaupa á heitu vatni hefur aukist um 25% frá 2011 til ársins 2014. Mest er aukningin í grunnskólunum, þar sem kostnaðurinn hefur aukist úr 18,9 m.kr. í 25,6 m.kr., sem samsvarar 36% kostnaðarauka. Þetta er umfram gjaldskrárhækkanir hjá HS veitum.

Taflan hér að neðan sýnir hvernig kostnaður við heitt vatn hefur þróast árin 2011-2014 í grunnskólunum. Í töflu 12 má sjá að kostnaðurinn eykst stöðugt á milli ára í Setbergsskóla, á meðan hann hækkar fyrstu þrjú árin í Víðistaðaskóla, en lækkar svo árið 2014. Dálkurinn „breytingar“ sýnir þetta ágætlega en þar má sjá að þróunin er ekki eins í öllum skólunum.

Tafla 11 Kostnaður við heitt vatn eftir tegund stofnana árin 2011-2014

Heimild: Aðalbækur 2011-2014

Stofnanir	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Leikskólar	4.967,5	5.864,4	5.473,2	6.061,2	22%
Grunnskólar	18.888,7	20.711,5	23.560,5	25.613,4	36%
Íþróttahús	7.028,8	5.894,4	5.708,4	7.662,3	9%
Sundlaugar	23.368,5	24.442,7	23.854,2	26.580,3	14%
Bóka-, lista- og byggðasafn	2.449,3	2.365,4	2.746,2	2.325,5	-5%
Rekstur fasteigna/húsnæðisskr.	5.763,5	7.220,4	9.145,5	10.735,8	86%
Snjóbræðslukerfi, opin svæði	4.765,5	4.573,5	3.181,3	5.686,0	19%
Fráveita, dælustöðvar	1.278,2	1.749,5	1.534,9	1.579,6	24%
Annað	3.275,8	4.655,7	3.046,1	3.284,4	0%
Samtals	71.785,8	77.477,5	78.250,3	89.528,6	25%

Þetta bendir til þess að aðhald sé misgott eftir skólum og það megi bæta.

Tafla 12 Kostnaður við heitt vatn í grunnskólum árin 2011-2014

Heimild: Aðalbækur 2011-2014

Grunnskólar	2011	2012	2013	2014	Breytingar
Lækjarskóli	1.928.215	2.153.751	2.781.240	2.644.614	— — ■ ■
Öldutúnsskóli	2.345.618	2.991.081	2.448.271	3.599.601	— — — ■
Víðistaðaskóli	3.781.300	4.080.405	4.152.818	3.232.388	■ ■ ■ —
Engidalsskóli		451.722	1.627.418	2.291.953	— ■ ■ ■
Setbergsskóli	2.026.439	2.634.144	3.464.936	3.437.577	— — ■ ■
Áslandsskóli	3.184.477	3.697.132	3.770.887	4.309.973	— — — ■
Hvaleyrarskóli	2.005.105	1.997.630	2.337.123	2.212.062	— — ■ —
Hraunvallaskóli	3.617.531	2.705.662	2.977.769	3.874.778	■ — — ■
Skólar samtals	18.888.685	20.711.527	23.560.462	25.602.946	— — ■ ■

2.13. Fjármagnsliðir

Hér að ofan hafa nokkrir kostnaðarliðir verið greindir eftir tegund á tímabilinu 2011-2014. Einn stærsti kostnaðarliður sveitarfélagsins er hins vegar lánsfjárkostnaður. Hann hefur lækkað á tímabilinu, sem hér er til skoðunar. Fjármagnskostnaður án gengismunar í A-hluta fór hæst í 1,7 ma.kr. árið 2012, en lægstur var hann 1,3 ma.kr. árið 2014. Í A- og B-hluta fór fjármagnskostnaður hæst í 2,2 ma.kr. árið 2012 og lægstur var hann 1,6 ma.kr. árið 2014.

Það vekur þó athygli að dráttarvextir hafa hækkað á tímabilinu, voru 12,2 m.kr. árið 2011 og fóru í tæpar 55 m.kr. árið 2014. Skýringin er sú að á árinu voru gerðar upp skuldir í kjölfar endurfjármögnunar og því fylgdi uppgjör uppsafnaðra ófærðra dráttarvaxta. Þar vegur þyngst uppgjör til lífeyrissjóða en greiddir voru dráttarvextir vegna uppgjöra upp á 44 m.kr.

Tafla 13 Fjármagnsliðir A- og A-og B-hluta árin 2011-2014

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld í A-hluta Hafnarfjarðar

Fjármunatekjur	2011	2012	2013	2014
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	-2,1	-4,3	-1,1	-11,8
Vextir af skatttekjum	-6,6	5,5	-14,1	-1,6
Vaxtatekjur af langtímakröfum	-10,0	-15,2	-17,2	-13,1
Aðrar vaxtatekjur	-60,3	-79,7	-72,6	-57,8
Samtals fjármunatekjur	-79,1	-93,8	-105,0	-84,3
Fjármagnsgjöld	2011	2012	2013	2014
Vaxtagjöld af bankareikningum	30,2	30,6	58,0	22,6
Dráttarvextir	12,2	16,8	40,0	54,8
Langtímaskuldir	1.241,2	1.243,8	1.077,8	1.024,4
Gengismunur	581,1	740,7	-712,8	-279,2
Leigueignir	203,7	182,5	168,0	116,6
Aðrar skuldir	58,6	190,8	12,5	63,9
Samtals vaxtagjöld	2.127,0	2.405,2	643,6	1.003,0
Nettó fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.048,0	2.311,4	538,6	918,8
Arður af eignarhlutum	-38,5	-66,5	-63,6	-84,6
Fjármagnstekjuskattur	23,5	37,2	24,2	301,9
A-hluti: Nettó fjármunatekjur og fjármagnsgjöld að teknu tillit til arðgreiðslna og fjármagnstekjuskatts	2.033,0	2.282,2	499,2	1.136,0
A-hluti: Nettó fjármunatekjur og fjármagnsgjöld án gengismunar	1.466,9	1.570,7	1.251,4	1.198,0
A- og B-hluti: Nettó fjármunatekjur og fjármagnsgjöld að teknu tillit til arðgreiðslna og fjármagnstekjuskatts	2.688,0	2.949,7	802,4	1.405,3
A- og B-hluti: Nettó fjármunatekjur og fjármagnsgjöld án gengismunar	1.971,6	2.095,2	1.693,5	1.516,6

Auð baksíða vegna
kaflaskila við útprentun

3. Stjórnsýslusvið

3.1. Stoðþjónusta og blönduð íbúþjónusta

Á stjórnsýslusviði starfa samtals 38 starfsmenn í 37,94 stöðugildum (að meðtöldum afleysingum). Starfsemi sviðsins snýr að stórum hluta að stoðþjónustu við starfsemi annarra sviða bæjarins. Þetta á sérstaklega við um fjármál, mannauðsmál og starfsemi tölvudeildar. Þetta á einnig að hluta við um skrifstofu bæjarstjóra, þjónustuverið, menningar- og ferðamál og markaðs- og kynningarmál. Starfsemi þessara deilda stjórnsýslusviðs er hins vegar einnig beint að beinni þjónustu við bæjarbúa og viðskiptavinum bæjarins.


Stjórnskipulag innan sviðsins er bæði deildaskipt og skilgreint í kringum verkefni. Yfirmaður sviðsins er sviðsstjóri stjórnsýslusviðs. Við ráðningu fjármálastjóra haustið 2014 var lagt upp með það að efla vægi fjármála sem fælu í sér að fjármálastóri myndi heyra beint undir bæjarstjóra. Æskilegt er að uppfæra skipuritið til að endurspeglar þessar áherslur enda leiðir greining í ljós þörf á því að efla fagþekkingu í fjármálum og miðlæga þekkingu á rekstri einstaka sviða og er breytingin liður í því að ná því fram.

Tafla 14 Yfirlit yfir kostnað á bæjarskrifstofu árin 2011-2014, í þ.kr. Kostnaður við rekstur launadeildar er innifalinn í kostnaði við rekstur bæjarskrifstofu.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Bæjarskrifstofa, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-50.500,0	-50.500,0	-50.526,6	-50.800,0	1%
Laun og launat. kostnaður	176.734,5	175.807,3	184.179,6	202.925,6	15%
Vöru- og þjónustukaup	2.228,1	2.342,0	3.251,5	4.078,1	83%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	5.074,2	4.325,4	3.412,3	3.282,1	-35%
Akstur og ferðir	6.694,3	4.738,1	4.640,8	4.738,4	-29%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	39.773,7	26.820,6	42.735,8	44.701,0	12%
Húsnæði	0,0	0,0	0,0	0,0	
Önnur aðkeypt þjónusta	7.479,5	7.739,0	8.181,5	9.418,1	26%
Annar ótalinn kostnaður	33,4	2,3	66,8	7,7	-77%
Kostnaður samtals	238.017,8	221.774,7	246.468,3	269.151,0	13%
Kostnaður mínus tekjur	187.517,8	171.274,7	195.941,7	218.351,0	16%

Deildir innan sviðsins eru sex. Undir yfirstjórn fjármálastjóra eru fjárreiðudeild og reikningshald, einnig er einn starfsmaður sem sinnir innkaupamálum. Undir yfirstjórn sviðsstjóra stjórnsýslusviðs eru launadeild, tölvudeild, þjónustuver og skrifstofa bæjarstjóra. Önnur verkefni undir yfirstjórn sviðsstjóra stjórnsýslusviðs eru mannauðsmál, innkaup, menningar- og ferðamál, markaðs- og kynningarmál, lögfræðileg málefni og að hluta atvinnumál.



Mynd 9 Yfirlit yfir skipulag stjórnsýslusviðs


Heimild: Viðtöl við starfsfólk

Bæjarskrifstofan samanstendur af 21,7 stöðugildi og nær skrifstofan yfir allt stjórnsýslusviðið utan fjárreiðudeildar, skrifstofu menningar- og ferðamála, tölvudeildar og þjónustuvers en horft er sérstaklega á kostnað við þessar deildir í næstu köflum. Kostnaður við bæjarskrifstofu hefur hækkað um 13% á síðustu fjórum árum (16% nettó). Mest hlutfallsleg hækkun var vegna vöru- og þjónustukaupa (83%) en kostnaður við fjarskipti og tölvuþjónustu lækkaði um 35% og akstur og ferðir um 29%.

Hækkun í vöru- og þjónustukaupum kemur að hluta til vegna umtalsverðrar hækkunar í prentkostnaði (rent a prent). Við skoðun á þessum kostnaði kemur í ljós að hann hefur verið að hækka verulega síðustu ár.

Þá vekur athygli að kostnaður við endurskoðun tvöfaldaðist á milli árána 2013 og 2014. Kostnaður við endurskoðun nam um 6,5 m.kr. árið 2013 en 12,4 m.kr. árið 2014. Árin 2011 og 2012 var kostnaðurinn 9,8 m.kr. og 9,2 m.kr.

Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn er laun og launatengd gjöld og hefur hann hækkað um 15% frá árinu 2011, sem er um 4,5% umfram verðlag. Hækkunin átti sér öll stað á síðustu tveimur árum, þ.e. 2013 (4,7%) og 2014 (10,2%). Hluti hækkunarinnar skýrist af launum vegna veikinda og sjúkra- og orlofsgjöldum.



Mynd 10 Yfirvinna og álag í hlutfalli við mánaðarlaun á bæjarskrifstofunni. Sjá má að yfirvinnu- og álagsgreiðslur hækkaðu úr því að vera um 50% af mánaðarlaunum í tæp 60% frá 2012-2014.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Mynd 10 sýnir yfirvinnu og álag í hlutfalli við mánaðarlaun. Yfirvinna í heild er 58,9% af mánaðarlaunum og þar af er föst yfirvinna 44,2% á árinu 2014. Orlofsgreiðslur vegna fastrar yfirvinnu eru 5,1 m.kr.

3.2. Lögfræðimál

Stjórnsýslusvið hefur ekki haft mannað starf bæjarlögmanns um nokkurt skeið eða frá 2013 þegar starfsmaður hætti. Skrifstofustjóri skipulags- og byggingasviðs hefur tekið að sér verkefni af þessu tagi fyrir miðlægu stjórnsýsluna eftir þörfum og beiðnum um slíkt en rík þörf er á að finna lögfræðimálum farveg innan miðlægu stjórnsýslunnar og efla þann málaflokk enn frekar frá því sem áður var.

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs hefur tekið nokkur verkefna sem heyrðu áður undir bæjarlögmann, m.a. verkefnum sem tengjast ýmsum leyfisveitingum. Það fyrirkomulag er óhentugt og tekur tíma af stjórnunarskyldum sviðsstjóra og þarf að koma fyrir annars staðar.

Lögfræðipjónusta á bæjarskrifstofunni lækkaði úr því að vera um 8,5-9,5 m.kr. árin 2011-2013 í um 6,0 m.kr. árið 2014. Á sama tíma hefur lögfræðikostnaður margfaldast í fjárreiðudeildinni. Kostnaður við lögfræðipjónustu hjá bænum í heild hefur lækkað um 13% frá árinu 2011 til 2014. Hann nam um 16,7 m.kr. árið 2011 en um 14,6 m.kr. árið 2014. Auk þess hefur hafnarsjóður keypt þjónustu lögfræðinga fyrir u.þ.b. 2,0 m.kr. árin 2012 og 2013 og um 1,5 m.kr. árið 2014.

Tafla 15 Yfirlit yfir kostnað við aðkeypta lögfræðipjónustu árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Lögfræðipjónusta, aðkeypt í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/201
Barnaverndarmál	419,4	630,5	1.094,1	550,0	31%
Skólaskrifstofa	71,7				-100%
Skrifst. umhv.og tæknisviðs				453,9	
Bæjarskrifstofa	8.481,8	9.236,3	8.458,3	6.095,4	-28%
Fjárreiðudeild	483,2	1.163,9	6.036,5	5.693,4	1078%
Fasteignafélag, skrifstofa		362,0		113,5	
Rekstur fasteigna	264,6	0,0	0,0	0,0	-100%
Fjármagnsliðir (eignasjóður)	6.919,0	535,2		1.718,0	-75%
Húsnæðisskrifstofa	161,7	772,3	-70,5	-10,5	-106%
Samtals	16.801,3	12.700,3	15.518,4	14.613,7	-13%

Samkvæmt þessu er árlegur heildarkostnaður við aðkeypta lögfræðipjónustu um 10,5 – 19 m.kr. en enginn lögfræðingur er starfandi á bæjarskrifstofunum. Hins vegar er skrifstofustjóri skipulags- og byggingarsviðs lögfræðimenntaður og með lögmannsréttindi. Þá er lögfræðimenntaður starfsmaður á skrifstofu félagspjónustu.

Ein leið til að efla þennan málaflokk er að koma upp lögfræðideild innan miðlægu stjórnarsýslunnar og koma þar fyrir lögfræðimenntuðu fólki. Lögfræðipjónusta bæjarins verði þannig miðlæg og komið verði á embætti bæjarlögmanns. Auk þess er starfandi lögfræðingur á fjölskyldusviði.

Hjá Kópavogsbæ er til staðar sterk lögfræðieining í miðlægu stjórnarsýslunni. Á deildinni eru 4,2 stöðugildi.

3.3. Fjármálastjórn og innkaup

Fjármálastjóri er yfirmaður tveggja deilda, þ.e. reikningshalds og fjárreiðudeildar. Að auki er fjármálastjóri yfirmaður innkaupastjóra.

Fjármálastjóri hefur yfirumsjón með fjárstýringu, uppgjörum, reikningshaldi, fjárhagsáætlanagerð og miðlun fjárhagsupplýsinga o.fl.

Fram kom í viðtölum að útskýra þurfi betur stöðu fjármálaeiningarinnar í skipuritinu. Fram kom að starfsfólki þætti óljóst hvort fjármálin væru sérstakt svið og þá hvaða boðleiðir væru í gildi innan stjórnarsýslusviðs vegna verkefna sem tengjast fjármálastjórnun og innkaupum.

Starfsmenn bentu ráðgjöfum á að vinna í tengslum við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins væri mjög miðstýrð, forstöðumenn stofnana tækju að takmörkuðu leyti þátt í gerð fjárhagsáætlunar sem geri það að verkum að forstöðumenn stofnana séu minna upplýstir um forsendur hennar og „eignarhald“ þeirra verður minna. Það geri það aftur að verkum að forstöðumenn fylgi síður eftir slíkum slíkum áætlunum. Starfsfólk virðist hins vegar hafa fullan skilning á því að fjárhagsáætlun sé fremur úthlutun fjárheimilda en fjárhagsáætlun í hefðbundnum skilningi.

Innkaupastjóri hefur yfirumsjón með öllu forvali, útboðum og fyrirspurnum sem og samningskaupum, nema annað sé tekið fram. Innkaupastjóri veitir stjórnendum sveitarfélagsins ráðgjöf og aðstoð við innkaup.

3.4. Reikningshald

Innan reikningshalds eru sex starfsmenn í 5,6 stöðugildum. Deildin sinnir öllum skráningum og afstemningum í bókhaldi, m.a. vegna reikninga, millifærslna, eignfærslna, afborgana o.þ.h.

Til samanburðar má horfa til Kópavogsbæjar en þar eru skilgreind 6,29 stöðugildi í reikningshaldi.

Fram kom í viðtölum að þörf væri á því að efla getu deildarinnar á sviði fjárhagsgreininga en starfsmenn vinna nú að langmestu leyti almenn bókhaldsstörf og afstemningar viðskiptareikninga lánadrottna. Geta til að vinna fjárhagsgreiningar liggur fyrst og fremst hjá stjórnendum, en nauðsynlegt er að almennir starfsmenn og geti unnið slíkar greiningar þar sem þær taka dýrmætan tíma af stjórnendum.

Bent var á að rík þörf væri á því að innan sveitarfélagsins að nýta betur upplýsingar úr fjárhagskerfum og launavinnslu sem stjórnæki en til þess þurfi starfsfólk með þekkingu og viðeigandi reynslu á því sviði. Í núverandi fyrirkomulagi er það á höndum deildarstjóra bókhalds eða fjármálastjóra að vinna fjárhagsgreiningar af þessu tagi eða samantektir um fjármál bæjarins.

Þetta hefur stuðlað að því að fagsviðin hafa farið þá leið að byggja upp þekkingu innan sviðanna sjálfra frekar en að sækja í þekkingu á vettvangi miðlægrar stjórnsýslu. Þannig eru sérstakir rekstrarstjórar starfandi á fagsviðunum. Innan fjölskyldusviðs er rekstrardeild þar sem starfsfólk sinnir bókhaldi ásamt ýmissi hagtölugerð upp úr bókhaldi og fjárhagskerfum.

Tækifæri eru til aukinnar samvinnu á sviði fjármála, þetta á ekki síst við á milli reikningshalds og fjárreiða. Einnig var bent á að þekking og geta innan launadeildar gætu nýst betur. Bent var á að tímabundið álag vegna verkefna væri ólíkt á milli deildanna og æskilegt væri að starfsfólk gæti stigið inn í verkefni hvers annars í auknum mæli.

Kostnaður við rekstur reikningshalds er innifalinn í kostnaði við rekstur bæjarskrifstofunnar s.s greint var frá hér að ofan.

3.5. Fjárreiðudeild

Innan fjárreiðudeildar eru fjórir starfsmenn í 4 stöðugildum. Deildin sér um að innheimta öll gjöld Hafnarfjarðarbæjar, svo sem fasteignagjöld, leikskólagjöld, vatnsveitureikninga, reikninga vegna frístundaheimila, skólamáts o.fl.

Þá sinnir deildin greiðslum vegna skuldabréfa, GN-eigna og frá síðustu áramótum vegna Hafnarsjóðs en þá var bókhald og fjárreiður Hafnarfjarðarhafnar komið fyrir innan stjórnsýslusviðs.

Starfsmenn svara símtölum vegna innheimtumála og nokkuð er um samskipti við fasteignasala vegna stöðu á fasteignagjöldum vegna sölu á fasteignum innan sveitarfélagsins. Motus sér um innheimtumál fyrir sveitarfélagið og sinna starfsmenn deildarinnar samskiptum við fyrirtækið vegna innheimtumála.

Tafla 16 Yfirlit yfir kostnað fjárreiðudeildar árin 2011-2014, þ.kr.


Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Fjárreiðudeild, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	0,0	0,0	0,0	0,0	
Laun og launat. kostnaður	19.051,3	22.785,9	26.689,2	27.147,5	42%
Vöru- og þjónustukaup	1.395,7	1.422,1	961,8	1.171,6	-16%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	0,0	0,0	0,0	0,0	
Akstur og ferðir	430,2	562,2	461,8	480,3	12%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	484,6	1.168,4	6.049,6	5.693,4	1075%
Húsnæði	0,0	0,0	0,0	0,0	
Önnur aðkeypt þjónusta	50.057,3	58.887,3	56.403,3	60.892,6	22%
Annar ótalin kostnaður	-1,6	0,0	-59,4	-104,1	6353%
Kostnaður samtals	71.417,4	84.825,8	90.506,2	95.281,3	33%
Kostnaður mínus tekjur	71.417,4	84.825,8	90.506,2	95.281,3	33%

Fram kom á fundum ráðgjafa með starfsfólki að samstarf innan stjórnsýslusviðs hafi gengið vel. Athygli var þó vakin á því að tækifæri væru til staðar til að auka samvinnu á milli launavinnslu, bókhalds og fjárreiða eins og áður hefur komið fram.

Kostnaður við rekstur fjárreiðudeildar hefur aukist um þriðjung frá 2011. Launakostnaður hefur hækkað um 42%, aðkeypt sérfræðiþjónusta hefur tífaldast og önnur aðkeypt þjónusta hefur hækkað um 22%. Samtals hefur kostnaður við fjárreiðudeildina aukist um tæpar 14 m.kr. á tímabilinu 2011 til 2014, þar af um 5 m.kr. á milli árána 2013 og 2014.

Af þeim 60,9 m.kr. sem kostnaður vegna annarrar aðkeyptrar þjónustu hljóðar upp á eru um 58 m.kr. vegna greiðslu til ríkissjóðs fyrir innheimtu útsvars (sjá tegundagreiningu kostnaðar á bls. 21). Sá kostnaður hefur verið svipaður síðustu þrjú árin en hækkaði nokkuð á milli 2012 og 2013.



Mynd 11 Yfirlit yfir hlutfall yfirvinnu- og álagsgreiðsla af mánaðarlaunum í fjárreiðudeild árin 2012-2014.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Í fjárreiðudeild eru yfirvinnugreiðslur 42,9% af mánaðarlaunum á árinu 2014, þar að auki er er unnin yfirvinna, sem nemur um 2,7% af mánaðarlaunum.

3.6. Launadeild

Innan launadeildar eru fimm starfsmenn í 5 stöðugildum. Deildin annast framkvæmd kjarasamninga, skráningu og útreikning launa sveitarfélagsins.

Launavinnsla sveitarfélaga er oft á tíðum flókin og kemur það til af fjölda kjarasamninga sem unnið er eftir en þeir eru nú 17 talsins.

Á árinu 2011 bættust um 200 starfsmenn við starfsmannahald sveitarfélagsins þegar málaflokkur fatlaðra var fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Launadeildin sinnti fjölmörgum verkefnum tengdum flutningnum m.a. að útfæra nýja kjarasamninga inn í launavinnsluna.

Starfsfólk deildarinnar hefur unnið að því upp á síðkastið að innleiða nýtt launakerfi. Samhliða því hefur einnig verið tekin í stimpilkluukkan Vinnustund, en hún hefur verið innleidd á öllum starfsstöðvum bæjarins nema í tónlistarskólanum, en það hefur reynst flókið í innleiðingu.

Verkefni við launavinnslu munu breytast nokkuð með nýju kerfi. Útlit er fyrir að frekara svigrúm skapist til að sinna rýnivinnu úr launaupplýsingum, auk þess sem möguleiki skapist til aukinnar skýrslugerðar til stjórnunar. Þörf er fyrir bættu skýrslugjöf til forstöðumanna og annarra stjórnenda sveitarfélagsins. Í framhaldi af þessu er rétt að endurmeta hvernig starfsfólk deildarinnar skiptir með sér verkum í kjölfar innleiðingarinnar.

Orlofsskuldbinding sveitarfélagsins hækkaði þegar nýtt kerfi var tekið í notkun þar sem eldri útreikningur náði ekki yfir reiknað orlof, t.d. í veikindum og fæðingarorlofi.

Nokkrir viðmælendur bentu á að skoða mætti frekara samstarf í launavinnslu með öðrum sveitarfélögum.

Þá mun aukið svigrúm skapast innan deildarinnar ef áætlanir Ríkisskattstjóra um taka upp nýtt fyrirkomulag í stað skattkorta sem byggir á notkun rafrænna gagna. Ríkisskattstjóri hefur lagt til að notkun skattkorta verði hætt um næstu áramót en markmið með því er meðal annars að spara umstang og fyrirhöfn hjá launþegum og ekki síður launagreiðendum óþarfa utanumhald.

Kostnaður við rekstur launadeildar er innifalinn í kostnaði við rekstur bæjarskrifstofunnar s.s greint var frá hér að ofan.

3.7. Tölvudeild

Innan tölvudeildar eru fimm starfsmenn í 5,09 stöðugildum að meðtöldum afleysingum. Deildarstjóri, kerfisstjóri, tveir kerfisfræðingar og eitt stöðugildi sem sinnir vefmálum. Deildin sér um almennan rekstur tölvukerfa sveitarfélagsins og stýrir samskiptum við birgja þar sem þjónustan er aðkeypt. Önnur verkefni tölvudeildar eru forathuganir og val á nýjum búnaði, samningagerð og utanumhald um hug- og vélbúnað.

Helstu kerfi sveitarfélagsins eru Microsoft Exchange, Navision fjárhagskerfi, One systems málaskrá, H3 launakerfi, Eplica og Vinnustund. Fjöldi netþjóna eru 32 (meðtaldar sýndarvélar) hlutverk þeirra er fjölbreytt eins og gefur að skilja.


Fjöldi skráðra notenda í kerfum sveitarfélagsins er á sjötta þúsund. Samtals eru 2.638 starfsmanna og deildarreikningar skilgreindir. Nemendareikningar eru 2.681 og aðrir notendur eru 116 (t.d. notendur þjónustuaðila o.fl.).

Unnið hefur verið að því að sameina vefi hjá sveitarfélaginu. Ritstjórn vefjanna er í höndum upplýsinga- og kynningarfulltrúa, en tæknileg umsjón og önnur skipulagning er í höndum tölvudeildar.

Fyrirkomulag upplýsingatæknimála hefur verið svipað í sveitarfélaginu til fjölda ára. Sami starfsmannafjöldi hefur verið í deildinni um nokkurt skeið á sama tíma og kerfum og verkefnum fjölga.

Margir viðmælenda bentu á að þjónusta deildarinnar væri undir væntingum notenda, sem líklega kæmi til af því að starfsmenn væru ofhlaðnir verkefnum.

Yfirvinna og álag í hlutfalli við mánaðarlaun



Mynd 12 Yfirlit yfir hlutfall yfirvinnu- og álagsgreiðslna í tölvudeild hefur minnkað nokkuð frá árinu 2012. Álagið var tæp 80% árið 2012 en um 70% árið 2014.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar


Óánægju hefur orðið vart innan deildarinnar með laun og vaktafyrirkomulag. Í raun eru ekki launaðar bakvaktir hjá starfsmönnum en þó eru uppi kröfur um uppitíma kerfa utan hefðbundins vinnutíma. Starfsfólk hefur þó fasta yfirvinnu og er það umtalsvert stór hluti af mánaðarlegum launum eða 68,6%. Þegar bregðast þarf við beiðnum utan hefðbundins vinnutíma fellur ekki til útkall þar sem horft hefur verið til þess að greiðslur vegna fastrar yfirvinnu nái yfir slík útköll. Nokkur óánægja er meðal starfsmanna með þetta fyrirkomulag.

Í þessu ljósi er rétt að endurmeta núverandi rekstrarfyrirkomulag og horfa til tækifæra í aukinni útvistun verkefna, en sveitarfélög hafa horft til þess að úthýsa þjónustu af þessu tagi í auknum mæli.

Með úthýsingu þjónustunnar mun sveitarfélagið hverfa frá eigin rekstri á miðlægum kerfum að því gefnu að það sé fjárhagslega hagkvæmt og að starfsmenn sem vinna við sérhæfð kerfi fái einnig betri þjónustu við notkun þeirra kerfa. Tölvudeild myndi í framhaldi einbeita sér að notendabjónustu. Slík aðgerð myndi fela í sér að tölvudeild taki fyrst og fremst að sér stjórnunarleg verkefni á sviði samningsstjórnunar og svo notendabjónustu.

Með því að bjóða út rekstur af þessu tagi væri einnig hægt að móta kröfur til væntanlegra bjóðenda um netöryggi, vírusvarnir og vöktun en þau mál hafa setið á hakanum hjá tölvudeild sökum annarra verkefna.

Kostnaður við síma- og netþjónustu og þjónustugjöld v. hugbúnaðar



Mynd 13 Kostnaður við síma- og netþjónustu, ásamt þjónustugjöldum vegna hugbúnaðar

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Heildarkostnaður sveitarfélagsins við síma, netþjónustu og vegna þjónustugjalda v. hugbúnaðar (án hafnarsjóðs), nam á árinu 2011 um 139,4 m.kr., 122,5 m.kr. árið 2012, 134,5 m.kr. árið 2013 og 127,1 m.kr. árið 2014.

Af þessum kostnaði var kostnaður af þjónustugjöldum vegna hugbúnaðar mestur. Kostnaður vegna þessa liðar var um 95,8 m.kr. árið 2011 og hafði lækkað í 88,5 m.kr. árið 2014.

Tafla 17 Kostnaður við rekstur tölvudeildar árin 2011-2014, p.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Tölvudeild, í p.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	0,0	-15,0	-35,0	-190,0	
Laun og launat. kostnaður	34.898,1	37.002,1	39.505,8	41.223,0	18%
Vöru- og þjónustukaup	660,8	424,9	1.719,3	-161,7	-124%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	54.380,9	62.641,0	60.310,1	43.296,7	-20%
Akstur og ferðir	1.622,7	1.821,9	1.844,5	2.000,9	23%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	16.198,4	20.046,5	17.859,1	42.048,5	160%
Húsnæði	30.676,4	27.717,0	29.878,1	29.203,9	-5%
Önnur aðkeypt þjónusta	13.796,3	18.544,9	53.529,5	25.534,7	85%
Annar ótalin kostnaður	37,7	0,0	0,0	-144,5	-484%
Kostnaður samtals	152.271,3	168.198,3	204.646,4	183.001,5	20%
Kostnaður mínus tekjur	152.271,3	168.183,3	204.611,4	182.811,5	20%

Kostnaður við rekstur tölvudeildarinnar hefur aukist um 20% frá árinu 2011. Hlutfallslega var hækkunin mest í aðkeyptri sérfræðiþjónustu (160%) og annarri aðkeyptri þjónustu (85%).

Kostnaður við fjarskipti og tölvuþjónustu hefur hins vegar verið að lækka, mest á síðustu þremur árum.

Fjárfestingar/viðhald á vélbúnaði sl. 2 ár hafa verið um 60 m.kr. á ári. Í því felst endurnýjun og viðhald á miðlægum búnaði og útstöðvum.

3.8. Þjónustuver

Innan þjónustuvers eru sex starfsmenn í 5,94 stöðugildum að meðtöldum afleysingum. Deildin sinnir almennri þjónustu við íbúa sveitarfélagsins og afgreiðslu. Úrvinnsla húsaleigubóta er sinnt innan þjónustuvers ásamt vinnu við álagningu fasteignagjalda, íbúaskrá Hafnarfjarðarbæjar og upplýsingamiðstöð ferðamanna er einnig í þjónustuverinu.

Athygli vekur að inn á bæjarskrifstofunum eru auk þjónustuversins, sem er á jarðhæð, tvær minni afgreiðslur í fjölskylduþjónustu og sú þriðja fyrir fræðsluþjónustu. Þá eru ritarar sem taka á móti þeim sem eiga erindi við bæjarstjóra og starfsmenn stjórnslusviðs.

Íbúar og viðskiptavinir sem erindi eiga við starfsmenn í ráðhúsi Hafnarfjarðar gefa sig fram í afgreiðslu á jarðhæð hússins. Þar er haft samband við þann starfsmann sem gesturinn á erindi við. Síðan er gesturinn sendur á þann stað, þar sem starfsmaðurinn hefur aðstöðu til fundarins. Þangað fer gesturinn án fylgdar.

Tafla 18 Yfirlit yfir kostnað við rekstur þjónustuvers árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur 2011-2014

Þjónustuver, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-209,4	-129,2	-20,3	-116,3	-44%
Laun og launat. kostnaður	26.216,7	24.423,8	31.093,7	33.150,2	26%
Vöru- og þjónustukaup	163,5	365,1	519,2	530,8	225%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	34,8	59,6	38,8	40,2	15%
Akstur og ferðir	355,9	369,2	375,5	373,1	5%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	0,0	0,0	0,0	6,6	
Húsnæði	0,0	0,0	0,0	0,0	
Önnur aðkeypt þjónusta	47,7	118,7	121,8	58,5	23%
Annar ótalin kostnaður	0,0	0,0	0,0	-189,5	
Kostnaður samtals	26.818,7	25.336,3	32.149,0	33.969,8	27%
Kostnaður mínus tekjur	26.609,3	25.207,1	32.128,7	33.853,5	27%

Eigi gesturinn erindi við fræðsluþjónustu eða fjölskylduþjónustu, kemur hann að annarri afgreiðslu þar sem hann gefur sig aftur fram.


Flestir viðmælendur telja að horfa eigi til þess að efla þjónustuverið með einni afgreiðslu. Fram kom að leitast hafi verið við að sameina afgreiðslurnar áður, en að starfsfólk hafi ekki sætt sig við breytingarnar og þær hafi því gengið til baka. Bent er á að við ákvarðanir af þessu tagi skuli horft

til hagsmuna viðskiptavina bæjarins, auk þess sem óeðlilegt er að þeir sem eiga erindi við starfsmann geti gengið um húsið án fylgdar.

Húsið að Strandgötu er þó ekki að styðja nægjanlega vel við eina afgreiðslu og hefur það einnig verið nefnt sem hindrun í vegi sameiningar á afgreiðslunum. Þannig hafi það reynst vel að hleypa viðskiptavinum inn á fyrstu hæðinni og svo er aftur tekið á móti þeim á öðrum stöðum í húsinu og þeim vísað veginn.

Í viðtölum við ráðgjafa var vissulega bent á þessa ókosti hússins en á móti er það öryggissjónarmið að hleypa fólki ekki inni húsið án skráningar og eftirlitslaust.

Yfirvinna og álag í hlutfalli við mánaðarlaun



Mynd 14 Yfirlit yfir hlutfall yfirvinnu- og álagsgreiðslna af mánaðarlaunum í þjónustuveri.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Þá var bent á það að úrbóta er þörf fyrir afgreiðsluna á fyrstu hæð. Starfsfólk í afgreiðslu hafa ekki aðra flóttaleið en út um aðaldyr ráðhússins. Tryggja þarf að starfsfólk sem situr í þjónustuveri hafi aðrar leiðir út ef þannig aðstæður kæmu upp að það eigi ekki möguleika að yfirgefa húsið um aðaldyr.

Kostnaður við þjónustuverið samanstendur nærri að öllu leyti af launum og launatengdum kostnaði. Kostnaður hefur aukist um 27% síðan 2011. Mest þó á milli árunna 2012 og 2013. Greidd yfirvinna er nokkur eða um 32,4% sem hlutfall af mánaðarlaunum. Föst yfirvinna er þó minni í þjónustuveri en víðast hvar annars staðar á bæjarskrifstofunum.

3.9. Skrifstofa bæjarstjóra

Á skrifstofu bæjarstjóra eru þrír starfsmenn í 2,8 stöðugildum. Á skrifstofunni er sinnt ýmsum ritarastörfum, m.a. skipulagningu funda, viðtala og fleira. Einnig sinnir starfsfólk ýmsum undirbúningi og afgreiðslum vegna funda bæjarstjórnar og ráða.

Minni þörf er á þjónustu af þessu tagi en áður, ekki síst vegna nýrra upplýsingakerfa og málaskrárkerfa þar sem starfsmenn vinna beint inn í sniðmát og skrá mál án aðstoðar.

Önnur verkefni (starfseiningar) innan stjórnsýslusviðs eru mannauðsmál, innkaup, skjalamál, lögfræði, upplýsingamál og menningar- og ferðamál. Að jafnaði er það 1 stöðugildi sem sinnir hverju þessara verkefna fyrir utan lögfræðimálin þar sem ekki hefur verið ráðið í starf lögmanns eftir að starfsmaður hætti vegna veikinda. Einnig hafa atvinnumál verið að mestu sinnt af sviðsstjóra stjórnsýslusviðs en þau mál voru áður á sérstöku atvinnu- og þróunarsviði.

3.10. Skjalastjórn

Hafnarfjarðarbær notar skjalastjórnunarkerfið OneSystems. Sérstakur skjalastjóri (1 stg.) fer með stjórnun og stefnumótun í skjalamálum. Einnig er 80% stöðugildi skjalastjóra hjá fjölskylduþjónustu.

Ekkert héraðsskjalasafn er í sveitarfélaginu og er afhendingarskylda gagnvart Þjóðskjalasafni Íslands. Einhver umræða hefur verið innan sveitarfélagsins á að koma á héraðsskjalasafni þar sem þörf er á endurskipulagningu skjalageymslu í ráðhúsi.

Tryggja þarf að öll gögn sem þurfa að vera aðgengileg í gagnagrunnum á milli sviða séu það í raun og veru, en fram kom að einhver munur er á milli sviða á skráningu í málaskrá. Fram kom að starfsfólk í félagsþjónustunni er ekki að nota málaskrárkerfið heldur sérkerfi sem skrifað er í kringum Navison. Eitthvað er um tvíverknað á milli kerfanna en bent var á að málefni félagsþjónustunnar henti illa inn í One kerfið og þar er oft um að ræða upplýsingar sem henta best í skráningu gagnvart fjárhagskerfinu.

Bent var á að sveitarfélagið ætti að horfa til þess að fara í rafræn skil til Þjóðskjalasafns. Kanna þarf hver upphafskostnaður er við slíkt, m.a. vegna kaupa á skilabúnaði rafrænna gagna, en aðgerðin sparar fé þegar frá líður t.d. í geymsluplássi og styttri leitartíma svo ekki sé minnst á öryggi.

3.11. Mannauðsmál

Staða mannauðsstjóra er tiltölulega ný og var ráðið í stöðuna í lok síðasta ár. Mannauðsstjóri er ekki yfirmaður launadeildar en veitir stjórnendum ráðgjöf í launa- og kjaramálum og fylgist með launasetningu og aðstoðar auk þess við túlkun kjarasamninga. Starfið snýr einnig að aðstoð og ráðgjöf til stjórnenda á sviði ráðninga, gerð starfslýsinga, fræðslu og starfsþróunar, jafnréttismála og framkvæmd starfsmannasamtala.

Í viðtölum við starfsfólk kom fram að full þörf hafi verið fyrir þetta nýja hlutverk og er það nú í frekari mótun. Til að festa þessi mál enn frekar í sessi er ráðlagt að endurskoða mannauðsstefnu fyrir bæinn. Leitast þarf við að tryggja að önnur fagsvið noti þá fagþekkingu sem verið er að byggja upp miðlægt og svo öfugt. Í því samhengi var bent á að fræðsluskrifstofan væri að sinna ýmsum starfsmannamálum.

Varðandi faglegt samstarf voru tillögur gerðar árið 2011 um að móta föst teymi innan stoðþjónustu til að nýta betur starfsfólk með ákveðna sérþekkingu. Þannig var lagt til að mótað væri sérstakt mannauðsteymi með aðkomu fagsviðanna, þáverandi starfsmannastjóra auk bæjarstjóra.²

Illa hefur gengið að innleiða teymishugsun til að ná fram frekari samhæfingu og samstarfi á milli sviða um sameiginleg mál. Helsta skýringin á því að það hafi ekki gengið eftir sé fyrst og fremst vegna mikilla mannabreytinga síðustu ár. Þetta tengist einnig því að boðleiðir geta verið í lengri kantinum en ekki stærri vinnustaður ætti ekki að eiga í vandræðum með að tryggja gott flæði upplýsinga. Þá voru teymin sem skilgreind voru ekki tímabundin sem gæti hafa leitt til þess að þau hafi hætt störfum vegna verkefnaskorts.

Þörf fyrir samhæfingu í þeim málaflokkum sem áður voru nefndir eru áfram til staðar enda til staðar þörf á því að nýta þekkingu og reynslu starfsmanna betur í verkefnum þvert á svið. Stjórnskipulag bæjarins þarf m.a. að stuðla að því að svo verði.

3.12. Markaðs- og kynningarmál

Upplýsingafulltrúi (1 stg.) starfar á stjórnsýsluviði og hefur yfirumsjón með upplýsingamiðlun og samhæfingu upplýsingamála hjá Hafnarfjarðarbæ, ásamt því að sjá um samskipti við fjölmiðla.

² Önnur teymi voru fjármálateymi, lögfræðiteymi og samfélagsteymi.

Tafla 19 Yfirlit yfir kostnað við markaðs- og kynningarmál (án launakostnaðar) árin 2011-2014 í þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014.


Upplýsinga- og kynningarmál, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	0,0	0,0	0,0	0,0	
Laun og launat. kostnaður	0,0	0,0	0,0	0,0	
Vöru- og þjónustukaup	2.101,2	2.298,7	2.262,1	2.084,1	-1%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	17,8	0,0	0,0	0,0	-100%
Akstur og ferðir	0,0	0,0	0,0	0,0	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.588,9	2.219,1	4.489,0	2.271,2	43%
Húsnæði	0,0	26,3	29,3	0,0	
Önnur aðkeypt þjónusta	8.776,4	11.962,6	15.782,8	16.077,0	83%
Annar ótalinn kostnaður	473,9	265,0	240,2	284,1	-40%
Kostnaður samtals	12.958,2	16.771,7	22.803,3	20.716,4	60%
Kostnaður mínus tekjur	12.958,2	16.771,7	22.803,3	20.716,4	60%

Upplýsingafulltrúa er ætlað að tryggja að miðlun upplýsinga sé í samræmi við lög og reglugerðir, gildandi fjárhagsáætlun, sett markmið og ákvarðanir bæjarstjórnar.

Önnur verkefni eru ritstjórn heimasíðu, samfélagsmiðla, fréttæfnis og tilkynninga. Útgáfustjórn með prentuðu efni, auglýsingamál og ýmis ráðgjöf til stjórnenda um upplýsinga- og kynningarmál.

3.13. Menningar- og ferðamál

Menningar- og ferðamálafulltrúi (1 stg.) starfar á stjórnarsýslusviði. Menningar- og ferðamálafulltrúi er ráðgefandi um menningar- og ferðamál. Hann er yfirmaður menningarstofnana bæjarins, sér um styrkveitingar, samninga og erindi um menningar- og ferðamál. Þá sér hann um menningarviðburði og vinabæjarsamskipti. Þá starfar menningar- og ferðamálafulltrúi með ferðaðjónustuaðilum bæjarins og vinnur að stefnumótun á því sviði.



Mynd 15 Samanburður á kostnaði við rekstur menningarmála í nokkrum sveitarfélögum árið 2013, kr. á íbúa.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Þá starfar menningar- og ferðamálafulltrúi með menningar- og ferðamálanefnd og ber ábyrgð á að samþykktum ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd ásamt því að undirbúa fundi nefndarinnar. Menningar- og ferðamálafulltrúi kynnir Hafnarfjarðarbæ fyrir gestum og gangandi í samræmi við ákvarðanir nefndar.

Fram kom að viðburðir og verkefnastjórn eru mjög stór þáttur af starfi menningar- og ferðamálafulltrúa en kemur það til vegna fækkunar á stjórnsýslusviði á árinu 2010. Það ár var starfandi í einu stöðugildi verkefnisstjóri sem hafði umsjón með viðburðum. Þannig hafi verkefni flust til menningar- og ferðamálafulltrúa. Helstu viðburðir eru bæjarhátíðin Bjartir dagar, jólaborpið, sumardagurinn fyrsti, sjómannadagurinn og syngjandi jól. Kostnaður á íbúa vegna menningarmála er minni en í samanburðarsveitarfélögum enda var nokkrum verkefnum hætt eftir efnahagshrunið, t.d. tilnefndi bæjarfélagið ekki bæjarlistamann um nokkurra ára skeið fram til 2014 og hefur ekki veitt húsverndarstyrki o.s.frv. Starfsfólk á fjölskyldusviði bæjarins hefur einnig ábyrgð á viðburðastjórnun, m.a. skipulagning á hátíðarhöldum í tengslum við 17. júní.

Af þessu leiðir að lítil áhersla hefur verið á stefnumarkandi hlutverk menningar- og ferðamálafulltrúa og bentu margir viðmælendur á að núverandi fyrirkomulag í málaflokknum væri þar af leiðandi ekki hentugt til lengri tíma. Einnig var bent á að það væri óheppilegt fyrir menningarstofnanirnar að vera í beinni samkeppni við viðburðahald hjá bænum (þar af leiðandi sinn eigin yfirmann) um takmarkað fjármagn.

Það er mat Capacent að breyta þurfi núverandi fyrirkomulagi og þegar horft er á málaflokk ferðamála sé rétt að leita samstarfs við Markaðsstofu Hafnarfjarðar en stofnun hennar er langt komin í undirbúningi.

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 12. febrúar sl. var bæjarstjóra falið að hefja undirbúning að stofnun markaðsstofu fyrir Hafnarfjarðarbæ. Markmiðið með stofnun markaðsstofu er að skapa vettvang þar sem kostir bæjarins fyrir starfsemi fyrirtækja, móttöku ferðamanna, nýrra íbúa eru kynntir og um leið að efla tengslin við fyrirtæki og aðra starfsemi sem fyrir er í bænum. Þannig verði hlutverk markaðsstofu m.a. að efla atvinnuþróun og starfa að ferða- og markaðsmálum í Hafnarfirði í nánu samstarfi við atvinnulíf í bænum.

Með stofnun markaðsstofu er ljóst að ferðamálin munu flytjast þangað enda um atvinnuþróun að ræða, sem yrði kjarnahlutverk í nýrri markaðsstofu enda ferðaþjónustan sá vaxtarbroddur í atvinnulífinu sem nú er helst horft til.

Nokkrir viðburðir á sviði menningarmála eru orðnir umfangsmiklir. Nokkrir eru það umfangsmiklir að tækifæri getur legið í því að bjóða þá út. Einstök félagasamtök kunna að sjá tækifæri í að taka að sér verkefni á þessu sviði. Í þessu sambandi var nefnt að Jóláþorpið gæti fallið vel að slíku fyrirkomulagi en verkefnið kostar bæjarsjóð árlega á bilinu 11-13 m.kr.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna hefur verið starfrækt í afgreiðslu ráðhússins um nokkurt skeið en hún var áður til húsa á Vesturgötu. Viðmælendur eru sammála um að afgreiðsla ráðhússins veiti ágætis þjónustu á þessu sviði gagnvart þeim ferðamönnum sem þangað leita en fram kom að þeir væru ekki margir og ýmsar ástæður liggja þar að baki. Þar má helst nefna sýnileika. Takmarkað er hvað hægt er að merkja ráðhúsið til að vekja athygli á þessari þjónustu. Þá er erfitt fyrir rútur að nema staðar fyrir framan húsið til að hleypa fólki út.

Bent var á þann möguleika að flytja upplýsingamiðstöðina í bókasafnið og að æskilegt væri að upplýsingamiðstöðin ætti gott samstarf við Markaðsstofu Hafnarfjarðar þegar hún hefur starfsemi sína.

Þá var bent á að æskilegt væri að tengja menningartengda starfsemi með virkari hætti við markaðs- og kynningarstarf á vegum bæjarins.

3.14. Bókasafn

Á bókasafni Hafnarfjarðar eru samtals 15,64 stöðugildi með afleysingum og hefur þeim farið fækkandi síðustu ár samhliða styttri opnunartíma safnsins. Á árinu 2014 var tekin ákvörðun um að lengja opnunartíma safnsins, sem er nú opið frá 10:00-19:00 alla virka daga og frá 11:00-15:00 (sept-mái) á laugardögum.

Safnið hefur verið í núverandi húsnæði við Strandgötu frá 2002 og skipulag þess hentar illa fyrir rekstur og þjónustu af þessu tagi. Húsið er óhentugt og það krefst aukinnar mönnunar á opnunartíma. Þá hefur það áhrif að mikið af safnkostnum er í kjallara hússins. Lyftan gengur ekki niður í kjallara og aðgengi starfsmanna að geymsluaðstöðunni í kjallaranum er erfitt. Ef húsið væri á færrri hæðum væri nóg að hafa 5 starfsmenn. Innri leiga vegna húsnæðis er um 28 m.kr. á ársgrundvelli.


Tafla 20 Yfirlit yfir rekstrarkostnað bæjarbókasafnsins í þ.kr. fyrir árin 2011-2014

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Bæjarbókasafn, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-16.248,2	-15.563,0	-14.193,7	-12.369,3	-24%
Laun og launat. kostnaður	76.213,3	77.638,4	78.208,9	88.557,3	16%
Vöru- og þjónustukaup	16.096,5	19.438,9	19.578,3	18.641,1	16%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	132,1	93,3	104,3	200,2	51%
Akstur og ferðir	431,2	531,9	625,0	711,4	65%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	4.570,7	5.219,1	5.464,3	8.732,9	91%
Húsnæði	26.571,1	27.903,5	27.903,5	27.903,5	5%
Önnur aðkeypt þjónusta	3.440,4	1.633,5	5.437,4	7.665,2	123%
Annar ótalin kostnaður	-168,9	76,1	-930,2	-529,9	214%
Kostnaður samtals	127.286,5	132.534,6	136.391,6	151.881,7	19%
Kostnaður mínus tekjur	111.038,3	116.971,7	122.197,9	139.512,4	26%

Heildarrekstur bókasafnsins nam samtals um 140 m.kr. á árinu 2014. Heildarlaunakostnaður safnsins hefur hækkað um 13,2% á milli 2013 og 2014 eða um 10 m.kr. Skýringin á þeirri hækkun liggur að mestu í lengri opnunartíma safnsins og að hluta vegna þess að sumarafleysingar eru bókaðar með öðruvísi hætti en áður. Föst yfirvinna á safninu er 12 m.kr. Safneign bókasafnsins undir árslok 2013 samanstóð af 136.212 eintökum.

Mikið hefur verið um veikindi hjá starfsfólki bókasafnsins (langtímaveikindi). Samkvæmt forstöðumanni hafa að meðaltali um 2,7 starfsmenn verið frá vegna veikinda á hverjum degi frá áramótum. Kostnaður vegna þess er ekki tekin til hliðar og hefur það því áhrif á laun og annan starfsmannakostnað til hækkunar.



Mynd 16 Yfirlit yfir þróun rekstrarkostnaðar bæjarbókasafnsins frá 2011-2014 í þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014


Í aðkeyptri sérfræðiþjónustu liggur að mestu kostnaður vegna þátttöku bókasafnsins í Landskerfi bókasafna um miðlæga skráningargrunninn Gegni. Bókasafnið greiðir kostnað vegna þess fyrir aðra aðila innan sveitarfélagsins, t.d. skólaskrifstofuna og alla leikskólana. Einnig er unnin vinna innan safnsins við skráningar og flokkun vegna þessa sem ekki er greidd til safnsins. Í Kópavogi er þessum kostnaði skipt niður á stofnanirnar sjálfar.

Aðkeypt þjónusta upp á um 3 m.kr. skýrist af greiðslum til arkitekta vegna vinnu við undirbúningu að viðbyggingu við safnið. Hætt var við þau áform og var kostnaður færður á safnið vegna undirbúningsvinnunnar. Forstöðumaður safnsins benti á að réttara hefði verið að bóka þann kostnað á fasteignafélag Hafnarfjarðar en ekki á safnið sjálft.

Opnunartími safnsins var lengdur til kl. 19 á virkum dögum á árinu 2014. Í viðtölum við ráðgjafa bentu nokkrir viðmælendur á að það væri í takti við þjónustustig sem tíðkast í nágrenna-sveitarfélögum. Bókasafn Kópavogs er með opið til kl. 19 á virkum dögum en lokar kl. 17 á föstudögum þar sem ásókn í safnið er að öllu jöfnu minni. Bókasafn Garðabæjar er með opið til kl. 19 alla virka daga.

Ef horft er til heildarfjölda útlána yfir vikutímabil, annars vegar frá júlímánuði 2010 og 2014, hins vegar septembermánuð 2010 og 2014, kemur í ljós að fjöldi útlána er mestur seinni part dags og mestur á milli 16 og 17.


Heildarfjöldi útlána yfir eina viku



Mynd 17 Heildarfjöldi útlána yfir eina viku á Bókasafni Hafnarfjarðar

Heimild: Landskerfi bókasafna og Bókasafn Hafnarfjarðar

Eins og sjá má á mynd 17 minnkar sá hluti starfseminnar sem snýr að útlánnum verulega eftir klukkan 17 á daginn.



Mynd 18 Yfirlit yfir hlutfall yfirvinnu- og álagsgreiðsla af mánaðarlaunum í bókasafninu árin 2012-2014.


Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Viðmælendur bentu þó á að það væri umhugsunarefni að hafa safnið opið svo lengi, ekki síst vegna þess að hlutfall útlána hefur almennt farið lækkandi síðustu ár eftir snarpa aukningu eftir efnahagshrunið 2008.

Viðmælendur voru flestir sammála um að rekstur af þessu tagi muni breytast á næstu árum. Rekstur bóksafna snúist í auknum mæli um viðburði og að hafa aðgengi að lesrými og aðstöðu til að nota safnkostinn. Bent var á að á laugardögum væru nú viðburður sem foreldrar sjá um og bóksafnið skaffar því eingöngu aðstöðu og veitir aðgengi að húsinu.

Samhliða þessari þróun eru tekjur safnsins að dragast saman, en þær eru nú 24% minni en á árinu 2011. Tekjur hafa að einhverju leyti verið ofátlaðar síðustu ár. Skýringin á því er fyrst og fremst minnkun útlána á DVD diskum, en aukið streymi í gegnum netið veldur því að fólk sækir minna í DVD diska á safninu. Nú hefur safnið einnig tekið ákvörðun að lána út tónlist án þess að innheimta gjald fyrir. Greiðslur vegna sekta hafa einnig lækkað vegna þess að lánþegar fá sendar rafrænar áminningar um skil og hafa skil aukist við það.

Í ljósi þessara breyttu aðstæðna og krafna um aukið aðhald í rekstri sveitarfélagsins er rétt að meta reynsluna af auknum opnunartíma og skoða hvort sú ráðstöfun sé skynsamleg til lengri tíma.




Mynd 19 Yfirlit yfir fjölda útlána bókasafnsins frá árinu 2007-2014

Heimild: Bókasafn Hafnarfjarðar

Þegar horft er til fleiri leiða til sparnaðar á bókasafninu má nefna fækkun viðburða, en mikil hefð er fyrir ákveðnum viðburðum, t.d. brúðuleikhúsi barna í tengslum við bæjarhátíðina Bjarta daga og sumarlestur barna. Það hefði hins vegar í för með sér talsverða skerðingu á þjónustu og hugsanlegt að skilvirkni starfseminnar myndi líða fyrir það.

Til lengri tíma litið er rétt að endurskoða húsnæði bókasafnsins með það að markmiði að finna hentugra húsnæði. Samhliða slíkri breytingu mætti fækka stöðugildum á safninu.

Þá gætu falist frekari tækifæri í samstarfi safnanna í Kópvogi, Garðabæ og Hafnarfirði en þar hefur verið samkomulag um að lánþegakort gildi á milli safnanna. Einnig hafa söfnin verið með fyrirlestra í samvinnu sín á milli. Samkvæmt forstöðumanni safnsins hafa átt sér stað viðræður á milli safnanna um að móta hverju safni sérstakar áherslur í innkaupum á bókakosti, t.d. að eitt safn leggi meiri áherslu á hönnunarbækur, annað safn danskar bækur o.s.frv. Slíkt myndi hafa að verkum að takmarkaðar fjárveitingar nýtist betur í innkaupum en safnið hefur haft um 12-15 m.kr. til ráðstöfunar á hverju ári til innkaupa á safnkosti.



Mynd 20 Samanburður á rekstrarkostnaði nokkurra bókasafna árið 2013 í kr. á íbúa.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Áður hefur verið fjallað um þann möguleika að færa verkefni til bókasafnsins, s.s. upplýsingamiðstöð ferðamála (sjá kafla um menningar- og ferðamál á bls. 44).

3.15. Byggðasafn

Á byggðasafninu eru starfsmenn í samtals 2,8 stöðugildum auk sumar- og helgarstarfsmanna, sem vinna í tímavinnu. Forstöðumaður er í fullu starfi við safnið allt árið, auk hans sinnir fornleifafræðingur húsa- og fornleifaskráningum í 80% stöðugildi. Almennur starfsmaður er í 100% starfi á safninu og helstu verkefni hans eru umsjón með ljósmyndasafninu ásamt tilfallandi verkefnum, m.a. húsaskráningu með fornleifafræðingi.

Yfir sumartímann eru fleiri starfandi við söfnin. Þá bætast við þrjú 75% störf, skólakrakkar sem Byggðasafnið fær frá vinnuskólanum. Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja og varðveita muni og minjar um menningarsögu Hafnarfjarðar og nágrennis.

Að jafnaði er haldið úti níu sýningum í sex húsum. Rekstur húsanna er nokkuð dreifður og ekki hefur verið farin sú að leið að flytja húsinn á ákveðin stað innan sveitarfélagsins, heldur eru þau á sínum upprunastað. Þessu fylgir ákveðinn kostnaður þar sem yfirsetu þarf í hvert hús á meðan þau eru opin. Skólakrakkar sinna að mestu yfirsetu í safninu, t.d. um helgar og vinna þau fyrir safnið í tímavinnu. Opnunartími safnanna er þannig:

Yfir sumartíma (1. júní – 31. ágúst):

- Pakkhús, alla daga kl. 11:00 – 17:00


- Sívertsens-húsið, alla daga kl. 11:00 – 17:00
- Bookless Bungalow, alla daga kl. 11:00 – 17:00
- Beggubúð, Alla daga kl. 11:00 – 17:00
- Siggubær, helgar kl. 11:00 – 17:00

Yfir vetrartíma (1. september – 31. maí):

- Pakkhús, helgar kl. 11:00 – 17:00

Auk þess er safnið opið á öðrum tímum fyrir hópa og skóla eftir samkomulagi. Ef hópar koma á almennum skrifstofutíma er aðgangur frír en það þarf að greiða fyrir aðgang að safninu ef kalla þarf út starfsmann vegna komu hóps.

Yfirvinna og álag í hlutfalli við mánaðarlaun



Mynd 21 Yfirlit yfir hlutfall yfirvinnu- og álagsgreiðslna af mánaðarlaunum árin 2012-2014

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Sett er upp ný sýning í forsal Pakkhússins á hverju ári auk þess sem sett er upp ný ljósmyndasýning við Strandstíginn ár hvert. Þá er á hverju ári aðrar sýningar safnsins þróaðar og þeim breytt lítillega, sérstaklega á það við um fastasýninguna, þar sem þemasýning fyrra árs er að hluta færð inn í fastasýninguna. Með þessu móti er fastasýningunni breytt um nálægt 10% á hverju ári og má þá segja að safnið sé komið með nýja fastasýningu á 10 ára fresti.

Viðburðarfjöldinn er misjafn eftir árum. Safnið tekur þátt í Safnanótt á vetrarhátíð, Björtum dögum, Íslenska safnadeginum, 17. júní og hefur jóladagskrá fyrir leikskóla bæjarins. Auk þess stendur safnið fyrir einni stórrí hátíð á ári „Sívertsens-hátíð“ eða „Hansa-hátíð“ svo dæmi sé tekið. Þá hefur safnið einnig staðið að nokkrum sögugöngum og fyrirlestrum og minni viðburðum á hverju ári.

Aðgangur að safninu hefur verið ókeypis. Glitnir banki styrkti safnið á árunum fyrir hrun, og var það hluti af markaðs- og kynningarmálum bankans. Slíkt gerði það að verkum að safnið gat haft ókeypis inn á safnið. Eftir efnahagshrunið var lítið um styrkveitingar af þessu tagi. Þrátt fyrir það var ákveðið að hafa ókeypis inn á safnið áfram. Í ljósi þess að hér er ekki nema að hluta til um lögbundin verkefni að ræða (fyrir utan verkefni eins og fornleifaskráningu) þá verður að teljast eðlilegt almennir gestir safnsins greiði aðgangseyri að safninu líkt og tíðkast á öðrum söfnum af þessu tagi.

Til samanburðar er almennt gjald að Byggðasafni Skagafjarðar kr. 1.200, byggðasafni Vestfjarða kr. 900 og Árbæjarsafni kr. 1400. Eldri borgarar greiða minna og frítt er fyrir börn á grunnskólaaldri.

Aðsókn í safnið síðustu ár:

- **2010:** 19.554
- **2011:** 20.447
- **2012:** 20.940
- **2013:** 22.134
- **2014:** 23.617

Gestir í safnið á árinu 2014 voru 23.617 manns og er það 6,7% aukning frá árinu á undan. Yfir sumarmánuðina eru að tæpur þriðjungur gesta erlendir ferðamenn. Yfir veturinn sækir fjöldi skólahópa safnið heim.

Tafla 21 Yfirlit yfir rekstrarkostnað byggðasafnsins frá 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Byggðasafn, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-2.098,0	-3.068,6	-4.816,3	-3.693,2	76%
Laun og launat. kostnaður	17.126,6	20.808,6	23.535,6	26.277,8	53%
Vöru- og þjónustukaup	1.926,8	1.763,3	2.980,6	2.898,3	50%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	1.445,2	869,8	1.139,4	1.422,9	-2%
Akstur og ferðir	631,6	1.804,5	1.119,6	2.386,4	278%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	175,5	1.108,0	697,6	3.740,0	2031%
Húsnæði	27.516,9	28.911,6	29.141,7	29.295,8	6%
Önnur aðkeypt þjónusta	3.174,0	2.947,0	4.561,4	3.935,6	24%
Annar ótalin kostnaður	773,3	766,9	817,7	843,1	9%
Kostnaður samtals	52.769,7	58.979,8	63.993,5	70.799,7	34%
Kostnaður mínus tekjur	50.671,7	55.911,2	59.177,2	67.106,4	32%

Kostnaður við rekstur Byggðasafnsins hefur aukist um þriðjung frá 2011. Launakostnaður hefur hækkað um 53%, aðkeypt sérfræðiþjónusta jókst verulega 2014 og önnur aðkeypt þjónusta hefur hækkað um 24% á tímabilinu. Samtals hefur kostnaður við safnið aukist um tæpar 17 m.kr. á tímabilinu 2011 til 2014.

Tekjur safnsins hafa aukist um 76% frá árinu 2011 en dragast þó nokkuð saman á milli 2013 og 2014. Tekjur safnsins byggjast alfarið á rekstarstyrkjum og verkefnastyrkjum úr Safnasjóði og öðrum styrkjum.

Kostnaður vegna húsnæðis hefur aukist lítillega eða um 6% á tímabilinu. Samkvæmt upplýsingum frá Byggðasafninu hefur viðhaldsframkvæmdum verið haldið niðri um nokkurt skeið og kominn er tími á nokkur húsanna. Innri húsaleiga til fasteignafélagsins er um 23 m.kr. Önnur húsaleiga er um 6,2 m.kr. og stærsti þátturinn í því er vegna iðnaðarhúsnæði út á hrauni sem safnið leigir fyrir lageraðstöðu. Um er að ræða leigusamning til 25 ára og eru 7 ár liðin af honum. Samningur þykir sveitarfélaginu frekar óhagstæður.

Aðkeypt sérfræðipjónusta 2014 upp á 3,7 m.kr. er að mestu leyti er fjármagnaður með styrkjum auk framlaga úr bæjarsjóði. Hér er að mestu um kostnað vegna viðburða að ræða, eins og sýningargerð, hönnun, ljósmyndavinnslu, fyrirlestra, tónlistaratriði, prentun o.s.frv.

Fasteignir byggðasafnsins eru, eins og aðrar eignir sveitarfélagsins, inn í eignasjóði sem er í umsýslu fasteignafélags Hafnarfjarðar. Byggðasafn greiðir innri leigu til fasteignafélagsins. Kostnaður vegna þess er um 23 m.kr. og hefur tekið litlum breytingum síðustu ár.

Eitthvað er um samstarf við önnur söfn, t.d. á sviði markaðsmála. Safnið er í samstarfi um samlesnar auglýsingar og markaðssetningu til útlendinga á vefnum svo dæmi sé tekið.

3.16. Hafnarborg

Hlutverk Hafnarborgar – menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar er að standa fyrir öflugum og metnaðarfullu menningarstarfi og stuðla þannig að fjölbreyttu mannlífi. Hafnarborg starfar samkvæmt stofnskrá og í samræmi við menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna.

Við safnið starfa sjö starfsmenn í 4,3 stöðugildum, þannig að nokkuð er um hlutastörf á safninu. Safnið er að jafnaði opið frá 12 - 17 alla daga vikunnar, á fimmtudögum er framlengd opnun til kl. 21. Lokað er á þriðjudögum.

Á safninu er forstöðumaður í 100% starfshlutfalli. Tæknimaður og húsvarsla er skilgreint sem 60% starf, safnfulltrúi með kynningarmál og fræðslu er í 60% starfi, safnfulltrúi með sýningargerð, viðburði og fræðslu í 40% starfi, safnfulltrúi með afgreiðslu og gæslu ásamt umsjón með safnverslun er í 50,1% og að lokum er safnfulltrúi í 50,1% í afgreiðslu og gæslu ásamt umsjón með gestavinnustofu.

Útilistarverk í Hafnarfjarðarbæ eru í umsjón og á ábyrgð safnsins. Kostnaður við það hefur verið um 1 m.kr. á ári. Á árinu 2014 voru haldnar 11 myndlistarsýningar og 12 tónleikar. Hafnarborg varðveitir listaverkageign Hafnarfjarðarbæjar og annast skráningu vegna þess. Safnið stendur fyrir rannsóknum og sýningum á listaverkum bæjarins þannig að bæjarbúar fái notið og verkin verði sýnilegur hluti íslenskrar menningar- og listasögu. Í safneign Hafnarborgar eru nú um 1.400 listaverk. Ennfremur rekur Hafnarborg alþjóðlega gestavinnustofu.

Tafla 22 Yfirlit yfir rekstrarkostnað skrifstofu Hafnarborgar árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014


Skrifstofa Hafnarborgar, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-7.694,0	-7.701,3	-10.976,8	-12.163,8	58%
Laun og launat. kostnaður	25.175,7	27.931,3	33.393,6	34.102,1	35%
Vöru- og þjónustukaup	6.208,7	6.932,1	8.462,4	8.172,6	32%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	551,0	490,7	738,9	953,9	73%
Akstur og ferðir	1.146,4	944,2	1.692,3	991,1	-14%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	5.517,9	5.465,3	5.284,9	7.744,2	40%
Húsnæði	35.239,1	36.886,4	36.874,7	36.915,8	5%
Önnur aðkeypt þjónusta	7.006,7	8.707,4	8.533,2	9.089,4	30%
Annar ótalinn kostnaður	28,4	34,3	44,1	166,4	485%
Kostnaður samtals	80.873,9	87.391,7	95.024,0	98.135,4	21%
Kostnaður mínus tekjur	73.180,0	79.690,4	84.047,3	85.971,6	17%

Skipulag á mönnun í afgreiðslu safnsins er skv. vaktafyrirkomulagi, þannig að tveir starfsmenn skipta vöktum með sér, unnið er í sex daga og við tekur frí í átta daga, þ.e. frá miðvikudegi til mánudags, á svo frí frá þriðjudegi til miðvikudags.

Heildartekjur safnsins eru 12,1 m.kr. og hafa aukist nokkuð síðustu ár. Þar af eru leigutekjur um 4,6 m.kr., en veitingarekstur hefur verið boðinn út af safninu. Þá eru tekjur vegna útleigu á söllum vegna viðburða og sölu úr safnverslun sem starfrækt er í húsinu. Safnið hefur fengið rekstrarstyrk frá Safnasjóði síðustu tvö ár að upphæð 1,0 m.kr., en sækja þarf um slíkan styrk einu sinni á ári. Einnig hefur safnið fengið styrki til einstakra verkefna frá Safnasjóði.

Vöru- og þjónustukaup eru 8,4 m.kr. á árinu 2014 og þar eru stærstu þættir ýmis rekstarkostnaður húsnæðis, kostnaður vegna sýninga og vörukaup vegna safnverslunar. Innri húsaleiga vegna húsnæðis er 36 m.kr.

Yfirvinna og álag í hlutfalli við mánaðarlaun




Mynd 23 Yfirlit yfir hlutfall yfirvinnu- og álagsgreiðslur af mánaðarlaunum árin 2011-2014

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Eðli starfseminnar krefst nokkurrar yfirvinnu. Starfsmenn koma og skipuleggja húsið vegna viðburða og annarra uppákoma, oft um kvöld og/eða um helgar. Aðilar sem halda viðburði í húsinu greiða leigu fyrir húsið. Þannig hefur safnið tekjur af öðru en styrkjum og framlögum bæjarins. Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu skýrist að mestu vegna sýninga og undirbúningi þeirra. Þessi kostnaður er að mestu fjármagnaður með styrkveitingum.

Kostnaður vegna menningarhúsa á árinu 2013
(samanburður við önnur sveitarfélög)



Mynd 22 Yfirlit yfir kostnað við menningarhús árið 2013 í nokkrum sveitarfélögum árið 2013, kr. á íbúa

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Hafnarborg hefur því tekjur af útleigu aðstöðu fyrir viðburði, af styrkjum og framlög frá bænum, veitingarekstri og safnabúð. Engar tekjur eru af aðgangseyri þar sem ókeypis hefur verið inn á safnið. Önnur sambærileg söfn á höfuðborgarsvæðinu eru almennt með aðgangseyri inn á sín söfn. Tækifæri eru því fyrir hendi til að auka tekjur safnsins með gjaldtöku. Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur og Listasafn Íslands innheimta öll aðgangseyri á bilinu 1.000-1.200 kr. Aðgangseyrir að Gerðasafni í Reykjavík er er 500 kr.

Hjá Reykjavíkurborg hefur verið farin sú leið að gera sérstakt menningarkort sem gildir á fleiri en einn stað. Í viðtölum vegna úttektarinnar var bent á að sambærilegt fyrirkomulag gæti verið skynsamlegt í samstarfi annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Yfir 60.000 safngestir koma á safnið árlega og þar af um 10% erlendir gestir. Ef ákveðið verður að innheimta gjald fyrir aðgang að safninu gæti það haft áhrif á aðsókn að safninu. Til að koma til móts við tiltekna hópa, s.s. skólanemendur gætu þeir verið undanþegnir gjaldskyldu. Þá væri farin sambærileg leið og á öðrum söfnum að hafa gjaldfrjálst fyrir tiltekna hópa. Ef um 20% safngesta greiða 1.000 kr. í aðgangseyri og aðsókn stendur að öðru leyti í stað gætu tekjur safnsins vegna aðgangseyris verið um 12 m.kr. á ári.

Íbúar í Garðabæ, Mosfellsbæ, Kópavogi og Hafnarfirði eru samtals um 84 þúsund talsins. Af þessum íbúum er tiltekinn hópur sem hefur áhuga á að sækja listasöfn. Með samstarfi þessara sveitarfélaga til dæmis um útgáfu menningarkorts, sem veitir korthafa afslátt af aðgangseyri, væri hugsanlegt að auka tekjur allra safna sveitarfélaganna.

3.17. Atvinnumál

Atvinnumál hafa að mestu verið á forræði sviðsstjóra stjórnsýslusviðs. Verkefningin síðustu ár hafa fyrst og fremst snúist um samskipti og upplýsingagjöf til fyrirtækja sem hafa áhuga sýnt áhuga á að koma með starfsemi sína til Hafnarfjarðar og eru að leita að lóðum.

Mikill tími hefur farið í samskipti af þessu tagi og sökum anna hjá sviðsstjóra stjórnsýslusviðs hefur ekki verið unnið markvisst að verkefnum sem þessu tengjast. Fram kom að þörf væri á öflugri umgjörð um þennan málaflokk og að mörg tækifæri væru til staðar innan bæjarins til að auka tekjur sveitarfélagsins í gegnum aukna atvinnuþróun.


Kjörnir fulltrúar hafa sýnt þessu máli áhuga og hafa lagt drög að stofnun markaðsstofu Hafnarfjarðarbæjar sem gæti orðið leiðandi í þessum málum. Fjölmargar ábendingar bárust um tækifæri til uppbyggingar og að öflugri formgerð um atvinnuþróun gætu leitt til aukinna tekna fyrir sveitarfélagið en eitt af markmiðum með markaðsstofu væri að skapa vettvang þar sem kostir bæjarins eru kynntir fyrir starfsemi fyrirtækja og um leið efla tengslin við fyrirtæki og aðra starfsemi sem fyrir er í bænum.

Auð baksíða vegna
kaflaskila við útprentun

4. Fræðsluþjónusta

Fræðsluþjónusta annast stjórnýslu og umsýslu skólamála í sveitarfélaginu í umboði fræðsluráðs. Skrifstofa fræðsluþjónustunnar er skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Linnetsstíg 3.

Meginverkefni skólaskrifstofu felast í umsjón og eftirliti með menntun og fræðslu ásamt því að þjónusta skólastofnanir á fræðsluviði. Fræðsluþjónustan í heild nær yfir málefni grunnskóla, leikskóla, dagforeldra, tónlistarskóla og námsflokka Hafnarfjarðar og skal skrifstofan tryggja að áður nefnd starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sveitarfélagsins.



Mynd 24 Stjórnskipulag fræðslusviðs

Heimild: Fræðslusvið Hafnarfjarðar, framsetning Capacent

Í Hafnarfirði eru starfræktir 17 leikskólar, 14 þeirra eru á vegum bæjarins en að auki eru þrír einkareknir leikskólar með þjónustusamning við Hafnarfjarðarbæ. Deildir skólanna eru frá einni og upp í átta deildir. Deild fyrir 5 ára börn er við Hvaleyrarskóla.

Átta grunnskólar eru starfræktir í bænum, sjö þeirra eru á vegum bæjarins og einn, Barnaskóli Hjallastefnunnar, er sjálfstætt rekinn grunnskóli.

Félagsmiðstöðvar fyrir börn og unglinga í 5.-10. bekk starfa við alla grunnskóla í Hafnarfirði og eru að jafnaði opnar þrjú kvöld í viku. Frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk starfa einnig við alla

grunnskólana. Þar er boðið upp á tómsundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur til kl. 17:00 alla virka daga. Þá er starfræktur vinnuskóli fyrir 14 – 16 ára unglinga. Þessi verkefni hafa heyrt undir fjölskylduþjónustu bæjarins en hafa skýra tengingu inn í fræðsluþjónustu.

Fullorðinsfræðslu er sinnt af námsflokkum Hafnarfjarðar sem starfað hafa frá árinu 1971. Þá er Tónlistarskóli Hafnarfjarðar starfræktur af Hafnarfjarðarbæ og sinnir alhliða tónlistarnámi samkvæmt námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Yfirlit yfir störf á skólaskrifstofu má sjá hér að framan, en á skrifstofunni eru samtals 20,5 stöðugildi, 7,8 á skrifstofu og 12,7 stöðugildi í sérfræðiþjónustu. Skrifstofan er undir yfirstjórn sviðsstjóra í 100% starfi sem jafnframt er fræðslustjóri.

Helstu verkefni skólaskrifstofu eru fagleg og rekstrarleg stjórnun fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar í samráði við stjórnendur skóla/stofnana, gerð áætlana vegna reksturs og byggingar leik- og grunnskóla og eftirfylgni við framkvæmdir í samráði við umhverfis- og framkvæmdasvið ásamt skipulags- og byggingasviði.

Þá sér skrifstofan til þess að aðalnámskrám leik- og grunnskóla sé framfylgt auk þess að fylgjast með aðbúnaði og námsumhverfi í skólunum

Skólaskrifstofa veitir einnig sérfræðiþjónustu þ.e. sálfræðiþjónustu, talmeinaþjónustu, innleiðslu PMT/SMT-skólafærni o.fl. og skipuleggur skólaakstur.

Þá er ýmis þróunarvinna unnin að hálfu skrifstofunnar með það að markmiði að hvetja til nýbreytnistarfs og stuðla að skólaþróun í leik- og grunnskólum bæjarins.

Önnur verkefni lúta að menntun og endurmenntun fyrir starfsfólk og upplýsingamiðlun, m.a. um málefni skólustarfs í bænum og um réttindi og skyldur starfsfólks, foreldra og nemenda í skólum.

4.1. Heildarútgjöld í málaflokknum

Á árinu 2014 voru heildarútgjöld Hafnarfjarðarkaupstaðar í málaflokknum 9,7 ma.kr. Á árinu 2013 námu útgjöldin 8,9 ma.kr. og nemur hækkunin 7,6% á milli áranna. Heildarkostnaður að frádregnum tekjum er 8,7 ma.kr.

Hækkun útgjalda í málaflokknum nemur 22% frá 2011, þar af vegur mest hækkun á launum og launatengdum kostnaði upp á 19%, enda er þar um að ræða langstærsta útgjaldaflokkinn.

Af öðrum liðum vekur athygli:

- hækkun á aðkeyptri sérfræðiþjónustu úr 594 m.kr. árið 2011 í 830 m.kr. árið 2014,
- hækkun á akstri úr 56 m.kr. árið 2011 í 75,5 m.kr. árið 2012 og 96,7 m.kr. árið 2013,
- hækkun á vöru- og þjónustukaupum úr 340,7 m.kr. í 483,4 m.kr. á milli áranna 2011 og 2014,
- hækkun á annarri aðkeyptri þjónustu úr 227,7 m.kr. í 345,6 m.kr. á milli áranna 2011 og 2014.


Tafla 23 Yfirlit yfir rekstrarkostnað í fræðsluþjónustu 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Fræðsluþjónusta í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-697.948	-927.703	-914.465	-927.167	33%
Laun og launat. kostnaður	4.831.630	4.908.011	5.268.668	5.763.548	19%
Vöru- og þjónustukaup	340.737	367.720	414.423	483.428	42%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	27.746	22.271	32.146	39.210	41%
Akstur og ferðir	56.049	75.471	96.741	98.926	76%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	593.727	626.760	742.528	830.533	40%
Húsnæði	1.597.568	1.859.949	1.900.714	1.887.420	18%
Önnur aðkeypt þjónusta	227.715	272.749	312.462	345.655	52%
Annar ótalinn kostnaður	182.148	207.078	219.015	226.471	24%
Kostnaður samtals	7.857.320	8.340.009	8.986.698	9.675.191	23%
Kostnaður mínus tekjur	7.159.371	7.412.306	8.072.233	8.748.024	22%

Heildarútgjöld í fræðslumálum að frádregnum tekjum voru 295.072 kr. á hvern íbúa í Hafnarfirði, sem er svipað og í Kópavogi (296.602 kr.) en hærra en hjá Reykjavík, Reykjanesbæ og Akureyrarkaupstað. Vakin er athygli á að samanburður á heilu málaflokkunum getur verið varasamur og þarfnast ítarlegri skoðunar til að tryggja sambærileika.

Kostnaður á íbúa í fræðslumálum á árinu 2013 í samanburðarsveitarfélögum



Mynd 25 Samanburður á kostnaði við fræðslumál í nokkrum sveitarfélögum árið 2013, kr. á íbúa

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga


Þegar horft er á tekjur, laun og annan rekstrarkostnað í þessum málaflokki eru tekjur Hafnarfjarðarkaupstaðar og Kópavogsbæjar mjög sambærilegar en nokkuð minni en hjá Akureyrarbæ sem sker sig nokkuð frá öðrum sveitarfélögum í þeim samanburði.

Tafla 24 Kostnaður á íbúa í fræðslumálum í nokkrum sveitarfélögum

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

	Reykjavík	Kópavogsbær	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Reykjanesbær	Akureyrar- kaupstaður
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	-29.924	-32.006	-33.427	-20.638	-40.100
Laun og launatengd gjöld	177.551	198.360	192.435	180.102	199.454
Annar rekstrarkostnaður	125.694	130.247	136.064	113.496	119.540
Samtals	273.321	296.602	295.072	272.960	278.893
<i>Íbúafjöldi 2013</i>	<i>119.764</i>	<i>32.308</i>	<i>27.357</i>	<i>14.527</i>	<i>18.103</i>

Laun og launatengd gjöld eru hæst hjá Akureyrarbæ og Kópavogsbæ, því næst kemur Hafnarfjarðarkaupstaður svo Reykjanesbær og Reykjavík. Annar rekstrarkostnaður er hæstur í Hafnarfirði. Hugsanlega liggur þetta í því að Hafnarfjörður kaupir ræstinguna að og kostnaður við hana fellur því undir annan rekstrarkostnað. Akureyri hefur hins vegar farið þá leið að fela skólaliðum að sinna ræstingu og því er launakostnaður hærri þar.



Mynd 26 Hlutfallsleg skipting heildarútgjalda í Hafnarfirði árið 2014 eftir helstu kostnaðarliðum.

Heimild: Aðalbók Hafnarfjarðar 2014

Heildarútgjöld fræðslumála skiptast þannig að 59% skýrast af rekstri grunnskóla sveitarfélagsins, þar er horft til 8 grunnskóla og sameiginlegs kostnaðar vegna þeirra. Leikskólar eru 31% allra útgjalda, rekstur skólaskrifstofu, sérfræðipjónustu og annarrar miðlægrar þjónustu er 4% af heildarútgjöldum.

Um 17% af kostnaði leikskóla er greiddur af foreldrum. Ef horft er til samanburðarsveitarfélaganna á árinu 2013 eru vistgjöld og aðrar tekjur 16% af kostnaði leikskóla, hjá Akureyrarbæ um 18% og hjá Reykjanesbæ um 9%.

4.2. Skólaskrifstofa

Sviðsstjóri fræðsluþjónustu er yfirmaður fræðslumála í sveitarfélaginu og heyrir undir bæjarstjóra. Sviðsstjóri er yfirmaður skólaskrifstofu ásamt því að vera næsti yfirmaður leikskólastjóra og grunnskólastjóra.

Tvisvar í mánuði heldur fræðslustjóri fundi með grunnskólastjórum og einu sinni í mánuði með leikskólastjórum. Starf sviðsstjóra mótast af miklum samskiptum, bæði við skólastjóra þar sem ganga þarf í ýmis mál, bæði rekstrartengd og fagleg. Einnig fer nokkur tími í að halda utan um starfsemi skólaskrifstofu. Sviðsstjóri fundar tvisvar í viku með starfsfólki á skólaskrifstofu.

Skólaskrifstofa sér ekki um frístund og félagsheimili en nokkrar tengingar eru á milli málaflokkanna ásamt íþróttamálum, bæði hvað varðar faglega og rekstrarlega þætti.

Kostnaður við rekstur skólaskrifstofunnar (fyrir utan sérfræðiþjónustu) er samtals 104 m.kr. á ári. Í eftirfarandi töflu gefur að líta heildaryfirlit yfir rekstur skólaskrifstofu fyrir utan sérfræðiþjónustu.

Tafla 25 Yfirlit yfir rekstur skólaskrifstofunnar árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Skólaskrifstofa, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-8.092	-17.965	-4.862	-2.200	-73%
Laun og launat. kostnaður	110.887	66.336	70.873	81.022	-27%
Vöru- og þjónustukaup	2.252	3.381	2.835	2.383	6%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	1.053	1.230	1.366	786	-25%
Akstur og ferðir	3.080	2.520	4.213	2.676	-13%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	2.183	5.156	4.471	1.551	-29%
Húsnæði	12.463	4.558	0	762	-94%
Önnur aðkeypt þjónusta	6.934	5.990	17.039	3.323	-52%
Annar ótalinn kostnaður	8.486	-3.493	6.688	11.554	36%
Kostnaður samtals	147.339	85.678	107.486	104.056	-29%
Kostnaður mínus tekjur	139.247	67.712	102.623	101.856	-27%

Í ofangreindu yfirliti yfir rekstur skólaskrifstofu frá 2011-2014 eru nokkrar sveiflur. Skýring á því liggur í því að rekstur sérfræðiþjónustu er skráður á skólaskrifstofu á árinu 2011 en frá og með 2012 á sérstökum bókhaldslykli. Ef horft er á þróun launakostnaðar frá 2012 er um að ræða hækkun upp á 22%.

Þá eru tekjur einnig tilfallandi en um er að ræða ýmsar styrkveitingar eða greiðslur vegna verkefna. Á árinu 2012 var sérstök styrkveiting vegna ADHD barna.

Önnur aðkeypt þjónusta er einnig sveiflukennd. Undir liðinn fellur til kostnaður vegna námskeiða fyrir kennara og á móti þeim kostnaði koma tekjur úr sérstökum sjóði. Á árinu 2013 er ein skýring hækkunar í aðkeyptri þjónustu vegna endurnýjunar á ýmsum húsbúnaði í Hraunvallaskóla sem bókaður var á skólaskrifstofu.

Skrifstofustjóri (1 stg.) sér um daglegan rekstur skólaskrifstofu ásamt því að vera yfirmaður ritara og afgreiðslufulltrúa. Skrifstofustjóri kemur að öllum ráðningum grunnskólanna ásamt því að skipuleggja úthlutun kennslustunda til skóla og fara yfir launaskýrslur. Skrifstofustjóri sér um stóru og litlu upplestrarkeppnina sem átti upphaf sitt í Hafnarfirði en er það verkefni sem skrifstofustjóri sinnir á eigin ábyrgð. Á skólaskrifstofu er sérstök móttaka þar sem fulltrúi sinnir afgreiðslustörfum og símsvörun (1 stg.) ásamt því að sinna umsóknum foreldra um aukaniðurgreiðslur leikskóla. Í almennum skrifstofustörfum er einnig ritari fræðsluráðs (1 stg.) sem situr fundi, ritar fundargerðir og gengur í almenn störf. Ritari heldur utan um leik- og grunnskólanemendur sem stunda nám utan sveitarfélags og nemendur úr öðrum sveitarfélögum sem stunda nám hjá Hafnarfjarðarbæ. Ritari heldur einnig utan um skjalavörslu.

Almennt gildir að hver yfirmaður samþykki vinnustundir sinna starfsmanna mánaðarlega. Skrifstofustjóri er þó eini starfsmaðurinn sem samþykkir reikninga vegna sameiginlegs kostnaðar grunn- og leikskóla.

Þróunarfulltrúi leikskóla gegnir leiðbeiningahlutverki gagnvart leikskólustjórum, heldur utan um endurmenntun starfsfólks og aðstoðar við námskrárvinnu. Þróunarfulltrúi leikskóla fundar einu sinni í mánuði með leikskólustjórunum. Þá sinnir þróunarfulltrúi leikskóla stýrihópi um læsi og fylgist með fjárframlögum til upplýsingatækniverkefna leikskólanna. Þróunarfulltrúi er yfirmaður tveggja starfsmanna, það eru kennsluráðgjafi vegna sérkennslu og sérkennslufulltrúi. Leikskólarnir eru 17 talsins og því eru starfsmennirnir með um 44 og 45 deildir á sinni könnu. Allt eru þetta 100% störf.

Þróunarfulltrúi grunnskóla heldur utan um ýmis sameiginleg verkefni grunnskóla Hafnarfjarðar ásamt því að skipuleggja og halda utan um skráningar á námskeið fyrir grunnskólakennara en slík námskeið eru fjármögguð úr endurmenntunarsjóði kennara. Það verklag hefur verið í viðhaft að skráningar námskeið koma beint frá kennurum til þróunarfulltrúa en ekki í gegnum skólastjóra hvers skóla. Þróunarfulltrúi sinnir einnig ýmsum stjórnsýsluverkefnum sem tengjast grunnskólunum, t.d. innleiðingu á nýrri aðalnámskrá.

Sérkennslufulltrúi heyrir undir þróunarfulltrúa grunnskóla. Einn sérkennslufulltrúi sinnir öllum grunnskólum bæjarins en tveir starfsmenn sinna leikskólum. Það eru því um 1.000 börn á hvort stöðugildi hjá sérkennslufulltrúum leikskóla en 4.000 á grunnskóla. Þetta fyrirkomulag er svipað og hjá Kópavogsbæ svo dæmi sé tekið.

Rekstrarstjóri fræðsluviðs hefur á sinni könnu ýmis rekstrarmál og gegnir ráðgjafahlutverki í rekstrarmálum fyrir skólustjórnendur. Rekstrarstjóri hefur komið að úthlutun kennslustunda og út frá því unnið með nemendafjölda til að finna viðmið um stöðugildi. Rekstrarstjóri samþykkir

reikninga sem varða rekstrarleg málefni og heldur utan um rekstrarleigusamninga. Hann fylgist einnig reglulega með kostnaði og ber saman við áætlanir.

Fagmenntað starfsfólk er í miklum meirihluta í grunnskólunum og standa þannig sterkar en leikskólar, þar af leiðandi er minni þörf hjá grunnskólum á miðlægri samhæfingu.

Tafla 26 Sundurliðun launakostnaðar á skólaskrifstofunni árin 2012-2014. Hlutfall yfirvinnu og álagsvinnu af mánaðarlaunum er sérstaklega dregin fram, tölur í heilum krónum

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Skólaskrifstofa	2012	2013	2014	Hækkun 2013/2014	Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	66.782.575	43.768.572	48.233.629	10,2%	
Nefndarlaun	0	0	0		
Yfirvinna - föst	14.440.833	12.098.859	13.020.142	7,6%	
Yfirvinna - önnur	1.799.460	1.993.938	1.383.002	-30,6%	
Álag	0	0	0		33,5%
Orlof á fasta yfirvinnu	1.842.770	1.553.888	1.595.065	2,6%	
Orlof á annað en fasta yfirvinnu	229.977	250.870	170.242	-32,1%	
Önnur laun	0	0	0		
Annaruppbot	402.000	276.000	559.584	102,7%	
Orlofsuppbot	408.162	214.745	527.538	145,7%	
Desemberuppbot	433.858	476.350	0	-100,0%	
Fatapeningar			0		
Launatengd gjöld	20.195.406	13.662.899	4.071.478	-70,2%	
Samtals	106.535.041	74.296.120	69.560.680	-6,4%	

Þegar horft er á þróun launa þarf að hafa í huga að stöðugildi sem skráð eru á skólaskrifstofu hafa breyst á undanförunum árum. Á árinu 2014 voru 14,2 stöðugildi á skrifstofunni en samkvæmt upplýsingum úr launakerfi sveitarfélagsins er greitt fyrir 8,2 stöðugildi á árinu 2014 og eru þá afleysingar teknar með.

Ekki er samræmi í upplýsingum úr aðalbók sveitarfélagsins og í upplýsingum frá launadeild eins og sjá má í töflunum hér að ofan. Fyrri taflan byggir á heildarlaunum vegna skólaskrifstofu úr aðalbók en þar má sjá skráð heildarlaun upp á 81 m.kr. Seinni taflan er byggð á upplýsingum frá launadeild sveitarfélagsins og sýnir samtals kostnað vegna launa upp á nærri 70 m.kr. Tryggja þarf betra samræmi í skráningum á milli bókhalds- og launakerfa.

4.3. Sérfræðiþjónusta

Eins og kom fram í fyrri kafla er haldið utanum sérfræðiþjónustu á sérstökum bókhaldslykli og hófst það 2012. Laun og launatengdur kostnaður hefur hækkað nokkuð síðustu ár en breytingar hafa átt sér stað á fyrirkomulagi í tengslum við þessi verkefni sem felast í því að minnka aðkeypta þjónustu og verktöku sérfræðinga og í stað þess ráða þá inn í föst stöðugildi.

Deildarstjóri sálfræðiþjónustu sinnir sálfræðiþjónustu samhliða stjórnun. Telja má að stjórnunarhlutverkið taki upp um 40-50% af starfinu. Sex aðrir sálfræðingar sinna sálfræðiþjónustu í 5,2 stöðugildum. Þjónustan nær yfir bæði leik- og grunnskóla, á hvert stöðugildi eru áætluð 1000-1150 börn. Einnig starfa á deildinni tveir talmeinafræðingar í fullu starfi og skipta þeir skólastigunum á milli sín.

Tafla 27 Yfirlit yfir rekstrarkostnað við sérfræðiþjónustu árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Sérfræðiþjónusta, í þ.kr.	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2012
Tekjur	0	-11.058	-14.809	
Laun og launat. kostnaður	69.137	88.502	118.513	71%
Vöru- og þjónustukaup	0	103	1.733	
Fjarskipti og tölvuþjónusta	0	0	441	
Akstur og ferðir	1.816	2.916	4.261	135%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	0	3	9.779	
Húsnæði	0	0	0	
Önnur aðkeypt þjónusta	0	0	798	
Annar ótalinn kostnaður	0	0	0	
Kostnaður samtals	70.953	91.524	135.525	91%
Kostnaður mínus tekjur	70.953	80.466	120.716	70%

Stærsti kostnaður við deildina eru laun og launatengdur kostnaður. Aðkeypt sérfræðiþjónusta felst fyrst og fremst í aðkeyptri sálfræðiþjónustu fyrir Sveitarfélagið Voga en samningur er á milli sveitarfélaga um þjónustu af þessu tagi.

Tafla 28 Samningur við Voga um sérfræðiþjónustu

Heimild: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

	2014	2013	2012
Beinn kostnaður	5.596.675	5.480.924	5.956.973
Annar kostnaður	3.850.877	3.794.076	2.792.553
Heildarfjárhæð samnings	9.447.552	9.275.000	8.749.526

Beini kostnaðurinn felst í aðkeyptri vinnu sálfræðings og talmeinafræðings. Annar kostnaður er vinna frá skólaskrifstofunni sjálfri, aðstoð við launamál o.fl. og vegna námskeiða sem haldin eru fyrir leik- og grunnskólastarfsmenn.

Akstur og ferðir er stór kostnaðarliður á deildinni. Að mestu er um að ræða fastan bifreiðastyrk upp á 2,8 m.kr., eingöngu er greitt samkvæmt akstursbók upp á 0,9 m.kr. Æskilegt er að greiða eingöngu fyrir akstur samkvæmt akstursbók og lágmarka eða leggja af bifreiðastyrk.

Alls eru 7 sálfræðingar sem sinna 1,6 stöðugildum við þjónustu gagnvart leikskólum og 3,1 stöðugildi gagnvart grunnskólum. Sálfræðingarnir skipta skólunum á milli sín og eru með talsverða

viðveru í skólunum, ekki síst vegna plássleysis á skólaskrifstofu. Þá er samstarf með sálfræðingi á fjölskyldusviði, meðal annars í teymisvinnu á Heilsugæslunni.

Sálfræðingar eru allir launþegar nema einn sem sinnir verkefnum fyrir grunnskóla og leikskóla í sveitarfélaginu Vogum en samkvæmt samningi á milli sveitarfélaganna sinnir Hafnarfjarðarbær slíkri sálfræðiþjónustu. Þetta fyrirkomulag er tiltölulega nýlegt en sálfræðingar voru áður allir í verktöku. Bent var á að eftirfylgni mála almennt hafi batnað eftir að sálfræðingar urðu launþegar.

Talmeinafræðingarnir eru báðir tímabundið í 30% starfshlutfalli við að sinna verkefnum varðandi læsisátak í Hafnarfirði. Það hefur bitnað á þjónustu þeirra en það hefur verið leyst að hluta með verktökum.

Forvarnarverkefninu PMT foreldrafærniþjálfun, þar sem unnið er með foreldrum gegn hegðunarerfiðleikum, hefur verið sinnt af starfsfólki sálfræðiþjónustu. Um er að ræða foreldranámskeið, hópmeðferðir og einstaklingsmeðferðir allt eftir því hvaða úrræði hentar. Einstaklings og hópmeðferðir fara fram á daginn en foreldranámskeiðin á kvöldin og hefur verið greitt sérstaklega fyrir það. PMT verkefnastjóri vinnur verkefnið í samstarfi fjölskyldu- og fræðsluþjónustu með sérstökum stýrihópi. Tekjur hafa verið bókaðar af námskeiðum vegna PMT.

Tafla 29 Sundurliðun launakostnaðar sérfræðiþjónustu skólaskrifstofunnar árin 2012-2014. Hlutfall yfirvinnu og álagsvinnu af mánaðarlaunum er sérstaklega dregin fram, tölur í heilum krónum.


Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Skólaskrifst. sérfræðiþjónusta	2012	2013	2014	Hækkun 2013/2014	Hlutfall af mánaðarlaunum
Mánaðarlaun	17.946.283	52.660.100	72.719.551	38,1%	
Nefndarlaun	0	0	0		
Yfirvinna - föst	3.783.268	12.183.200	16.235.631	33,3%	
Yfirvinna - önnur	458.716	1.683.458	1.107.515	-34,2%	
Álag	0	0	0		26,7%
Orlof á fasta yfirvinnu	482.606	1.541.460	1.961.517	27,3%	
Orlof á annað en fasta yfirvinnu	58.573	214.959	137.161	-36,2%	
Önnur laun	0	6.613	0	-100,0%	
Annaruppbót	134.000	345.000	175.000	-49,3%	
Orlofsuppbót	0	219.319	898.623	309,7%	
Desemberuppbót	465.807	516.774	764.245	47,9%	
Fatapeningar			0		
Launatengd gjöld	5.614.091	16.712.863	28.435.881	70,1%	
Samtals	28.943.344	86.083.747	122.435.123	42,2%	

Þegar horft er á heildarkostnað launa í sérfræðiþjónustu þarf að hafa í huga að á tímabilinu var fyrirkomulagi vegna sálfræðinga breytt en þeir eru nú launþegar og voru áður í verktakavinnu. Á tímabilinu fjölgar um 5 stöðugildi. Nokkuð er um greiðslur vegna fastrar yfirvinnu en þó minna en á öðrum sviðum. Öll yfirvinna og orlof á yfirvinnu er 26,7% hlutfall af mánaðarlaunum í sérfræðiþjónustunni.

4.4. Skólaakstur

Sveitarfélagið skipuleggur skólaakstur fyrir nemendur og fötluð börn. Akstrinum er sinnt af samningsbundnum verktökum. Kostnaður vegna aksturs af þessu tagi á árinu 2014 var 70,1 m.kr. og hefur hækkað umtalsvert síðustu ár. Hlutfallsleg hækkun á milli árunna 2011 og 2014 nemur 63%. Kostnaður vegna ferða í sund hefur aukist þar sem krafa er orðin um að hópar fari ekki upp fyrir 15 nemendur. Því er hér um að ræða aukna þjónustu.



Mynd 27 Kostnaður við skólaakstur hefur aukist um 63% á milli árunna 2011 og 2014

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Einn bíll sinnir akstri fyrir nemendur sem sækja sérdeildir og kostnaður vegna þess er um 9,1 m.kr. á árinu 2014 og hækkaði um 13% á milli ára. Mesti kostnaðurinn er vegna aksturs vegna sundkennslu og íþróttar, en hann nam 47 m.kr. á árinu 2014. Misjafnt er eftir skólum hversu langa vegalengd þarf að keyra nemendur til að sækja íþróttir eða sund. Akstur fyrir Áslandsskóla vegur nokkuð þungt þar sem nemendur sækja kennslu niður á Ásvelli, Kaplakrika og í Suðurbæjarlaug.

Tafla 30 Kostnaður við skólaakstur og akstur fatlaðra barna árin 2011-2014

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Skólaakstur/akstur fatlaðra barna	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Skólaakstur	41.020,5	49.261,4	56.105,0	56.100,7	37%
Akstur fatlaðra barna	1.912,5	4.645,3	10.119,3	13.881,7	626%
Samtals	42.933,0	53.906,7	66.224,3	69.982,4	63%

Akstur fatlaðra barna jókst úr 1,9 m.kr. í 13,8 m.kr. en um er að ræða hlutdeild Hafnarfjarðar til Strætó bs. vegna aksturs fatlaðra grunnskólanema og skjólstæðinga Styrktarfélags vangefinna.

4.5. Grunnskólar

Grunnskólar Hafnarfjarðar eru sjö talsins á átta starfstöðvum en Víðistaðaskóli er rekinn á tveimur starfstöðum. Heildarútgjöld grunnskólanna eru 5,2 ma. kr. og hafa útgjöldin aukist um 19% frá árinu 2011. Stærsti útgjaldaliðurinn eru laun og launatengdur kostnaður upp á 3 ma. kr. en heildarlaun hækka um 14% á milli 2011 og 2014.

Tafla 31 Yfirlit yfir rekstrarkostnað allra grunnskóla í Hafnarfirði ásamt sameiginlegum kostnaði árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Grunnskólar, sameiginlegt, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-112.337	-188.851	-149.595	-139.564	24%
Laun og launat. kostnaður	2.648.351	2.569.857	2.727.001	3.011.329	14%
Vöru- og þjónustukaup	205.470	204.174	228.421	246.915	20%
Fjarskipti og tölvupjónusta	19.355	16.939	21.874	27.228	41%
Akstur og ferðir	4.025	8.454	9.142	9.195	128%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	227.131	248.117	316.973	332.168	46%
Húsnæði	1.076.882	1.308.556	1.342.550	1.332.165	24%
Önnur aðkeypt þjónusta	154.769	184.567	206.080	233.407	51%
Annar ótalinn kostnaður	47.290	32.789	26.172	24.374	-48%
Kostnaður samtals	4.383.274	4.573.452	4.878.213	5.216.781	19%
Kostnaður mínus tekjur	4.270.937	4.384.601	4.728.619	5.077.218	19%

Tafla 31 sýnir rekstrarkostnað grunnskólanna, án íþróttahúsa og heilsdagsskólanna. Sjá má að launakostnaður hefur hækkað um tæpar 400 m.kr. á tímabilinu (14%), vöru- og þjónustukaup hafa aukist um 20% og önnur aðkeypt þjónusta um 51%.

Tafla 32 hér að neðan sýnir kostnað á nemanda. Launakostnaður á nemanda liggur á bilinu 712 þ.kr. í Hraunvallaskóla og upp í 1.019 þ.kr. á nemanda í Lækjarskóla. Hár kostnaður á nemanda í Lækjarskóla liggur að hluta til í rekstri sérdeilda.

Hraunvallaskóli hefur lægstan launakostnað á nemanda og Áslandsskóli næstlægstan. Það sama á við þegar litið er til heildarkostnaðar á nemanda án húsnæðiskostnaðar.

Tafla 32 Yfirlit kostnað á nemanda eftir skólum í Hafnarfirði árið 2014

Heimild: Aðalbók Hafnarfjarðar 2014

Kostnaður á nemanda	Lækjarskóli	Öldutúnsskóli	Víðistaðaskóli	Setbergsskóli	Áslandsskóli	Hvaleyrarskóli	Hraunvallaskóli
Nemendafjöldi (úthlutun 2014)	508	494	666	392	508	400	816
Heildarkostnaður að frádregnum tekjum	1.703.132	1.194.329	1.220.510	1.361.820	1.232.176	1.391.700	936.177
- að frádregningu húsaleigu	1.184.809	957.848	912.968	1.105.505	926.050	1.116.996	759.264
- að frádregnum kostnaði við húsnæði	1.018.992	836.075	800.798	938.111	754.388	972.003	712.572
Frávik frá meðaltali	157.143	-25.774	-61.051	76.263	-107.460	110.155	-149.276

Kostnaður á nemanda	Lækjarskóli	Öldutúnsskóli	Víðistaðaskóli	Setbergsskóli	Áslandsskóli	Hvaleyrarskóli	Hraunvallaskóli
Tekjur án fæðisgjalda	-9.204	-1.981	-5.057	-1.504	-1.462	-3.506	-4.401
Laun og starfmannakostnaður	973.627	789.348	749.426	891.396	738.140	913.160	667.815
Aðkeypt kennsla	3.116	4.504	5.215	1.701	1.932	2.542	1.239
Ráðstefnur, starfsþróun og námskeið	159	1.214	3.679	2.355	1.215	2.326	3.174
Ferðakostnaður og dagpeningar	2.459	403	2.716	521	2.914	3.426	1.277
Samtals starfsmannatengdur kostnaður	979.361	795.470	761.036	895.973	744.201	921.454	673.506
Bækur, pappír, prentun og ritföng	3.429	6.927	7.554	8.779	7.775	11.449	7.415
Námsgögn og efniskaup	3.874	2.329	3.036	3.474	1.971	2.599	1.590
Kennslubúnaður	6.810	5.390	4.965	7.351	4.751	7.586	6.045
Samtals námsgögn og pappír	14.113	14.647	15.556	19.604	14.497	21.634	15.050
Rekstur tölvukerfa og hugbúnaðar	2.157	5.707	711	2.850	2.183	5.726	1.962
Fjarskiptaþjónusta og net	3.327	3.019	4.498	4.209	3.261	4.543	2.200
Samtals tölvu- og fjarskipti	5.483	8.726	5.209	7.059	5.444	10.269	4.162
Mötuneyti, nemenda og starfsmanna	12.950	11.280	13.074	11.512	-14.682	13.121	17.437
Akstur	457	1.698	121	211	14	50	711
Skólaferðir	3.478	0	1.363	1.466	1.603	2.450	0
Samtals mötuneyti, akstur og skólaferðir	16.886	12.978	14.557	13.189	-13.065	15.621	18.148
Húsbúnaður og innanstokksmunir	684	101	197	4.722	1.906	585	4.813
Ræsting	33.857	40.681	47.315	45.811	50.543	42.065	38.449
Afnot sundlauga og íþróttamannvirkja	123.896	62.383	39.056	91.316	75.932	84.557	24.942
Tekjur vegna útleigu íþróttamannvirkja	0	0	0	0	0	0	-31.373
Rekstur húsnæðis og umhverfis	6.339	7.322	11.121	9.483	27.162	9.546	3.562
Rafmagn, heitt og kalt vatn	10.236	13.268	19.538	17.555	17.580	11.627	10.473
Ýmsar rekstrarvörur	9	0	0	10	0	119	226
Reiknuð leiga	398.302	236.480	307.542	256.315	306.127	274.704	176.913
Húsaleiga	120.021	0	0	0	0	0	0
Samtals húsnæði og umhverfi skóla	693.344	360.235	424.769	425.212	479.250	423.203	228.005
Risna og gjafir	1.496	2.477	1.612	918	1.204	1.585	975
Annað	1.652	1.777	2.826	1.368	2.107	1.440	731
Samtals risna, gjafir og annað	3.149	4.255	4.439	2.286	3.311	3.025	1.707


Grunnskólarnir greiða innri leigu til eignasjóðs og nam kostnaður vegna húsnæðis skólanna 1,3 ma. kr. á árinu 2014 en kostnaður hefur lítið breyst síðustu ár. Hár kostnaður á nemanda vekur athygli í Lækjarskóla, en kostnaður við bygginguna var umtalsvert hærri en við aðrar skólabyggingar í sveitarfélaginu og innri leiga tekur mið af því. Auk þess er fyrirkomulag leigu með öðrum hætti.

Svo virðist sem stærri skólarnir hafi lægri kostnað á hvern nemanda en þeir minni. Það leiðir hugann að því hvort um skólana gildi lögmál um hagkvæmni stærðar.

Á næstu síðum eru settar fram tvær myndir. Mynd 28 sýnir samband kostnaðar á nemanda og fjölda nemenda í skólum. Sjá má að kostnaðurinn lækkar lítilllega með því sem nemendum fjölgar í skólunum. Hér er þó um tiltölulega fá gildi að ræða og fyrirkomulag við kennsluúthlutun, sem hugsanlega er stærri skólum óhagstæð getur haft áhrif á niðurstöðurnar. Hins vegar eru eðlilegar skýringar á því að stærri skólarnir séu hagkvæmari en þeir minni. Í fyrsta lagi er föstum kostnaði

dreift á fleiri nemendur og eins er líklegra að í hverri bekkjardeild séu fleiri nemendur, sem gerir kostnaðinn lægri á hvern starfsmann.

Hagkvæmni stærðar skóla í Hafnarfirði, 2014




Mynd 28 Hagkvæmni skóla í Hafnarfirði. Svo virðist sem um nokkra hagkvæmni stærðar sé að ræða, en hún getur að nokkru ráðist af því úthlutunarlíkani sem notað er til ákvörðunar kennslutímamagns.

Heimild: Aðalbók Hafnarfjarðar 2014

Mynd 29 sýnir kostnað allra grunnskóla á landinu eins og hann var árið 2013 og sett fram sambandið á milli stærðar og rekstrarkostnaðar á nemanda. Hagkvæmni skóla minnkar verulega þegar nemendur eru færri en 100.

Hagkvæmni stærðar í grunnskólum




Mynd 29 Rekstrarkostnaður á nemanda án húsnæðiskostnaðar árið 2013. Hagkvæmni skóla minnkar verulega með því að nemendur í skóla eru færri en 100. Sjá má á myndinni að Lækjarskóli liggur nokkuð ofan við leitnilínuna, en aðrir skólar fylgja henni nokkuð vel.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

4.5.1. Kennslustundaúthlutun

Við úthlutun fjármagns til grunnskóla er byggt á úthlutun sem gefur skólum ákveðinn fjölda kennslustunda fyrir nemendur. Kennslustundum á nemanda hefur fjölgað nokkuð í Hafnarfirði. Þær voru 1,72 á nemanda skólaárið 2011-2012 og fjölgaði í 1,82 árið 2014-2015. Þetta er 5,6% aukning á kennslustundafjölda umfram fjölgun nemenda. Á sama tíma hefur kennslustundum við sérkennslu nánast ekkert fjölgað.

Kennslustundir á nemanda í Hafnarfirði



Mynd 30 Kennslustundir á nemanda í Hafnarfirði


Heimild: Fræðsluskrifstofa Hafnarfjarðar

Til ákvörðunar um kennslumagn í hverjum grunnskóla er notað excel-líkan, sem bærinn hefur smíðað. Líkanið gerir ráð fyrir því að eitt stöðugildi kennara sinni fyrstu 22 börnunum, þegar nemendur eru 23 bætist við hálf t stöðugildi, 70% við 24. nemandann og 100% við þann 25.

Á sama hátt er gert ráð fyrir því að eitt stöðugildi kennara nægi til að annast kennslu 28 barna í 5.-10. bekk og fjölgunin er eins, þ.e. 0,5 stöðugildi bætist við þegar 29 barnið bætist við, 70% við það 30. og 100% við það 31.

Kennslustundaúthlutun í Hafnarfirði og Reykjavík


- Hfj. 1. til 4. bekkur vs. Rvík 1. til 3. bekkur -



Mynd 31 Mismunur niðurstöðu um úthlutun kennslustunda skv. reiknilíkani Hafnarfjarðarbæjar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar. Mismunur gulu og bláu línunnar segir til um mismun í kennslustundaúthlutun.

Heimild: Reiknilíkan Hafnarfjarðar og forsendur í reiknilíkani Reykjavíkur fyrir kennsluúthlutun

Tökum dæmi um hvað þetta þýðir: Segjum að í skóla A séu að jafnaði 22 nemendur í hverjum bekk í 1.-4. bekk og 28 nemendur í hverjum bekk frá 5.-10. bekk. Þessi skóli fengi úthlutað 10 kennurum. Heildarfjöldi nemenda í þessum skóla væru 256 talsins og fjöldi barna á kennara væri



Mynd 32 Mismunur niðurstöðu um úthlutun kennslustunda skv. reiknilíkani Hafnarfjarðarbæjar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar. Mismunur gulu og bláu línunnar segir til um mismun í kennslustundaúthlutun.

Heimild: Reiknilíkan Hafnarfjarðar og forsendur í reiknilíkani Reykjavíkur fyrir kennsluúthlutun

því 25,6.


Í skóla B eru nemendur í 1.-4. bekk hins vegar 25 og 31 í hverjum 5.-10. bekk. Þessi skóli fengi 20 kennara úthlutað, þrátt fyrir að nemendur séu litlu fleiri en í skóla A. Heildarfjöldi nemenda í þessum skóla væri alls 286. Fjöldi nemenda á kennara væri hins vegar talsvert lægri eða um 14,3. Það er því ljóst að uppbygging líkansins getur haft áhrif á mönnun skólanna.

Sambærileg reiknilíkön eru notuð við ákvörðun á kennslumagni í öðrum sveitarfélögum. Líkönin byggja hins vegar á ólíkri hækkun. Í Hafnarfirði byggja líkönin á mjög örri aukningu þegar nemendafjöldi fer yfir tiltekin mörk. Ef við berum þetta saman við niðurstöður úr líkani sem notað er í Reykjavíkurborg má sjá að aukningin er línuleg. Þetta má sjá á myndunum þremur hér að neðan.

Áætlaður kostnaður við hverja kennslustund er um 7.500 kr. Ef því líkani sem beitt er í Reykjavík væri beitt í Hafnarfirði má gera ráð fyrir því að úthlutað kennslumagn verði um 3% minna en það

er samkvæmt því líkani sem nú er notað. Áætlaður sparnaður við að taka upp reiknilíkan það sem notað er í Reykjavík í stað þess sem nú er í notkun er um 60 m.kr. á ári.³

Í framhaldi af nýjum kjarasamningum kennara við Samband íslenskra sveitarfélaga er rétt að endurmeta þetta líkan og hvernig kennslustundum verður úthlutað, m.t.t. þess skipulags sem komið verður á í grunnskólum í Hafnarfirði.



Mynd 33 Mismunur niðurstöðu um úthlutun kennslustunda skv. reiknilíkani Hafnarfjarðarbæjar annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar. Mismunur gulu og bláu línunnar segir til um mismun í kennslustundaúthlutun.

Heimild: Reiknilíkan Hafnarfjarðar og forsendur í reiknilíkani Reykjavíkur fyrir kennsluúthlutun

4.6. Rekstrarkostnaður í grunnskólum

Tafla 33 hér að neðan sýnir hvert hlutfall ákveðinna útgjaldaflokka er eftir skólum. Sjá má að laun og launatengdur kostnaður liggur almennt á bilinu 56-69,6%. Kostnaður vegna húsnæðis liggur á bilinu 19,8-37,3%.

Tekjur hjá tveimur skólum eru umtalsvert hærri en hjá öðrum. Þetta eru Áslandsskóli og Hraunavallaskóli. Ástæða liggur í því að skólarnir sjá sjálfir um mötuneyti í skólunum og færast fæðisgjöld sem tekjur á skólana. Hjá öðrum skólum er maturinn aðkeyptur og bókast tekjur því ekki inn á bókhaldslykla hjá skólunum.


³ Laun og launatengd gjöld í grunnskólunum deilt með kennslustundafjölda. Heildarlaunakostnaður í grunnskólum var 2,5 -3,0 ma.kr. Kennslustundir voru um 9.129 og kennsluvikur eru 37.

Tafla 33 Hlutfallsleg skipting kostnaðar í skólum Hafnarfjarðar

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Hlutfall kostnaður eftir tegund á hvern skóla	Setbergs-skóli	Lækjar-skóli	Áslands-skóli	Hraunavalla-skóli	Öldutúns-skóli	Viðistaða-skóli	Hval-eyrar-skóli
Tekjur	-0,1%	-0,6%	-5,0%	-7,7%	-0,2%	-0,4%	-0,5%
Laun og launat. kostnaður	65,0%	56,8%	56,7%	65,6%	66,1%	61,0%	69,6%
Vöru- og þjónustukaup	4,4%	2,3%	6,8%	9,4%	3,4%	4,4%	4,1%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	0,5%	0,3%	0,4%	0,4%	0,7%	0,4%	0,3%
Akstur og ferðir	0,1%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,2%	0,3%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	0,1%	0,2%	0,2%	0,1%	0,4%	0,4%	0,5%
Húsnæði	25,3%	37,3%	28,6%	19,8%	24,9%	28,2%	20,9%
Önnur aðkeypt þjónusta	4,6%	2,9%	7,2%	4,4%	4,4%	5,3%	4,4%
Nemendur	394	498	529	816	487	670	403

Myndin hér að neðan sýnir gjaldskrá sex sveitarfélaga vegna skólamáltíða.



Mynd 34 Kostnaður á hverja máltíð í grunnskólunum, kr. á máltíð.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 34 Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í grunnskólum Hafnarfjarðar árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Ás-lands-skóli	Víði-staða-skóli	Öldu-túns-skóli	Hraun-valla-skóli	Hval-eyrar-skóli	Set-bergs-skóli	Lækjar-skóli
Nemendafjöldi	536	664	519	749	402	389	485
Samt. stöðug. ➔	9,6	9,1	8,8	8,6	7,3	6,7	6,2
Stöðug. kenn.	13,3	12,2	11,0	13,4	9,5	9,9	9,5
Stöðug. önnur	35,0	36,2	42,7	24,0	31,3	20,1	17,8

Þegar horft er til þess hvernig fjöldi nemenda dreifist á hvert stöðugildi eftir skólum er það Lækjaskóli sem kemur illa út úr samanburðinum með 6,2 nemendur á hvert stöðugildi. Áslandsskóli er með 9,6 nemenda á hvert stöðugildi.

Skólastjórnendur eru almennt séð ánægðir með samskipti við Skólaskrifstofu, benda þó á að þau mættu verið tíðari og efla mætti aðhald og hvatningu og styrkja faglegan stuðning enn frekar í sessi.

Skrifinnskan er nokkuð mikil en skólastjórar sinna því nærri eingöngu en slíkt geri þá fjarlægari, bæði kennurum og nemendum sem bitni á starfi í skólunum. Fram kom að skólastjórafundur mættu hafa meira vægi en þeir virka nú fyrst og fremst sem samræðufundur – ekki vettvangur ákvarðana eða stefnumótandi en slíkt mætti skoða. Koma megi fundunum í fastara form og nýta betur þekkingu og reynslu skólastjórnenda við ákvarðanatöku sem varðar kerfið í heild. Bent var á að efla mætti kennsluráðgjöf hjá skólaskrifstofu

Skýra þarf verklag á skólaskrifstofu að mati skólastjórnenda. Boðleiðir geta verið full langar, sér í lagi í launamálum þar sem ákveðnum hlutum er sinnt af skólaskrifstofu en öðrum á launadeild sveitarfélagsins. Þar sem margir koma að er hætta á að það skapist rígur og óþarfa flækjustig.

Skólastjórnendur sjá tækifæri í því setja rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva undir skólana. Það gæti verið leið til að auka samfellu á starfinu og ná fram heildstæðari þjónustu fyrir börnin. Boðleiðir í þessum efnum geta verið fulllangar þar sem sérstakir verkefnastjórar eru yfir frístundaheimilunum á öðru sviði. Nefnt var að skólar bæjarins hafi tekið upp SMT agakerfi en það geri frístundaheimilin ekki. Þá séu tækifæri til að efla fræðsluhlutverk frístundaheimilanna.

Eins og fram hefur komið eru umsjónarmenn fasteigna starfsmenn rekstrardeildar inn á umhverfi og framkvæmdum. Ekki er langt síðan það fyrirkomulag var tekið upp, en það fyrirkomulag hefur verið viðhaft í nokkrum öðrum sveitarfélögum. Skólastjórnendur eru þó almennt ósáttir við að þeir séu ekki starfsmenn skólans og einhver dæmi eru um að komið hafi upp ágreiningur um hver skuli bera kostnað vegna viðhalds, þ.e. skólar eða fasteignafélag, þrátt fyrir að fyrir liggja reglur um slíka kostnaðarskiptingu.

Skólastjórnendur eru nokkuð ánægðir með aðkeypta þjónustu vegna ræstinga. Núverandi samningar eru við ISS eða Sólar. Nokkrir benda þó á að það myndi henta betur að hafa þær undir stjórn skólans og þar með væri verkstjórnarhlutverk fært nær skólanum. Þá gætu legið tækifæri í því að virkja skólaliða í hluta af þessum verkefnum þar sem svigrúm er oft til staðar til að færa þá milli verkefna eftir þörfum.

4.6.1. Setbergsskóli

Setbergsskóli er fyrir 1.-10. bekk og sinnir að mestu Setbergshverfi og Mosahlíð. Hverjum árgangi er skipt í tvo bekki sem blandast þó nokkuð í gegnum lotur í verkkenndu. Skólinn hefur því frekar hugsað um árganginn sem heild og síður bekkjaskiptingu. Samtals eru 394 nemendur í skólanum í 20 bekkjum.

Tafla 35 Setbergsskóli: Fjöldi nemenda eftir bekkjum og meðalfjöldi í bekkjardeild

Heimild: Samantekt R3

Setbergsskóli											
Bekkur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Samtals
Fjöldi bekkja	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	20
Nemendafjöldi	45	36	34	42	30	34	45	48	43	37	394
Meðalstærð í bekk	22,5	18	17	21	15	17	22,5	24	21,5	18,5	

Á árinu 2010 voru um 470 nemendur við skólann og hefur því fækkunin á fjögurra ára tímabili verið um 16%. Nemendafjöldi síðustu ár hefur því farið minnkandi og skýrist það af lítilli endurnýjun í rótgrónu hverfi en vonir standa til að það geti breyst á næstu árum.

Í lok árs 2014 eru 40 stöðugildi kennara við skólann, sem er einu fleira en fyrir ári en í neðangreindri töflu má sjá yfirlit yfir fjölda stöðugilda við skólann í samanburði við skóla sem eru áþekkir að stærð. Samanburðurinn nær yfir rekstrarárið 2013.

Tafla 36 Setbergsskóli: Fjöldi nemenda og stöðugilda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Smára- skóli	Árskóli	Njarð- víkur- skóli	Akur- skóli	Vestur- bæjar- skóli	Set- bergs- skóli	Gilja- skóli	Hval- eyrar- skóli	Holta- skóli	Há- teigs- skóli	Heiðar- skóli Rnes
Nemendafjöldi ➔	360	367	377	377	385	389	397	402	406	412	414
Samt. stöðug.	51	46	61	52	42	58	55	55	50	51	51
Stöðug. kenn.	39	43	38	34	31	39	37	42	36	35	38
Stöðug. önnur	13	3	22	19	11	19	18	13	14	17	13

Stöðugildi stjórnenda eru 3,8 en það eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri yngra stigs sem heldur utan um 1.-5. bekk, deildarstjóri eldra stigs sem heldur utan um 6.-10. bekk og deildarstjóri sérdeildar. Auk þessa er hálf stöðugildi fyrir verkefnastjóra með tölvuumsjón.

Skólaliðar eru samtals í 5,23 stöðugildum, starfshlutverk þeirra er meðal annars að aðstoða í matsal nemenda, við uppvaskeið í nemendaeldhúsi, ásamt því að setja fram hressingu fyrir starfsmenn og aðstoða við frágang á kaffistofu.

Einhverfudeild er starfrækt við skólann, deildin hefur sérhæft starfsfólk, til dæmis þroskaþjálfar en auk þess starfa þar almennir kennarar og sérkennarar. Meðalaldur kennara er almennt hár en nokkur starfsmannavelta er í hópi stuðningsfulltrúa og skólaliða.

Tafla 37 Setbergsskóli: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Vestur- bæjar- skóli	Holta- skóli	Heiðar- skóli Rnes	Há- teigs- skóli	Árskóli	Hval- eyrar- skóli	Akur- skóli	Gilja- skóli	Smára- skóli	Set- bergs- skóli	Njarð- víkur- skóli
Nemendafjöldi	385	406	414	412	367	402	377	397	360	389	377
Samt. stöðug. ➔	9,1	8,2	8,1	8,0	7,9	7,3	7,2	7,2	7,0	6,7	6,2
Stöðug. kenn.	12,4	11,3	10,9	11,8	8,5	9,5	11,2	10,7	9,3	9,9	9,8
Stöðug. önnur	34,2	29,2	31,1	24,8	131,1	31,3	20,4	21,9	28,2	20,1	16,9

Taflan hér fyrir ofan sýnir fjölda nemenda á hvern starfsmann eða stöðugildi. Sjá má að Setbergsskóli virðist hafa tiltölulega ríflega mönnun í samanburði við hina skólana. Tæplega sjö nemendur eru á hvert stöðugildi og tæplega 10 nemendur um hvern kennara, sem einnig er með því minnsta sem gerist í þessum skólum. Samanburðurinn vegna annarra stöðugilda er sérstaklega óhagstæður þegar litið er til þess að ræsting er ekki inni í stöðugildafjölda Setbergsskóla en kann að vera það í samanburðarskólunum.

Tafla 38 Setbergsskóli: Rekstrarútgjöld á hvern nemanda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Vestur- bæjar- skóli	Gilja- skóli	Há- teigs- skóli	Smára- skóli	Heiðar- skóli Rnes	Akur- skóli	Set- bergs- skóli	Hval- eyrar- skóli	Holta- skóli	Njarð- víkur- skóli	Árskóli
Nemendafjöldi	385	397	412	360	414	377	389	402	406	377	367
Rekstrarútgj. * ➔	746	819	839	865	888	911	947	981	1055	1079	1147
Launakostn.	695	824	760	790	753	752	810	793	906	933	1011
Annar kostn.	51	-6	79	75	135	160	137	188	149	146	136

* nettó kostnaður í þ.kr., án innri leigu og skólaaksturs

Meðalfjöldi nemenda á kennara í samanburðarskólunum hér að ofan var 7,5 nemendur á hvern starfsmann og 10,5 á hvern kennara. Ef Setbergsskóli hefði jafnmarga nemendur á hvern

starfsmann og þeir sem hafa flesta á hvert stöðugildi væri um 15 stöðugildum færra við skólann og um 6 stöðugildum færra ef miðað er við meðalfjölda nemenda á hvern starfsmann.

Ofangreind tafla sýnir samanburð á rekstrarkostnaði á hvern nemanda í 11 grunnskólum á rekstrarárinu 2013.

Meðaltalskostnaður á hvern nemanda í öllum skólunum er 930 þ.kr. Setbergsskóli er litlu hærra með kostnað upp á 947 þ.kr. samanborið við 746 þ.kr. í Vesturbæjarskóla þar sem kostnaðurinn er lægstur og 1.147 þ.kr. í Árskóla þar sem kostnaðurinn er hæstur.

Tafla 39 Setbergsskóli: Yfirlit yfir kostnað árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Setbergsskóli, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-5.906	-544	-364	-589	-90%
Laun og launat. kostnaður	327.075	288.713	299.638	347.566	6%
Vöru- og þjónustukaup	21.017	17.996	21.463	23.647	13%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	1.778	1.797	2.460	2.599	46%
Akstur og ferðir	162	159	248	287	77%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	755	392	497	673	-11%
Húsnæði	104.396	144.310	144.310	135.175	29%
Önnur aðkeypt þjónusta	9.990	19.927	22.508	24.363	144%
Annar ótalin kostnaður	180	68	77	112	-38%
Kostnaður samtals	465.352	473.362	491.200	534.423	15%
Kostnaður mínus tekjur	459.446	472.818	490.836	533.833	16%

Laun og launatengdur kostnaður var 347 m.kr. á síðasta ári eða 65% af rekstarkostnaði skólans. Launakostnaður er nokkuð meiri en frá fyrra ári en svipaður og 2011.

Húsnæðiskostnaður er 135 m.kr. en skólinn greiðir innri leigu til fasteignafélags. Kostnaður vegna húsnæðis er 25,3% af heildarkostnaði skólans.

Stærsti liður í annarri aðkeyptri þjónustu eru ræstingar en sá kostnaður er 17,8 m.kr. Ræstingar hafa verið aðkeyptar um nokkurt skeið en samkvæmt upplýsingum frá skólanum er ekki ánægja með fyrirkomulagið.

Tafla 40 Setbergsskóli: Sundurliðun launakostnaðar 2012-2014, þ.kr.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Setbergsskóli - heildarlaun							
í þús.kr.							
	2012		2013		2014		
	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs-menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs-menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs-menn	Hlutfall af föstum launum 2014
Mánaðarlaun	164.896	31.620	167.663	35.845	197.812	44.972	
Stundakennsla		3.331		2.732		6.092	
Yfirvinna		1.006		878	8.506	1.287	
Forfallakennsla	8.790	2.514	6.985	5.729	193	119	9,1% 3,5%
Kennsluyfirvinna	4.410		4.340	65	6.823		
Desemberuppbót		804		897	4	1.129	
Annaruppbót	5.163		5.218		5.887		
Orlofsuppbót		382		409	380	93	
Dagpeningar innanl.			508				
Önnur laun	647	31	643	406			
Orlof	2.131	410	1.905	762	2.452	399	Hækkun
Launatengd gjöld	51.152	9.731	51.050	10.918	60.040	11.267	frá 2013
Samtals	237.188	49.829	238.311	58.641	282.095	65.357	18,4% 11,5%

Ef horft er á launakostnað má sjá að yfirvinna er nokkur. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum er kennsluyfirvinna stundum samþykkt í stað þess að ráða nýjan starfsmann inn. Þá hafi margir kennara háan starfsaldur og þar af leiðandi rétt á kennsluafslætti.

Kennarar sinna frímínútnagæslunni og fá greidda yfirvinnu fyrir það. Í hádeginu eru átta fríar máltíðir sem skipt er niður á kennara sem sinna 20 mínútna gæslu, sem þeir fá einnig greitt fyrir, og 20 mínútur í mat.

4.6.2. Lækjarskóli

Lækjarskóli er fyrir 1.-10. bekk og eru mörk skólahverfis frá Reykjavíkurveg, Reykjanesbraut og Lækjargötu niður að sjó. Skólinn hefur verið í núverandi húsnæði frá 2003. Nemendur eru 498.

Tafla 41 Lækjarskóli: Fjöldi nemenda eftir bekkjum og meðalfjöldi í bekkjardeild

Heimild: Samantekt R3

Lækjarskóli											
Bekkur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Samtals
Fjöldi bekkja	3	2	2	2	3	2	2	2	3	2	23
Nemendafjöldi	55	40	67	40	61	51	39	44	51	50	498
Meðalstærð í bekk	18,3	20	33,5	20	20,3	25,5	19,5	22	17	25	

Á árinu 2010 voru 443 nemendur við skólann og þeim hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Á árinu 2014 eru samtals 74,3 stöðugildi við skólann, þar af 52,6 stöðugildi kennara. Í neðangreindri töflu má sjá yfirlit yfir fjölda stöðugilda við skólann í samanburði við skóla sem eru áþekkir að stærð. Samanburðurinn nær yfir rekstrarárið 2013.

Tafla 42 Lækjarskóli: Fjöldi nemenda og stöðugilda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Háa-leitis-skóli	Norð-linga-skóli	Linda-skóli	Hóla-brekku-skóli	Folda-skóli	Lækjar-skóli	Haga-skóli	Kárs-nes-skóli	Sel-tjarnar-nes	Vatns-enda-skóli	Sala-skóli
Nemendafjöldi ➔	474	479	482	483	485	485	487	489	494	504	510
Samt. stöðug.	69,3	75,6	57,1	60,8	65,4	78,4	51,9	78,9	79,2	68,0	63,6
Stöðug. kenn.	48,2	46,3	41,3	40,6	44,9	51,2	36,5	53,1	48,6	44,0	43,9
Stöðug. önnur	21,2	29,3	15,8	20,1	20,5	27,3	15,4	25,8	30,6	24,1	19,7

Stjórnendur við skólann eru, ásamt skólastjóra, aðstoðarskólastjóri sem sér um deildarstjórn fyrir 6.-7. bekk, einn deildarstjóri með 1.-5. bekk og einn deildarstjóri með 8.-10. bekk. Skipta þessir þrír starfsmenn með sér 2,3 stöðugildum. Um 1,7 stöðugildi skiptast niður á deildarstjóra í móttökudeild, deildarstjóra sérdeildar með þroskaröskun, verkefnastjóra yfir fjölgreinanámi og verkefnastjóra upplýsinga- og tæknimála.

Þrjár sérdeildir eru við skólann. Fjölgreinodeild sem hýst er í gamla húsnæði Lækjarskóla, móttökudeild fyrir nýbúa sem sinnir öllu sveitarfélaginu og sérdeild fyrir börn með þroskaröskun.

Tafla 43 Lækjarskóli: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Haga-skóli	Linda-skóli	Sala-skóli	Hóla-brekku-skóli	Folda-skóli	Vatns-enda-skóli	Háa-leitis-skóli	Norð-linga-skóli	Sel-tjarnar-nes	Kárs-nes-skóli	Lækjar-skóli
Nemendafjöldi	487	482	510	483	485	504	474	479	494	489	485
Samt. stöðug. ➔	9,4	8,4	8,0	7,9	7,4	7,4	6,8	6,3	6,2	6,2	6,2
Stöðug. kenn.	13,3	11,7	11,6	11,9	10,8	11,5	9,8	10,3	10,2	9,2	9,5
Stöðug. önnur	31,7	30,5	25,8	24,0	23,7	20,9	22,4	16,3	16,1	18,9	17,8

Taflan hér fyrir ofan sýnir fjölda nemenda á hvern starfsmann eða stöðugildi. Sjá má að Lækjarskóli kemur illa út úr samanburði en skólinn hefur eingöngu 6,2 nemenda á hvert stöðugildi, þar af eru 9,5 nemendur á hvern kennara. Í samanburðinum er horft til 2013 en hafa ber í huga að stöðugildum fækkaði lítillega á milli árána. Með því að horfa til þess má sjá að skólinn hefur 6,2

nemendur á hvert stöðugildi. Hafa ber í huga í þessum samanburði að skólinn hefur nokkra sérstöðu en þar eru reknar þrjár sérdeildir sem þjónusta öllu sveitarfélaginu.

Þegar horft er á meðaltal úr þessum samanburði liggur það í 7,3 nemendum á hvert stöðugildi og 10,9 nemendum á hvern kennara. Ef Lækjarskóli myndi horfa til meðaltalsins væri það fækkun upp á um 12 stöðugildi. Ef skólinn hefði jafnmarga nemendur á hvern starfsmann og þeir sem hafa flesta á hvert stöðugildi væri um 27 stöðugildum færri við skólann.

Tafla 44 Lækjarskóli: Rekstrarútgjöld á hvern nemanda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Vatns- enda- skóli	Haga- skóli	Sala- skóli	Linda- skóli	Hóla- brekku- skóli	Kárs- nes- skóli	Norð- linga- skóli	Háa- leitis- skóli	Folda- skóli	Sel- tjarnar- nes	Lækjar- skóli
Nemendafjöldi	504	487	510	482	483	489	479	474	485	494	485
Rekstrarútgj. *	710	754	781	816	877	880	917	981	1038	1170	1183
Launakostn.	761	695	812	745	763	799	786	886	970	942	936
Annar kostn	-51	59	-31	71	114	81	130	94	68	228	246

* nettó kostnaður í þ.kr., án innri leigu og skólaaksturs

Þegar litið er til samanburðar á rekstrarkostnaði á hvern nemanda í 11 grunnskólum á rekstrarárinu 2013 kemur Lækjarskóli verst út með kostnað upp á 1.183 þ.kr. á hvern nemanda. Að hluta til er sama skýring og í umfjöllun um fyrri töflu en skólinn er þjónustuþungur og þar eru reknar þrjár sérdeildir.

Meðaltalskostnaður á hvern nemanda í öllum skólunum er 918 þ.kr. Í Vatnsendaskóla er kostnaðurinn lægstur eða 710 þ.kr.

Tafla 45 Lækjarskóli: Yfirlit yfir kostnað árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Lækjarskóli, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-11.947	-42.067	-1.965	-5.057	-58%
Laun og launat. kostnaður	446.418	432.883	442.481	494.200	11%
Vöru- og þjónustukaup	18.635	15.906	18.674	20.263	9%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	2.442	2.053	2.462	2.700	11%
Akstur og ferðir	147	1.857	979	1.481	909%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.038	436	652	2.035	96%
Húsnæði	259.964	297.955	318.585	324.669	25%
Önnur aðkeypt þjónusta	17.816	18.690	20.956	24.819	39%
Annar ótalinn kostnaður	69	119	77	80	17%
Kostnaður samtals	746.529	769.900	804.866	870.248	17%
Kostnaður mínus tekjur	734.582	727.834	802.901	865.191	18%

Hádegismatur er keyptur af Skólamat. Fríar máltíðir eru fyrir kennara 1. bekkjar sem er eina gæslan sem kennarar sinna. Kennarar sem sinna gæslu fá ekki greitt sérstaklega fyrir þegar þeir fá frían mat. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar sinna gæslu en borða ekki með börnunum.

Tafla 46 Lækjarskóli: Sundurliðun launakostnaðar 2012-2014, þ.kr.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Lækjarskóli - heildarlaun

í þús.kr.

	2012		2013		2014		Hlutfall af föstum launum 2014	
	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs-menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs-menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs-menn		
Mánaðarlaun	236.003	61.858	235.352	67.416	257.985	76.595		
Stundakennsla		5.764		3.009		9.545		
Yfirvinna		1.905		2.140	14.220	3.043		
Forfallakennsla	6.135	2.177	7.313	6.080	321	540	13,9%	4,9%
Kennsluyfirvinna	11.916	56	14.505	24	16.775			
Desemberuppbot		1.726		1.519		1.903		
Annaruppbot	7.116		7.169		7.787			
Orlofsuppbot		912		768	594	279		
Dagpeningar innanl.								
Önnur laun	474	488	477	1.061				
Orlof	3.051	481	3.388	918	4.526	649		Hækkun
Launatengd gjöld	70.580	18.466	70.280	19.648	79.720	19.646		frá 2013
Samtals	335.276	93.834	338.483	102.583	381.928	112.201	12,8%	9,4%

Vöru og þjónustukaup hafa verið svipuð síðustu ár en þar undir er bæði ýmis rekstrarkostnaður eins og hiti og rafmagn. Einnig kostnaður sem tengist kennslu, meðal annars handavinnuefni, myndmenntaefni, föndurefni og ýmis kennslugögn. Ræstingar eru um 17,2 m.kr. í aðkeyptri þjónustu.

Umsjónarkennarar hafa ekki sinnt gæslu í frímínútum þar sem úthlutun leyfir ekki slíkt. Proskapjálfar og stuðningsfulltrúar hafa sinnt frímínútnagæslu síðasta árið. Laun vegna veikinda er nokkur en þau nema um 10,1 m.kr. á síðasta ári. Nokkuð er um kennsluyfirvinnu á meðal kennara.

4.6.3. Áslandsskóli

Áslandsskóli er fyrir 1.-10. bekk og eru mörk skólahverfis Áslandshverfi norðan Ástjarnar. Nemendafjöldi er 529 og starfsmenn um 70, þar af 43 sem starfa við kennslu.

Tafla 47 Áslandsskóli: Fjöldi nemenda eftir bekkjum og meðalfjöldi í bekkjardeild

Heimild: Samantekt R3

Áslandsskóli											
Bekkur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Samtals
Fjöldi bekkja	3	3	3	2	3	3	2	2	3	2	26
Nemendafjöldi	59	51	62	45	58	54	46	46	57	51	529
Meðalstærð í bekk	19,7	17	20,7	22,5	19,3	18	23	23	19	25,5	

Á árinu 2010 voru í kringum 500 nemendur við skólann og þeim hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Á árinu 2014 eru samtals 59 stöðugildi við skólann, þar af 39,2 stöðugildi kennara, auk stjórnenda. Í neðangreindri töflu má sjá yfirlit yfir fjölda stöðugilda við skólann í samanburði við skóla sem eru áþekkir að stærð.

Tafla 48 Áslandsskóli: Fjöldi nemenda og stöðugilda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Sala-skóli	Öldu-túns-skóli	Sunnu-lækjar-skóli	Valla-skóli	Vætta-skóli	Áslands-skóli	Vest-manna-eyjar	Rimas-skóli	Selja-skóli	Langholts-skóli	Mela-skóli
Nemendafjöldi	510	519	521	525	526	536	540	562	578	594	603
Samt. stöðug.	63,6	59,2	76,5	78,4	84,5	55,7	88,2	74,5	66,9	82,7	71,9
Stöðug. kenn.	43,9	47,0	51,6	51,2	53,7	40,3	55,5	47,4	46,5	54,5	55,5
Stöðug. önnur	19,7	12,2	24,9	27,2	30,7	15,3	32,7	27,1	20,4	28,2	16,4

Fjórir stjórnendur eru við skólann, það eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og tveir deildarstjórnar, annar sem sér um 1.-5. bekk og hinn 6.-10. bekk auk þess að hafa 5 tíma kennsluskyldu.

Tafla 49 Áslandsskóli: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Áslands- skóli	Öldu- túns- skóli	Selja- skóli	Mela- skóli	Sala- skóli	Rimas- skóli	Lang- holts- skóli	Sunnu- lækjar- skóli	Valla- skóli	Vest- manna- eyjar	Grunn- skóli Veyja
Nemendafjöldi	536	519	578	603	510	562	594	521	525	526	540
Samt. stöðug. →	9,6	8,8	8,6	8,4	8,0	7,5	7,2	6,8	6,7	6,2	6,1
Stöðug. kenn.	13,3	11,0	12,4	10,9	11,6	11,9	10,9	10,1	10,3	9,8	9,7
Stöðug. önnur	35,0	42,7	28,4	36,7	25,8	20,7	21,1	20,9	19,3	17,1	16,5

Áslandsskóli kemur best út úr samanburði gagnvart fjölda nemenda á hvert stöðugildi en skólinn hefur 9,6 nemenda á hvert stöðugildi, 13,3 nemendur á hvern kennara.

Þegar horft er á meðaltal úr þessum samanburði liggur það í 7,6 nemendum á hvert stöðugildi og 11,1 nemendum á hvern kennara, sem er nokkru lægra en í Áslandsskóla (13,3).

Tafla 50 Áslandsskóli: Rekstrarútgjöld á hvern nemanda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Mela- skóli	Rimas- skóli	Selja- skóli	Sala- skóli	Ásland- s-skóli	Lang- holts- skóli	Öldu- túns- skóli	Vætta- skóli	Valla- skóli	Sunnu- lækjar- skóli	Vest- manna- eyjar
Nemendafjöldi	603	562	578	510	536	594	519	526	525	521	540
Rekstrarútgj. * →	712	790	810	812	820	856	866	936	973	1010	1195
Launakostn.	648	756	743	781	638	793	717	841	810	798	891
Annar kostn	64	34	68	31	182	63	149	95	163	213	304

* nettó kostnaður í þ.kr., án innri leigu og skólaaksturs

Ofangreind tafla sýnir samanburð á rekstrarkostnaði á hvern nemanda í 11 grunnskólum á rekstrarárinu 2013.

Meðaltalskostnaður á hvern nemanda í öllum skólunum er 889 þ.kr. Áslandsskóli er um miðbik þegar litið er til kostnaðar á nemanda með um 820 þ.kr. á nemanda. Kostnaðurinn er lægstur hjá Melaskóla þar sem hann er 712 þ.kr. Eins og sjá má í töflu 31 er kostnaður á ræstingu á hvern nemanda um 22% hærri en meðaltal annarra skóla í Hafnarfirði og kostnaður við rekstur og viðhald umhverfis 245% hærri en meðaltal annarra skóla. Því full ástæða til að líta til þessara liða í samningi við leigusala.

Tafla 51 Áslandsskóli: Yfirlit yfir kostnað árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Áslandsskóli, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-25.742	-31.189	-34.050	-32.606	27%
Laun og launat. kostnaður	298.483	310.532	341.985	373.662	25%
Vöru- og þjónustukaup	35.058	36.635	46.667	44.624	27%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	2.437	2.557	3.123	2.415	-1%
Akstur og ferðir	622	325	835	1.487	139%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	732	190	248	1.000	37%
Húsnæði	133.919	178.232	184.157	188.133	40%
Önnur aðkeypt þjónusta	41.858	40.753	46.270	47.123	13%
Annar ótalinn kostnaður	13.639	68	-5	108	-99%
Kostnaður samtals	526.748	569.292	623.279	658.552	25%
Kostnaður mínus tekjur	501.006	538.102	589.229	625.946	25%

Ósundurliðuð verkkaup námu 11,1 m.kr. á síðasta ári. Kostnaði við rekstur mótuneytis er hátt í 25,2 m.kr. á árinu 2014. Á móti þessum kostnaði koma fæðisgjöld sem færðar eru sem tekjur, alls 31,9 m.kr. Aðkeypt ræsting er 25,2 m.kr.

Skólinn var reistur í einkaframkvæmd og borgar skólinn því rekstrarleigu. Leigusali sér einnig um að útvega húsvörslu, rafmagn, hita, viðhald og ræstingar sem greiddar eru sem hluti af

Tafla 52 Áslandsskóli: Sundurliðun launakostnaðar 2012-2014, þ.kr.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Áslandsskóli - heildarlaun

í þús.kr.

	2012		2013		2014		Hlutfall af föstum launum 2014
	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	
Mánaðarlaun	164.461	45.607	184.877	45.708	206.572	52.513	
Stundakennsla		3.459		1.619		3.210	
Yfirvinna		1.046		1.440	11.184	1.694	
Forfallakennsla	5.493	1.923	10.389	246	205	863	11,9% 5,2%
Kennsluyfirvinna	8.503	136	9.169		10.160		
Desemberuppbót		1.158		1.071	2	1.328	
Annaruppbót	5.662		5.957		6.377		
Orlofsuppbót		561		524	551	44	
Dagpeningar innanl.			508				
Önnur laun	1.942	301	778	-440			
Orlof	2.388	350	2.990	213	2.980	315	Hækkun
Launatengd gjöld	49.685	13.065	55.480	12.411	61.718	13.439	frá 2013
Samtals	238.133	67.605	270.149	62.791	299.749	73.406	11,0% 16,9%

leigugjaldinu.

Kokkur eldar á staðnum og sér um innkaup en hann er í fullu starfi og hefur skólaliða sér til aðstoðar. Kennarar borða ekki með nemendum og skólaliðar sjá um vörslu í matsal og aðstoða við

frágang. Nemendabekkir skiptast einnig á að hjálpa til við frágang. Skólaliðar sjá alfarið um frímínútnagæslu og hefur það verið sökum aðhalds í rekstri.

4.6.4. Hraunvallaskóli

Hraunvallaskóli er fyrir 1.-10. bekk og þjónar íbúum Vallahverfis. Grunn- og leikskóli eru sambyggðir undir nafni Hraunvallaskóla og nokkur samgangur er á milli þeirra. Nemendur eru 816 og starfsmenn um 95, þar af um 70 sem starfa við kennslu.

Tafla 53 Hraunvallaskóli: Fjöldi nemenda eftir bekkjum og meðalfjöldi í bekkjardeild

Heimild: Samantekt R3

Hraunvallaskóli											
Bekkur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Samtals
Fjöldi bekkja	6	4	5	4	4	4	3	3	3	3	39
Nemendafjöldi	99	90	100	79	93	85	70	71	70	59	816
Meðalstærð í bekk	16,5	22,5	20	19,8	23,3	21,3	23,3	23,7	23,3	19,7	

Skólinn er orðinn nokkuð þétt setinn og hefur nemendum fjölgað mikið síðustu ár. Á árinu 2010 voru 636 nemendur við skólann. Fjöldi bekkja er mestur á neðri stigum.

Tafla 54 Hraunvallaskóli: Fjöldi nemenda og stöðugilda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Hörðu- valla- skóli	Víði- staða- skóli	Álfhóls- skóli	Lága- fells- skóli	Varm- ár- skóli	Hraun- valla- skóli
Nemendafjöldi ➔	634	664	679	698	727	749
Samt. stöðug.	70,3	72,9	121,1	95,0	82,2	87,2
Stöðug. kenn.	52,8	54,5	74,2	61,8	66,8	56,0
Stöðug. önnur	17,6	18,3	46,9	33,2	15,4	31,2

Samtals eru 88,3 stöðugildi við skólann á árinu 2014, þar af eru stöðugildi kennara 65,7. Stjórnendur eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, þrír deildarstjórar, einn með 1.-5. bekk, annar með 6.-10. bekk og einn sérkennsludeildarstjóri.

Starfshlutfall deildarstjóranna sem snýr að stjórnun er um 80% auk 5 tíma kennsluskyldu. Heildarstöðugildi stjórnenda eru því 4,4 og telur skólastjóri að þau þyrftu að vera fleiri þar sem skólinn er enn að vaxa.

Tafla 55 Hraunvallaskóli: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Hörðu- valla- skóli	Víði- staða- skóli	Varm- ár- skóli	Hraun- valla- skóli	Lága- fells- skóli	Álfhóls- skóli
Nemendafjöldi	634	664	727	749	698	679
Samt. stöðug. ➔	9,0	9,1	8,8	8,6	7,3	5,6
Stöðug. kenn.	12,0	12,2	10,9	13,4	11,3	9,1
Stöðug. önnur	36,1	36,2	47,1	24,0	21,0	14,5

Hraunvallaskóli kemur betur út en Lágafellsskóli og Álfhólsskóli hvað varðar fjölda nemenda á hvert stöðugildi en verr en Hörðuvallaskóli, Víðistaðaskóli og Varmárskóli. Hraunvallaskóli hefur 8,6 nemendur á hvert stöðugildi, 13,4 nemendur á hvern kennara.

Þegar horft er á meðaltal úr þessum samanburði liggur það í 8,1 nemendum á hvert stöðugildi og 11,5 nemendum á hvern kennara. Hafa þarf í hug í þessum samanburði að um er að ræða fjöldatölur frá á árinu 2013 en á milli áranna jókst nemendafjöldi um 9%.

Ef Hraunvallaskóli hefði jafnmarga nemendur á hvern starfsmann og þeir sem hafa flesta á hvert stöðugildi væri um 4 stöðugildum færri við skólann og um 5 stöðugildum fleiri ef miðað er við meðalfjölda nemenda á hvern starfsmann.

Tafla 56 Hraunvallaskóli: Rekstrarútgjöld á hvern nemanda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Hraun- valla- skóli	Hörðu- valla- skóli	Víði- staða- skóli	Lága- fells- skóli	Varm- ár- skóli	Álfhóls- skóli
Nemendafjöldi	749	634	664	698	727	679
Rekstrarútgj. * ➔	698	715	824	859	864	1116
Launakostn.	613	683	732	736	771	1047
Annar kostn	86	32	92	123	93	69

* nettó kostnaður í þ.kr., án innri leigu og skólaaksturs

Ofangreind tafla sýnir samanburð á rekstrarkostnaði á hvern nemanda í sex grunnskólum á rekstrarárinu 2013. Í þessum samanburði kemur Hraunvallaskóli út með lægstan rekstrarkostnað á nemanda (698 þ.kr.). Álfhólsskóli í Kópavogi hæstur með 1.116 þ.kr. á nemenda.

Tafla 57 Hraunvallaskóli: Yfirlit yfir kostnað árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Hraunvallaskóli, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-38.347	-67.561	-60.942	-63.304	65%
Laun og launat. kostnaður	405.794	393.962	458.793	542.741	34%
Vöru- og þjónustukaup	56.461	60.831	69.363	78.067	38%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	3.631	2.851	3.463	3.346	-8%
Akstur og ferðir	1.281	1.131	2.596	1.622	27%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.392	701	540	1.125	-19%
Húsnæði	155.785	165.633	163.761	163.761	5%
Önnur aðkeypt þjónusta	25.432	27.733	29.613	36.473	43%
Annar ótalinn kostnaður	577	163	19	90	-84%
Kostnaður samtals	650.354	653.006	728.150	827.225	27%
Kostnaður mínus tekjur	612.007	585.445	667.208	763.920	25%

Rekstur mótuneytis er 49 m.kr. en greidd fæðisgjöld eru 34,1 m.kr. Tekið skal fram að matráður og starfsmenn í eldhúsi eru sameiginlegir starfsmenn leik- og grunnskólans. Aðkeypt ræsting er 29,9 m.kr.

Prentkostnaður og innkaup á prentvörum er 5,8 m.kr. er það hlutfallslega svipað á hvern nemenda og gengur og gerist í öðrum skólum í Hafnarfirði.

Tafla 58 Hraunvallaskóli: Sundurliðun launakostnaðar 2012-2014, þ.kr.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Hraunvallaskóli - heildarlaun í þús.kr.	2012		2013		2014		Hlutfall af föstum launum 2014
	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	
Mánaðarlaun	221.395	52.431	243.009	64.622	290.193	79.612	
Stundakennsla		3.932		2.836		8.379	
Yfirvinna		2.087		2.463	9.464	2.581	
Forfallakennsla	5.925	2.783	6.468	6.766	107	138	14,3% 3,7%
Kennsluyfirvinna	17.222	473	22.815	261	26.948		
Desemberuppbót		1.444		1.750	5	1.946	
Annaruppbót	7.196		7.792	0	9.018		
Orlofsuppbót		642		798	712	128	
Dagpeningar innanl.					95		
Önnur laun	1.106	946	775	69			
Orlof	3.301	595	4.129	1.026	5.105	543	Hækkun
Launatengd gjöld	65.279	15.966	71.792	19.089	87.671	20.455	frá 2013
Samtals	321.423	81.299	356.780	99.680	429.317	113.782	20,3% 14,1%

4.6.5. Hvaleyrarskóli

Hvaleyrarskóli er fyrir 1.-10. bekk. Mörk skólahverfis eru Hvaleyrarholt frá Suðurbraut, Reykjanesbraut og suður úr. Fjöldi nemenda er 401 og hefur verið svipaður síðustu ár. Í skólanum eru 11 árgangar þar sem 5 ára bekkur er til viðbótar við hefðbundna 1.-10. bekk. Starfsmenn eru 60, þar af 39 sem starfa við kennslu.

Tafla 59 Hvaleyrarskóli: Fjöldi nemenda eftir bekkjum og meðalfjöldi í bekkjardeild

Heimild: Samantekt R3

Hvaleyrarskóli												
Bekkur	5 ára	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Samtals
Fjöldi bekkja	1	3	3	2	1	3	2	2	2	2	2	22
Nemendafjöldi	12	44	39	39	27	51	34	35	36	51	35	403
Meðalstærð í bekk	12	14,7	13	19,5	27	17	17	17,5	18	25,5	17,5	

Það vekur hér athygli hve margar bekkjardeildir eru í 1. og 2. bekk, en deildirnar hafa að jafnaði fáa nemendur.

Tafla 60 Hvaleyrarskóli: Fjöldi nemenda og stöðugilda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Akur-skóli	Njarðvíkur-skóli	Vesturbæjar-skóli	Setbergs-skóli	Gilja-skóli	Hvaleyrarskóli	Holta-skóli	Háteigs-skóli	Heiðar-Rnes skóli	Garða-skóli	Síðu-skóli
Nemendafjöldi	377	377	385	389	397	402	406	412	414	416	419
Samt. stöðug.	60,7	52,1	42,2	58,5	55,3	55,1	49,8	51,4	51,3	53,0	61,4
Stöðug. kenn.	38,5	33,5	31,0	39,1	37,2	42,3	35,9	34,8	38,0	37,2	39,0
Stöðug. önnur	22,2	18,5	11,2	19,4	18,1	12,9	13,9	16,6	13,3	15,9	22,4

Ánægja hefur verið meðal foreldra með 5 ára deildina og hafa börn sem koma úr deildinni sýnt góðan árangur í 1. bekk samanborið við börn sem koma úr leikskólum.

53,4 stöðugildi eru við skólann 2014, þar af 41,3 stöðugildi kennara. Fjórir stjórnendur eru skólastjóri, aðstoðarskólustjóri sem stýrir yngsta stigi og tveir deildarstjórnar sem stýra miðstigi og elsta stigi. Deildarstjóri leikskóla er leikskólakennari sem kennir 5 ára bekknum.

Önnur stöðugildi eru vegna starfa bókasafns, námsráðgjafa, ritari. Þá er tölvuumsjónarmaður skilgreint sem 0,5 stöðugild. 5 stöðugildi skólaliða eru við skólann.

Tafla 61 Hvaleyrarskóli: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Vestur- bæjar- skóli	Holta- skóli	Heiðar- skóli Rnes	Háteigs- skóli	Garða- skóli	Hval- eyrar- skóli	Akur- skóli	Gilja- skóli	Síðu- skóli	Set- bergs- skóli	Njarð- víkur- skóli
Nemendafjöldi	385	406	414	412	416	402	377	397	419	389	377
Samt. stöðug. ➔	9,1	8,2	8,1	8,0	7,8	7,3	7,2	7,2	6,8	6,7	6,2
Stöðug. kenn.	12,4	11,3	10,9	11,8	11,2	9,5	11,2	10,7	10,8	9,9	9,8
Stöðug. önnur	34,2	29,2	31,1	24,8	26,2	31,3	20,4	21,9	18,7	20,1	16,9

Skólinn er í meðallagi í samanburði um fjölda nemenda á hvert stöðugildi. Hvaleyrarskóli hefur 7,3 nemenda á hvert stöðugildi, þar af 9,5 nemenda á hvern kennara. Ef skólinn hefði jafnmarga nemendur á hvern starfsmann og þeir sem hafa flesta á hvert stöðugildi væri um 11 stöðugildum færra við skólann og um 2 stöðugildum færra ef miðað er við meðalfjölda nemenda á hvern starfsmann.

Tafla 62 Hvaleyrarskóli: Rekstrarútgjöld á hvern nemanda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Vestur- bæjar- skóli	Gilja- skóli	Há- teigs- skóli	Heiðar- skóli Rnes	Síðu- skóli	Garða- skóli	Akur- skóli	Set- bergs- skóli	Hval- eyrar- skóli	Holta- skóli	Njarð- víkur- skóli
Nemendafjöldi	385	397	412	414	419	416	377	389	402	406	377
Rekstrarútgj. * ➔	746	819	839	888	890	892	911	947	981	1055	1079
Launakostn.	695	824	760	753	843	781	752	810	793	906	933
Annar kostn	51	-6	79	135	47	111	160	137	188	149	146

* nettó kostnaður í þ.kr., án innri leigu og skólaaksturs

Skólinn kemur lakar út í samanburði á rekstrarútgjöldum á hvern nemanda fyrir árið 2013. Útgjöld á hvern nemanda eru 981 þ.kr.

Hlutfall nýbúa er hátt í skólanum, 53 nemendur sem eru af erlendum uppruna og fyllir nýbúakennsla nærri því heila stöðu, 24 kennslutímar. Í ofangreindum samanburði kemur Vesturbæjarskóli best út en þar eru rekstrarútgjöld á hvern nemanda 746 þ.kr. Njarðvíkurskóli er hæstur með 1.079 þ.kr. á nemenda.

Tafla 63 Hvaleyrarskóli: Yfirlit yfir kostnað árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Hvaleyrarskóli, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-4.553	-2.173	-849	-1.403	-69%
Laun og launat. kostnaður	304.154	307.232	318.929	364.403	20%
Vöru- og þjónustukaup	18.629	19.638	19.225	21.007	13%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	2.383	2.327	2.788	3.709	56%
Akstur og ferðir	390	1.461	334	1.390	257%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	647	666	809	1.020	58%
Húsnæði	107.002	144.396	143.172	143.164	34%
Önnur aðkeypt þjónusta	16.569	18.379	19.749	23.308	41%
Annar ótalinn kostnaður	193	69	42	80	-58%
Kostnaður samtals	449.967	494.167	505.047	558.082	24%
Kostnaður mínus tekjur	445.414	491.994	504.198	556.680	25%

Aðkeypt ræsting er 16,6 m.kr. Innri leiga vegna húsnæðis 110 m.kr. Annar húsnæðiskostnaður er vegna reiknaðra afnota af sundlaug og íþróttamannvirkjum.

Eitthvað er um yfirvinnu kennara en þeim stendur hún til boða sérstaklega til kennslu valgreina sem almennt er erfitt er að manna.

Tafla 64 Hvaleyrarskóli: Sundurliðun launakostnaðar 2012-2014, þ.kr.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Hvaleyrarskóli - heildarlaun í þús.kr.	2012		2013		2014		Hlutfall af föstum launum 2014
	Kennarar, skólástjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	Kennarar, skólástjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	Kennarar, skólástjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	
Mánaðarlaun	166.948	37.229	180.661	36.969	201.585	38.996	
Stundakennsla		1.757		486		10.598	
Yfirvinna		1.382		1.500	10.426	2.036	
Forfallakennsla	9.839	4.463	11.173	6.460		1.417	13,5% 8,3%
Kennsluyfirvinna	10.142	79	11.389		12.853		
Desemberuppbot		935		922	4	1.066	
Annaruppbot	5.559		5.529		6.209		
Orlofsuppbot		484		405	424	59	
Dagpeningar innanl.					394		
Önnur laun	2.678	360	-114	4	90		
Orlof	2.821	635	3.266	782	3.856	683	Hækkun
Launatengd gjöld	51.675	11.139	54.941	10.932	62.788	10.370	frá 2013
Samtals	249.662	58.463	266.846	58.460	298.629	65.225	11,9% 11,6%

Kennarar sinna einnig frímínútnagæslu samhliða skólaliðum. Umsjónakennarar skipta þannig með sér 8 fríum máltíðum í hádeginu, sitja með nemendum og sjá þá um gæslu sem þeir fá jafnframt

greitt fyrir. Einnig eru kennarar sem vinna í matsalnum í 20 mínútur við gæslu og taka síðan 20 mínútna mat.

4.6.6. Víðistaðaskóli

Víðistaðaskóli er rekinn á tveimur starfsstöðvum sem skiptast eftir hverfum. Ein starfsstöð er fyrir Engidal sem er fyrir 1.-4. bekk, mörk skólahverfis ná frá Reykjavíkurvegi og Hjallabraut að Garðabæ. Önnur starfsstöð fyrir 1.-10. bekk, mörk skólahverfis frá mörkum skólahverfis Engidalsskóla fyrir 1.-4. bekk. Allt skólahverfi Engidalsskóla bætist svo við fyrir 5.-10. bekk.

Nemendur eru um 660 og er fjöldi starfsmanna um 100, þar af 68 sem starfa við kennslu.

Tafla 65 Víðistaðaskóli: Fjöldi nemenda eftir bekkjum og meðalfjöldi í bekkjardeild

Heimild: Víðistaðaskóli

Víðistaðaskóli										
Bekkur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10 Samtals
Fjöldi bekkja	5	3	4	4	3	3	3	3	3	34
Nemendur	70	54	55	63	54	69	77	71	73	660
Meðalfjöldi í bekk	14	18	14	16	18	23	26	24	24	25

Tafla 66 Víðistaðaskóli: Fjöldi nemenda og stöðugilda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Langholts-skóli	Mela-skóli	Grunda-skóli	Ár-bæjar-skóli	Hörðu-valla-skóli	Víðistaðaskóli	Álfhóls-skóli	Lága-fells-skóli	Varm-ár-skóli	Hraunvalla-skóli
Nemendafjöldi ➔	594	603	605	626	634	664	679	698	727	749
Samt. stöðug.	82,7	71,9	74,1	78,1	70,3	72,9	121,1	95,0	82,2	87,2
Stöðug. kenn.	54,5	55,5	49,0	54,8	52,8	54,5	74,2	61,8	66,8	56,0
Stöðug. önnur	28,2	16,4	25,1	23,4	17,6	18,3	46,9	33,2	15,4	31,2

Við skólann á árinu 2014 voru 75,8 stöðugildi. Þar af voru stöðugildi kennara 58,8.

Einn skólastjóri er fyrir báðar starfsstöðvar skólans en tveir aðstoðarskólastjórar, hvor á sinni starfsstöð. Deildarstjórar fyrir 1.-4. bekk, tveir deildarstjórar samtals í 1 ½ stöðu, annar með miðstig og hinn með elsta stig og deildarstjóri fyrir sérkennslu fyrir báðar starfsstöðvar.

Önnur stöðugildi eru samtals 13,9 en það eru bóksafn, námsráðgjafi, ritari, tölvuumsjón. Stöðugildi skólaliða eru 8,5.

Tafla 67 Víðistaðaskóli: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Víði- staða- skóli	Hörðu- valla- skóli	Varm- ár-skóli	Hraun- valla- skóli	Mela- skóli	Grund a-skóli	Ár- bæjar- skóli	Lága- fells- skóli	Lang- holts- skóli	Álfhóls- skóli
Nemendafjöldi	664	634	727	749	603	605	626	698	594	679
Samt. stöðug. →	9,1	9,0	8,8	8,6	8,4	8,2	8,0	7,3	7,2	5,6
Stöðug. kenn.	12,2	12,0	10,9	13,4	10,9	12,4	11,4	11,3	10,9	9,1
Stöðug. önnur	36,2	36,1	47,1	24,0	36,7	24,1	26,8	21,0	21,1	14,5

Skólinn kemur vel út úr samanburði við sambærilega skóla að stærð um fjölda nemenda á hvert stöðugildi. Víðistaðaskóli hefur 9,1 nemanda á hvert stöðugildi, þar af 12,2 nemendur á hvern kennara, sem er nokkru hærra en þeir skólar sem hann er borinn saman við að undanskildum tveimur.

Tafla 68 Víðistaðaskóli: Rekstrarútgjöld á hvern nemanda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Hraun- valla- skóli	Mela- skóli	Hörðu- valla- skóli	Grunda- skóli	Víði- staða- skóli	Ár- bæjar- skóli	Lang- holts- skóli	Lága- fells- skóli	Varm- ár- skóli	Álfhóls- skóli
Nemendafjöldi	749	603	634	605	664	626	594	698	727	679
Rekstrarútgj. * →	698	712	715	813	824	829	856	859	864	1116
Launakostn.	613	648	683	712	732	769	793	736	771	1047
Annar kostn	86	64	32	101	92	59	63	123	93	69

* nettó kostnaður í þ.kr., án innri leigu og skólaaksturs

Ofangreind tafla sýnir samanburð á rekstrarkostnaði á hvern nemanda í 11 grunnskólum á rekstrarárinu 2013. Í þessum samanburði er Víðistaðaskóli í meðallagi með 824 þ.kr. í rekstrarútgjöld á hvern nemanda.

56 nemendur við skólann eru af erlendu bergi brotin. Enginn sérstakur kennari sinnir nýbúakennslu. Skólinn hefur farið þá leið að miða slíka kennslu út frá einstaklingum en margir þessara nemenda eru fædd og uppalinn hér á landi.

Tafla 69 Víðistaðaskóli: Yfirlit yfir kostnað árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Víðistaðaskóli, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-11.240	-4.321	-2.543	-3.368	-70%
Laun og launat. kostnaður	474.936	444.044	467.968	497.846	5%
Vöru- og þjónustukaup	35.485	33.712	33.581	35.678	1%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	4.045	2.930	4.181	3.188	-21%
Akstur og ferðir	860	2.461	2.755	1.889	120%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.000	898	1.537	3.583	258%
Húsnæði	198.621	230.011	241.593	230.290	16%
Önnur aðkeypt þjónusta	26.507	34.060	38.150	43.618	65%
Annar ótalinn kostnaður	318	165	147	136	-57%
Kostnaður samtals	741.772	748.281	789.911	816.227	10%
Kostnaður mínus tekjur	730.532	743.960	787.369	812.860	11%

Í eldhúsi aðstoða tveir skólaliðar (einn á hvorri starfsstöð) og er það skilgreint þannig í samningi við Skólamat. Þeir sinna að öðru leyti almennum skólaliðastörfum. Nokkuð er um veikindaforföll í skólanum.

Tafla 70 Víðistaðaskóli: Sundurliðun launakostnaðar 2012-2014, þ.kr.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Víðistaðaskóli - heildarlaun í þús.kr.	2012		2013		2014		Hlutfall af föstum launum 2014
	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	
Mánaðarlaun	242.127	54.608	255.214	50.978	291.215	56.067	
Stundakennsla		6.406		8.232		7.045	
Yfirvinna		2.997		2.535	12.489	2.071	
Forfallakennsla	8.902	7.709	11.072	7.813	195	356	10,3% 4,7%
Kennsluyfirvinna	11.901		12.663		13.477		
Desemberuppbót		1.277		1.344		1.458	
Annaruppbót	7.582		8.113		8.787		
Orlofsuppbót		639		700	547	125	
Dagpeningar innanl.			651		114		
Önnur laun	279	-177	791	756	288		
Orlof	3.640	1.143	4.180	1.123	3.877	510	Hækkun
Launatengd gjöld	74.260	17.063	77.621	17.450	86.774	14.250	frá 2013
Samtals	348.690	91.664	370.303	90.933	417.762	81.882	12,8% -10,0%

Yfirvinna er nokkur en leitast er við að bjóða upp á yfirvinnu frekar en að ráða nýja starfsmenn til skólans. Sá starfsmaður sem vinnur mesta yfirvinnu vinnur 32 stundir á viku.

Frímínútnagæslan er í höndum skólaliða. Kennarar 1. bekkjar sinna gæslu og borða með börnunum. Þessar máltíðir eru fríar en þeim er skipt þannig að tveir kennarar borða með yngstu börnum á hvorri starfsstöð, einn kennari er með miðstigi og einn á unglingastigi auk tveggja skólaliða sem sinna skömmtun á hvorri starfsstöð. Kennarar fá greitt fyrir þessa gæslu (20 mín.) og fara síðan í 20 mín. í mat.

4.6.7. Öldutúnsskóli

Öldutúnsskóli er fyrir 1.-10. bekk. Mörk skólahverfis eru frá Lækjargötu, að Reykjanesbraut og Suðurbraut. Samtals eru 487 nemendur við skólann og starfsmenn um 80, þar af um 60 sem koma að kennslu.

Tafla 71 Öldutúnsskóli: Fjöldi nemenda eftir bekkjum og meðalfjöldi í bekkjardeild

Heimild: Samantekt R3

Öldutúnsskóli											
Bekkur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Samtals
Fjöldi bekkja	3	3	3	2	2	3	2	3	2	2	25
Nemendafjöldi	39	55	52	40	43	55	42	57	50	54	487
Meðalstærð í bekk	13	18,3	17,3	20	21,5	18,3	21	19	25	27	

Samkvæmt upplýsingum frá skólanum eru 1., 5. og 6. bekkur kenndir í teymisvinnu í stað hefðbundinnar bekkjarkennslu. Nemendur við skólann hafa verið í kringum 520 á ári frá 2009 en eru nú 487 og er því um nokkra fækkun á milli 2013 og 2014 eða 6,2%.

Tafla 72 Öldutúnsskóli: Fjöldi nemenda og stöðugilda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Haga-skóli	Kársnes-skóli	Sel-tjarnar-nes	Vatn-senda-skóli	Sala-skóli	Öldutúnsskóli	Sunnu-lækjar-skóli	Valla-skóli	Vætta-skóli	Ás-lands-skóli	Vest-manna-eyjar
Nemendafjöldi →	487	489	494	504	510	519	521	525	526	536	540
Samt. stöðug.	51,9	78,9	79,2	68,0	63,6	59,2	76,5	78,4	84,5	55,7	88,2
Stöðug. kenn.	36,5	53,1	48,6	44,0	43,9	47,0	51,6	51,2	53,7	40,3	55,5
Stöðug. önnur	15,4	25,8	30,6	24,1	19,7	12,2	24,9	27,2	30,7	15,3	32,7

Stöðugildi við skólann á árinu 2014 eru 59. Þar af eru kennarar 48,1 stöðugildi. Stjórnendur eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri (einnig með 1. bekk í umsjón). Einn deildarstjóri er með 2.-6. bekk, einn deildarstjóri með 7.-10. bekk. Þá er einn deildarstjóri sérdeildar. Deildarstjórar skipta með sér 1,9 stöðugildum og hafa kennsluskyldu á móti.

Önnur stöðugildi eru skólaliðar í 5,8 stöðugildum. Bókasafn og námsráðgjafi eru bæði 1 stöðugildi. Tölvuumsjón er hálf stöðugildi og ritarastörf 1,2 stöðugildi.

Tafla 73 Öldutúnsskóli: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Ás-lands-skóli	Haga-skóli	Öldu-túns-skóli	Sala-skóli	Vatn-senda-skóli	Sunnu-lækjar-skóli	Valla-skóli	Sel-tjarnar-nes	Vætta-skóli	Kárs-nes-skóli	Vest-manna-eyjar
Nemendafjöldi	536	487	519	510	504	521	525	494	526	489	540
Samt. stöðug. ➔	9,6	9,4	8,8	8,0	7,4	6,8	6,7	6,2	6,2	6,2	6,1
Stöðug. kenn.	13,3	13,3	11,0	11,6	11,5	10,1	10,3	10,2	9,8	9,2	9,7
Stöðug. önnur	35,0	31,7	42,7	25,8	20,9	20,9	19,3	16,1	17,1	18,9	16,5

Öldutúnsskóli hefur 8,8 nemenda á hvert stöðugildi, þar af 11,0 nemenda á hvern kennara. Tveir skólar hafa fleiri nemendur á hvert stöðugildi en það eru Áslandsskóli og Hagaskóli.

Ef Öldutúnsskóli hefði jafnmarga nemendur á hvern starfsmann og þeir sem hafa flesta á hvert stöðugildi væri um 5 stöðugildum færra við skólann og um 11 stöðugildum fleiri ef miðað er við meðalfjölda nemenda á hvern starfsmann.

Tafla 74 Öldutúnsskóli: Rekstrarútgjöld á hvern nemanda í samanburðarskólum, þ.e. skólum með sambærilegan fjölda nemenda árið 2013

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóli	Haga-skóli	Vatn-senda-skóli	Sala-skóli	Öldu-túns-skóli	Kárs-nes-skóli	Vætta-skóli	Valla-skóli	Sunnu-lækjar-skóli	Ás-lands-skóli	Sel-tjarnar-nes	Vest-manna-eyjar
Nemendafjöldi	487	504	510	519	489	526	525	521	536	494	540
Rekstrarútgj. * ➔	754	761	812	866	880	936	973	1010	1130	1170	1195
Launakostn.	695	710	781	717	799	841	810	798	669	942	891
Annar kostn	59	51	31	149	81	95	163	213	461	228	304

* nettó kostnaður í þ.kr., án innri leigu og skólaaksturs

Ofangreind tafla sýnir samanburð á rekstrarkostnaði á hvern nemanda í 11 grunnskólum á rekstrarárinu 2013. Í þessum samanburði er Öldutúnsskóli með fjórða minnsta kostnað á hvern nemanda eða 866 þ.kr. í rekstrarútgjöld. Hagaskóli og Vatnsendaskóli standa best að vígi í þessum samanburði.

Sérdeild er starfrækt við skólann fyrir börn á unglíngastigi með hegðunar- og þroskafrávik. Tölvuverður fjöldi af nýbúum sækja skólann og eru kennslustundir í grunníslensku fyrir þá.

Tafla 75 Öldutúnsskóli: Yfirlit yfir kostnað árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Öldutúnsskóli, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-5.716	-476	-808	-979	-83%
Laun og launat. kostnaður	388.843	351.306	372.169	390.379	0%
Vöru- og þjónustukaup	19.811	19.365	19.084	19.905	0%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	2.640	2.422	3.398	4.310	63%
Akstur og ferðir	563	1.058	1.394	1.038	84%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.377	2.032	1.217	2.241	63%
Húsnæði	111.243	144.894	146.971	146.971	32%
Önnur aðkeypt þjónusta	11.943	19.501	22.615	26.048	118%
Annar ótalinn kostnaður	85	69	77	83	-2%
Kostnaður samtals	536.504	540.648	566.925	590.977	10%
Kostnaður mínus tekjur	530.788	540.172	566.117	589.998	11%

Skólaliðar og stuðningsfulltrúar sinna að mestu gæslu í frímínútum. Í hádeginu eru það kennarar og skólaliðar. Átta fríar máltíðir eru veittar á dag vegna gæslu auk greiðslu.

Tafla 76 Öldutúnsskóli: Sundurliðun launakostnaðar 2012-2014, þ.kr.

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Öldutúnsskóli - heildarlaun í þús.kr.	2012		2013		2014		Hlutfall af föstum launum 2014
	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	Kennarar, skólastjóri o.s.frv.	Aðrir starfs- menn	
Mánaðarlaun	209.917	32.841	209.950	31.109	230.419	37.021	
Stundakennsla		1.195		13.878		12.484	
Yfirvinna				751	4.853	1.259	
Forfallakennsla	8.253	6.046	8.398	5.594		2.674	8,1% 9,3%
Kennsluyfirvinna	9.384	799	11.721	318	10.801		
Desemberuppbot		782		855	2	951	
Annaruppbot	6.661		7.057		7.247		
Orlofsuppbot		387		394	363	61	
Dagpeningar innanl.			651				
Önnur laun	-289	-363	1.374	7	210		
Orlof	2.333	848	2.765	711	3.005	681	Hækkun
Launatengd gjöld	62.136	9.842	61.900	13.142	67.985	9.707	frá 2013
Samtals	298.394	52.377	303.815	66.760	324.885	64.839	6,9% -2,9%

Samkvæmt upplýsingum frá skólanum eru nánast allir kennarar í fullu starfi sem nýta sér 2 yfirvinnutíma samkvæmt kjarasamningum og vinna þá 28 kennslutíma á viku. Yfirvinnan orsakast að mestu vegna forfalla.


4.7. Leikskólar

Sveitarfélagið rekur í dag 14 leikskóla og er með þjónustusamning við þrjá til viðbótar, Hjalla, Hamravelli og Bjarma. Þjónustusamning við Bjarma var nýlega sagt upp.

Leikskólar eru opnir frá kl. 7:30 – 17:00 á daginn en börnin eiga kost á breytilegum dvalartíma, þ.e. allt frá 5 klukkustundum og upp í 9,5 klukkustundir. Við skipulagningu og undirbúning leikskólaársins eru deildir mannaðar út frá gamalli reglugerð frá 1995, sem ekki er lengur í gildi. Reikniaðferðin var lengi notuð til að meta starfsmannþörf leikskóla. Þar var miðað við að það væru 8 barngildi á hvern starfsmann við uppeldi og menntun barna, en þar voru starfsmenn við stuðning og leikskólastjórar ekki meðtaldir.

Almennt er gert ráð fyrir 8,33% veikindaforföllum í leikskólunum og þar með er leikskólunum veitt heimild til að hafa fleiri stöðugildi vegna afleysinga. Veikindaforföll á leikskólum eru mikil sem er áhyggjuefni. Verið er að leita leiða til að bæta það og hafa komið upp hugmyndir um mætingarbónus.

Hagkvæmni stærðar í rekstri leikskóla



Mynd 35 Rekstrarkostnaður á heilsdagsígildi í leikskólum á landinu öllu árið 2013. Svo sem sjá má eru leikskólar í Hafnarfirði almennt nokkuð fyrir ofan leitnilínuna.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Í töflu hér að neðan er almenn gjaldskrá fyrir leikskóla í sex sveitarfélögum. Hún sýnir almenn leikskólagjöld fyrir 8 klst. vistun og fæði. Gjaldtakan er hæst í Garðabæ og Mosfellsbæ og því næst Hafnarfirði.

Tafla 77 Mánaðarleg leikskólagjöld í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Heimasiður sveitarfélaga

Leikskóli - á mán.	Reykjavík	Kópa- vogur	Hafnar- fjörður	Garða- bær	Mosfells- bær	Seltj- nes
Samt. 8 klst. vistun og fæði	25.020	28.716	32.583	36.380	33.351	31.477
Samt. 8,5 klst. vistun og fæði	28.930	33.000	36.596	40.040	34.932	32.974
Samt. 9 klst. vistun og fæði	36.740	41.568	39.583	43.700	36.513	35.974
- afsl., systk. 2	75%	30%	30%	50%	50%	50%
- afsl., systk. 3	100%	75%	60%	75%	75%	100%
- afsl., systk. 4	100%	75%	100%	75%	100%	100%

Ef foreldrar kjósa að hafa börnin lengur en í 8 klst. vistun er misjafnt hvernig sveitarfélögin útfæra það í gjaldskrá, en Hafnarfjörður er næstur á eftir Garðabæ í þeim samanburði. Þá eru einnig tekjuviðmið sem ekki koma fram í ofangreindri töflu. Hafnarfjarðarbær veitir t.a.m. viðbótarafslátt í ljósi tekna foreldra/forráðarmanna, 20% eða 40%, í samræmi við tekjuviðmið.

Tafla 78 Rekstrarkostnaður allra leikskóla í Hafnarfirði ásamt sameiginlegum kostnaði

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Leikskólar, sameiginlegt, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-416.826	-484.515	-545.550	-573.996	38%
Laun og launat. kostnaður	1.710.490	1.856.583	2.035.151	2.226.480	30%
Vöru- og þjónustukaup	119.012	146.292	168.707	180.403	52%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	5.316	4.298	7.162	8.239	55%
Akstur og ferðir	4.350	8.188	13.213	11.342	161%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	2.535	2.504	2.246	5.348	111%
Húsnæði	198.504	222.018	238.773	228.965	15%
Önnur aðkeypt þjónusta	52.702	61.818	69.290	86.745	65%
Annar ótalinn kostnaður	32.311	49.777	56.054	66.251	105%
Kostnaður samtals	2.125.221	2.351.479	2.590.596	2.813.773	32%
Kostnaður mínus tekjur	1.708.395	1.866.964	2.045.046	2.239.778	31%
Kostnaður fyrir utan húsnæði	1.509.891	1.644.946	1.806.273	2.010.813	

Tekjur allra leikskóla nema 573,9 m.kr. og er því greiðsluþátttaka foreldra 20% og 28,5% án húsnæðisliðar. Einkaskólarnir þrír eru ekki teknir með í þennan útreikning en sundurliðun á kostnaði þeirra liggur ekki fyrir í bókhaldi sveitarfélagsins. Kostnaður sveitarfélagsins vegna reksturs einkarekinna leikskóla hefur aukist um 23,7% á tímabilinu og nam á árinu 2014 432,3 m.kr.

Laun og launatengdur kostnaður hefur hækkað um 30% ef árin 2011 og 2014 eru borin saman.

Í töflu 79 er samanburður á milli nokkurra sveitarfélaga. Í töflunni kemur fram fjöldi heilsdagsígilda og stöðugilda í hverju sveitarfélagi. Þannig má reikna fjölda heilsdagsígilda á hvert stöðugildi og er Hafnarfjörður með 3,7 í þeim samanburði. Aðeins Kópavogsbær kemur verr út úr þeim samanburði. Hafnarfjörður er með næstfæst heilsdagsígildi barna á hvert stöðugildi. Þetta birtist einnig í myndinni hér að ofan. Þar má sjá að kostnaður á heilsdagsígildi (HDÍ) er nokkru ofan við leitnilínuna, sem bendir til að kostnaður á HDÍ sé hærri í Hafnarfirði en sambærilegum leikskólum.

Tafla 79 Fjöldi heilsdagsígilda á hvert stöðugildi í sjö sveitarfélögum, þ.kr.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Sveitarfélag	Heilsdagsígildi	Stöðugildi	Fjöldi heilsdagsígilda á hvert stöðugildi	Stöðugildi í Hafnarfirði miðað við barnígildi á hvert stöðugildi í samanburðarsveitarfélögum		Kostnaður vegna umframstöðugilda	Meðallaun starfsmanna leikskóla
				Umfram stöðugildi hjá Hafnarfirði	Meðalaun		
Reykjavíkurborg	6.167,1	1.505,6	4,1	392,8	41,9	209.298	5.105
Kópavogsbær	1.862,0	510,7	3,6	441,3	-6,6	-33.198	4.917
Garðabær	603,5	151,2	4,0	403,1	31,6	158.100	4.939
Hafnarfjarðarkaupstaður	1.609,0	434,7	3,7	434,7			4.677
Mosfellsbær	650,8	149,4	4,4	369,3	65,4	326.757	5.021
Reykjanesbær	529,3	130,5	4,1	396,7	38,0	189.897	4.931
Akureyrarkaupstaður	849,6	224,8	3,8	425,8	8,9	44.615	4.624
Meðaltal	12.271,3	3.106,9	3,9	407,4	27,3	136.531	4.888

Reikna má stöðugildi í Hafnarfirði miðað við barnígildi á hvert stöðugildi í samanburðarsveitarfélögum. Umfram stöðugildi hjá Hafnarfjarðarbæ eru 27,3 miðað við meðaltal, en 41,9 sé litið til Reykjavíkurborgar. Launakostnaður hjá Hafnarfjarðarbæ vegna umframstöðugilda, sem þessi samanburður sýnir, er því hærri en ef hann fylgdi meðalkostnaði á heilsdagsígildi og 209 m.kr. hærri ef hann fylgdi meðalkostnaði í Reykjavík. Athygli vekur að meðallaun eru lægri í Hafnarfirði en í samanburðarsveitarfélögum.

4.7.1. Arnarberg

Leikskólinn Arnarberg var opnaður í núverandi mynd árið 2003. Í skólanum eru 87 börn og 30 stöðugildi starfsmanna. Við skólann eru fjórar deildir, en fjölgar í fimm í maí og júní þar sem unnið er sérstaklega með elstu börnin á þeim tíma. Deildirnar skiptast í eina yngri deild fyrir 18-24 mánaða aldur og þrjár blandaðar deildir. Yngstu börnin eru að verða tveggja ára en tekin var ákvörðun fyrir fjórum árum að færa aldursviðmiðið ofar.

Tafla 80 Arnarberg: Sundurliðun launakostnaðar 2012-2014, þ.kr.

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Sveitarfélag:	Hverager	Akureyra	RVK	RVK	Akureyra	Hafnarfj.	RVK	Hafnarfj.	RVK	RVK	RVK	Allir 11	Frávik
Skóli:	Óskaland	LUNDARSE	Klambrar	Grænabor	Iðvöllur	Arnarber	Lyngheim	Vesturko	Reynisho	Blásalir	Laufskál	meðaltal	Skóli-meðt.
Stærð skóla HÍD	84,9	85,4	85,5	85,6	85,6	86,1	86,6	86,9	87,1	87,4	87,8	86,3	
HÍD á stg.	3,8	4,1	4,3	4,1	4,3	3,2	4,2	3,3	4,2	4,1	3,9	4,0	-0,7
HÍD/stg. í uppeldisst.	4,2	4,8	4,7	4,4	4,5	3,6	4,4	3,6	4,6	4,5	4,3	4,3	-0,7
- þ.a. faglærðir	10,9	6,5	8,3	8,5	5,6	6,3	7,7	8,0	6,8	11,0	7,6	7,9	-1,6
- þ.a. aðrir	6,7	18,3	10,8	9,0	23,6	8,2	10,3	6,7	13,9	7,6	9,8	11,4	-3,1
Aðrir starfsmenn	47,2	30,2	46,2	54,9	85,6	32,8	86,6	42,1	45,9	52,0	43,9	51,6	-18,8
Kostnaður á HÍD:													
Nettóútgjöld*	977	996	1.203	1.150	1.026	1.361	1.094	1.097	1.178	1.057	1.233	1.125	236
Á sviðinu eru níu starfsmenn. Rekstrarstjóri sinnir stjórnun og skipulagningu starfsins, með honum á skrifstofu deildarinnar er einn starfsmaður sem sér um almenna skrifstofuþjónustu, ýmis rekstrarskjöl og sinnir móttöku á Norðrhellu ásamt því að samþykkja reikninga. Aðrir starfsmenn eru umsjónarmenn húseigna og snúast störf þeirra að mestu í kringum fasteignir grunnskóla sveitarfélagsins, leikskóla, ráðhúsið, bókasafn og íþróttamannvirki.

Umsjónarmenn fasteigna sinna a.m.k. einum skóla eða ráðhúsi og 2-4 öðrum stofnunum (leikskólum og í nokkrum tilfellum íþróttamannvirkjum). Einn umsjónarmaður hefur umsjón með ráðhúsinu og bókasafninu. Þessir starfsmenn báru áður starfsheitið húsverðir í grunnskólum og heyrðu þá undir skólastjóra. Nú heyra þeir undir rekstrarstjóra og hafa starfsaðstöðu í grunnskólunum.

Rekstrardeildin heldur utan um kostnað við rekstur allra stofnana bæjarins (einn starfsmaður) og samþykkir þar af leiðandi fjölda reikninga, sem áður fóru í gegnum m.a. ritara skólanna án þess að fá mikla skoðun. Að mati viðmælenda Capacent hefur þetta breytta fyrirkomulag stuðlað að talsverðri hagræðingu fyrir bæinn síðustu ár og má rekja það til hagstæðra útboða.

Um helmingur allra reikninga á umhverfis- og framkvæmdasviði fer í gegnum rekstrardeild og allflestir reikningar stofnana sem snúa að rekstri. Skipta tveir starfsmenn því að mestu með sér og getur einn starfsmaður samþykkt reikninga sem eru undir 200.000 kr. Samkvæmt nýjum reglum frá fjármáladeild bæjarins er nú gert ráð fyrir að setja þak á samþykktir og á þessu ári þarf tvo aðila til að samþykkja reikninga sem eru hærri en 200.000 kr.

Umsjónarmenn fasteigna taka aflestur á hita og rafmagni mánaðarlega. Fylgst er með því hvort óeðlileg frávik eigi sér stað við þennan álestur s.s. í samanburði við fyrri ár. Með þessu móti hefur verið hægt að koma í veg fyrir að bilanir í kerfum bæjarins eða rangar stillingar valdi verulegri kostnaðaraukningu. Kostnaður við hita og rafmagn nam árið 2014 um 255 m.kr. og því mikilvægt að hafa eftirlit með þessum kostnaðarliðum.

Nokkurt samstarf er milli rekstrardeildarinnar og fasteignafélagsins.

5.5. Veitur

Á árinu 2012 var fráveita Hafnarfjarðar sameinuð vatnsveitunni og eru veiturnar nú reknar saman í B-hluta með eigin fjárhag. Starfsmenn veitna eru veitustjóri, yfirverkstjóri, verkstjóri, tækjamaður.

Vatnsveitukerfið er metið á um 5 ma.kr.

Vatnsveitan sinnir neysluvatnsöflun og dreifingu fyrir Hafnarfjörð, Krísvík og hluta Garðabæjar. Vatnsveita er lögbundin starfsemi sveitafélaga.

Veitur starfa eftir lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009.


Samtals eru 8 stöðugildi starfandi hjá veitunum og skiptast þau þannig að 4 stöðugildi eru í fullu starfi hjá vatnsveitunni (með vatnsveitustjóra) og 2 hjá fráveitunni. Auk þessa greiðir fráveita Hafnarfjarðar tvö stöðugildi til þjónustumiðstöðvar, gegn því að starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar sinni að mestu gatnahlutanum, þ.e. hreinsun ræsa svo dæmi sé tekið.

Tafla 132 Yfirlit yfir rekstrarkostnað vatnsveitu 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Vatnsveita, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-309.060	-382.801	-396.347	-414.138	34%
Laun og launat. kostnaður	33.612	41.178	45.665	47.214	40%
Vöru- og þjónustukaup	13.689	11.230	19.994	13.635	0%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	1.437	1.393	1.335	1.392	-3%
Akstur og ferðir	486	899	1.156	577	19%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.696	1.586	986	168	-90%
Húsnæði	8.815	8.641	8.667	8.641	-2%
Önnur aðkeypt þjónusta	35.943	50.534	68.571	61.249	70%
Annar ótalinn kostnaður	120.564	129.850	104.656	83.151	-31%
Kostnaður samtals	216.242	245.310	251.031	216.026	0%
Kostnaður mínus tekjur	-92.817	-137.491	-145.316	-198.112	113%


Vatnsveitan hefur tekjur af vatnsskatti skv. lögum um vatnsveitur sveitarfélaga auk notkunargjalds vegna vatnsnotkunar í atvinnustarfsemi. Vatnsskatturinn árið 2014 nam um 380 m.kr. Heildartekjur vatnsveitunnar það ár voru 414 m.kr. og er það hækkun upp á 34% frá 2011. Launakostnaður nam um 47 m.kr. og hefur verið svipaður síðustu þrjú árin en hann var nokkuð minni árið 2011.



Mynd 44 Vatnsnotkun og fjöldi notenda 1988-2014. Bláa línan sýnir íbúafjölgun og á vinstri ásinn við um hana. Rauða línan sýnir að dregið hefur verulega úr vatnsnotkun á mann á dag.

Heimild: Talnaefni frá veitustjóra

Á árinu 2013 voru veiturnar með sitthvort bakvaktarkerfi en það var sameinað á árinu 2014.



Mynd 45 Yfirlit yfir hlutfall yfirvinnu- og álagsgreiðslna hjá vatnsveitu árin 2012-2014

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Fráveitan samanstendur af þremur stórum dælustöðum, miðlunartanki á Suðurfyllingu og 15 smærri skolpdælistöðvum. Allt fráveitukerfið er metið á um 15 ma.kr. Helstu verkefni fráveitu er

að flytja mengandi efni frá íbúum og fyrirtækjum og gera þau óskaðleg, þá er sinnt endurnýjun og viðhaldi holræsalagna og tekið þátt í gatnagerðaverkefnum.

Tafla 133 Yfirlit yfir rekstrarkostnað fráveitunnar 2011-2014, þ.kr.


Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Fráveita, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-443.350	-571.258	-677.671	-705.488	59%
Laun og launat. kostnaður	14.680	28.406	35.536	32.997	125%
Vöru- og þjónustukaup	21.245	27.812	27.898	28.793	36%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	231	276	361	279	20%
Akstur og ferðir	0	0	146	137	
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.193	2.533	2.720	2.212	85%
Húsnæði	6.703	4.270	4.238	4.238	-37%
Önnur aðkeypt þjónusta	55.177	68.354	95.980	79.745	45%
Annar ótalinn kostnaður	109.782	106.744	106.093	105.931	-4%
Kostnaður samtals	209.011	238.396	272.971	254.332	22%
Kostnaður mínus tekjur	-234.339	-332.862	-404.699	-451.157	93%

Starfsmenn í fráveitu eru vélfræðingur og verkamaður. Einn starfsmaður er á bakvakt hverju sinni sem sinnir bæði vatnsveitu og fráveitu. Á bakvakt hefur starfsmaður farsíma og verið er að koma upp spjaldtölvu með aðgengi að kerfismynd veitnanna til að geta metið hvort og hvernig bregðast þurfi við útköllum. Tölvueftirlitskerfi er með helstu stærðum í kerfinu. Haldið er utan um rafmagn, heitt vatn og dælingar í fráveitunni til að fylgjast með óeðlilegu útslagi.

Nokkuð er um útköll vegna fráveitu, nánast hverja nótt að sögn starfsmanna og hverja einustu helgi. Uppitími í fráveitu er lítill og talsvert af óhreinindum kemur frá iðnaðinum. Fá sjálfvirk útköll eru úr kerfismynd vegna vatnsveitu, þar er nokkuð sjálfbært kerfi, eitthvað er um tilkynningar frá íbúum sem í flestum tilvikum geta beðið næsta vinnudags.

Yfirvinna og álag í hlutfalli við mánaðarlaun



Mynd 46 Yfirlit yfir hlutfall yfirvinnu- og álagsgreiðslna af mánaðarlaunum hjá starfsmönnum fráveitu Hafnarfjarðar 2012-2014

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Nokkuð er um útvistun verkefna hjá veitunum, þar eru ýmis viðhaldsverkefni, prófanir á vatnsveitunni og tækniþjónustunni. Stærsti einstaki þátturinn sem verktakar eru fengnir til að sinna er jarðvinna og sprengingar.


Framkvæmd útvistar hefur að mestu verið á þann að gerðir eru fastir samningar við verktaka að undangengnu útboði. Í slíkum samningum kemur m.a. fram einingaverð vegna tækja í notkun á jarðvinnu o.s.frv. Boðið hefur verið út 2-3 ára fresti. Á þann hátt má auka líkur á því að verktakarnir öðlist æskilega þekkingu og reynslu af kerfinu.

Um 120 sértækir vatnsnotendur eru skilgreindir, þ.m.t. álverið í Straumsvík.

5.6. Vinnutími

Vinnutími í Þjónustumiðstöðinni og hjá Veitum er með þeim hætti að starfsmenn mæta til vinnu kl. 07:25 að morgni. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar eru sóttir heim og þeim ekið til bækistöðva Þjónustumiðstöðvarinnar að Norðurhellu.

Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar og Veitna mæta kl. ...



Mynd 47 Yfirlit yfir mætingartíma starfsmanna þjónustumiðstöðvar

Heimild: Vinnustund


Þegar þangað er komið er haldinn fundur um verkefni dagsins. Á myndinni hér að ofan má sjá að starfsmenn Þjónustumiðstöðvar og Veitna mæta almennt til vinnu kl. 07:25 og lýkur vinnudegi þeirra kl. 17:00. Þá teljast þeir hafa unnið 10 klukkustunda vinnudag, enda keyptur af þeim kaffitími.

Þegar vinnutíma lýkur skiptast fjórir verkstjórar í Þjónustumiðstöðinni á að taka bakvaktir allt árið, en auk þess skiptast tækjamaður á að taka bakvaktir á tímabilinu 15. október til 15. apríl ár hvert og starfsmenn veitna skiptast á að taka bakvaktir.

Bakvakt felur í sér að starfsmaður er „ekki við störf en reiðubúinn að sinna útkalli. Það telst ekki bakvakt ef starfsmaður dvelst á vinnustað að beiðni yfirmanns“, sbr. gr. 2.5.1 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og samflots bæjarstarfsmanna. Síðar segir í samningnum (gr. 2.5.7) að heimilt sé „með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar/sveitarfélags og með skriflegu samþykki samningsaðila að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en að framan greinir. T.d. er heimilt að semja um ákveðinn fjölda klukkustunda fyrir bakvakt án tillit til tímalengdar.“

6. Skipulag- og byggingar

Skipulags- og byggingarmál annast skipulagsvinnu af hálfu bæjarfélagsins og á að tryggja að öll málsmeðferð um skipulags og byggingarmál séu í samræmi við lög, reglur og skipulag á hverjum tíma. Auk þess er skipulags- og byggingarfulltrúi leyfisveitandi byggingarleyfa og framkvæmdaleyfa ásamt að hafa eftirlit með því að byggingarframkvæmdir séu í samræmi við lög og reglur. Á sviðinu eru 11 stöðugildi.



Mynd 48 Stjórnskipulag skipulags- og byggingarmála

Helstu verkefni á sviði skipulagsmála eru þátttaka í gerð svæðisskipulags ásamt öðrum skipulagsfulltrúum á höfuðborgarsvæðinu, aðalskipulag Hafnarfjarðar, deiliskipulag og annað skipulag sveitarfélagsins þ.m.t. gatnakerfi, stígakerfi, útivistarsvæði, önnur opin svæði, friðlýst svæði o.fl. Þá eru ný svæði og breytingar á eldri svæðum skipulögð auk þess útgáfa framkvæmdaleyfa, rekstur landupplýsingakerfis, umhverfismat og þátttaka í hættumati fyrir höfuðborgarsvæðið.

Helstu verkefni á sviði byggingarmála eru yfirferð byggingarleyfisteikninga m.t.t. skilmála, lóðateikninga, yfirferð sérteikninga, s.s. burðarþolsteikninga, vatnslagnateikninga, hitavatnslagnateikningar, raflagnateikningar, úttektir, yfirferð hæðar- og mæliblaða, gerð lóðasamninga, samskipti við Þjóðskrá Íslands, uppfærsla á byggingarstigum og útgáfa vottorða því tengt um foheldi og önnur byggingarstig. Auk þess eftirlit með frágangi lóða og stjórnun árlegs hreinsunarátaks á lóðum.

Þá eru mörg skráningarverkefni er varða ofangreinda málaflokka, þau helstu eru upplýsingagjöf til Hagstofunnar, fasteignaskráning og tilkynningar til Fasteignamats ríkisins.

Skipulags- og byggingafulltrúi (1 stg.) er sviðsstjóri sviðsins. Í starfinu felst umsjón með daglegum rekstri sviðsins, mannaáðningar, fjárhagsáætlanagerð, verkefnastjórn, ábyrgð á samþykkt byggingarleyfa og framkvæmdaleyfa ásamt undirbúningi og stjórn á afgreiðslufundum skipulags- og byggingafulltrúa og að vera framkvæmdastjóri fyrir skipulags- og byggingarráð. Auk þess ýmsar umsagnir og úrlausn sérmála.

Skrifstofustjóri sviðsins er lögfræðimenntaður (1 stg.), samhliða því að veita lögfræðilega aðstoð og sinna bréfaskriftum vegna hennar fer hann yfir og staðfestir reikninga. Skrifstofustjóri kemur einnig að gerð starfsáætla og fjárhagsáætla. Þá hefur skrifstofustjóri vegna réttinda sinna sem lögmaður sinnt lögmennsku fyrir hönd bæjarins á fleiri sviðum en varða skipulags- og byggingarmál.

Tveir starfsmenn bera starfstílinn fulltrúi byggingarfulltrúa. Starf annars þeirra (1 stg.) annast yfirferð byggingarleyfisteikninga m.t.t. byggingarreglugerðar, útgáfa byggingarleyfa og graftarleyfa innan lóða og undirbúa embættisfundi skipulags- og byggingafulltrúa. Auk þess undirbýr fulltrúinn ýmsar umsagnir byggingarfulltrúa.

Hinn fulltrúinn (1 stg.) annast úttektir, er „úttektarmaður“. Starf hans felur í sér áfangaúttektir, útgáfu fohheldisvottorða, húsaleiguúttektir og lokaúttektir og umsjón með þeim.

Önnur störf á sviðinu eru fasteignafulltrúi, landslagsarkitekt og umhverfisfulltrúi, arkitekt, landfræðingur og stjórnandi teiknistofu, tækniteknari og ritari. Allt eru þetta starfsmenn í 100% starfi.

Síðustu ár hefur verið lögð áhersla á að ljúka deiliskipulagi allra hverfa í bænum, þar sem skipulag vantar eða það er orðið úrelt. Nú er deiliskipulagsvinnu lokið fyrir Hvamma, Norðurbæ, Suðurgötu-Hamarsbraut og Suðurbæ. Ekki hefur verið lokið við skipulag hverfa ofan miðbæjar (Miðbær-Hraun vestur) og Vesturbær.

Tveir arkitektar hafa sinnt skipulagsverkefnum af þessu tagi ásamt yfirferð byggingarleyfa hvað varðar skipulagsskilmála. Einn arkitekt mun láta af störfum í sumar vegna aldurs.

Spyrja má hvort ekki megi létta störfum af sviðstjóra s.s. stjórnunarhlutverki og minnka þannig álag á sviðið. Í framhaldi af því væri rétt að kanna hvort mögulegt er að ráða eingöngu einn arkitekt í stað tveggja, sem að öðrum kosti væri þörf fyrir í haust.

Deiliskipulagsvinnan var aðkeypt áður en nú er hún unnin innanhúss. Slík vinna er tímafrek en talið er að um eitt mannaár taki að jafnaði að skipuleggja eitt hverfi.

Skipulags- og byggingarsvið hefur haft aðgengi að mælingarmanni hjá umhverfis- og framkvæmda-sviði. Einnig eiga sviðin tvö samstarf í umferðarmálum.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingarleyfi og afgreiðir þau sjálfur þar sem heimild er fyrir því. Haldnir eru vikulegir afgreiðslufundir skipulags- og byggingarfulltrúa.

Tafla 134 Yfirlit yfir rekstrarkostnað skrifstofu umhverfis- og tæknisviðs árin 2011-2014, þ.kr.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Skrifst. umhv.og tæknisviðs, í þ.kr.	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Tekjur	-133.621	-84.999	-31.264	-72.530	-46%
Laun og launat. kostnaður	82.951	81.359	92.524	98.713	19%
Vöru- og þjónustukaup	582	934	361	6.005	932%
Fjarskipti og tölvuþjónusta	39.156	22.963	23.599	25.995	-34%
Akstur og ferðir	3.493	3.762	3.324	3.846	10%
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	3.302	3.101	3.881	7.786	136%
Húsnæði	4.737	0	0	0	-100%
Önnur aðkeypt þjónusta	1.087	1.083	5.112	1.303	20%
Annar ótalin kostnaður	114.344	58.702	131.607	42.008	-63%
Kostnaður samtals	249.652	171.904	260.409	185.657	-26%
Kostnaður mínus tekjur	116.031	86.905	229.145	113.127	-3%

Stærsti kostnaður við rekstur sviðsins eru laun- og launatengd gjöld sem nema á árinu 2014 um 99 m.kr. Fjarskipti og tölvuþjónusta eru stærsti einstaki kostnaðarliðurinn fyrir utan launin en þar undir liggur gjald fyrir skráningar í Fasteignaskrá Íslands. Þessi kostnaður hefur farið lækkandi

Tafla 135 Sundurliðun tekna umhverfis- og tæknisviðs 2011-2014, þ.kr.


Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Skrifst. umhv.og tæknisviðs	2011	2012	2013	2014	Hækkun 2014/2011
Gatnagerðargjöld				0	
Byggingaleyfisgjöld	-1.093,3	-2.372,5	-377,2	253,4	-123%
Úttektargjöld	-5.741,2	-8.313,0	-6.486,7	-6.419,0	12%
Mælingagjöld	-1.718,7	-6.969,9	-1.617,5	-164,3	-90%
Skipulagsgjald	-9.981,9	-4.880,3	-14.607,8	-19.135,4	92%
Önnur þjónustugjöld	-142,4	-1.041,0	-17,0	-28,2	-80%
Byggingaréttargjöld (Sam.liðir)	-5.834,4	0,0	0,0	0,0	-100%
Samtals	-24.511,9	-23.576,6	-23.106,2	-25.493,5	4%

síðustu ár.

Á sviðinu er það ritari sem reiknar öll gjöld út frá gildandi gjaldskrá. Gjöld eru færð inn og reiknuð út í Excel skjöl sem auðveldar vinnuna frá því að vera áður handreiknuð.

Eins og á öðrum sviðum eru nokkuð um að greidd sé föst yfirvinna og orlof, nema slíkar greiðslur 51,1% af mánaðarlaunum. Önnur yfirvinna er lítil og skýrist það af eðli starfseminnar þar sem ekki er þörf á að kalla starfsfólk út eða vera með bakvaktir.



Mynd 49 Yfirlit yfir hlutfall yfirvinnu- og álagsgreiðslna á mánaðarlaun á skipulags- og byggingarsviði árin 2012-2014

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Lokaúttektarbeiðnir voru 112 árið 2014. Samtals voru framkvæmdar 69 lokaúttektir á árinu 2014, samanborið við árið 2013 en þá voru lokaúttektir 61 talsins. Öryggisúttektir og stöðuúttektir voru 13. Framkvæmdar voru 583 byggingaúttektir samkvæmt byggingareglugerð 112/2012 á árinu 2014 eða um 17 úttektir á viku að meðaltali.

Í viðtölum við ráðgjafa komu fram margar ábendingar um að skipulags- og byggingamál og umhverfi og framkvæmdir ættu að vera eitt svið undir einni forystu. Þessi umræða er ekki ný af nálinni og í vinnu frá árinu 2011 voru slík tækifæri kortlögð í skýrslu vinnuhóps bæjarins. Í þeirri vinnu komst vinnuhópur að þeirri niðurstöðu að sviðin væru að vinna að skýrt skilgreindum og afmörkuðum verkefnum þar sem annars vegar er um að ræða skipulag og eftirlit og hins vegar framkvæmdir og rekstur. Í því væri fólgin ákveðinn eðlismunur, þar sem annað sviðið væri leyfisveitandi og hitt framkvæmdaraðili. Ekki var lögð til sameining heldur var það niðurstaða hópsins að ýmislegt mælti með því að skipulags- og byggingasvið flytjist út á Norðurhelli í sambýli með framkvæmdasviði og var það gert, meðal annars til að styrkja samvinnu á milli sviðanna og samhljóm á milli verkefna.

Nú hafa sviðin tvö verið í sama húsi um nokkurt skeið og almenn ánægja er með það fyrirkomulag. Með nálægðinni hafa skapast tækifæri til að styrkja samvinnu, meðal annars á sviði umferðamála og umhverfismála en á þeim sviðum liggja liggur skörun verkefna að mestu. Auk þess liggja tækifæri í samnýtingu sérmenntaðra starfsmanna. Í nokkrum viðtölum kom fram að nú væri

eðlilegt að stíga skrefinu lengra og sameina sviðin. Það sé ekki síst vegna góðrar reynslu af sambýli þeirra síðustu ár. Sviðin eru misstór, í kringum 40 starfsmenn á umhverfis- og framkvæmdasviði og 10 starfsmenn skipulags- og byggingarsviði. Ein sterkari heild á Norðurhelli myndi einfalda ásýnd sviðanna gagnvart íbúum og ná fram hagræði í stjórnunarkostnaði, auk þess sem sérþekking starfsmanna nýtist betur þar sem hún á heima í stað stjórnunarhlutverks.

Í skýrslu vinnuhópsins frá 2011 voru helstu áhyggjuefni vegna sameiningu sviðanna voru lögfræðileg, þar var litið á að það væri því verið ýmsum vandkvæðum bundið að hafa einn stjórnanda yfir sviði sem sinnir bæði framkvæmdum og eftirliti. Í lögum um mannvirki nr. 160/2010, 4. mgr., 8. gr. að „byggingarfulltrúa eða starfsmönnum hans er óheimilt að vinna nokkurt það starf sem kann að koma til afgreiðslu í umdæmi hans.“

Sveitarfélögin annast margar framkvæmdir í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Embætti byggingarfulltrúa er um margt eftirlit með því að framkvæmdir séu í samræmi við gildandi lög og reglur. Því rekst það í mörgum tilvikum á í stjórnsýslunni að byggingarfulltrúi heyri undir það svið starfseminnar þar sem hann faglega á helst heima, þ.e. með tæknimenntuðum starfsmönnum. Tæknimenntað starfsfólk bæjarins eru hins vegar flestir starfandi á framkvæmdasviði bæjarins.

Nú eru nokkur ár liðin síðan ný mannvirkjalög tóku gildi og ekki hafa komið upp áberandi vandræði um óskýrar leikreglur þar sem skipulagi er þannig háttað að forstaða framkvæmda hjá sveitarfélagi er í höndum sama aðila og fer með skipulags- og byggingarmál. Má í þessu sambandi vísa til þess fyrirkomulags sem á þessum málum eru í Kópavogsbæ. Eðlilegt sé þó að skilja á milli framkvæmdaverkefna og eftirlitsverkefna með skýrri ábyrgðaskiptingu, deildaskiptingu og afmörkuðum verkferlum. Þá er skýrt kveðið á um skyldur byggingarfulltrúa í lögum og ekki í höndum yfirmanns að stíga inn í skýrt afmörkuð verkefni skv. lögum. Um störf og verksvið skipulagsfulltrúa fer samkvæmt skipulagslögum.

Umræðan um mögulega árekstra ef þessir málaflokkar eru undir yfirstjórn sama aðila er ekki ný af nálinni. Til að tryggja óhæði við byggingareftirlit má líta til þess hvort fýsilegt sé fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, hugsanlega án Reykjavíkurborgar, að sameinast um byggingareftirlit í höndum sameiginlegs byggingarfulltrúa. Með því að fela sameiginlegu embætti byggingarfulltrúa á höfuðborgarsvæðinu, með eða án Reykjavíkur, að annast byggingareftirlit í sveitarfélaginu, má auka sérhæfingu og möguleika á rekstrarhagræðingu.


Auð baksíða vegna
kaflaskila við útprentun

7. Hafnarsjóður

Hafnarsjóður Hafnarfjarðar var stofnaður 1. janúar 1909. Hafnarfjarðarhöfn skiptist í Hafnarfjarðarhöfn og Straumsvíkurhöfn. Núverandi hafnarsvæði er um 50 hektarar í Hafnarfirði og 4 til 5 hektarar í Straumsvík.

7.1. Skipakomum fækkar


Skipakomum hefur farið fækkandi um Hafnarfjarðarhöfn, frá árinu 2006 til 2014. Árið 2006 komu 524 skip og bátar í höfnina en á síðasta ári komu 360 skip og bátar. Sundurliðun hafnarinnar á talnaefni breyttist í ársskýrslu fyrir árið 2010, þannig að erfitt er að greina hvaða skipum hefur fjölgað og hverjum hefur fækkað frá þeim tíma. Fram að 2010 voru farmskip og erlendir togarar taldir saman í flokki, en frá 2010 voru farmskip talin sér, en togarar ekki sundurgreindir eftir því hvort þeir voru erlendir eða innlendir. Það má þó álykta út frá talnaefninu að togurum og fiskiskipum hafi fækkað, skemmtiferðaskipum fjölgað en farmskip séu álíka mörg í upphafi og í lok tímabilsins. Rétt er að halda því til haga í þessu tilliti að enginn togari á nú heimahöfn í Hafnarfirði og viðskipti við höfnina byggjast því á markaðsviðskiptum.



Mynd 50 Skipakomur til Hafnarfjarðarhafnar frá 2006-2014

Heimild: Ársskýrslur hafnarinnar og upplýsingar frá Hafnarfjarðarhöfn

Þetta má sjá á myndunum hér að neðan. Þar má sjá að síðasti togarinn sem átti heimahöfn í Hafnarfirði, yfirgaf höfnina fyrir árslok 2014. Þar má einnig sjá að fjöldi fiskiskipa með heimahöfn í Hafnarfirði hefur fækkað úr 67 árið 2006, þegar þau voru flest á tímabilinu í 46 í árslok 2014.




Mynd 51 Fjöldi fiskiskipa með heimahöfn í Hafnarfirði og afli þeirra skipa sem hafa heimahöfn í Hafnarfirði, óháð því hvar þau landa

Heimild: Fiskistofa, Hagstofa Íslands

Mynd 52 sýnir að hlutdeild Hafnarfjarðarhafnar í öllum lönduðum afla á Íslandi er um 1,8%. Hæst fór hlutfallið í 2,2% árin 2006 og 2011 en lægst í 1,5% árið 2012.

Landaður afli heimaskipa var mestur árið 2013, um 5,5 tonn. Minnstur var hann árið 2006 um 1,9 tonn. Mestur var landaður afli í Hafnarfjarðarhöfn um 29,8 tonn árið 2005 og 29,3 tonn árið 2006. Minnstur var landaður afli árið 2014 um 19,2 tonn.



Mynd 52 Afli heimaskipa (gular súlur), allra fiskiskipa sem lönduðu í Hafnarfirði (bláar súlur) og hlutdeild Hafnarfjarðarhafnar í lönduðum afla allra fiskiskipa sem landa á Íslandi

Heimild: Fiskistofa og Hagstofa Íslands

Starfsmenn í fullu starfi hjá Hafnarfjarðarhöfn eru 13, ásamt einum starfsmanni í hlutastarfi við ræstingar. Að teknu tilliti afleysinga starfsmanna, m.a. vegna mikilla veikinda, voru stöðugildin 2014 15,3.

7.2. Fimmta tekjuhæsta höfnin

Hafnarfjörður er fimmta tekjuhæsta höfn landsins með tekjur upp á 427,3 m. kr. árið 2014 og 394,8 m.kr. árið 2013. Árið 2013 voru Faxaflóahafnir, Fjarðabyggðahafnir, Vestmannaeyjahöfn og Hafnasamlag Norðurlands með hærri tekjur, en litlu munaði á Hafnarfjarðarhöfn og þeim tveimur síðasttöldu. Næst á eftir Hafnarfjarðarhöfn kemur Ísafjarðarhöfn með 224 m.kr. tekjur árið 2013.


Faxaflóahafnir voru með hæstu heildartekjurnar árið 2013 eða rúmlega 39% heildartekna hafna á landinu.

Um Hafnarfjarðarhöfn fara um 900-930 þúsund tonn á ári. Þar af er innflutningur hráefnis til stóriðju og útflutningur á áli um 700 þúsund tonn og sjávarafli um 30 þúsund tonn.

Rekstrarkostnaður við höfnina nam 303,1 m.kr. árið 2014 og 266,5 m.kr. árið 2013. Framlegð af starfsemi (EBITDA) nam 124,3 m.kr. árið 2014 en 128,2 m.kr. árið 2013.

10 tekjuhæstu hafnir landsins

- milljónir króna -



Mynd 53 10 tekjuhæstu hafnir landsins

Heimild: Hafnasamband Íslands, Úttekt og greining á fjárhag íslenskra hafna 2014


Árið 2013 námu tekjur Hafnarfjarðarhafnar 5,4% af heildartekjum hafna í landinu, en markaðshlutdeild hennar hefur lækkað frá árinu 2011.

Rekstrarniðurstaða (hagnaður/tap) hafnarinnar hefur verið nokkuð sveiflukennd og ráðist helst af fjármagnsliðum, gengismun vegna erlendra lána og verðbótum verðtryggðra lána.

7.3. Tekjur námu 400 m.kr. árið 2014

Rekstrartekjur Hafnarfjarðarhafnar skiptast í almenn hafnargjöld, selda þjónustu, leigutekjur og ýmsar tekjur. Frá rekstrartekjum hvers árs eru dregnir afslættir (ellilífeyrisþegar) og afskrifaðar kröfur. Þessi frádráttur hefur farið lökkandi frá árinu 2005, þegar hann var um 24 m.kr. í um 5 m.kr. árið 2014.

Tekjur hafnarinnar ráðast af skipaumferð, fjölda skipa, stærð þeirra og því magni sem þau koma með til hafnar hvort heldur það er afli eða vörur. Svo sem sjá má á mynd um fjölda skipa sem komið hafa til hafnarinnar þá hefur þeim farið fækkandi frá árinu 2006, tekjur hafa hins vegar nánast staðið í stað á tímabilinu.



Mynd 54 Sundurliðun tekna hafnarinnar á verðlagi ársins 2014


Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2005-2014 og Hagstofa Íslands

Árið 2014 námu almenn hafnargjöld um 257,6 m.kr., seld þjónusta um 109,8 m.kr. og leigutekjur um 63 m.kr.

Á mynd um sundurliðun tekna hafnarinnar á föstu verðlagi má sjá hvernig þróun tekna hefur verið síðustu 10 ár, þ.e. frá árinu 2005 til 2014 (miðað er við meðalverðlag ársins 2014). Myndin sýnir að almenn hafnargjöld voru hæst árið 2007, lækkuðu til ársins 2009 þegar þau voru í lágmarki á tímabilinu, hækkuðu síðan aftur til ársins 2011.

Ef litið er til tímabilsins í heild hafa hafnargjöld nánast staðið í stað, en tekjur hafnarinnar aukist um 23%. Sá samanburður gefur þó ekki rétta mynd af reglulegum tekjum hafnarinnar, vegna söluhagnaðar á árinu 2005, sem skeykir samanburðinn. Frá árinu 2006 hafa tekjur hafnarinnar hækkað um tæp 8%, lækkað frá árinu 2008 um 10% og hækkuðu á milli árunna 2013 og 2014 um 6%.

Mestar sveiflur á milli ára eru í almennum hafnargjöldum, enda taka þær mið af lönduðum afla og verðmæti hans. Verðmæti aflans ræðst aftur af magni, gengi og verðum. Leigutekjur hafa verið nokkuð stöðugar frá árinu 2011, hækkað um nokkrar milljónir á tímabilinu. Seld þjónusta hefur aukist ár frá ári frá árinu 2009, þegar þær voru lægstar á tímabilinu.



Mynd 55 Rekstur hafnarinnar 2005-2014 á föstu verðlagi

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2005-2014 og Hagstofa Íslands

7.4. Rekstrarkostnaður án afskrifta hækkar og nam um 300 m.kr. árið 2014

Laun eru stærsti kostnaðarliður hafnarinnar. Árið 2014 námu laun og launatengd gjöld samtals 150,8 m.kr., þar af voru stjórnarlaun 4,0 m.kr., tryggingagjald 10,6 m.kr., lífeyrissjóðsgjald 16,9 m.kr., bifreiðastyrkir 674 þ.kr. og laun 118,1 m.kr.

Annar starfsmannakostnaður nam 4,2 m.kr. og sundurliðast þannig að fæðis- og kaffikostnaður nam 732 þ.kr., vinnufatnaður 1,6 m.kr., menntun og námskostnaður 465 þ.kr. og annar starfsmannakostnaður 1,4 m.kr.

Viðhaldskostnaður á hafnarbakka jókst á milli árunna úr 20,7 m.kr. árið 2013 í 37,1 m.kr. árið 2014. Þá jókst viðhald dráttarbáta úr 2,8 m.kr. í 14,1 m.kr. á milli árunna.

Tafla 136 Yfirlit yfir helstu stærðir í rekstrarreikningi hafnarinnar 2010-2014, á verðlagi hvers árs

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2010-2014

	2010	2011	2012	2013	2014	Hlutfallsleg breyting	
						Árleg	2014/2013
Tekjur	347,1	401,3	392,0	394,8	427,4	5,3%	8,3%
Rekstrarkostnaður	-210,3	-226,1	-232,3	-250,7	-288,3	8,2%	15,0%
Laun og launatengd gjöld	-120,5	-125,3	-127,5	-143,7	-150,8	5,8%	4,9%
Dráttarbátar og hafnarmannvirki	-42,8	-48,0	-48,7	-43,2	-74,6	14,9%	72,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostn.	-19,4	-24,1	-25,4	-33,0	-24,2	5,7%	-26,8%
Vatn og rafmagn til endursölu	-21,0	-20,6	-19,9	-20,8	-21,4	0,5%	2,7%
Annar rekstrarkostnaður	-6,7	-8,0	-10,8	-9,8	-17,3	26,5%	75,4%
EBITDA	136,8	175,1	159,7	144,1	139,1	0,4%	-3,5%
Br. lífeyrisskuldb. og afskriftir	-65,3	-75,9	-79,6	-77,0	-71,9	2,5%	-6,7%
Rekstrarhagnaður	71,5	99,2	80,2	67,0	67,2	-1,6%	0,2%
Vextir og verðbætur	7,1	-33,3	-43,5	-31,7	-39,1		23,4%
Gengismunur	85,2	-67,6	-62,2	65,3	24,0	-27,1%	-63,2%
Fjármagnsliðir	92,4	-101,0	-105,7	33,6	-15,0		-144,7%
Hagnaður	163,9	-1,8	-25,5	100,6	52,1	-24,9%	-48,2%

Hækkun annars rekstrarkostnaðar kemur til af verulegri hækkun kostnaðar vegna fasteignagjalda og lóðarleigu. Árið 2013 nam kostnaður við fasteignagjöld og lóðarleigu tæpum 2,0 m.kr. en árið 2014 var kostnaðurinn um 7,6 m.kr. Þetta kemur til af því að fram til ársins 2013 hafði höfnin ekki greitt fasteignagjöld vegna óúthlutaðra lóða á höfninni. Þessu var breytt árið 2014.

Taflan hér að ofan sýnir hvernig reksturinn hefur þróast síðustu fimm ár. Sjá má að tekjur hafa aukist um 5,3% að jafnaði á milli ára og jukust um 8,3% á milli árunna 2013 og 2014. Hafa ber í huga við skoðun á þessum tölum, í samanburði við talnaefni hér að framan, að þær eru á verðlagi hvers árs.

Rekstrarkostnaður hefur aukist hlutfallslega umfram tekjur og munar þar mestu um hækkun launakostnaðar, aukið viðhald og annan rekstrarkostnað.

7.5. Launakostnaður hefur hækkað stöðugt á tímabilinu

Laun hafa hækkað nokkuð stöðugt á tímabilinu. Launakostnaður hefur aukist umfram verðlagsbreytingar á tímabilinu 2010 til 2014, þar sem miðað er við meðalverðlagsbreytingar samkvæmt vísitölu neysluverðs. Laun hjá höfninni hafa hins vegar ekki haldið í við hækkun samkvæmt launavísitölu.

Stjórnarlaun hækkuðu um 2% að jafnaði á milli ára á tímabilinu og voru óbreytt á milli árunna 2013 og 2014.

Tafla 137 Yfirlit yfir launakostnað hafnarinnar frá 2010 til 2014 á verðlagi hvers árs

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2010-2014

	2010*	2011	2012	2013	2014	Breyting 2014/2013	Árleg frá 2010
Laun og launatengd gjöld							
Laun	84.952	90.064	98.785	111.087	118.125	6%	9%
Stjórnarlaun	3.766	3.731	4.598	4.015	4.008	0%	2%
Orlof	229	-480	-96	1.442	491	-66%	21%
Tryggingagjald	8.768	9.416	9.150	10.218	10.567	3%	5%
Lífeyrissjóðsgjöld	12.816	13.179	14.082	16.127	16.930	5%	7%
Bifreiðastyrkir	1.392	986	960	840	675	-20%	-17%
Samtals í þús.kr.	111.923	116.896	127.480	143.730	150.795	5%	8%

*) Árið 2010 voru eftirlaunagreiðslur upp á 8,5 m.kr. sundurliðaðar í ársreikningi með launakostnaði. Svo er ekki árin 2011-2014 og er þeim því sleppt hér til þannig að tölur verði sambærilegar

Hjá höfninni starfa nú alls 12 starfsmenn. Fyrir höfninni fer hafnarstjóri, en auk hans starfa þar sjö hafnarverðir, þar af fimm skipstjórar og tveir vélstjórar, þrír hafnsögumenn og forstöðumaður þjónustusviðs, sem einnig er yfirhafnsögumaður. Fram að síðustu áramótum starfaði á höfninni einnig skrifstofustjóri, sem annaðist laun og bókhald. Frá síðustu áramótum tóku bæjarskrifstofurnar við bókhaldi og launaútreikningum.

Til samanburðar má sjá að hjá Fjarðabyggðarhöfn voru stöðugildi 10,65 árið 2013, en gert ráð fyrir því að þau yrðu 11,65 árið 2014. Umfang Fjarðabyggðarhafnar er umtalsvert meira en í Hafnarfirði, bæði hvað tekjur varðar en einnig það svæði sem höfnin hefur umsjón með.

Launakostnaður við höfnina nam um 150 m.kr. árið 2014. Kostnaðurinn hefur aukist nokkuð á síðustu árum. Ef litið er til þróunar launakostnaðar án stjórnarlauna, tryggingagjalda, lífeyrissjóðsgjalda og bifreiðastyrks hafa laun hækkað um 39% á tímabilinu 2010-2014. Á sama tíma hækkaði verðlag um tæp 16% (vísitala neysliverðs) og breyting á launavísitalunni á sama tíma er um 29%. Launakostnaður við höfnina hefur því hækkað um 23% umfram verðlag og 10% umfram almennar launahækkanir, þ.e. að því gefnu að launavísitalan sé mælikvarði á það.

Tafla 138 Yfirlit yfir vaktfyrirkomulag á höfninni

Heimild: Skrifstofa hafnarinnar

Tegund	Frá	Til	Tími	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
Unnið	08:00	17:00	08:00	10	10	10	10	10		
Unnið	16:00	00:00	08:00	1	1	1	1	1		
Bakvakt	17:00	00:00	07:00	3	3	3	3	3		
Unnið	08:00	16:00	08:00						1	1
Bakvakt	08:00	16:00	08:00						3	3
Bakvakt	16:00	00:00	08:00						4	4
Bakvakt	00:00	08:00	07:59	4	4	4	4	4	4	4

Vinnudagur hafnarstarfsmanna hefst kl. 8:00 og stendur til 17:00, 1 klst. fer í matartíma. Einn starfsmaður mætir kl. 16:00 og vinnur til miðnættis alla virka daga og frá 8:00 til 16:00 laugardaga og sunnudaga. Auk þess eru þrír starfsmenn á bakvakt frá 17:00 til 8:00 virka daga og frá 16:00 til

miðnættis um helgar. Þá eru fjórir starfsmenn á bakvakt frá miðnætti til 8:00 að morgni næsta dags um helgar.


Mikil áhersla hefur verið lögð á það að höfnin þjóni viðskiptavinum sínum allan sólarhringinn. Þannig hefur verið komið á skipulagi sem gerir það að verkum að sjófarendur geta haft samband við starfsmann hafnarinnar, sem annað hvort er á vakt eða bakvakt, hvenær sem er sólarhringsins hvaða vikudag sem er.

Í flestum tilvikum upplýsa sjófarendur með nokkrum fyrirvara hvenær þeir eru á leið til hafnar þannig að sjaldan ætti að reyna á það að starfsmenn hafnarinnar þurfi að mæta til vinnu með litlum fyrirvara, vegna þess að skip sé á leið eftir að dagvinnutíma þeirra er lokið. Í flestum tilvikum vita þeir því hvenær þeir eiga von á því að þjónusta þurfi næst skip. Á hinn bóginn verða oft tafir á því að skip komi, sem leiðir þá til aukins vinnutíma.

7.6. Vinnuskipulag, mikil yfirtíð og óreglulegur vinnutími á höfninni

Tilkynningar um komur og brottfarir skipa berast frá eigendum, skipstjórum eða umboðsmönnum skipa. Í mörgum tilvikum breytist áætlaður komu-/brottfarartími, s.s. vegna veðurs og sjólags. Þurfa hafnarstarfsmenn þá að bregðast við því og laga sínar áætlanir að því.

Talsvert er um útköll starfsmanna á höfninni. Þetta má sjá á myndinni hér fyrir neðan. Þar kemur fram að á tímabilinu frá 8 að morgni til 17 síðdegis á virkum dögum kemur um fimmtungur þeirra skipa sem þarfnast móttöku starfsmanna hafnarinnar, þ.e. 156 komur. Eftir kl. 17 og fram til kl. 7



Mynd 56 Yfirlit yfir komu- og brottfarartíma skipa til Hafnarfjarðarhafnar

Heimild: Dagbækur um skipakomur, úrvinnsla Capacent

næsta morgun koma 398 skip, sem samsvarar um 55% skipakoma. Um helgar eru svo um 25% skipakoma (166 komur) en þær dreifast nokkuð jafnt yfir daginn, þó mest sé á tímabilinu frá 7 að morgni til 13 á daginn.

Í þessu ljósi má velja fyrir sér hvort vaktskipulagið á höfninni sé að mæta þörfum hafnarinnar og viðskiptavina hennar. Ef viðskiptavinur hafnarinnar óskar eftir þjónustu á þeim tíma sem starfsmaður er ekki á vakt, þarf hann að greiða álag. Álaginu er ætlað að greiða kostnað hafnarinnar vegna útkallsins.

Álagið greiðir hins vegar ekki þann kostnað sem aukið álag á starfsmenn hafnarinnar að næturlagi hefur á störf þeirra næsta vinnudag eftir útkallið. Í sumum tilfellum hafa starfsmenn vegna vinnu sinnar í útkalli átt rétt á að fá næsta vinnudag greiddan í yfirvinnu. Sá kostnaður sem af þessu hlýst er ekki innheimtur af viðskiptavinum hafnarinnar.

Auk þess sem þetta veldur því að kostnaður við rekstur hafnarinnar eykst, kann þetta að brjóta gegn ákvæðum kjarasamnings (ákvæði 2.4.2) um daglegan hvíldartíma. Þar segir að vinnutíma skuli haga þannig að „á 24 stunda tímabili, reiknað frá skipulögðu/venjubundnu upphafi vinnudags starfsmanns, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld. [...] Óheimilt er að skipuleggja vinnu þannig að vinnutími á 24 klst. tímabili fari umfram 13 klst.“ Til að vikið sé frá þessu ákvæði þurfa að vera ríkar ástæður s.s. eins og að vinna starfsmanns varði almannaheill eða vegna ófyrirsjáanlegra atvika þannig að bjarga þurfi verðmætum.

Bent hefur verið á að hafnarstarfsmenn séu lögskráðir sjómenn og því eigi hvíldartímaákvæðið ekki við. Það er hins vegar ljóst að of langur vinnutími við hættuleg störf svo sem störf fyrir höfnina geta verið, setur starfsmenn hafnarinnar og aðra sem umferð eiga um hana í aukna hættu. Því ætti að gæta að því að vinnutími starfsmanna hafnarinnar verði ekki með þeim hætti að halda þurfi starfsmönnum lengur á vakt en vinnutímaákvæðin kveða á um. Í þeim tilvikum að skortur er á starfsmönnum í landi mætti kalla eftir aðstoð þjónustumiðstöðvar bæjarins. Í þeim tilvikum að á hafnsögu reyni ætti að haga skipulagi þannig að kalla megi út óþreytta starfsmenn eða gera samkomulag við nágrannahafnir um að leysa einstök tilvik. Þá er rétt að skoða það til hlítar hvernig breyta megi vaktkerfi hafnarinnar þannig að það þjóni þörfum viðskiptavina hafnarinnar án þess að kostnaður aukist verulega við það.

Meðalaldur starfsmanna á höfninni er nokkuð hár, 62 ár. Yngsti starfsmaðurinn verður 52 ára á árinu og þeir elstu verða 70 ára. Þetta er athyglisvert ekki síst í ljósi þess að yfirvinna á höfninni er umtalsverð og vinnutími óreglulegur (sjá mynd um skipakomur). Þar má sjá að föst og unnin yfirvinna eru um 73% af mánaðarlaunum, sem samsvarar því að í hverjum mánuði vinni starfsmenn hafnarinnar fimm vikur í stað fjögurra.


Þegar svo hátt hlutfall launa er greitt með yfirvinnu getur það bent til þess að rétt sé að endurskoða vinnutímafyrirkomulagið á höfninni. Myndin hér að neðan sýnir að sem hlutfall af mánaðarlaunum (dagvinnunni) er yfirvinna, föst og unnin, um 87,5%. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi á milli ára frá árinu 2012, þegar hlutfallið var um 53,2%. Í heild hefur yfirvinna, álag og

orlof hækkað á tímabilinu 2012 til 2014 úr því að vera um 73% af dagvinnukaupi í um 106%. Á sama tíma fækkaði skipakomum verulega, fóru úr því að vera 451 í 360.

Hafnaryfirvöld þurfa að kanna hvort rétt sé að leggja jafnríka áherslu á þjónustu við skip á hvaða tíma sólarhrings sem þau óska eftir þjónustu hafnarinnar. Ekki er óeðlilegt að reyna að hafa áhrif á komur skipa, þannig að reynt verði að draga úr því að taka þurfi á móti skipum á tímabilinu frá miðnætti til kl. 6 að morgni. Að sjálfsögðu verði þó ávallt brugðist við í neyðartilvikum.

Hér þarf að sjálfsögðu að gæta að samkeppnishæfni hafnarinnar, þannig að þjónustustig sé ekki skert svo að skip leiti þjónustu annars staðar.

Yfirvinna og álag í hlutfalli við mánaðarlaun



Mynd 57 Yfirlit yfir hlutfall yfirvinnu- og álagsgreiðslna starfsmanna hafnarinnar

Heimild: Samantekt bæjarskrifstofu Hafnarfjarðar

Um síðustu áramót var *vinnustund* tekin upp við höfnina. Við upptöku kerfisins kom í ljós að fyrirkomulag og túlkun kjarasamninga hefur ekki verið fyllilega í samræmi við það sem almennt er hjá öðrum stofnunum bæjarins.

Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmanna segir í grein 2.4.2, en hún fjallar um daglegan vinnutíma og um skipulag vinnutíma:

Vinnutíma skal haga þannig að á 24 stunda tímabili, reiknað frá skipulögðu/venjubundnu upphafi vinnudags starfsmanns, fái starfsmaður a.m.k. 11 klst. samfellda hvíld.

Í grein 2.4.3.2 segir um sérstakar aðstæður:

Við sérstakar aðstæður er heimilt að stytta samfellda lágmarkshvíld í allt að 8 klst. og lengja vinnulotu í allt að 16 klst., þ.e.a.s. við ófyrirsjáanleg atvik þegar þjarga þarf verðmætum.

Í grein 2.4.5. segir um frítökurétt:

Almenn skilyrði frítökuréttar. Hafi stjórnandi metið það svo að brýn nauðsyn sé til að starfsmaður mæti til vinnu áður en 11 klst. lágmarkshvöld er náð, skapast frítökuréttur, 1½ klst. (í dagvinnu) fyrir hverja klukkustund sem hvíldin skerðist.

Loks fjallar grein 2.4.5.8 um greiðslu hluta frítökuréttar:

Heimilt er að greiða út ½ klst. (í dagvinnu) af hverri 1½ klst. sem starfsmaður hefur áunnið sér í frítökurétt, óski hann þess.

Í þeim tilvikum að hvíldartímaákvæði hefur verið brotið, sbr. grein 2.4.2 hér að ofan, hefur fyrirkomulagið á höfninni verið þannig að hann hefur fengið dagvinnukaup næsta dag og yfirvinnu að auki þangað til vinnu hans lýkur. Þetta er ekki í samræmi við ofangreind ákvæði kjarasamningsins.

7.7. Starfsmannakostnaður

Árið 2014 nam starfsmannakostnaður alls um 4,2 m.kr., þar af nam menntunar og námskostnaður um 465 þ.kr. og annar starfsmannakostnaður um 1,4 m.kr. Starfsmannakostnaður hefur aukist að jafnaði um 14% á milli ára frá 2010.

Tafla 139 Sundurliðun starfsmannakostnaðar árin 2010-2014, þ.kr.

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2010-2014

Starfsmannakostnaður	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting	Árleg
						2014/2013	frá 2010
Fæðis- og kaffikostnaður	591	559	866	691	733	6%	6%
Vinnufatnaður	984	864	1.337	1.337	1.596	19%	13%
Menntun og námskostnaður	200	309	295	533	465	-13%	24%
Annar starfsmannakostnaður	684	807	1.040	1.152	1.431	24%	20%
Samtals í þús. kr.	2.459	2.539	3.538	3.712	4.225	14%	14%

Undir liðnum annar starfsmannakostnaður árið 2013 var færður styrkur til starfsmanna vegna ferðar til Cuxhaven að upphæð 300.000 kr. Annar kostnaður sem fellur undir annan starfsmannakostnað er tryggingar starfsmanna (557 þ.kr. árið 2013), læknisvottorð, fjölskyldudagur og haustfagnaður.

7.8. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkaði milli árana 2013 og 2014

Athygli vekur að skrifstofu og stjórnunarkostnaður hefur lækkað á milli árana 2013 og 2014. Kostnaður við lögfræðilega aðstoð, rekstur tölvubúnaðar og aðra sérfræðiaðstoð hefur lækkað verulega á milli árana. Samtals námu þessir liðir um 12,7 m.kr. árið 2013 en lækkuðu í um 8,0 m.kr. árið 2014.

Það vekur athygli að félagsgjöld hækka um 56% á milli árunna 2013 og 2014. Skýring hækkunarinnar liggur að mestu í því að á árinu gekk höfnin í Íslenska sjávarklasann, en árgjaldið þar var 650 þ.kr. Annað sem bókfært er á liðinn er félagsgjald í Hafnasambandi Íslands (800 þ.kr.), Cruise Iceland (300 þ.kr.) og Cruise Europe (200 þ.kr.), Íslensk-grænlenka viðskiptaráðið, Íslensk-færeyska viðskiptaráðið og Norðurskautsviðskiptaráðið (alls 125 þ.kr.).

Tafla 140 Sundurliðun skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar 2010-2014, þ.kr.

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2010-2014

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting	Árleg
						2014/2013	frá 2010
Sími	2.118	2.668	1.551	2.170	1.702	-22%	-5%
Póstur, bækur, ritföng og áhöld	1.635	1.488	1.885	1.483	1.797	21%	2%
Lögfræðileg aðstoð	1.006	434	1.821	2.278	1.483	-35%	10%
Önnur sérfræðiaðstoð	127	1.937	915	8.004	5.199	-35%	153%
Rekstur tölvubúnaðar	464	881	1.113	2.446	1.378	-44%	31%
Aðkeyptur akstur	441	493	424	910	1.169	28%	28%
Markaðssetning og auglýsingar	3.935	4.288	4.733	4.829	3.726	-23%	-1%
Ferðakostnaður og risna	2.551	2.223	4.185	4.073	2.447	-40%	-1%
Félagsgjöld	1.000	1.497	1.510	1.398	2.178	56%	21%
Styrkir og gjafir	2.555	2.210	2.038	2.522	1.847	-27%	-8%
Afmæli, bókaritun og annað	2.555	5.000	4.183	1.765	255	-86%	-44%
Þátttaka í kostnaði aðalsjóðs	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	0%	0%
Samtals í þús. kr.	19.387	24.118	25.358	32.879	24.182	-26%	6%

Hár kostnaður við lögfræðilega aðstoð kom til vegna samninga við Alcan, málshöfðunar, innheimtukostnaður og álitsgerð.

Kostnaður vegna annarrar sérfræðiaðstoðar hækkar 915 þ.kr. árið 2012 í 8.004 þ.kr. árið 2013 og er einnig nokkuð hár árið 2014. Skýringar þessarar hækkunar er umtalsverður kostnaður vegna fasteignagjalda af óúthlutuðum lóðum en þessi upphæð nam 5,5 m.kr. árið 2013 og var fært á þennan lið árið 2013. Árið 2014 nam þessi kostnaðarliður um 5,2 m.kr., sem kom til vegna greiðslu til Stuðuls vegna Bláfána og lóðamála (1,7 m.kr.), til Strendings vegna hótelskips (934 þ.kr.), arkitekta vegna lóða og Norðurgarðs (843 þ.kr.), vegna vistunar gamalla skjala (874 þ.kr.) og annað smærra (870 þ.kr.).

7.9. Rekstur húsnæðis og lóðar

Rekstur húsnæðis og lóðar hefur hækkað verulega á tímabilinu. Hækkunin kemur fyrst og fremst til vegna álagningar fasteignagjalda, sem hækkuðu umtalsvert í kjölfar þess að höfninni var gert að greiða fasteignagjöld af óúthlutuðum lóðum, en svo hafði ekki verið gert áður.

Tafla 141 Sundurliðun kostnaðar við rekstur húsnæðis og lóðar 2010-2014

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2010-2014

Rekstur húsnæðis og lóðar	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting	Árleg
						2014/2013	frá 2010
Rafmagn, hiti og vatn	1.104	976	963	931	1.055	13%	-1%
Viðhald og rekstur húsnæðis	236	433	257	659	221	-66%	-2%
Fasteignagjöld og lóðarleiga	1.511	1.454	1.484	1.967	7.592	286%	50%
Annar húsnæðiskostnaður	146	117	192	229	226	-1%	12%
Samtals í þús.kr.	2.997	2.980	2.896	3.786	9.094	140%	32%

7.10. Rekstur bifreiða og flutningatækja

Hafnarsjóður á vörubíl (metan), pick-up og fólksbíl (rafbíll). Árlegur rekstrarkostnaður við bifreiðarnar hefur verið á bilinu 2,4-4,4 m.kr. og vegur viðhald þar mest. Kostnaðurinn hefur mestur verið vegna vörubifreiðarinnar. Það vekur spurningu um nauðsyn þess að höfnin eigi og reki eigin vörubifreið, eða hvort réttara sé að samnýta vörubifreið með þjónustumiðstöð bæjarins.

Tafla 142 Sundurliðun kostnaðar við bifreiða og flutningatækja 2010-2014

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2010-2014

Rekstur bifreiða og flutningatækja	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting	Árleg
						2014/2013	frá 2010
Eldsneyti	973	1.261	1.290	1.199	1.245	4%	6%
Viðhald	875	1.842	2.651	773	2.218	187%	26%
Söluhagnaður og tap	0	0	132	0	0		
Skattar og tryggingar	537	395	298	363	469	29%	-3%
Samtals í þús.kr.	2.385	3.498	4.370	2.335	3.932	68%	13%

7.11. Rekstur lóðs og hafnsögu

Talsverður kostnaður er við rekstur lóðsbáta. Árið 2014 var kostnaður við lóðsbát og hafnsögu um 90 m.kr. og hafði þá hækkað úr 74 m.kr. árið 2013.

Tafla 143 Sundurliðun kostnaðar við rekstur lóðsbáta og hafnsögu 2010-2014

Heimild: Aðalbækur og ársreikningar Hafnarfjarðarhafnar 2010-2014

Lóðsbátar og hafnsaga í þ.kr.	2010	2011	2012	2013	2014
Bátsleiga Þróttur	11.291,7	13.422,2	16.585,7	18.191,0	18.351,6
Bátsleiga Hamar	17.483,8	18.781,8	19.658,6	18.997,3	20.644,1
Tekjur af hafnsögugjöldum	13.290,7	12.916,6	13.603,1	15.123,7	15.548,3
Tekjur samtals	42.066,2	45.120,6	49.847,4	52.312,0	54.543,9
Rekstrarkostnaður	-11.295,3	-9.710,0	-19.764,9	-8.687,2	-20.829,6
Kostnaður við hafnsögu	-41.654,7	-39.623,7	-43.645,5	-65.293,7	-69.094,4
Kostnaður samtals	-52.950,0	-49.333,7	-63.410,4	-73.980,9	-89.924,0
Framlegð	-10.883,8	-4.213,1	-13.563,0	-21.669,0	-35.380,1


Árið 2014 var rekstrarkostnaður við bátana um 20,8 m.kr. og kostnaður við hafnsögu var 69,2 m.kr. Árið 2013 nam kostnaður við rekstur lóðsbátanna um 8,7 m.kr. og rekstur við hafnsögu um 65,3 m.kr. Skýring mikils kostnaðar við rekstur bátanna árið 2014 felst í viðhaldskostnaði.

Síðustu ár hefur kostnaður við lóðsbátana verið á bilinu 49,3 m.kr. til 89,9 m.kr. Tekjur hafa verið frá 42,0 m.kr. til 54,5 m.kr. Framlegð lóðsbátanna hefur því engin verið og um 4,2 til 35,4 m.kr. vantað upp á að beinar tekjur standi undir kostnaði. Það verður að hafa í huga við skoðun á þessu upphæðum að starfsmenn í hafnsögu sinna öðrum störfum við höfnina samhliða, en launakostnaður vegna þeirra hefur allur verið færður á hafnsöguna, s.s. skrifstofustörfum og stjórnun. Ef halda á sérstaklega utan um kostnað við einstaka þætti í rekstri hafnarinnar þyrfti að bæta úr þessu og skrá kostnaðinn á móti tekjunum s.s. með verkþókhaldi sambærilegu við það sem starfsmenn þjónustumiðstöðvar bæjarins gera.

7.12. Markaðs- og ferðakostnaður lækkaði 2014

Árin 2006/2007 var tekin ákvörðun um að leggja aukna áherslu á að markaðssetja höfnina sem áfangastað fyrir skemmtiferðaskip. Í kjölfar þess jókst kostnaður við markaðsmál nokkuð. Sjá má hvernig kostnaður við markaðsmál, móttöku skemmtiferðaskipa og dagpeninga/ferðakostnað hefur þróast frá árinu 2008 til 2014 á myndinni hér að neðan.

Kostnaður við markaðsmál, móttöku skemmtiferðaskipa og vegna ferða




Mynd 58 Kostnaður við markaðsmál, móttöku skemmtiferðaskipa og vegna ferða

Heimild: Ársreikningar Hafnarfjarðarhafnar 2008-2014 (sundurliðun var ekki í ársreikningum 2005-2007)

Það er ekki að sjá að markaðssetningin hafi verið hluti af samræmdri markaðsstefnu sveitarfélagsins í heild. Í stefnuriti hafnarinnar frá því í mars árið 2010 kemur fram hvernig unnið skuli að markaðssetningu hafnarinnar. Þar segir í lið 7 Markaðssetning:

- Taka þátt í markaðssetningu iðnaðarsvæða Hafnarfjarðar með Hafnarfjarðarbæ, Fjárfestingarstofu Íslands og fleirum.
- Halda áfram markaðsstarfi og efla tengsl hafnarinnar við útgerðir skemmtiferðaskipa og þjónustuaðila þeirra á Íslandi. Að kynna höfnina á sýningum og með heimsóknum til útgerða skemmtiferðaskipa. Að kynna Hafnarfjörð sem áhugaverðan áfangastað fyrir ferðamenn á ferðasýningum og -ráðstefnum og með öðrum tiltækum ráðum.
- Vera virkur þátttakandi í samstarfi samtaka eins og Cruise Iceland og Cruise Europe.
- Bein markaðssókn með heimsóknum til útgerðarfyrirtækja.
- Þátttaka í fagsýningum fyrir sjávarútvegsfyrirtæki og skemmtiferðaskip.
- Halda úti áhugaverðri og upplýsandi heimasíðu, sem birtist framarlega í leitarvélum.
- Að upplýsa bæjarbúa og starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar reglulega um starfsemi hafnarinnar.

Svo virðist sem markaðsáherslur hafnarinnar hafi ekki skilað miklum árangri. Ef litið er til heildartekna hafnarinnar þá má segja að þær hafi staðið í stað (miðað við fast verðlag). Í samanburði við hafnir á Íslandi þá hafa tekjur Hafnarfjarðarhafnar hins vegar ekki náð að halda hlutdeild sinni og síðustu ár hefur hlutdeildin minnkað. Þetta á ekki síst við um tímabilið frá 2011-2013. Sérstaklega hefur hlutdeild hafnarinnar í hafnargjöldum minnkað. Árið 2009 hafði hún hækkað úr 3,8% árið 2007 í um 5,1% en árið 2013 hafði hún lækkað í um 3,0%⁵.



Mynd 59 Hlutdeild Hafnarfjarðarhafnar í tekjum hafna á Íslandi árin 2005-2013

Heimild: Hafnasamband Íslands, Úttekt og greining á fjárhagsstöðu hafna 2014

Á tímabilinu 2010-2014 lagði höfnin samtals um 23 m.kr. í auglýsingar og markaðssetningu, auk þess sem eðlilegt væri að heimfæra kostnað vegna ferða á þessar áherslur hafnarinnar, sbr. stefnumið hafnarinnar sem áður var minnst á. Að viðbættum ferðakostnaði má gera ráð fyrir því að kostnaður við markaðssetningu hafnarinnar hafi numið að minnsta kosti um 32,4 m.kr. miðað við meðalverðlag ársins 2014 á fyrrgreindu tímabili.

Í þessu ljósi vekur athygli sú mikla áhersla sem lögð hefur verið á það að hafnarstjóri sækir ráðstefnur erlendis til að kynna höfnina. Á meðfylgjandi töflum má sjá yfirlit yfir þær ferðir sem

⁵ Upplýsingar unnar úr skýrslum Hafnasambands sveitarfélaga (úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna).

hafnarstarfsmenn hafa farið á tímabilinu 2011-2014, flestar erlendis. Þær ferðir sem farnar voru innanlands voru vegna þátttöku á Hafnasambandsþingum og vegna annars samstarfs hafna.

Það fyrirkomulag hefur verið á greiðslum dagpeninga vegna ferða hafnarstjóra að bæjarstjóri hefur hverju sinni skrifað upp á reikninga hafnarstjóra vegna þessara ferða. Það vekur nokkra athygli vegna þess skipulags sem verið hefur á stjórn hafnarinnar hingað til. Hafnarsjóður hefur heyrt undir hafnarstjórn, hafnarstjóri verið starfsmaður hafnarinnar og heyrt beint undir hafnarstjórn. Hafnarstjórn hefur verið ábyrg gagnvart bæjarstjórn, en bæjarstjóri ekki haft beina aðkomu að stjórnun hafnarinnar, hvorki sem ákvörðunaraðili eða eftirlitsaðili. Það að bæjarstjóri hafi skrifað undir dagpeningaskýrslur varpar ákveðnu ljósi á að skerpa þarf á stjórnskipulegri stöðu hafnarinnar og hafnarstjóra. Sérstaklega verður vikið að stjórnskipulegri stöðu hafnarinnar síðar.

Árið 2011 voru farnar átta ferðir og fór hafnarstjóri allar ferðirnar. Lengsta ferðin tók átta vinnudaga, en samtals tóku ferðirnar 29 daga (talið eftir fjölda daga greidda með dagpeningum). Heildarkostnaður við ferðirnar nam 1,7 m.kr., þar af voru dagpeningar um 878 þ.kr. Lengsta ferðin var til Miami.

Árið 2012 voru farnar 10 ferðir, þar af fóru tveir starfsmenn í eina ferð. Hafnarstjóri fór í sjö þessara ferða og hafnarstarfsmaður þrjár. Samtals tóku þessar ferðir líklega um 50 daga (upplýsingar um fjölda daga vegna ferðar til Cork bárust ekki, 43 dagar án hennar). Heildarkostnaður við ferðirnar nam um 3,3 m.kr., þar af voru dagpeningagreiðslur 1,9 m.kr.

Tafla 144 Yfirlit yfir ferðakostnað innanlands árin 2011-2014

Heimild: Skrifstofa hafnarinnar

Ár	Staður	Tilgangur	Heildar- kostnaður	Dagpeningar	Kostnaður v./maka (gisting og ferðir)	Þátttakendur
2011	Akureyri	Fundur á Akureyri	29.248	9.400	0	Hafnarstjóri
2011	Mývatn	Aðalfundur Cruise Iceland á Mývatni	65.075	35.400	0	Hafnarstjóri
2012	Vestmannaeyjar	Hafnasambandsþing	347.653	0	59.600	Stjórn 5 + 4 makar, bæjarstjóri, starfsmenn 2 + 2 makar
2013	Akureyri	Fundur v. strandsiglinga	65.490	19.400		
2013	Reyðarfjörður	Río Tinto samningar	31.472	0		
2014	Fjallabyggð	Hafnasambandsþing	608.716	0	208.000	Stjórn 4 + 2 makar, starfsmenn 2 + 2 makar
Samtals			1.147.654	64.200	267.600	

Árið 2013 voru farnar 10 ferðir, þar af fór hafnarstjóri níu ferðir og annar með honum eina í eina ferð. Samtals tóku þessar ferðir 48 vinnudaga. Heildarkostnaður við þessar ferðir nam 3,2 m.kr., þar af voru dagpeningar 1,6 m.kr. Lengstu ferðirnar voru til Rússlands og Hamborgar (11 dagar) og Miami (8 dagar).

Árið 2014 lækkaði kostnaður vegna ferða nokkuð og ferðum fækkaði. Hætt var við þátttöku í ráðstefnu Cruise Iceland í Miami. Samtals voru farnar fjórar ferðir árið 2014. Ferðirnar tóku 14 vinnudaga og greiddir voru dagpeningar fyrir 11 daga. Heildarkostnaður við þessar ferðir nam 853 þ.kr. Það vekur athygli að engir dagpeningar voru greiddir vegna ferðar hafnarstjóra til Brussel.

Þetta kom til af því að bæjarstjóri samþykkti ekki að greiða dagpeninga vegna þessarar ferðar. Hafnarstjóri hafði hins vegar samþykkt að vera ræðumaður á ráðstefnunni og gengið frá því um vorið 2014.

Í flestum tilvikum virðist nokkuð samræmi milli dagpeningagreiðslna og fjölda daga sem sá viðburður sem sóttur er stendur og jafnvel þannig að fjöldi daga sem greitt er fyrir er jafn dagafjölda viðburðar. Gera má ráð fyrir því að fjöldi daga sem dagpeningar eru greiddir fyrir geti verið 1-2 dögum umfram dagafjölda viðburðar. Það skýtur því skökku við þegar ferðir til Miami eru skoðaðar. Þar er viðburðurinn 5 dagar en greitt er fyrir 8 daga.

Tafla 145 er yfirlit yfir ferðir hafnarstjóra og í nokkrum tilfellum hafnarstarfsmanns á tímabilinu 2011-2014. Samkvæmt upplýsingum frá hafnarstjóra eru dagpeningar eingöngu greiddir þegar dvalar- og fæðiskostnaður er ekki greiddur af ráðstefnuhaldara eða höfninni. Í þeim tilvikum að gisting var innifalin í ráðstefnugjöldum voru eingöngu greiddir dagpeningar vegna fæðis. Í þeim tilvikum að hafnarstjóri bauð tengilið í mat eða drykk til að styrkja tengslin greiddi hann þó bæði fyrir sjálfan sig og tengiliðinn.

Hafi makar fylgt með í ferðir hafa þeir ávallt greitt fyrir sig sjálfir, að sögn hafnarstjóra, nema þegar farið hefur verið á Hafnasambandsþing, þá hefur allur kostnaður vegna starfsmanna, stjórnarmanna og maka verið greiddur af höfninni. Í þeim tilvikum hafa ekki verið innheimtir dagpeningar.

Tafla 145 Yfirlit yfir ferðakostnað og dagpeninga hafnarstarfsmanna árin 2011-2014

Heimild: Skrifstofa hafnarinnar

Dagsetningar	Áfangastaður	Tilgangur ferðar	Lengd ráðstefnu	Dagar í dagpeningum	Heildarkostnaður	þ.a. dagpeningar	
2014: 12 ráðstefnudagar, dagpeningar í 12 daga	12.-20. sept. 2014	Barcelona	Sýning fyrir skemmtiferðaskip, með Cruise Iceland	4	5	320.389	227.392
	14.-15. október	Brüssel	Fyrirlisari á ráðstefnu Arctic Counsel um viðskipti á Norðurskautinu	2	0	117.383	
	Dags. vantar hafnarstarfsm.	NUUK	Fyrirtækjastefnumót með Íslandsstofu og Flugfélagi Íslands	3	3	199.885	
	Dags. vantar hafnarstarfsm.	Sisimiut	Sjávarútvegssýning í Sisimiut.	3	4	215.811	
2013: 41 ráðstefnudagar, dagpeningar í 48 daga	3.-5. feb. 2013	Madrid	Með Mannviti á ráðstefna um orkuvinnslu, m.a. í úthafinu	1	3	88.380	
	8.-17. mars 2013	Miami	Sýning fyrir skemmtiferðaskip, með Cruise Iceland	5	8	499.775	418.915
	8.-12. apríl 2013, hafnarstarfsm.	Þórshöfn	Sjávarútvegssýning í Færeyjum	3	5	215.848	69.389
	8.-12. apríl 2013	Aberdeen	Kynnisferð um þjónustu við oliuvinnslu í Norðursjó á vegum Íslandsstofu	4	5	251.606	162.504
	22.-25. apríl 2013	Le-Havre	Aðalfundur og ráðstefna Cruise Europe	2	4	310.115	124.714
	24.-27. maí 2013	Færeyjar	Heimsókn til hafna í Færeyjum með stjórn Hafnasambands Ísl.	4	0	61.317	61.317
	4.-5. sept. 2013	Kolding	Ráðstefna og fundur vegna olíu- og gasþjónustu, með Íslenska Sjávaráskilum.	1	0	68.673	53.515
	16.-26. sept. 2013	Rússland og Hamborg	Heimsóknir til útgerðarfyrirtækja og umboðsfyrirtækja í St. Pétursborg, Murmansk og Kaliningrad, með Gáru ehf. Skemmtiferðaskipásýning í Hamborg í beinu framhaldi.	11	11	823.176	402.556
	7.-12. okt. 2013	Álaborg	Sjávarútvegssýning og heimsóknir til Álaborgarhafnar og Norðurskautsráðs Norður Jótlands	4	6	282.385	210.102
	24-26. okt. 2013, hafnarstarfsm.	NUUK	Fyrirtækjastefnumót með Íslandsstofu og Flugfélagi Íslands	3	3	303.928	46.259
24.-26. okt. 2013	NUUK	Fyrirtækjastefnumót með Íslandsstofu og Flugfélagi Íslands	3	3	325.952	46.259	
2012: >32 ráðstefnudagar, dagpeningar í 43 daga	10.-16. feb 2012	Bremen, Cuxhaven	Sjávarútvegssýning í Bremen, með Íslandsstofu og heimsókn til DFFU í Cuxhaven	5	7	368.049	278.329
	9.-18. mars 2012	Miami	Sýning fyrir skemmtiferðaskip, með Cruise Iceland	5	8	554.321	458.814
	23.-26. apríl 2012	Greenwich	Aðalfundur og ráðstefna Cruise Europe	2	4	360.430	203.265
	15.-16. maí 2012	Ísafjörður	Heimsókn til hafna á Vestfjörðum, með stjórn Hafnasambands Íslands	2	0	Greitt af Hafnasambandi sveitarfélaga	
	25.-26. maí 2012	Flúðir, Vík í Myrdal	Aðalfundur Cruise Iceland, FAM ferð með fulltrúum skemmtiferðaskipafélaga	2	2	19.400	19.400
	13.-18. ágúst 2012 hafnarstarfsm.	Þrándheimur	Sjávarútvegssýning	4	6	452.886	91.169
	4.-7. okt. 2012, hafnarstarfsm.	Sisimiut	Sjávarútvegssýning í Sisimiut.	3	4	256.019	157.431
	4.-7. okt. 2012	Sisimiut	Sjávarútvegssýning í Sisimiut.	3	4	267.563	157.431
	28.-30. okt. 2012, hafnarstarfsm.	NUUK	Fyrirtækjastefnumót með Íslandsstofu og Flugfélagi Íslands	3	3	315.984	48.998
	Dagsetn. vantar, hafnarstarfsm	Cork, Írland	International Harbor Masters			452.436	345.976
26.-30. nóv. 2012	Marseille	Sýning fyrir skemmtiferðaskip, með Cruise Iceland	3	5	299.418	179.469	
2011: 23 ráðstefnudagar, dagpeningar í 29 daga	11.-19. mars 2011	Miami	Sýning fyrir skemmtiferðaskip, með Cruise Iceland	5	8	485.338	351.744
	6.-12. maí 2012	Stavanger	Aðalfundur og ráðstefna Cruise Europe. Heimsókn til SVEO kommune	6	7	397.257	246.235
	20.-21. maí 2011	Brjánsklækur	Heimsókn með Norskum gestum.	2	2	17.500	17.500
	26.-27. maí 2011	Mývatn	Aðalfundur Cruise Iceland, FAM ferð með fulltrúum skemmtiferðaskipafélaga	2	2	81.600	36.600
	13.-15. júní 2011	Brüssel	Ársfundur félags eigenda skemmtiferðaskipa	2	3	238.503	52.444
	28. apríl 2011	Akureyri	Vinnufundur um strandsiglingar				
	26.-29. sept 2011	Hamborg	Sýning fyrir skemmtiferðaskip, með Cruise Iceland	3	4	191.674	128.977
	17.-19. okt. 2011	NUUK	Fyrirtækjastefnumót með Íslandsstofu og Flugfélagi Íslands	3	3	255.588	45.425
Samtals fyrir árin 2011-2014			108	132	9.098.589	4.642.129	

Hafnarjardarbær

Úttekt á rekstri og stjórnskipulagi

Töflurnar hér að ofan sýna sundurliðun allra ferða starfsmanna hafnarinnar árin 2011-2014 (tölur í töflunni eru á verðlagi hvers árs).

Í heild tóku ferðirnar 137 daga á þessu fjögurra ára tímabili og nam kostnaður vegna þeirra alls um 9,1 m.kr., þar af var kostnaður vegna dagpeninga um 4,6 m.kr., vegna ferða annarra en vegna samstarfs hafna (Hafnasambandsþing o.fl.). Til samanburðar námu dagpeningar vegna ferða erlendis vegna allra annarra starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar um 12,6 m.kr. á sama tímabili.

7.13. Rekstur hafnarmannvirkja

Kostnaður við rekstur hafnarmannvirkja hefur aukist um 14% að jafnaði á milli ára frá árinu 2010 til 2014 og er það umtalsvert umfram verðlagshækkunir. Mestu munar um kostnað við viðhald

Tafla 146 Sundurliðun á rekstri hafnarmannvirkja árin 2010-2014

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2010-2014

Rekstur hafnarmannvirkja	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting	Árleg
						2014/2013	frá 2010
Siglingavernd	723	621	1.293	845	2.345	178%	34%
Móttaka skemmtiferðaskipa	3.504	1.825	2.199	1.437	1.981	38%	-13%
Öldumælar	383	273	605	405	908	124%	24%
Sorphirða	1.603	1.296	1.524	1.400	1.500	7%	-2%
Snjómokstur	0	28	47	54	165	206%	
Hreinsun hafnarsvæða	2.251	1.208	2.215	1.430	2.105	47%	-2%
Rafmagn	3.554	3.522	741	4.525	4.652	3%	7%
Tryggingar	0	1.383	3.104	1.595	12	-99%	
Viðhald áhalda og tækja	455	1.399	1.020	2.205	3.045	38%	61%
Viðhald bakka	18.981	26.781	16.232	20.664	37.092	80%	18%
Samtals í þús.kr.	31.454	38.336	28.979	34.560	53.806	56%	14%

bakka.

Kostnaðaraukning vegna siglingaverndar kemur til af endurnýjun eftirlitsmyndavéla. Líftími vélanna er um 10 ár og kominn tími á endurnýjun. Kostnaður við móttöku skemmtiferðaskipa er að stærstum hluta vegna áætlanferða með áhafnir og þá farþega sem ekki hafa farið í skipulagðar skoðanaferðir. Hópurinn hefur annars stoppað við Fjörðinn í Hafnarfirði og hins vegar við ráðhús Reykjavíkur. Um hefur verið að ræða reglubundnar ferðir á klukkustundafresti á meðan skip er í höfn.

Kostnaðaraukning vegna hreinsunar hafnarsvæða kemur til vegna hreinsunaráttaks árið 2014.

7.14. Höfnin 100 ára – söguritun

Í byrjun árs 2010 tók stjórn hafnarinnar fyrir hugmynd að ritun sögu Hafnarfjarðarhafnar. Þar var samþykkt að hefja leit að sagnaritara. Á fundi hafnarstjórnar þann 10. febrúar var samþykkt að auglýsa útboð. Tilboð voru svo tekin fyrir á fundi stjórnarinnar þann 10. mars 2010 og þann 12. maí er upplýst að viðræður séu í gangi. Alls bárust níu tilboð í verkefnið og voru tilboðin að

meðaltali um 8,1 m.kr., hæsta tilboðið nam 20,1 m.kr., það lægsta 2,5 m.kr. en tilboð Ljósmyndar nam um 9,6 m.kr.

Þann 26. maí 2010 samþykkti stjórn hafnarinnar að ganga að tilboði um ritun sögu hafnarinnar og hljóðar bókun hafnarstjórnar svo:

Hafnarstjórn felur ritnefnd að ganga til samninga við Ljósmynd, Lárus Karl Ingason, ásamt Björn Pétursson og Steinunni Þorsteinsdóttur sagnfræðinga, um ritun sögu hafnarinnar á grundvelli tilboðs þeirra í verkefnið.

Ritnefnd leggi drög að samningi fyrir hafnarstjórn.

Athygli vekur að tveir tilboðsgjafa voru starfsmenn bæjarins á þeim tíma sem tilboðinu var tekið og söguritun átti sér stað, þ.e. forstöðumaður Byggðasafns Hafnarfjarðarbæjar og upplýsinga- og kynningarfulltrúi bæjarins.

Tafla 147 Skipting kostnaðar við söguritun samkvæmt tilboði Ljósmyndar

Heimild: Tilboð Ljósmyndar

Áætluð skipting kostnaðar skv. tilboði	Krónur
Prentun og uppsetning	2.600.000
Ljósmyndir/nýjar tölur/eftirtölur/myndasöfn	1.500.000
Handrit/heimildarvinna/þýðingar/prófarkalestur	5.000.000
Umsjón	500.000
Heildarverð*	9.600.000

* Í tilboðinu segir: "Ofangreindar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts og greiðist virðisaukaskattur, af þeim verkhlutum sem við á, samhliða hverri greiðslu."

Á fundi þann 23. júní 2010 kemur fram að verkskil verði í nóvember 2011.

Þann 13. nóvember 2012 er svo fært til bókar að kostnaður við útgáfuna hafi aukist og er óskað eftir því að stjórn hafnarinnar samþykki aukin framlög. Beiðninni var vísað til ritnefndarinnar. Á fundi hafnarstjórnar þann 27. nóvember 2012 samþykkti stjórn hafnarinnar aukinn kostnað að upphæð 1,7 m.kr. sem lokagreiðslu fyrir verkið.

Þann 13. desember 2012 samþykkti hafnarstjórn að formleg afhending bókarinnar fari fram þann 28. desember 2012.

Heildarkostnaður hafnarinnar við ritun sögunnar nam 11,7 m.kr. á verðlagi hvers árs, en fært til verðlags í apríl 2015 nemur þessi upphæð um 12,1 m.kr. Bókin var prentuð í 1.000 eintökum og um 600 eintök eru enn til. Hún hefur ekki farið í sölu en verið notuð til gjafa.

7.15. Minnkandi EBITDA

EBITDA (earnings before interest taxes, depreciation and amortisation) má segja að sé framlegð rekstrar til greiðslu vaxta, afborgana af lánum og til fjárfestinga.

EBITDA er gjarnan sett fram í hlutföllum af tekjum, en einnig í hlutfall við greiðslur af lánum. EBITDA í hlutfalli við tekjur segir til um hversu mikið af tekjum rekstrarins stendur eftir til að greiða annað en venjubundinn rekstur. EBITDA í hlutfall við afborganir og vexti, greiðsluþekja (e. debt service cover ratio; DSCR), segir hversu vel framlegð frá rekstri þekur afborganir og vexti, þ.e. nægir hún til þess að greiða afborganir og vexti eða þarf að taka lán til þess. Þá segir EBITDA í hlutfalli við vaxtagreiðslur, vaxtaþekja, til um hversu vel framlegðin þekur vaxtagreiðslur án afborgana (e. interest cover ratio; ICR).

Með því að nota EBITDA framlegð má sjá hver afkoma hvers sjóðs er án framlaga frá öðrum sjóðum eða fyrirtækjum sveitarfélagsins. EBITDA gefur þannig til kynna greiðslugetu hvers sjóðs um sig þegar greitt hefur verið fyrir þá þjónustu sem sveitarfélaginu er gert að veita.

Á meðalverðlagi ársins 2014 var EBITDA að jafnaði um 147,3 m.kr. Hæst fór hún í 221 m.kr. árið 2007 og svo árið 2011 þegar hún var 182 m.kr. Frá árinu 2011 hefur hún lækkað ár frá ári og var 124 m.kr. árið 2014.

Svo sem sjá má í töflunni (verðlag hvers árs) hér fyrir neðan hafa tekjur hækkað síðustu ár, en kostnaður hefur hækkað umfram tekjuhækkunina. Þannig hafa tekjur aukist úr því að vera 401,3 m.kr. árið 2011 í 427,4 m.kr. árið 2014 (26,1 m.kr.), en á sama tíma hækkaði rekstrarkostnaður úr 248,4 m.kr. í 303,1 m.kr. (54,7 m.kr.).


Tafla 148 Rekstrarreikningur hafnarinnar 2005-2014

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2005-2014

(ISK í milljónum)	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Rekstrarreikningur										
Rekstrartekjur	221,0	245,7	312,5	337,2	314,9	347,1	401,3	392,0	394,8	427,4
Tekjur	245,0	261,7	324,3	350,9	325,2	357,1	411,6	397,8	399,9	432,4
Almenn hafnargjöld	151,0	165,1	192,5	197,2	181,7	211,3	244,9	235,2	228,5	257,6
Seld þjónusta	61,0	60,5	76,9	77,6	72,7	84,7	88,9	101,5	106,0	109,8
Leigutekjur	29,4	35,7	52,4	74,3	70,5	59,5	55,0	54,6	61,2	63,0
Ýmsar tekjur	3,5	0,3	2,4	1,8	0,4	1,6	22,9	6,5	4,4	2,0
Afslættir/afskrift tekna	-24,0	-16,0	-11,7	-13,6	-10,3	-10,0	-10,3	-5,9	-5,2	-5,0
Rekstrarkostnaður	-134,1	-199,3	-168,9	-224,8	-211,5	-211,3	-237,9	-248,4	-266,5	-303,1
Skrifstofa og stjórnun	-32,6	-40,6	-40,5	-53,4	-57,5	-47,4	-43,4	-47,1	-51,4	-44,6
Rekstur hafnarmannvirkja	-45,4	-67,0	-62,9	-71,7	-71,5	-84,8	-98,8	-94,6	-98,3	-125,2
Lóðsbátur og hafnsaga	-38,0	-63,1	-47,5	-50,8	-47,6	-53,0	-49,3	-63,4	-74,0	-89,9
Vatn og rafm. til endursölu	-10,5	-14,2	-12,4	-16,2	-20,3	-20,4	-19,6	-19,9	-20,8	-21,4
Rekstur fasteigna og tækja	-3,4	-3,7	-4,0	-5,5	-5,2	-4,8	-6,5	-7,2	-6,1	-7,2
Breyting lífeyrisskuldbind.	-4,1	-10,7	-1,6	-27,2	-9,5	-1,0	-20,2	-16,2	-15,9	-14,8
Framlegð rekstrar (EBITDA)	87,0	46,4	143,6	112,5	103,4	135,7	163,3	143,5	128,2	124,3
Afskriftir	-48,0	-58,7	-70,3	-80,7	-65,6	-64,2	-64,1	-63,4	-61,2	-57,1
Afkoma fyrir fjármagnsliði	39,0	-12,3	73,3	31,8	37,8	71,5	99,2	80,2	67,0	67,2
Fjármagnsliðir, nettó	120,8	-138,8	65,5	-811,8	-75,4	92,4	-101,0	-105,7	33,6	-15,0
Óvenjulegir liðir	103,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Niðurstaða ársins	263,4	-151,1	138,9	-780,0	-37,6	163,9	-1,8	-25,5	100,6	52,1

Í hafnalögum segir í 16. grein að eigendur hafna beri ábyrgð á skuldbindingum hafnarsjóðs. Í 3. mgr. 18. greinar er ákvæði sem kemur til framkvæmda þann 1. janúar 2016, en þar segir:

Rekstrarformi hafnar skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir. Sveitarstjórn er þó heimilt með samþykki ráðherra að veita aukið fjármagn til hafnar til þess að bæta eiginfjárstöðu hennar.



Mynd 60 Framlegð hafnarinnar árin 2005-2014 á meðalverðlagi ársins 2014

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2005-2014

Ef litið er til þessarar stærðar, þ.e. rekstrarafgangur fyrir afskriftir þá má sjá á myndinni hér að neðan að ekki hefði reynt á þetta ákvæði á höfninni. Rekstrarafgangur fyrir afskriftir á meðalverðlagi ársins 2014 var neikvæður í tvö ár á tímabilinu, þ.e. árin 2006 (149,4 m.kr.) og 2008 (957,1 m.kr.).

Ástæða þessarar afkomu árin 2006 og 2008 er að þessi ár var neikvæður gengismunur. Árið 2006 námu vaxtaberandi langtímaskuldir hafnarinnar alls um 838,8 m.kr. Skuldir hafnarinnar voru allar í erlendri mynt, mest í EUR, CHF og USD.


7.16. Næst lægsta framlegð 10 stærstu hafnanna árið 2013⁶

Í samanburði við tíu stærstu hafnir landsins var EBITDA Hafnarfjarðarhafnar næst lægst í hlutfalli af tekjum, næst á eftir Reykjaneshöfn.

⁶ Samanber nýjustu *Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna* sem Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur árlega fyrir Hafnasamband Íslands, 2014/25

Rekstrarafgangur án afskrifta

- í milljónum króna á meðalverðlagi 2014 -




Mynd 61 Rekstrarafgangur hafnarinnar án afskrifta árin 2005-2014

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2005-2014

Framlegð Hafnarfjarðarhafnar var um 32,5% árið 2013, en álíka tekjuhár hafnir höfðu hærri framlegð þetta ár, sbr. Hafnir Ísafjarðarbæjar með 51,5% framlegð og Hafnasamlag Norðurlands var með 42,3%.

EBITDA framlegð % af tekjum




Mynd 62 Framlegð í hlutfalli við tekjur hjá stærstu höfnum landsins árið 2013

Heimild: Hafnasamband Íslands, Úttekt og greining á fjárhag hafna 2014

Sé EBITDA framlegð borin saman við skammtímaskuldir fæst hugmynd um hve auðvelt hafnarsjóðir eiga með að standa undir skammtímaskuldbindingum. Þetta samband sést á myndinni fyrir ofan.

Framlegð Hafnarfjarðarhafnar var árið 2013 128,3 m. kr. en skammtímaskuldirnar voru 115,7 m. kr. Hlutfallið var því um 1,1 árið 2013. Hlutfallið hefur hækkað í 2,18 árið 2014, sem verður að teljast vel viðunandi.

Hlutfall milli framlegðar og skammtímaskulda, 2013



Mynd 63 Hlutfall framlegðar og skammtímaskulda hjá stærstu höfnum landsins árið 2013

Heimild: Hafnasamband Íslands, Úttekt og greining á fjárhag hafna 2014

Sé kannað hversu mörg ár það tæki Hafnarfjarðarhöfn að greiða upp langtímaskuldir sínar að lífeyrisskuldbindingum meðtöldum, ef allri framlegð ársins væri ráðstafað til þess, kemur í ljós að það tæki 7,5 ár. Miðað við stöðuna eins og hún var árið 2006 hefði það tekið 18,5 ár og hefur því staðan batnað umtalsvert sé litið á þennan mælikvarða.

7.17. Efnahagur og sjóðstreymi – lánsfjármögnun

Töflurnar hér að neðan sýna annars vegar þróun efnahagsreiknings hafnarinnar frá 2005 til 2014 og hins vegar sjóðstreymið.

Í efnahagsreikningnum hér að neðan og sjóðstreyminu má sjá að nokkur uppbygging á sér stað á fyrri hluta tímabilsins. Árið 1996 hóf höfnin uppbyggingu á nýju hafnarsvæði utan Suðurgarðs (Hvaleyrarhafnarsvæðið) og kostaði sú uppbygging að mati hafnarstjóra um 2,5-3,0 ma.kr. Þessari uppbyggingu lauk árið 2008. Fjármögnun framkvæmdanna var gerð með lántökum og sölu eigna, en höfnin hefur ekki fengið framlag úr ríkissjóði til uppbyggingar frá árinu 1993. Lántökur hafnarinnar voru í erlendri mynt og áhrif þess má sjá í umtalsverðri hækkun skulda árin 2008 og 2009, en þessi ár námu verðbætur og gengismunur 821,6 m.kr. (2008) og 107,4 m.kr. (2009).

Tafla 149 Efnahagsreikningur hafnarinnar 2005-2014

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2005-2014

(ISK í milljónum)	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Efnahagsreikningur										
Fastafjármunir:	3.075	3.071	3.090	3.101	3.060	3.012	3.003	2.954	2.897	2.847
Lóðir	1.709	1.619	1.511	1.511	1.511	1.513	1.561	1.561	1.561	1.561
Hafnarmannvirki	1.035	1.299	1.451	1.476	1.447	1.409	1.362	1.316	1.265	1.211
Húseignir	57	63	60	58	56	55	53	52	50	49
Hafnarbátar, vogir, bifreiða	70	69	66	56	45	35	27	26	21	26
Áhættufjármunir	203	21	0	0	0	0	0	0	0	0
Veltufjármunir:	294	323	390	394	514	107	125	125	134	153
Skammtímaskuldir	128	93	111	312	357	100	100	76	124	123
Handbært fé	167	230	278	82	156	6	25	49	9	30
Eignir alls	3.369	3.393	3.479	3.495	3.573	3.118	3.128	3.079	3.030	3.000
Eigið fé	2.544	2.392	2.531	1.751	1.714	1.878	1.876	1.850	1.951	2.003
Skuldbindingar	107	118	120	140	148	149	159	166	171	173
Langtímaskuldir	349	739	794	1.567	792	895	981	941	793	767
Skammtímaskuldir:	370	144	34	37	919	197	111	122	116	57
Skuld við aðalsjóð	0	0	5	3	0	0	10	11	19	0
Ýmsar skuldir	37	44	29	27	29	15	14	22	25	33
Næsta árs afb. líf.skuldb.	0	0	0	7	8	9	10	10	10	11
Næsta árs afborganir	333	100	0	0	882	174	78	79	62	13
Fjármögnun alls	3.369	3.393	3.479	3.495	3.573	3.118	3.128	3.079	3.030	3.000

Síðustu ár hefur hafnarsjóður unnið að því að grynka skuldir og dregið hefur úr framkvæmdum, en síðasta haust var þó ákveðið að efna samningsskyldur hafnarinnar við lóðarhafa Óseyrarbrautar 22 og nemur sú fjárfesting um 150 m.kr.

Í sjóðstreyminu má sjá að veltufé frá rekstri hefur lækkað á tímabilinu, hvort heldur litið er til niðurstöðunnar í krónum eða sem hlutfall af rekstrartekjum. Veltufé frá rekstri var hæst árið 2007 um 172,0 m.kr., en árið 2011 um 150,2 m.kr. og 108,7 m.kr. árið 2014.

Á tímabilinu hefur það lækkað úr því að vera um 30-40% í 25% árið 2014. Hæst var veltufé í hlutfalli af rekstrartekjum árið 2007 um 55%.

Fjárfestingar hafnarinnar eru tiltölulega litlar á tímabilinu. Mestar voru þær árið 2006 um 236,7 m.kr., en hafa verið innan við 55 m.kr. frá árinu 2009.

Eignabreytingar hafnarinnar hafa fyrst og fremst birst í lækkun skulda, en jákvætt handbært fé frá rekstri hefur verið nýtt til að greiða niður lán. Þetta má sjá í efnahagsreikningnum hér að neðan, en vaxtaberandi langtímaskuldir hafnarinnar hafa lækkað úr 981 m.kr. árið 2011 í 767 m.kr. árið 2014.

Í töflunni hér að neðan (Tafla 151) má sjá hvernig lánsfjármögnun hafnarsjóðs hefur verið háttað frá árinu 2005 til 2014. Nær allt tímabilið hefur höfnin verið fjármögnuð með erlendum lánnum. Vaxtagjöld hafa því almennt verið lægri en áhættan í rekstrinum verið mikil. Þetta birtist m.a. í þeim sveiflum sem sjá má í liðnum verðbætur og gengismunur. Árið 2005 var þróun gengis

hagstæð og skuldir lækkuðu um 134,3 m.kr., hækkuðu síðan árið eftir, lækkuðu árið 2007 og svo kemur skellurinn árið 2008. Það ár tvöfölduðust skuldir hafnarinnar, fóru úr því að vera um 794,1 m.kr. í um 1.567,0 m.kr. árið 2008 án þess að tekin væru ný lán á árinu. Skuldir hafnarinnar meira en tvöfölduðust á árunum 2008 og 2009 frá árinu 2007 og voru í árslok 2009 um 1.674,3 m.kr.

Tafla 150 Sjóðstreymi hafnarinnar árin 2005-2014

Heimild: Ársreikningur hafnarinnar 2005-2014

(ISK í milljónum)	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Sjóðstreymi										
Hagnaður af rekstri	263,4	-151,1	138,9	-780,0	-37,6	163,9	-1,8	-25,5	100,6	52,1
Afskriftir	48,0	58,7	70,3	80,7	65,6	64,2	64,1	63,4	61,2	57,1
Verðbætur og gengismunur	-133,0	153,1	-44,6	821,6	107,4	-85,2	67,6	66,9	-65,3	-15,4
Reiknuð lífeyrissjóðsskuldb.	4,1	17,4	7,5	33,6	17,1	9,6	20,2	16,2	15,9	14,8
<u>Söluhagnaður og annað</u>	<u>-103,6</u>	<u>0,0</u>	<u>0,0</u>	<u>0,0</u>	<u>0,0</u>	<u>0,0</u>	<u>0,0</u>	<u>0,1</u>	<u>0,0</u>	<u>0,0</u>
Veltufé frá rekstri	78,8	78,0	172,0	155,9	152,4	152,5	150,2	121,1	112,4	108,7
<i>Veltufé í hlutfalli við tekjur</i>	<i>36%</i>	<i>32%</i>	<i>55%</i>	<i>46%</i>	<i>48%</i>	<i>44%</i>	<i>37%</i>	<i>31%</i>	<i>28%</i>	<i>25%</i>
Greidd lífeyrissjóðsskuldb.	-5,6	-6,4	-5,9	-6,4	-7,6	-8,5	-8,4	-9,1	-10,8	-12,3
Skammtímakröfur, breyting	43,9	6,7	-17,0	37,1	-24,3	-21,0	-2,1	24,0	-48,4	3,2
<u>Skammtímaskuldir, breyting</u>	<u>4,1</u>	<u>7,2</u>	<u>-15,5</u>	<u>-1,5</u>	<u>1,9</u>	<u>-14,7</u>	<u>-0,9</u>	<u>8,3</u>	<u>2,7</u>	<u>8,6</u>
Handbært fé frá rekstri	121,2	85,5	133,6	185,0	122,4	108,2	138,7	144,3	56,0	108,1
Fjárfestingar										
Fjárfestingar, nettó	56,3	-236,7	-91,1	-69,7	-24,3	-16,3	-55,0	-15,1	-4,0	-7,5
Langtímakröfur, breyting	-141,4	210,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Fjármögnun										
Ný lántaka	-154,8	4,3	5,4	-311,4	-23,6	-241,9	-64,7	-105,5	-91,6	-80,1
Ný lántaka	0,0	417,5	0,0	0,0	0,0	173,7	196,0	0,0	0,0	811,4
Greiddar afborganir	-154,8	-413,2	0,0	-48,8	0,0	-694,0	-100,0	-105,8	-99,6	-870,8
Skammtíma fjármögnun	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-173,7	0,0	0,0	0,0
Staða við Aðalsjóð	0,0	0,0	5,4	-262,7	-23,6	278,3	13,0	0,3	8,0	-20,7
Breyting á handbæru fé	-118,7	63,5	47,9	-196,1	74,4	-150,0	19,0	23,7	-39,7	20,6

Sjá má á neðri hluta töflunnar (Tafla 151) hvernig greiðsluferill lánanna var áætlaður í lok hvers árs. Á tímabilinu frá 2005 til 2013 var gert ráð fyrir mjög stórum greiðslum, „kúlum“. Þannig má sjá að árið 2008 var gert ráð fyrir því að höfnin greiddi á árinu 2010 um 718,2 m.kr. og árið 2012 um 848,8 m.kr.

Árið 2014 var lánasamsetningu hafnarsjóðs breytt og sjóðurinn fékk hlutdeild í láni sem bærinn tók hjá Íslandsbanka. Upphæð lánsins var um síðustu áramót um 780 m.kr., er verðtryggt jafngreiðslulán til 30 ára og ber um 4,45% vexti. Árleg greiðsla hafnarinnar af láninu er um 48 m.kr. og ætti því að vera vel viðráðanlegt fyrir hafnarsjóð.

Tafla 151 Yfirlit yfir stöðu langtímalána og greiðslur af þeim árin 2005-2014

Heimild: Ársreikningar 2005-2014 og skýringar við þá.

Myntir lána	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Erlendir gjaldmiðlar	681,4	838,8	794,1	1.567,0	1.674,4	1.068,9	962,8	1.019,9	855,1	0,0*
Íslenskar krónur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	96,0	0,0*	0,0*	780,3
Heildarskuldir	681,4	838,8	794,1	1.567,0	1.674,4	1.068,9	1.058,8	1.019,9	855,1	780,3
	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Staða í ársbyrjun	970,5	681,4	838,8	794,1	1.567,0	1.674,3	895,2	1.058,8	1.019,9	855,1
Ný lán	0,0	417,5	0,0	0,0	0,0	173,7	196,0	0,0	0,0	811,4
Afborgun ársins	-154,8	-413,2	0,0	-48,8	0,0	-694,0	-100,0	-105,8	-99,6	-870,8
Verðbætur og gengismunur	-134,3	153,1	-44,6	821,6	107,4	-85,2	67,6	66,9	-65,3	-15,4
Staða í árslok	681,4	838,8	794,1	1.567,0	1.674,3	1.068,9	1.058,8	1.019,9	855,1	780,3
Greitt á næsta ári	332,7	100,0	0,0	0,0	882,3	173,7	77,5	79,2	62,5	12,9
Greitt á ári 2	0,0	0,0	0,0	718,2	0,0	895,2	96,8	79,2	792,6	13,6
Greitt á ári 3	0,0	0,0	403,1	0,0	792,0	0,0	71,8	861,5	0,0	14,2
Greitt á ári 4	0,0	?	0,0	848,8	0,0	0,0	803,5	0,0	0,0	14,8
Greitt á ári 5	?	0,0	391,0	0,0	0,0	0,0	9,2	0,0	0,0	15,5
Greitt síðar	?	?	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	709,4
Dreifingu vantar	348,7	738,8	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0

*Skv. hafnarstjóra, en skýringu vantar í ársreikning

7.18. Helstu kennitölur

Hér að neðan hafa skýrsluhöfundar stillt upp töflu með helstu kennitölum sem miðað hefur verið við í rekstri sveitarfélaga. Viðmið um skuldir í hlutfalli við skatttekjur hefur verið að þær fari ekki yfir 150%. Ef marka má *Úttekt og greiningu á fjárhagsstöðu íslenskra hafna* sem Samband íslenskra sveitarfélaga vann fyrir Hafnasamband Íslands árið 2014 er einnig miðað við þetta hlutfall fyrir íslenskar hafnir. Þó segir Sambandið í úttekt sinni að sjóðirnir eigi að ráða við umtalsvert hærri skuldir. Í úttektinni segir um samanburð á hlutfalli heildarskulda og heildartekna íslenskra hafnarsjóða:

Samtals 21 hafnarsjóður er með hlutfall skulda og heildartekna undir ásættanlegum mörkum sem eru 1,5. Árið áður voru þessir hafnarsjóðir 17. Síðan er að finna fimm hafnarsjóði sem eru með hlutfall skulda og tekna á milli 1,5 og 3 sem ætti í flestum tilvikum að vera viðráðanlegt. Þar sem þetta hlutfall er mun hærra er staðan þannig að þeir munu að öllum líkindum ekki geta staðið undir því að greiða áhvílandi skuldir en í þeim flokki eru níu hafnarsjóðir.

Kennitölurnar í töflunni hér fyrir neðan sýna að Hafnarfjarðarhöfn er enn of skuldsett þegar litið er til skulda í hlutfalli við reglulegar rekstrartekjur. Ef horft er til þess að framlegðin er á bilinu frá 19% árið 2009 til 46% árið 2007 má gera ráð fyrir því að höfnin geti greitt af lánum á bilinu frá 190% og upp í 460% af reglulegum tekjum. Á hitt ber þó að líta að framlegð hafnarinnar (EBITDA) hefur farið lækandi hin síðari ár og árið 2014 var hún 29%.

Við lestur kennitalnanna og mati á framlegð hafnarinnar (EBITDA) er rétt að hafa í huga að gera má ráð fyrir því að hagur hafnarinnar vænkist nokkuð á næstu árum. Þetta kemur til af því að á árinu 2014 rann úr samningur um vörugjöld vegna löndunar skipa á vegum álversins í Straumsvík. Í maí árið 2014 var undirritaður nýr samningur sem áætlað er að geti bætt hag hafnarinnar um 60-75 m.kr. á ári.

Tafla 152 Kennitölur um rekstur hafnarinnar árin 2005-2014

Heimild: Ársreikningar hafnarinnar 2005-2014

(ISK í milljónum, ef við á)	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Kennitölur										
Í hlutfalli við reglulegar tekjur										
Framlegð	39%	19%	46%	33%	33%	39%	41%	37%	32%	29%
Rekstrarmiðurstaða	119%	-62%	44%	-231%	-12%	47%	0%	-7%	25%	12%
Veltufé frá rekstri	36%	32%	55%	46%	48%	44%	37%	31%	28%	25%
Skuldahlutfall	374%	407%	303%	517%	591%	357%	312%	313%	273%	233%
Aðrar kennitölur										
Veltufjárhlutfall	0,80	2,24	11,41	10,66	0,56	0,54	1,12	1,02	1,15	2,68
(Vaxtaberandi skuldir + skuldbindingar)/Veltufé	10,0	12,3	5,3	11,0	12,0	8,0	8,2	9,9	9,2	8,9
Nettóskuld í milljónum	328	657	558	1.349	1.346	1.134	1.126	1.104	946	844
Eiginfjárhlutfall	75%	71%	73%	50%	48%	60%	60%	60%	64%	67%
Fjöldi ára sem það tekur að greiða lán með 4,5%	11,9	59,8	7,7	26,3	36,2	11,9	9,4	10,7	10,3	9,8
Jafnvægisreglan										
Ár 1	160	-151	139	-780	-38	164	-2	-26	101	52
Ár 2	341	160	-151	139	-780	-38	164	-2	-26	101
Ár 3		341	160	-151	139	-780	-38	164	-2	-26

8. Tillögur og ábendingar

Almennar tillögur

1. Móta þarf launastefnu og afnema tvöfaldar orlofsgreiðslur vegna fastrar yfirvinnu

Lagt er til að greiðslur á tvöföldu orlofi á fasta yfirvinnu verði lagðar niður. Í greiningu á launakostnaði framfar í skýrslunni kemur fram að orlof á fasta yfirvinnu nam um 40 m.kr. árið 2014. Í núverandi fyrirkomulagi er greitt orlof á fasta yfirvinnu. Það gerir það að verkum að þeir starfsmenn sem hafa fasta yfirvinnu fá í raun tvöfaldar orlofsgreiðslur vegna hennar. Starfsmenn sem vinna tilfallandi yfirvinnu fá orlofið greitt en enga yfirvinnu í sumarleyfi. Tillagan yrði liður í því að samræma launasamsetningu í sveitarfélaginu, m.a. í tengslum við yfirstandandi vinnu við jafnlaunavottun.

Í orlofsgreiðslum á laun felst það að starfsmaður vinnur sér inn rétt til launa á orlofstíma. Fyrir hvern mánuð í starfi ávinnur starfsmaður sér tiltekinn fjölda orlofsdaga. Vinni starfsmaðurinn yfirvinnu fær hann greitt fyrir sérstaklega. Starfsmaðurinn ávinnur sér auk þess rétt til aukinna launa sem yfirvinnunni nemur í orlofi sínu.

Þegar greidd er föst yfirvinna, er hún venjulega greidd allt árið, líka á þeim tíma sem starfsmaður er í orlofi. Það er því verið að borga tvisvar fyrir þessa vinnu með því að greiða orlof á fasta yfirvinnu.

Samkvæmt orlofslögum skulu orlofslaun reiknast af heildarlaunum starfsmanns. Orlofsfé skal því greitt á yfirvinnu.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. orlofslaga má ekki semja um minni eða lakari rétt en þann sem orlofslög tryggja.

Eigi orlof að vera innifalið í greiðslum fyrir fasta yfirvinnu þarf slíkt að koma skýrt fram í ráðningarsamningi milli launagreiðanda og launþega eða á launaseðlum. Ef ekkert er fjallað um í samningi um hvernig fara skuli með greiðslu orlofs af fastri yfirvinnu eða ekkert slíkt kemur fram á launaseðlum má líta svo á að greiðsla orlofs af yfirvinnu hafi ekki átt sér stað. Í dómi Hæstaréttar frá 7. febrúar 2008 í tilviki Grindavíkurbæjar kom fram að sönnunarbyrði fyrir slíku sé að finna hjá launagreiðanda.

Af því leiðir að semja má með þeim hætti að greiðsla orlofs sé innifalin í greiðslum fyrir fasta yfirvinnu.

Almennt séð fær starfsmaður greidd mánaðarlaun fyrir dagvinnu meðan á orlofstöku stendur í samræmi við áunninn og gjaldfallinn orlofsrétt hans. Með þessu móti eru staðin skil á orlofslaunum af launum hans fyrir dagvinnu. Af öðrum launum, þ.e. yfirvinnu og álagsgreiðslum t.d. fyrir vaktavinnu og bakvaktir, er aftur á móti reiknað orlofsfé sem er greitt jafnóðum inn á orlofsreikning og kemur til útborgunar um miðjan maí ár hvert.


Ofangreind regla um greiðslu orlofsfjár af öðrum launum en mánaðarlaunum fyrir dagvinnu er ekki algild. Í þeim tilvikum þegar yfirvinna er greidd á föstum forsendum eru dæmi um að hún sé greidd alla mánuði ársins, líka í orlofi. Um slíkt fyrirkomulag þarf stofnun að semja sérstaklega við viðkomandi starfsmann. Brýnt er að gengið sé frá því með skriflegum hætti þar sem sérstaklega er tekið fram að orlofsfé sé ekki greitt. Það væri hægt að orða svo: „Fastar yfirvinnustundir eru greiddar alla mánuði ársins, einnig þann tíma sem starfsmaður er í orlofi í samræmi við áunninn og gjaldfallinn orlofsrétt. Með þessum hætti eru staðin full skil á orlofslaunum af föstu yfirvinnustundunum og því ekki greitt orlofsfé af þeim. Við ákvörðun á fjölda tíma hefur því verið tekið tillit til orlofs“.

Starfsmenn með fasta yfirvinnu hafa fengið greitt aukalega í yfirvinnu fyrir ákveðin tilvik. Lagt er til að slíkt verði afnumið og í stað þess horft til þess að greitt sé aukalega þurfi starfsmaður að vinna meira í yfirvinnu en því sem nemur fastri yfirvinnu, t.d. síðastliðna sex mánuði.

Mögulegur ávinningur: Kostnaður við greiðslu orlofs á fasta yfirvinnu nam 40 m.kr. á árinu 2014 og því má gera ráð fyrir að lækka megi launakostnað, til lengri tíma litið, um þá upphæð.

2. Endurmat á þörfum vegna ræstinga

Kostnaður við ræstingar hefur aukist umtalsvert síðustu ár. Þetta á ekki síst við um leikskólana og grunnskólana. Í grunnskólum Hafnarfjarðar hefur kostnaður við ræstingu aukist úr því að vera 129,3 m.kr. árið 2012 í um 158,1 m.kr. árið 2014 og í leikskólunum hefur ræstingarkostnaðurinn aukist úr 39,6 m.kr. í 51,9 m.kr.



Mynd 64 Ræstingarkostnaður í Hafnarfirði 2011-2014 og hlutdeild þeirra stofnana sem mesta hlutdeild eiga í honum.

Heimild: Aðalbækur Hafnarfjarðar 2011-2014

Í mörgum skólum hefur það fyrirkomulag þekkst að skólaliðar hafa haft það verkefni að sinna ræstingum með öðrum störfum. Með því fyrirkomulagi fá skólarnir viðbótarstarfsmenn sem þeir geta ráðstafað eftir því sem hentar hverju sinni í hverjum skóla og aðlaga má þrífni að því hvernig álagið er í starfinu.

Frá árinu 2012 hefur ræstingarkostnaður aukist um 50 m.kr. og samsvarar það 27% hækkun á þremur árum, á sama tíma hækkaði verðlag um 6%. Viðbótarkostnaður hefur komið til vegna aukinnar tíðni í ræstingu, aukins kostnaðar vegna ræstinga eftir kl. 17:00 og einhverra viðbótarýma.

Lagt er til að þarfir fyrir ræstingu verði endurmetnar. Kostnaður vegna ræstinga er nokkur og leita má leiða til að minnka kostnað með því að draga úr ræstingu, ræsta t.d. þrisvar í viku í stað fimm sinnum þar sem því verður viðkomið. Hér er lagt til að könnuð verði hagkvæmni þess að skólaliðum verði falin ræsting skólanna og að ráðnir verði nokkrir starfsmenn til þess að sinna ræstingu í leikskólum og öðrum stofnunum bæjarins. Þá verði tíðni og áhersla á ræstingar endurskoðuð.

Við þá endurskoðun sem eðlilegt er að nú fari fram gagnvart tíðni og áherslu í ræstingu hjá bænum er eðlilegt að tekið verði tillit til þeirra stofnana sem ekki hafa heyrt undir gildandi samning, hér má meðal annars nefna Hafnarfjarðarhöfn.

Mögulegur ávinningur: Ef gert er ráð fyrir því að horfið verði til þess fyrirkomulags sem var á ræstingu árið 2012 má lækka árlegan kostnað við ræstingar um 40-45 m.kr. á ári.

3. Bifreiðastyrkir og akstursfyrirkomulag

Fyrirkomulag bifreiðastyrkja í ráðningarsamningum verði tekið til endurskoðunar. Í stað þess að starfsmenn fái greidda aksturspeninga óháð akstri er rétt að skoða hvort breyta eigi fyrirkomulaginu á þann veg að greitt verði samkvæmt akstursbók sem endurspeglar raunverulegan akstur. Heildarútgjöld vegna fastra bifreiðastyrkja voru 29 m.kr. á árinu 2014. Þessar greiðslur lækkuðu nokkuð á árinu 2014 frá fyrri árum.

Til lengri tíma má horfa til þess að endurskoða akstursfyrirkomulag starfsmanna. Í því samhengi verði horft til þess hvort skynsamlegt sé að breyta um stefnu í þessum málum, m.a. kanna hvort hagræði sé af því að hafa bifreiðar til reiðu á stærstu starfsstöðum.

Mögulegur ávinningur: Sparnaður gæti verið 4-5 m.kr. á ári.

4. Gæðastjórnun

Lagt er til að teknað verði upp aðferðir gæðastjórnunar til að tryggja enn frekar góða og skilvirka stjórnsýslu, skilvirkari ferla og ekki síst bætt eftirlit með kostnaði. Gæðadeild hefur verið starfandi inn á stjórnsýsluviði Kópavogsbæjar um nokkurt skeið með góðum árangri. Fram kom í greiningu að bæta mætti ut anumhald um ferla og samræma vinnubrögð á milli ólíkra deilda og sviða. Við

slíka vinnu yrði lagt upp með að kortleggja alla verkferla í starfsemi bæjarins og móta á þeim grunni gæðahandbók.

Í greiningu kom fram að almennt séð væri brýn þörf á endurskoðun ferla, t.d. var bent á að skýra mætti betur út ferli í launavinnslunni, þ.e. með hvaða hætti yfirmenn skila gögnum og koma samskiptum vegna þessara mála í fastari skorður.

Mögulegur ávinningur: Skilvirkari stjórnsýsla, aukin yfirsýn yfir verkferla, minni sóun og lægri kostnaður til lengri tíma lítið.

5. Samstarf á milli sviða verði eftt með aukinni verkefnastjórnun

Lagt er til að samstarf á milli sviða Hafnarfjarðarbæjar um fagleg mál verði formgert frekar en nú er enda til staðar mikil þörf á því að nýta þekkingu og reynslu starfsmanna betur í verkefnum þvert á svið. Í útfærslu á tillögunni má horfa til þess að koma upp verklagi í kringum tímabundin verkefni. Í slíkum tilvikum er æskilegt að skipa einn aðila sem ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð á framgangi verkefnisins. Í tímabundnum verkefnum væri æskilegt að formgerð sé ráðandi og að erindisbréf berist frá bæjarstjóra til aðila sem eru annað hvort best til þess fallnir að sinna verkefninu eða hafa til bæði rétta þekkingu og tíma. Í tímabundnum verkefnum er alltaf rétt að beita verkfærum almennrar verkefnisstjórnunar og leysa hópinn upp að loknum verkefnum.

Formlegt samstarf á milli sviða yrði einnig til þess fallið að gera verkefni faglega spennandi og jafna álag milli starfsfólks sem er árstíðabundið í fjölda tilfella.

Eins og fram hefur komið gengu ekki eftir tillögur um að móta föst teymi þvert á svið til að fjalla um tiltekin fagleg mál. Helsta skýringin á því að það hafi ekki gengið eftir sé meðal annars vegna mannbreytinga en einnig vegna því að boðleiðir geta verið í lengri kantinum, einnig voru teymi sem skilgreind voru ekki tímabundin sem gæti hafa leitt til þess að þau hafi hætt störfum vegna verkefnaskorts.

Mögulegur ávinningur: Þverfaglegt samstarf leiði til betri nýtingar á þekkingu og reynslu þvert á svið, tækifæri til að dreifa verkefnum og jafna álag.

6. Samskiptareglum verði komið á

Lagt er til að mótaðar verði samskiptareglur milli kjörinna fulltrúa og starfsmanna bæjarins. Í viðtölum kom fram að oft væri til staðar óskýr lína á milli þess hvað telja megi hlutverk kjörinna fulltrúa annars vegar og starfsmanna hins vegar, slíkt gæti valdið töfum á afgreiðslu mála og skapað óöryggi á meðal starfsmanna. Kópavogsbær innleiddi slíkar reglur undir lok árs 2012 með ágætis árangri en þar voru markmið meðal annars að skerpa skilin, að skýra hlutverkin og tryggja enn frekar faglega afgreiðslu allra mála.

Samskiptareglur af þessu tagi þarf að semja í nánú samráði við þá sem eiga að nota þær og með það að leiðarljósi að reglurnar styðji fólk í störfum sínum.

Mögulegur ávinningur: Ávinningur felst ekki síst í faglegri stjórnsýslu og aukinni skilvirkni á milli sveitarstjórnar og stjórnsýslu.

7. Viðskipti við tengda aðila

Lagt er til að reglu um hæfi starfsmanna, sem fjallað er um í siðareglum starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar, sé fylgt betur eftir. Tryggja þarf að ákvarðanir, t.d. er varða innkaup á þjónustu, vörum eða vegna samninga sem starfsmenn koma að fyrir hönd sveitarfélagsins, séu hafnar yfir allan vafa um hagsmunaárekstra.

Mögulegur ávinningur: Standa vörð um trúverðugleika í viðskiptum sveitarfélagsins, bæði gagnvart birgjum og þjónustuaðilum en ekki síður gagnvart íbúum og starfsmönnum.

Stjórnsýslusvið

8. Breyttar áherslur á skrifstofu bæjarstjóra

Lagt er til að skrifstofa bæjarstjóra verði lögð niður, en þar hefur verið sinnt ritarþjónustu og verkefnastjórnun í 2,8 stöðugildum. Minni þörf er á þjónustu af þessu tagi en áður, ekki síst vegna nýrra upplýsingakerfa og málaskrárkerfa þar sem starfsmenn vinna beint inn í sniðmát og skrá mál án aðstoðar. Þannig má dreifa þeim verkefnum sem skrifstofan hefur sinnt enn frekar til annarra starfsmanna stjórnsýslusviðs. Starf ritara verði 1 stöðugildi og heyri beint undir bæjarstjóra. Bæjarlögmaður beri ábyrgð á fundarritun bæjarstjórnar og bæjarráðs.

Mögulegur ávinningur: Fækkun um 1,8 stöðugildi í miðlægri stjórnsýslu og gæti sparnaður vegna þess legið á bilinu 12-16 m.kr.

9. Ein afgreiðsla í ráðhúsi og endurskoðun á öryggismálum

Lagt er til að starfrækt verði eitt öflugt þjónustuver í ráðhúsinu. Óheppilegt er að hafa margar afgreiðslur í ráðhúsinu og með breytingunni mætti horfa til þess í auknum mæli að starfsmenn þjónustuvers geti fókusað einstaka fagsvið. Almennt má bæta upplýsingaflæði til þjónustuvers frá fagsviðum sem eykur getu þess til að svara fyrirspurnum. Samhliða breytingunni verði komið á vinnuhópi um þjónustuver þar sem deildastjóri þjónustuvers situr með einum fulltrúa frá hverju fagsviði bæjarins. Verkefni hópsins væri að leita að leiðum til að efla þjónustuver enn frekar og minnka álag inn á sviðum.

Samhliða slíkri breytingu yrði hert á öryggiskröfum í ráðhúsinu en full þörf er á því. Það er ekki æskilegt að hleypa viðskiptavinum inn í húsið án fylgdar. Í nýju fyrirkomulagi verði gestir ætíð með fylgd í ráðhúsi, gestir yrðu sóttir niður í afgreiðslu af þeim starfsmanni sem gesturinn á erindi við. Í fylgd fer gesturinn á þann stað þar sem starfsmaðurinn hefur aðstöðu til fundarins.

Þá er lagt til að gerð verði flóttaleið út úr afgreiðslu. Tryggja þarf að starfsfólk sem situr í þjónustuveri hafi aðrar leiðir út ef þannig aðstæður kæmu upp að þeim yrði hindruð útganga í gegnum aðaldr.

Mögulegur ávinningur: Með breytingunni væri eðlilegt að setja markmið um rekstrarlegt hagræði samhliða bættri þjónustu. Ætla má að með þessari breytingu megi aflétta móttökuskyldu af starfsfólki annars staðar í húsinu, þau ganga þar með í önnur störf á sviðinu eða starfshlutfall þeirra er minnkað. Um fjárhagslegan ávinning er fjallað í tillögum 8 og 32.

10. Lögfræðiþjónusta bæjarins verði miðlæg

Enginn lögfræðingur er nú starfandi á bæjarskrifstofunum en mikil þörf er að svo verði. Tveir lögfræðingar eru þó starfandi hjá sveitarfélaginu á öðrum sviðum. Það eru skrifstofustjóri skipulags- og byggingarsviðs sem er lögfræðimenntaður og með lögmannsréttindi. Þá er lögfræðimenntaður starfsmaður á skrifstofu félagsþjónustu.

Lagt er til að lögfræði verði skilgreind sem stoðþjónusta á stjórnsýslusviði og starfi þvert á öll svið bæjarins. Núverandi starfsmenn, sem sinna lögfræðiþjónustu, starfi saman í nýrri einingu. Auka má skilvirkni lögfræðiþjónustu með því að hafa eina einingu sem sinnir málaflokknum og forðast þar með að dreifa kröftum.

Árlegur heildarkostnaður við aðkeypta lögfræðiþjónustu hefur verið um 8-10 m.kr.

Mögulegur ávinningur: Lögmannsþjónusta á vegum bæjarins verði skilvirkari og skýrt afmörkun þvert á alla starfsemi. Í tillögunni felst að núverandi starfsmenn taki verkefnið að sér og þar með verði ekki kostnaðarauki fyrir sveitarfélagið. Leiða má líkur að því að aðkeypt lögfræðiþjónusta gæti minnkað um allt að 8-10 m.kr. ef tillagan nær fram að ganga.

11. Stefnumótun í mannauðsmálum

Um síðustu áramót var ráðið í nýja stöðu mannauðsstjóra hjá bænum. Almenn ánægja virðist ríkja með þessa aðgerð. Til þess að starf mannauðsstjórans verði sem markvissast er mikilvægt að bærinn horfi heildstætt á stefnu sína í mannauðsmálum og uppfæri hana í takt við nýjar áherslur.

Mögulegur ávinningur felst í markvissara starfi, auknum gæðum í ráðningum, minni forföllum s.s. vegna veikinda.

12. Aukin áhersla á rafræna stjórnsýslu og upplýsingamiðlun

Lögð verði aukin áhersla á rafræna stjórnsýslu og upplýsingamiðlun. Sveitarfélagið er komið nokkuð áleiðis með innleiðingu á rafrænum eyðublöðum. Nokkrir málaflokkar hafa þó mætt afgangi, m.a. málaflokkur fatlaðra og byggingarmál. Skýring á því er fyrst og fremst sú að ríkar kröfur eru gerðar til undirskrifa t.d. í byggingar- og skipulagsmálum. Í því samhengi er rétt að skoða hvort taka megi upp rafrænar undirskriftir.

Mikilvægt er horfa á verkefni af þessu tagi þannig að verið sé að mæta þörfum og kröfum íbúa um þjónustu. Til að tengja betur inn á þann þátt má horfa til þess að kortleggja fyrirspurnir og afgreiðslur sem starfsmenn sinna í þjónustuveri. Slík gagnasöfnun verði grunnur að forgangsröðun í efni og innihald á heimasíðu bæjarins og framsetningu og uppbyggingu rafrænna eyðublaða.

Ýmis tækifæri eru til staðar, t.d. að tengja GSM síma íbúa við upplýsingakerfi og þar með verði hægt að koma ýmsum tilkynningum til íbúa á ódýran hátt. Valkvæmt verði hvort íbúar kjósi þannig þjónustu en sjá má ýmis tækifæri til að senda út tilkynningar, t.d. er varðar tímasetningar sorphirðu, hvenær ráðgert er að götusópun fari fram svo fátt eitt sé nefnt.

Fram kom í viðtölum við starfsfólk að talsverð vinna er við að sinna fasteignasölum vegna upplýsinga um fasteignagjöld og annað sem staðfesta þarf vegna kaupsamningsgerðar og annarra gagna vegna undirbúnings sölu fasteigna (sjá kafla 3.5). Hér er lagt til að leitað verði leiða til að breyta þessari þjónustu við fasteignasalana eða samið verði við þá um sérstakan aðgang að nauðsynlegum upplýsingum ef þess er kostur.

Lagt er til að haldið verði áfram að sameina vefi Hafnarfjarðarbæjar eins og kostur er. Umtalsverður kostnaður fylgir því að halda úti mörgum vefsvæðum og eðlilegt að reyna samræma vefsvæði.

Til að framfylgja þessum áherslum er lagt til að verkefnið verði á ábyrgð upplýsinga- og kynningarfulltrúa. Þannig er gert ráð fyrir því að fulltrúinn stýri uppbyggingu á rafrænni stjórnsýslu ásamt því að hafa yfirumsjón með innri og ytri vefjum Hafnarfjarðarbæjar og samhæfingu á milli stofnana á sviði vefmála og við innleiðingu á rafrænni stjórnsýslu.

Mögulegur ávinningur felst í betri nýtingu starfsmanna, aukinni skilvirkni og bættri þjónustu. Skilvirkari miðlæg upplýsingamiðlun leiðir til sparnaðar á ýmsum sviðum.

13. Upplýsingakerfum sveitarfélagsins verði útvistað til þjónustuaðila

Lagt er til að sveitarfélagið útvisti rekstri upplýsingakerfa og þeim þáttum í daglegum rekstri tölvudeildar sem lúta að rekstri og þjónustu við miðlæg kerfi. Úthýsing getur haft rekstrarlegt hagræði í för með sér þar sem sérhæfing þjónustuaðila getur skapað hagræðingu í verkferlum og leitt til aukinna afkasta og framleiðni.

Með þessu verði þó ekki eingöngu stefnt að rekstrarlegu hagræði heldur auknu öryggi og bættri þjónustu við notendur þar sem horft yrði til þess að ganga inn í sólarhringsvöktun á helstu upplýsingakerfum og tryggja betri uppitíma og betri viðbragðstíma vegna bilana. Í núverandi fyrirkomulagi falla til umtalsverðar greiðslur vegna fastrar yfirvinnu starfsmanna tölvudeildar þar sem óskað er eftir því að þeir séu til taks ef rekstrarvandæði koma upp. Óánægja er með fyrirkomulagið, bæði hjá starfsmönnum tölvudeildar en einnig almennum starfsmönnum.

Í tölvudeild eru fimm starfsmenn (fyrir utan tölvuumsjónarmenn í skólum) og við endurskipulagningu af þessu tagi myndi áhersla tölvudeildar verða fyrst og fremst á samningsstjórnun við helstu birgja og notendapjónustu. Notendapjónusta í grunnskólum yrði áfram í höndum skólanna sjálfra. Samhliða aðgerðinni yrði endursamið um fasta yfirvinnu starfsmanna í tölvudeild til að mæta nýjum þörfum.

Mögulegur ávinningur: Gera má ráð fyrir því að þessu fylgi fjárhagslegur ávinningur. Einnig þarf að taka tillit til þess að með aðgerðinni yrði núverandi þjónusta, öryggisvöktun og kröfur um upptíma kerfa eflað til muna frá núverandi fyrirkomulagi.

14. Allir samningar um byggðasamlög og aðrir samningar verði í umsjón stjórnslusviðs

Lagt er til að stjórnun og eftirlit með öllum samningum verði í höndum stjórnslusviðs. Tillagan felur í sér að koma yfirumsjón og eftirliti með samningum á einn stað. Þannig verði tryggt að yfirsýn sé á einum stað. Hvert fagsvið ber þó áfram ábyrgð á framkvæmd samnings og samskiptum vegna þeirra.

Í greiningu kom í ljós að framlög til byggðasamlaga hafa hækkað úr því að verða 453,7 m.kr. árið 2011 í 550,7 m.kr. árið 2014. Þetta samsvarar 21% hækkun á tímabilinu. Rétt er að leggja áfram áherslu á gerð samninga vegna tiltekinna verkefna en tryggja þarf betur alla umgjörð í kringum kostnaðareftirlit og er tillagan til þess fallin að ná því fram.

Mikilvægt er að fulltrúar sveitarfélagsins í stjórnun byggðasamlaga séu kjörnir fulltrúar eða starfsmenn þeirra. Kjörnir fulltrúar bera beina ábyrgð gagnvart kjósendum og starfsmenn eru ábyrgir gagnvart hinum kjörnu fulltrúum.


Mögulegur ávinningur: Betri yfirsýn yfir samninga og sterkari umgjörð um kostnaðareftirlit.

15. Reglulegt útboð á vöru og þjónustukaupum

Lagt er til að tekin verði upp regluleg útboð á vöru og þjónustukaupum hjá Hafnarfjarðarbæ í samræmi við innkaupastefnu. Innkaupastjóri vinni með sviðsstjórum og öðrum sem annast innkaup fyrir bæinn að reglulegum útboðum. Í takti við nýtt skipulag þá vinni innkaupastjóri að kostnaðareftirliti og geri áætlanir um næstu útboð og hafi frumkvæði að því að kanna hvernig best verður staðið að innkaupum hverju sinni.

Þessu til stuðning má nefna að kostnaður við tryggingar hefur aukist í Hafnarfirði frá árinu 2011 til 2014 um 27% sem skýrist þó af fjölgun nemenda og skóla. Eðlilegt er að horfa til þess að bjóða út tryggingar á þriggja ára fresti.

Tryggingakostnaður í Hafnarfirði 2014, skipt á málaflokka



Mynd 65 Tryggingarkostnaður í Hafnarfirði árið 2014 eftir málaflokkum og tegundum trygginga

Heimild: Aðalbók Hafnarfjarðar 2014

Einnig væri hægt að horfa til þess að nokkur sveitarfélög taki sig saman og bjóði sameiginlega út tryggingar fyrir sveitarfélögin. Slíkt gerðu Sveitarfélögin Garður, Vogar og Sandgerðisbær á árinu 2014. Vinna þarf vel að undirbúningi slíks útboðs, þannig að þær tryggingar sem bærinn þarf verði vel skilgreindar og tryggingavernd bæjarins hæfileg.

Mögulegur ávinningur: Vöru- og þjónustukaup á árinu 2014 námu 4,6 ma.kr. Ef aukin áhersla á útboð leiðir til kostnaðarlækkunar um 1% næmi það 46 m.kr. á ári. Ekki væri óeðlilegt markmið um kostnaðarlækkun að stefna að allt að 5% hagræðingu en það næmi um 230 m.kr.

16. Endurmat á starfsemi og verkaskiptingu innan launadeildar

Unnið hefur verið að innleiðingu á nýju launakerfi fyrir Hafnarfjarðarbæ hjá launadeild og er því verkefni að ljúka. Nýtt upplýsingakerfi leiðir iðulega til breytinga á verklagi við útborgun og vegna þess er lagt til að fram fari endurmat á núverandi verkefnum og verkaskiptingu innan launadeildar.

Þá kom fram að hluti af launavinnslu vegna grunnskóla sé sinnt af fræðsluþjónustu en eðlilegt þykir að hafa alla launavinnslu á miðlægum stað. Þar með skapast tækifæri til að nýta starfsfólk betur. Tryggja þarf að yfirfærsla þekkingar á launavinnslu skólanna skili sér inn til launadeildar.

Mögulegur ávinningur væri rekstrarhagræði í málaflokknum um því sem nemur 8-9 m.kr.

Fjármálasvið

17. Fjármálasvið verði eining í miðlægri þjónustu

Lagt er til að reikningshaldi og fjárreiðudeild verði komið fyrir í nýrri einingu sem nefnist fjármálasvið. Auk fyrrnefndra verkefna mun fjármálasvið fá það hlutverk að þróa og útfæra umbætur á sviði rekstrareftirlits og innkaupa sem skal stuðla að hagkvæmni í rekstri sveitarfélagsins. Sérfræðingar sem starfa að þeim málum verði komið fyrir í sérstakri hagdeild innan sviðsins. Stjórnandi fjármálasviðs verði fjármálastjóri.

Með þessari breytingu er verið að endurspegla skipulagið eins og það virkar í raun. Þá er rétt að horfa til þess að efla rekstrareftirlit og ráðgjafahluta sviðsins og þar með auka aga í fjármálum sveitarfélagsins. Fjármálasvið verður því mikilvægur aðili í þróun miðlægrar þjónustu Hafnarfjarðarbæjar í samvinnu við stjórnslusvið.

Í tillögu 32 eru lagðar til tilfærslur rekstrarstjóra af fræðslusviði og rekstrarstjóra úr fjölskylduþjónustu til hinnar miðlægu fjármálaskrifstofu. Með þessum aðgerðum er leitast við að auka enn á faglega getu fjármálaþjónustu bæjarins og þekkingu á fjárfrekustu sviðum rekstrarins.

Mögulegur ávinningur felst í aukinni áherslu og getu á sviði fjármála á skrifstofu bæjarins. Ljóst er að áhersla á fjármál mun verða mjög mikil á næstu árum og því eðlilegt að þau hafi þá vigt innan stjórnkerfisins sem endurspeglar það.

18. Geta bókhaldsdeildar til fjárhagsgreininga verði eflað samhliða fækkun stöðugilda

Þörf er á því að efla getu reikningshalds á sviði fjárhagsgreininga en starfsmenn vinna nú að langmestu leyti almenn bókhaldsstörf og afstemningar á lánadrottnum. Bókhaldsvinna hefur breyst á síðustu árum, m.a. vegna aukinna getu bókhaldskerfa. Minni þörf er á því að starfsmenn sinni almennum bókhaldsstörfum og eðlilegt að deildin taki mið af breyttum aðstæðum.

Æskilegt er að horft verði til þess í auknum mæli við ráðningar starfsfólks í bókhaldsdeild að þeir hafi greiningargetu og hæfni til skýrslugerðar úr fjárhagskerfum.

Mögulegur ávinningur: Fækkun á deildinni nemur 1 stöðugildi og gæti sparnaður vegna þess verið 5-8 m.kr. Ávinningur felst einnig í bættri getu deildarinnar til fjárhagsgreininga.

19. Kostnaður við innheimtu útsvars

Lagt er til að Hafnarfjarðarbær vinni að því með öðrum sveitarfélögum og Sambandi íslenskra sveitarfélaga að því að ná fram lækkun á kostnaði við innheimtu útsvars. Vísað er til umfjöllunar í kafla 2.8.

Mögulegur ávinningur. Í kafla 2.8 kemur fram að kostnaður við innheimtu útsvars hefði verið um 30 m.kr. ef álagningarhlutfall útsvars hefði ekki hækkað frá því sem hann var við gildistöku laga um innheimtu útsvars. Það er um 28 m.kr. lægri kostnaður en nú er (ath. ekki gert ráð fyrir þessari lækkun í meðfylgjandi yfirliti yfir mögulegan ávinning).

20. Aukin þátttaka forstöðumanna við gerð fjárhagsáætlana

Fjárhagsáætlun hefur verið undirbúin miðlægt og aðkoma forstöðumanna að undirbúningi hennar og vinnslu er takmörkuð (sjá kafla 3.3). Hætt er við að forstöðumenn hafi við þetta minni skilning á forsendum áætlunarinnar og hvernig henni verði best fylgt. Því er hér lagt til að ferlið við gerð áætlana geri ráð fyrir aukinni aðkomu þeirra.

Mögulegur ávinningur felst í auknum líkum á að fjárhagsáætlun haldi án viðauka.

21. Breytingar á fyrirkomulagi bókhalds launa

Við vinnslu skýrslu þessarar komu upp ýmis vandkvæði þegar upplýsingar voru sannreyndar. Þannig fékk Capacent misvísandi upplýsingar um fjölda stöðugilda.

Við samanburð launaupplýsinga á milli ára kom í ljós að vaktaálag er ekki lengur bókað á sérstaka bókhaldslykla, líkt og verið hafði árin 2011-2013. Frágangur bókhalds hafði verið með þeim hætti að hægt var að fletta upp launum eftir tegundum í bókhaldi einstakra stofnana/deilda. Við upptöku nýs launakerfis árið 2014 var þessu hætt og vísað til þess að fletta megi þessum upplýsingum upp í launakerfi bæjarins.

Launafærslur úr launakerfi eru sjálfvirkar og því í sjálfu sér ekki tímasparnaður sem því fylgir að haga bókhaldi þannig að sundurliðun sé minni en verið hefur. Það veldur hins vegar þeim aðilum sem hafa aðgang að bókhaldskerfinu en ekki launakerfinu erfiðleikum er þessar upplýsingar birtast ekki í bókhaldskerfinu. Það er líka hætt við því að álag aukist á launadeildina og/eða menn veigri sér við að biðja um þessar upplýsingar.

Lagt er til að þessu verði breytt í fyrra horf því mikilvægt er að bókhaldið sýni sem gleggsta mynd af stöðu einstakra deilda, auk þess sem aukið aðgengi auðveldar vinnu þeirra sem nota þurfa bókhaldið sem stjórnæki og hafa eiga eftirlit með rekstrinum.

Mögulegur ávinningur felst í því að kostnaðareftirlit með stærsta kostnaðarlið sveitarfélagsins verður öruggara og líklegra til árangurs.

Menningarmál

22. Endurskipulagning á fyrirkomulagi menningarmála

Lagt er til að skrifstofa menningar- og ferðamála verði lögð niður. Tillagan er gerð í ljósi þess að tækifæri er til staðar um að endurskipuleggja samspil á milli menningarstofnana og viðburða. Þá er ekki síst horft til þess að nota megi tækifærið og virkja þá deiglu sem vonir standa til að náist fram með stofnun markaðsstofu Hafnarfjarðarbæjar.

Starf forstöðumanns Hafnarborgar verður auglýst á næstunni og lagt er til að forstöðumaður taki við þeim verkefnum sem snúa að stefnumótun í menningarmálum í sveitarfélaginu ásamt því að vera tengiliður við menningar- og ferðamálanefnd. Lagt er til að leitað verði samstarfs við markaðsstofu Hafnarfjarðarbæjar vegna þess hluta af starfi menningar- og ferðamálafulltrúa sem snúið hefur að ferðamálum. Önnur verkefni menningar- og ferðamálafulltrúa fari til sviðsstjóra stjórnsýsluviðs, m.a. ábyrgð á rekstri og eftirliti með starfsemi bókasafns, Byggingasafns og Hafnarborgar.

Svo sem fram kemur í umfjöllun um menningar- og ferðamál (umfjöllun um þau hefjast á bls. 44) er viðburðastjórnun í höndum margra aðila innan sveitarfélagsins. Eðlilegt er að hún verði færð undir ábyrgð eins aðila. Lagt er til að ábyrgð á viðburðastjórnun verði hjá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa. Einnig kæmi til greina að úthýsa ákveðnum verkefnum.

Mögulegur ávinningur: Fækkun um 1 stöðugildi. Árlegur sparnaður gæti legið á bilinu 10-11 m.kr. Kostnaður vegna markaðsstofu Hafnarfjarðar vegur upp á móti sparnaði.

23. Mótun stefnu í menningarmálum

Fram kom í viðtölum við starfsfólk að lítil áhersla hafi verið á stefnumarkandi hlutverk menningar- og ferðamálafulltrúa hin síðari ár (sjá kafla 3.13). Í framhaldi af þeim breytingum sem hér eru lagðar til á starfi menningar- og ferðamálafulltrúa er lagt til að bærinn móti sér stefnu um það hvernig að stuðningi við menningarmál verði staðið.

Mögulegur ávinningur felst í markvissari vinnubrögðum og samvinnu hagsmunaaðila í ferðaþjónustu.

24. Starfsemi og stefna Bókasafns Hafnarfjarðarbæjar verði endurskoðuð

Lagt er til að starfsemi bókasafnsins verði endurskoðuð með það að markmiði að nýta betur tækifæri sem þar eru til viðburðahalds og veitingareksturs. Slíkt myndi efla starfsemina til lengri tíma en tíðni útlána fer minnkandi og rekstur bókasafna er að breytast jafnt og þétt. Með það að leiðarljósi má horfa til þess að bjóða út ýmsa starfsemi í kringum reksturinn, t.d. fá áhugasama rekstraraðila með það að markmiði að auka viðburðahald eða skoða tækifæri til veitingarekstrar í kringum þessa starfsemi.

Samhliða er lagt til að upplýsingamiðstöð ferðamanna verði flutt frá þjónustuveri í ráðhúsi til bókasafnsins. Þar er áætlað að staða, aðgengi að tölvum og laga má aðstöðuna frekar að þörfum ferðamanna. Með þessu fyrirkomulagi má ná betri nýtingu fyrir húsnæði bókasafnsins samhliða því að þjónusta við ferðamenn er bætt. Svo sem fram kemur í umfjöllun um upplýsingamiðstöð ferðamanna (sjá kafla um menningar- og ferðamál á bls. 44) er núverandi staðsetning upplýsingamiðstöðvarinnar ekki hentug. Í samstarfi við Markaðsstofu Hafnarfjarðar verði farið í vinnu við að skilgreina hlutverk, tilgang og markmið með rekstri á upplýsingamiðstöð ferðamanna

Lagt er til að reynslan af auknum opnunartíma safnsins verði metin og skoðað hvort sú ráðstöfun þykir skynsamleg til lengri tíma. Eins og fram kemur í greiningu er minna um útlán snemma dags og mestur þungi er seinni part dags. Ef opnunartími er stytur á þeim tíma sem álagið er minnst má horfa til þess að ná fram sparnaði upp á 60 yfirvinnutíma á viku án þess að það bitni verulega á þjónustu safnsins. Á sama tíma má horfa til þess að hafa safnið opið lengur á kvöldin en við þessa skoðun er rétt að horfa ítarlega á upplýsingar um notkun safnsins og tímasetningar útlána ásamt því að huga að þörfum ferðamanna við flutning á upplýsingamiðstöð til safnsins.

Þá benda ráðgjafar á að rétt sé að huga að framtíðar húsnæði fyrir bókasafn Hafnarfjarðar. Slík vinna fælist í því að skilgreina hvaða valkostir eru til lengri tíma er varða húsnæðiskost fyrir bókasafnið og hvernig núverandi húsnæði gæti nýst til annarra verkefna eða selt. Samhliða slíkri breytingu mætti fækka stöðugildum á safninu.

Mögulegur ávinningur: Umgjörð bókasafns efla. Ef opnunartími safnsins er stytur um 2 klst. á dag að jafnaði getur árlegur sparnaður vegna yfirvinnu starfsmanna legið á bilinu 6-8 m.kr. Þá felur tillagan í sér að með flutningi á upplýsingamiðstöð ferðamanna felist aukinn sýnileiki og bætt aðkoma fyrir ferðamenn.

25. Bókasafni verði reiknaðar tekjur vegna umsjónar með skráningu bóka í Landskerfi bókasafna fyrir aðrar stofnanir bæjarins

Lagt er til að bókhaldi sé þannig háttað að á bókasafn séu færðar tekjur vegna umsjónar með stofnskráningu bóka fyrir aðrar stofnanir. Svo sem fram kemur í umfjöllun um rekstur bókasafnsins (sjá kafla 3.14) hefur kostnaður við að skrá bækur inn í gagnagrunn Landskerfa sem unnin er af bókasafni fyrir skóla og leikskóla ekki verið tekjufærður á bókasafnið og kostnaðarfærður á viðkomandi stofnun.

Almennt er það viðhaft að færa kostnað á þá stofnun sem honum veldur. Þetta á jafnt við um þessa þjónustu bókasafnsins og aðra þjónustu bæjarins.

Mögulegur ávinningur felst í aukinni kostnaðarvitund þeirra sem óska eftir þjónustunni og leiðir þannig til aukinnar hagkvæmni í rekstrinum.

26. Aðgangseyrir inn á Byggðasafn

Lagt er til að gestir safnsins greiði aðgangseyri en það verður að teljast eðlileg ráðstöfun enda tíðkast slíkt fyrirkomulag á öðrum söfnum af þessu tagi. Verðskrá á öðrum söfnun verði höfð til

hliðsjónar en til samanburðar er almennt gjald að Byggðasafni Skagafjarðar kr. 1.200, byggðasafni Vestfjarða kr. 900 og að Árbæjarsafni kr. 1.400. Frítt yrði í safnið fyrir eldri borgara, öryrkja og börn.

Gestir í safnið á árinu 2014 voru 23.617 manns og er það 6,7% aukning frá árinu á undan. Yfir sumarmánuðina eru tæpur þriðjungur gesta erlendir ferðamenn.

Horfa má á tekjuaukningu af þessu tagi sem lið í því að efla rekstur safnsins en dregið hefur verið úr getu þess til sýninga vegna takmarkaðra fjárheimilda.

Mögulegur ávinningur: Ef um 20% gesta greiða að jafnaði kr. 1.000 í aðgangseyri gætu tekjur safnsins orðið um 5-8 m.kr. Kostnaður vegna gjaldtöku gæti orðið einhver en ekki er gert ráð fyrir nýjum stöðugildum vegna þess.

27. Aðgangseyrir inn á Hafnarborg

Lagt er til að gestir safnsins greiði aðgangseyri. Tækifæri eru til staðar til að auka tekjur safnsins með gjaldtöku enda tíðkast slíkt almennt í sambærilegri starfsemi annars staðar. Yfir 60.000 safngestir koma á safnið árlega og þar af um 10% erlendir gestir. Verðskrá á öðrum söfnum verði höfð til hliðsjónar en aðgangseyrir er oft á bilinu 1.000-1.200 kr. Gerðasafn er annað safn sem má horfa til í þessu samhengi en þar er aðgangseyrir 500 kr. Frítt yrði í safnið fyrir eldri borgara, öryrkja og börn.

Í skýrslunni er rætt um mögulega upptöku menningarkorts. Handhafi kortanna gæti til að mynda keypt sér áfyllingu árlega. Til að stækka markaðinn fyrir kortin og auka ávinning korthafanna má horfa til nágrannasveitarfélaganna um samstarf. Kortið myndi þá gilda á söfn í öllum sveitarfélögunum og tryggja korthafa aðgang fyrir lægra verð. Slíkt kort gæti aukið aðsókn að einstökum söfnum.

Mögulegur ávinningur: Ef um 20% gesta greiða að jafnaði kr. 1.000 í aðgangseyri gætu tekjur safnsins orðið allt að 12-15 m.kr. Kostnaður vegna gjaldtöku gæti orðið einhver en ekki er gert ráð fyrir nýjum stöðugildum vegna þess.

28. Kanna þarf fjárfestingu í skilabúnaði rafrænna gagna til Þjóðskjalasafns

Bent var á að sveitarfélagið ætti að horfa til þess að fara í rafræn skil til Þjóðskjalasafns. Kanna þarf hver upphafskostnaður er við slíkt, m.a. vegna kaupa á skilabúnaði rafrænna gagna, en aðgerðin sparar fé þegar frá líður t.d. í geymsluplássi og styttri leitartíma svo ekki sé minnst á öryggi.

Mögulegur ávinningur felst í sparnaði á geymsluplássi til lengri tíma litið.

Fræðslu- og frístundabjónusta

29. Verkefni íþróttadeildar og forvarna- og tómstundadeildar verði færð undir fræðslubjónustu

Lagt er til að öll verkefni íþróttadeildar og forvarna- og tómstundadeildar utan félagsstarfs aldraðra verði færð undir fræðslubjónustu. Tillagan er rökstudd bæði út frá faglegum og rekstrarlegum sjónarmiðum. Fram kom í greiningu að nokkuð vanti upp á samstarf og samspil á milli grunnskóla og frístundaheimila. Stjórnendur skóla og frístundaheimila séu að skipuleggja starfið í kringum hvern annan en frístundaheimilin eru inn í húsnæði grunnskólanna. Það verður að teljast eðlilegt að verkefni hafi sömu yfirstjórn og einn stjórnanda innan skólans sem verði skólastjóri. Þannig verði tryggt enn frekar að starfsfólk, húsnæði og aðrir fjármunir nýtist sem best.

Verkefni tveggja verkefnastjóra sem umsjón hafa haft með frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum verði færð til grunnskólanna og samþætt núverandi starfsemi skólanna. Hluti af störfum annars verkefnisstjórans vegna félagsstarfs aldraðra fari til Hraunsels, félagsmiðstöðvar aldraðra.

Yfirstjórn vinnuskólans verði því flutt frá fjölskyldubjónustu til fræðslubjónustu en skipulagning verkefna og verkstjórn yrði skipulagt í nánú samstarfi við umhverfis og framkvæmdasvið. Verkefni verkefnisstjóra vinnuskóla verði samþætt inn í nýtt starfshlutverk fagstjóra frístunda, sem starfi undir íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, sem komi einnig til með að sinna samræmingarhlutverki í frístundastarfi ásamt viðburðastjórnun.

Tillagan felur í sér að rekstur sundlauga fari undir fræðslusvið ásamt íþróttahúsinu við Strandgötu og Bjarkarhús. Lagt er til að fimleikafélagið fái Bjarkarhúsið í rekstur.

Íþrótt- og æskulýðsnefnd myndi starfa áfram að framgangi íþrótt- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu.

Mögulegur ávinningur: Aukin skilvirkni og betri nýting starfsfólks og aðstöðu. Með aðgerðinni yrði einnig stuðlað að aukinni samfellu í skólastarfi með betri tengingu grunnskólans og frístundaheimila. 2 stöðugildi verða lögð niður. Með aðgerðinni yrði fjárhagsleg hagræðing um 10-15 m.kr.

30. Ný stoðdeild í fræðslubjónustu fyrir sérfræðibjónustu og ráðgjöf

Lagt er til að deild sérfræðibjónustu verði stoðdeild og vinni þvert á aðrar deildir innan fræðslubjónustu. Allir sérfræðingar skólaskrifstofu sem sinna leikskólum og grunnskólum verði starfsmenn deildarinnar. Þannig myndu þróunarfulltrúi grunnskóla, sérkennsluráðgjafi, sérkennslufulltrúar, sálfræðingar, talmeinafræðingar og verkefnastjóri SMT starfa við hlið hvers annars.

Þessi breyting er gerð með það að markmiði að reynsla og þekking allra sérfræðinga nýtist þvert á sviðið og að auðveldara verði að sækja þekkingu í verkefni þvert á fræðsluþjónustuna eftir þörfum.

Mögulegur ávinningur: Með breytingunni er lagt upp með að nýta starfsfólk enn betur í verkefnum þvert á leikskóla og grunnskóla og tengd verkefni.

31. Forstöðumaður leikskóla og daggæslu verður yfirmaður leikskólamála

Lagt er til að til verði nýtt starf forstöðumanns leikskóla og daggæslu sem verði næsti yfirmaður leikskólustjóra. Núverandi starf þróunarfulltrúa leikskóla verði lagt niður. Samhliða nýju og breyttu hlutverki taki forstöðumaður við verkefnum þróunarfulltrúa leikskóla fyrir utan innritun leikskólabarna sem verði á höndum ritara fræðslusviðs.

Þá verði færð verkefni sem snúa að daggæslu barna inn á leikskóladeild, þar með fengi daggæslufulltrúi tækifæri til að vinna með öðrum að málefnum dagforeldra og auðveldara yrði fyrir aðra starfsmenn leikskóladeildar að ganga inn í verkefni sem tengjast dagforeldrum, t.d. aðstoðað við úttektir og heimsóknir.

Mögulegur ávinningur: Með breytingunni fær fræðslustjóri aukið svigrúm til að sinna nýjum verkefnum sem koma með nýjum málaflokkum. Boðvald á milli leikskólustjóra og skólaskrifstofu yrði einnig stytt, einnig er lagt upp með að ná sterkari umgjörð um stjórnun leikskólanna. Daggæslumál yrðu unnin í teymisvinnu.

32. Rekstrarverkefni og ritarastörf innan skólaskrifstofu verði endurskipulögð og að hluta færð til miðlægrar þjónustu

Lagt er til að rekstrarverkefni sem sinnt hefur verið á skólaskrifstofu verði færð til miðlægrar þjónustu. Um er að ræða stöðugildi rekstrarstjóra. Þannig verði starfsmönnum sem sinna sambærilegum verkefnum komið fyrir á einum stað. Verkefni rekstrarstjóra verði færð til hagdeildar á fjármálasviði.

Við þær aðstæður þar sem verið er að leita eftir hagræðingu eru tækifæri í því að hafa slíka þjónustu miðlæga. Þar með er eðlilegt að skoða hvort hluti af verkefnum fagsviðanna eigi að koma fyrir inn á fjármálasviði eða stjórnarsýslusviði. Þá verður að teljast eðlilegt að horft sé til þess að launadeildin annist alla launavinnslu fyrir sveitarfélagið. Þar með væri hægt að efla miðlægu þjónustuna og nýta starfsfólk betur í önnur tilfallandi verkefni.

Þá er lagt til að starf afgreiðslufulltrúa skólaskrifstofu verði lagt niður og afgreiðsla skólaskrifstofu verði samþætt þjónustuveri en óheppilegt er að hafa margar afgreiðslur í ráðhúsinu og hefur það einnig í för með sér óskilvirkni í rekstri.

Mögulegur ávinningur: Fækkun um 1 stöðugildi og gæti sparnaður vegna þess verið 7-10 m.kr.

33. Endurskoðun reiknilíkans við úthlutun kennslustunda til grunnskóla

Leitast verði við að tryggja að fjöldi nemenda á hvern kennara sé í samræmi við þarfir og aðstæður á hverjum stað. Þegar horft er til meðalfjölda nemenda í bekkjardeildum í grunnskólunum má sjá að í nokkrum tilvikum eru færri en 22 nemendur í hverri bekkjardeild. Telja má að skipta megi bekkjum upp með skynsamlegri hætti og hvetja þarf skóla að vanda til verka við uppskiptingu árganga.

Áætlaður kostnaður við hverja kennslustund er um 7.500 kr. Ef því líkani sem beitt er í Reykjavík væri beitt í Hafnarfirði má gera ráð fyrir því að úthlutað kennslumagn verði um 3% minna en það er samkvæmt því líkani sem nú er notað. Það þarf hins vegar að horfa til þess að reiknilíkan eitt og sér verður sjaldan það fullkomið að hægt verði að treysta því fullkomlega.

Hér er lagt til að kennslustundaúthlutunin muni byggja á sambærilegu líkani og er notað í Reykjavíkurborg, en fræðslu- og frístundabjónusta bæjarins vinni síðan með skólastjórnendum að nánari útfærslu. Þá má ætla að nýtt vinnumat kennara skapi svigrúm til betri nýtingar starfskrafta en útfærsla þess og samræming mun verða á höndum sviðsstjóra fræðslubjónustu.

Áætlaður sparnaður við að taka upp reiknilíkan það sem notað er í Reykjavík í stað þess sem nú er í notkun er um 60 m.kr. á ári.

Mögulegur ávinningur: Mikill kostnaður getur fallið til ef ekki er rétt staðið að uppskiptingu í bekkjardeildir. Umtalsverðar fjárhæðir gætu sparast en hver skóli þarf að meta aðstæður á hverjum tíma. Áætlaður sparnaður er 55-65 m.kr. sem er um 1% af heildarútgjöldum grunnskóla.

34. Frímínútnagæsla kennara

Lagt er til að horfið verði frá því að láta kennara sinna frímínútnagæslu í yfirvinnu. Kostnaður vegna frímínútnagæslu er nokkur enda í núverandi fyrirkomulagi greitt í yfirvinnu þar sem gæsla af þessu tagi var felld út úr starfi kennara með kjarasamningum 2001. Í nýju vinnumati kennara sem er í lokafrágangi er gert ráð fyrir því að ekki verði greidd yfirvinna fyrir gæslu nema að það geri það að verkum að kennari fái ekki sinn eigin matartíma. Það er því mikilvægt að skólastjórar skipuleggi gæsluna þannig að ekki komi til yfirvinnu. Þá má einnig leitast við að virkja skólaliða og annað starfsfólk í frímínútnagæslu og hverfa frá því að greiða fyrir gæslu með yfirvinnu enda kostnaðarsamt.

Mögulegur ávinningur: Kennarar fái ekki lengur greitt sérstaklega fyrir frímínútnagæslu. Hagræði sem af því hlýst gæti legið á bilinu 5-10 m.kr.

35. Úttekt á auknum kostnaði við akstur fatlaðra barna

Kostnaður við akstur fatlaðra barna hefur aukist verulega frá árinu 2011. Þannig var kostnaðurinn 1,9 m.kr. árið 2011, hækkaði í 4,6 m.kr. árið 2012, í 10,1 m.kr. árið 2013 og 13,9 m.kr. árið 2014. Samtals er hækkunin á þessu tímabili um 626%. Hér þarf að leita skýringa og bera saman hvort

þjónustan hafi verið bætt sem þessum kostnaði nemur eða hvort nýtt fyrirkomulag er einfaldlega of dýrt. Í því sambandi þarf að skoða fjölda notenda þjónustunnar ár frá ári.

Lagt er til að gerð verði úttekt á fyrirkomulagi akstursins, með það að leiðarljósi að lækka kostnað án þess að þjónustustig verði skert.

Mögulegur ávinningur felst í því að kostnaður við akstur fatlaðra barna lækkar. Ef miðað er við þann kostnaðarauka sem fallið hefur til síðustu ár má gera ráð fyrir því að lækka megi þennan kostnað um 5-8 m.kr.

36. Mötuneyti í grunn- og leikskólum

Í kaflanum um fræðslumál kemur fram að í Áslandsskóla er afgangur af rekstri mötuneytisins, en tap er af rekstri mötuneytisins í Hraunvallaskóla. Þessir skólar hafa báðir rekið eigin mötuneyti. Aðrir skólar hafa keypt mat að. Það sama er uppi á teningnum gagnvart leikskólum.

Ástæða er til að fara betur ofan í saumana á þessum kostnaðarlið og kanna hvaða fyrirkomulag hentar best m.t.t. nýtingar og gæða. Í því tilliti verði litið til þess að Hafnarfjörður er þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi samfélag.

Mögulegur ávinningur felst í lækkun á kostnaði við matarinnkaup í skólunum, en nettóframlag bæjarins nam árið 2014 um 47 m.kr.

37. Aðgengi skólastjóra og leikskólastjóra að rekstrarupplýsingum

Lagt er til að upplýsingar um rekstrarkostnað og laun fyrir hvern liðinn mánuð verði aðgengilegar skólastjórum og leikskólastjórum ekki seinna en 10. hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð.

Fram kom í viðtölum að upplýsingar um rekstur og launagreiðslur berist forstöðumönnun fræðsluþjónustu seint. Mikilvægt er að veita stjórnendum sem bera rekstrarlega ábyrgð aðgang að upplýsingum úr bókhaldskerfum og launakerfum eins fljótt og kostur er svo að hægt sé að grípa til ráðstafana, t.d. fari launakostnaður fram úr áætlun hægt að bregðast við og sjá til þess að greiðslur umfram áætlun jafnist út. Það sama á við um rekstrarútgjöld, mikilvægt er að grípa hratt til aðgerða ef ljóst er að útgjöld eru að fara fram úr áætlun.

Mögulegur ávinningur: Bætt eftirlit með rekstri stofnana.

38. Endurskoðun reiknilíkans fyrir úthlutun til leikskóla

Lagt er til að þau viðmið sem notuð eru við úthlutun stöðugilda í leikskólum verði endurskoðuð. Þau viðmið sem eru í notkun eru úr gamalli reglugerð frá 1998. Þrátt fyrir það að hér sé viðmið um úthlutun (ekki regla) þarf sífellt að leitast við að tryggja að mönnun í leikskólum mæti raunverulegri þörf, því er lagt til að núverandi fyrirkomulag verði endurskoðað. Þetta á einnig við um úthlutun vegna sérkennslu, horfa þarf frekar til þess að mæta þörf á hverjum stað fyrir sig frekar en að áætla miðlægt á hvern skóla fyrir sig.

Fram kemur í greiningu að Hafnarfjarðarbær komi illa út úr samanburði á fjölda heilsdagsígilda á hvert stöðugildi. Samanburðurinn gefur umfram stöðugildi upp á 27,3 að meðaltali en 41,9 sé litið til Reykjavíkurborgar. Launakostnaður hjá Hafnarfjarðarbæ vegna umframstöðugilda, sem þessi samanburður sýnir, er því að meðaltali 136 m.kr. en 209 m.kr. sé litið til Reykjavíkurborgar. Þá kemur fram í greiningunni að meðallaun starfsmanna í leikskólum í Hafnarfirði voru lægri en samanburðarsveitarfélögunum árið 2013.

Mögulegur ávinningur: Mönnun mætir raunverulegri þörf. Í ljósi samanburðar ætti að stefna í áföngum að því að Hafnarfjörður sé í góðu meðaltali í samanburði við önnur sveitarfélög og ávinningur af því gæti verið 130-150 m.kr. Hluta af slíkri hagræðingu mætti nota til að bæta kjör leikskólustarfsmanna.

39. Túlkaþjónusta í leikskólum

Til stendur að ráða pólskumælandi starfskraft í þjónustuver. Kostnaður vegna aðkeyptrar túlkaþjónustu er 3,3 m.kr. á árinu 2014 og hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár. Rétt er að nýta þekkingu og reynslu sem starfsmenn sveitarfélagsins hafa þegar það á við, hér má horfa til þess að pólskumælandi starfskraftur í þjónustuveri geti aðstoðað foreldra við skráningu leikskólabarna og sinni almennri upplýsingagjöf eða því sem við á. Því til viðbótar má gera ráð fyrir að hægt sé að flýta fyrir núverandi þjónustu.

Mögulegur ávinningur: Gera má ráð fyrir því að spara megi þriðjung af þeirri upphæð sem fer í aðkeypta túlkaþjónustu eða um 1 m.kr.

40. Innkaup í leikskólum samræmd

Lagt er til að innkaup í leikskólunum verði samræmd enn frekar með það að markmiði að ná niður kostnaði. Fram kom hjá leikskólastjórum að núverandi innkaupafyrirkomulag vegna mötuneytanna megi bæta, sérstaklega innkaup á sérvörum en leikskólar hafa þurft að snúa sér til sérvöruverslana sökum þess að birgjar afhendi slíkar vörur í of stórum einingum. Um er að ræða vörur sem ekki eru notaðar daglega, horfa má til þess að samræma innkaup af þessu tagi svo að leikskólarnir kaupi ekki vörur á óhagstæðum verðum af sérvöruverslunum.

Heildarkostnaður við innkaup á matvælum hjá leikskólum Hafnarfjarðar var 142,2 m.kr. á árinu 2014 og 133,5 m.kr. á árinu 2013. Hækkunin nemur 6,5% sem er 4,5 prósentustigum umfram hækkun vísitölu neysliverðs á milli áranna.

Mögulegur ávinningur: Ef horft er til þess að ná fram sambærilegum kostnaði og var á árinu 2013 má gera ráð fyrir því að með frekari skipulagningu á innkaupum mætti ná fram sparnaði upp á 4-6 m.kr.

41. Breytt fyrirkomulag Námsflokka Hafnarfjarðar

Lagt er til að frístundanám verði lagt niður og Hafnarfjarðarbær leiti eftir samstarfsaðilum vegna áframhaldandi reksturs þess hluta starfseminnar sem tengist símenntun. Ýmis tækifæri eru til

staðar til að efla starfsemina enn frekar í nánun samstarfi við skóla, fyrirtæki, stofnanir, verkafýðsfélög og önnur félagasamtök. Náist ekki að styrkja stoðir Námsflokkanna með þessum hætti er rekstrargrundvöllur þeirra vart fyrir hendi og rétt að skoða það að láta öðrum aðilum verkefnið eftir án aðkomu bæjarins.

Símenntunarmiðstöðvar eru starfandi víðs vegar á landsbyggðinni, oft í samstarfi við atvinnulíf og stéttarfélag og hefur það gefist vel að lykilhagsmunaaðilar á hverju svæði sameinist um markmið með rekstri. Til þess að ná því fram má horfa til þess að breyta eignarhaldi námsflokkanna með beinni aðkomu annarra.

Vægi frístundanáms muni halda áfram að minnka enda breyttar aðstæður og öðruvísi þarfir í þjóðfélaginu. Lagt er til að frístundanám verði lagt niður en á sama tíma lögð enn frekari áhersla á að byggja upp miðstöð símenntunar og sérstakar námsleiðir í samvinnu við háskóla á landsbyggðinni og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Samningur sem í gildi er við Háskólann á Akureyri má endurskoða með það að markmiði að háskólinn taki þátt með beinum hætti í kostnaði sem fellur til vegna nemenda sem sækja nám við skólann í Hafnarfirði.

Með aðgerðinni yrði lögð áhersla á að stunda áfram öfluga fullorðinsfræðslu í sveitarfélaginu en þó með það að markmiði að reksturinn standi undir sér. Takmarka mætti framlag bæjarins við innri leigu vegna húsnæðisins. Rétt er að benda á það að ástand hússins er mjög slæmt og þarfnast viðhalds.

Mögulegur ávinningur: Kostnaður vegna námsflokkanna að undanskilinni innri leigu var 12,5 m.kr. á árinu 2014. Stefnt yrði að því að ná rekstrinum í jafnvægi og á sama tíma efla starfsemina með skuldbindingu frá lykilhagsmunaaðilum í sveitarfélaginu.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta

42. Sameining sviða á Norðurhelli og breytingar á stjórnskipulagi

Lagt er til að skipulags- og byggingarvið verði sameinað umhverfis- og framkvæmdasviði. Sviðið heiti umhverfis- og skipulagsþjónusta. Sviðin hafa verið undir einu þaki um nokkurt skeið og mikil ánægja er með það fyrirkomulag. Með nálægðinni hafa skapast tækifæri til að styrkja samvinnu, meðal annars á sviði umferða- og umhverfismála. Í viðtölum kom fram að eðlilegt væri að stíga skrefinu lengra og sameina sviðin undir einni forystu. Sviðin eru misstór, í kringum 40 starfsmenn á umhverfis- og framkvæmdasviði og 10 starfsmenn skipulags- og byggingarsviði. Ein sterkari heild á Norðurhelli myndi einfalda ásýnd sviðanna gagnvart íbúum og ná fram hagræði í stjórnunarkostnaði.

Með sameiningunni fækkar starfsmönnum sem sinna stjórnun. Með þessu verði starf sviðsstjóra skipulags- og bygginga lagt niður og verkefnum komið fyrir í tveimur nýjum störfum byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúa. Endurskoða þarf störf sem fulltrúar byggingarfulltrúa sinna í dag þar sem þau taka breytingum við þessa aðgerð.

Samhliða þessum breytingum er lagt til að innra skipulag sviðsins verði endurskipulagt á þann veg að umhverfis- og hönnunardeild verði breytt í stoðdeild tækniþjónustu og reksturs. Með þessu verði lögð aukin áhersla á að nýta þá þekkingu sem er til staðar á hönnunardeild þvert á aðrar deildir, má þar nefna nýtingu þekkingar við gerð útboðsgagna og mælinga. Þannig verði dregið úr deildaskiptingu og horft til þess að manna tiltekin verkefni eftir þörfum hverju sinni.

Verkefni rekstrardeildar og umsjónarmanna fasteigna verði færð til þjónustumiðstöðvar. Þjónustumiðstöð verði skilgreind sem sérstök deild inn á hinu nýja sameinaða sviði. Samhliða þeirri breytingu að umsjónarmenn fasteigna verði starfsmenn þjónustumiðstöðvar er líklegt að starfsmenn fái aukinn stuðning í störfum sínum og geti gengið inn í fleiri störf.

Aðrir starfsmenn rekstrardeildar sem skipulagt hafa rekstrar- og viðhaldsverkefni fari inn á nýja stoðdeild tækniþjónustu og reksturs. Í stoðdeild tækniþjónustu og reksturs verði nýframkvæmdir skipulagðar ásamt skipulagningu á viðhaldi allra húseigna. Þannig er gert ráð fyrir því að starf forstöðumanns fasteignafélags verði lagt niður. Umsjónarmaður húseigna sem starfað hefur sem starfsmaður fasteignafélags verður starfsmaður þjónustumiðstöðvar.

Ávinningur: Aukin samvinna, samstarf, betri nýting á starfsmönnum, fækkun um 2-3 stöðugildi. Áætlaður fjárhagslegur ávinningur er um 24-28 m.kr.

43. Rekstur þjónustumiðstöðvar og fasteigna verði sameinaður undir eignasjóði

Lagt er til að rekstur þjónustumiðstöðvar og fasteigna verði sameinaður undir eignasjóði. Með breytingunni myndi eignasjóður leigja út eignir að teknu tilliti til raunverulegs reksturs og viðhaldskostnaðar. Á sama tíma og fyrirkomulagið endurspeglar betur raunverulegan kostnað hefur það þau áhrif að eignasjóður kaupir ekki lengur þjónustu frá þjónustumiðstöð með virðisaukaskatti. Eðlilegt er að bærinn kanni hjá skattayfirvöldum hvort þessi breyting sé fyllilega í samræmi við ákvæði laga um virðisaukaskattskyldu í innri viðskiptum sveitarfélaga.

Mögulegur ávinningur: Í núverandi fyrirkomulagi var greiddur virðisaukaskattur vegna innri þjónustu upp á 8,9 m.kr. og ætlaður ávinningur myndi því nema þeirri upphæð að því gefnu að innri þjónusta verði svipuð á næstu árum.

44. Fjöldi verkstjóra í þjónustumiðstöð og föst yfirvinna yfirmanna

Lagt er til að fjöldi yfirmanna í þjónustumiðstöð verði tekinn til endurskoðunar. Eðlilegt er að horfa til þess að einn yfirmaður sinni yfirumsjón með þjónustumiðstöðinni. Umfang starfseminnar er ekki svo stórt að þörf sé á fjölda millistjórnenda.

Þá verði gengið til samninga við verkstjóra í þjónustumiðstöðinni um fasta þóknun, sem komi í stað útkalla, ónæðis utan reglubundins vinnutíma og bakvaktarálags, sbr. ákvæði kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og samflots bæjarstarfsmanna.

Verkstjórar eru yfirmenn og sem slíkir skipuleggja þeir vinnutíma starfsmanna þjónustumiðstöðvar. Óeðlilegt er að starfsmenn sem fara með skipulag vinnutíma, sem haft getur áhrif á

kjör þeirra fái greitt eftir því hversu mikla yfirvinnu þeir vinna, hvort sem það er í litlu eða ríkum mæli. Allir starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar fá greidda fasta yfirvinnu á bilinu 40 til 70 stundir á mánuði. Auk þess fá þeir greiddar 4 klukkustundir fyrir útköll og fyrir þann tíma sem þeir vinna í kaffitímum.

Mögulegur ávinningur: *Um er að ræða eðlilegra fyrirkomulag en nú er við lýði og að yfirmenn fái föst laun, sem taki þá mið af því álagi sem því fylgir að ákveða hvort kalla þarf menn til vinnu vegna aðstæðna sem krefjast tafarlausra viðbragða starfsmanna þjónustumiðstöðvar. Gera má ráð fyrir fjárhagslegum ávinningi upp á 2-5 m.kr.*

45. Vinnudagur starfsmanna þjónustumiðstöðvar hefjist kl. 8:00 í stað 7:25 og yfirvinna unnin eftir þörfum

Lagt er til að vinnudagur starfsmanna þjónustumiðstöðvar hefjist kl. 8:00 í stað 7:25 og ekki verði gert ráð fyrir því að á hverjum degi séu unnir tveir tímar í yfirvinnu. Vinnutíminn verði þannig skilgreindur frá 8:00 til 16:00 og yfirvinna unnin eftir þörfum.

Launakostnaður hjá þjónustumiðstöðinni er 136 m.kr. og hefur hækkað um 7% frá árinu 2011. Yfirvinna er stór þáttur í heildarlaunakostnaði þjónustumiðstöðvar og nema slíkar greiðslur um 41,5 m.kr. árinu 2014. Á dagvinnutíma vinna starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar sinn hefðbundna vinnudag en að auki 2,0 tíma í yfirvinnu. Fram kom í viðtölum að þetta fyrirkomulag væri ekki endilega í takti við þarfir.

Mögulegur ávinningur: *Sparnaður gæti verið um 12-15 m.kr. á ári.*

46. Vinnutími og bakvaktir almennra starfsmanna í þjónustumiðstöð

Hér er lagt til að samið verði við starfsmenn þjónustumiðstöðvar að í stað bakvakta komi föst yfirvinna eða vaktskipulag eftir því sem við á og að orlof á fasta yfirvinnu verði felld niður (sbr. tillögu 1), enda fá starfsmenn fasta yfirvinnu greidda þegar þeir taka orlof. Svo sem fram kemur í greiningunni hér að framan taka vélamenn í þjónustumiðstöð bakvaktir hluta úr ári.

Kostnaður vegna fastrar yfirvinnu í áhaldahúsi nemur um 29 m.kr. á ári, önnur yfirvinna er um 8,1 m.kr. og kostnaður við bakvaktir um 8,2 m.kr. Auk þess er kostnaður vegna orlofs á fasta yfirvinnu um 3,5 m.kr. og annarrar vinnu um 1,6 m.kr. Samtals nema greiðslur ofan á mánaðarlaun um 50 m.kr. sem er um 82% ofan á mánaðarlaunin.

Á álagstímum, s.s. vegna snjómoksturs, er ekki óeðlilegt að stjórnandi sviðsins skipuleggi vinnutíma vélamanna með þeim hætti að þeir mæti fyrr á morgnana og hefji vinnudag sinn þannig áður en umferð nær hámarki.

Mögulegur ávinningur: *Gera má ráð fyrir því að ávinningur breytinganna geti numið allt að 8-10 m.kr. á ári.*

47. Heimkeyrsla starfsmanna í þjónustumiðstöð verði lögð af

Lagt er til að heimkeyrslu starfsmanna í þjónustumiðstöð verði hætt. Aðgerðin kallar á endurskoðun samninga við starfsfólk.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar eru bæði sóttir og keyrðir heim á ökutækjum miðstöðvarinnar. Má rekja þetta fyrirkomulag til ársins 2001 þegar þjónustumiðstöðin flutti inn á Hellnahraun en þá voru ekki strætósamgöngur í nágrenninu. Tveir bílar sækja starfsmenn og hjá þeim starfsmönnum sem sinna heimakstri styttist bakvaktatíminn um klukkustund að morgni og klukkustund að kvöldi en fá greiddan 1 klst. í yfirvinnu í staðinn.

Þar sem breyttar aðstæður eru uppi í samgöngum inn á svæðið verður fyrirkomulagið að teljast óeðlilegt. Einnig gæti þetta leitt til aukins kostnaðar ef aðrir starfsmenn fara fram á sambærilega þjónustu.

Mögulegur ávinningur: Sparnaður gæti verið 4-5 m.kr. á ári.

48. Samkomulag um frítt fæði í þjónustumiðstöð verði endurskoðað

Lagt er til að samkomulag um frítt fæði hjá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar verði endurskoðað. Starfsmenn í þjónustumiðstöð hafa fengið frítt fæði í mötuneyti og er það ekki í takti við kjör annarra starfsmanna á Norðurhelli. Um er að ræða óeðlilegt fyrirkomulag sem vert er að endurskoða, leitast þarf við að tryggja jafnræði starfsmanna þegar kemur að niðurgreiðslum af þessu tagi og fyrirkomulagið getur skapað óþarfa flækjur ef aðrir starfsmenn fara fram á sambærilega þjónustu. Aðgerðin kallar á endurskoðun samninga við starfsfólk.

Mögulegur ávinningur: Sparnaður gæti verið 3-5 m.kr. á ári. Einnig gæti þetta leitt til aukins kostnaðar ef aðrar starfsmenn fara fram á sambærilega þjónustu.

49. Skráning á útseldri vinnu þjónustumiðstöðvar

Bent var á að í skráningarkerfi verkstjóra innan þjónustumiðstöðvar væri ekki hægt að skrá meira en 6 tíma í útseldri vinnu á dag, þrátt fyrir að fjölmörg dæmi væru um verkefni sem taki yfir 6 tíma. Breyta þarf þessari högun svo að skráning og bókun á innri þjónustureikningum sé rétt hjá sveitarfélaginu.

Mögulegur ávinningur: Aðgerðin yrði til þess að kostnaðarskráning verði rétt og raunkostnaður verkefna færast með réttu á þau verkefni sem eiga að bera kostnaðinn.

50. Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar vinni ekki önnur störf á dagvinnutíma nema með leyfi næsta yfirmanns og bæjarstjóra

Lagt er til að það verði meginregla að starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar vinni ekki önnur störf á dagvinnutíma. Fari starfsmenn í önnur störf þarf að horfa til þess að minnka starfshlutfall á mótí. Í greiningu kemur fram að dæmi sé um að starfsmenn sinni öðrum störfum á dagvinnutíma án þess

að á móti komi skert starfshlutfall. Með þessu móti verði tryggt að slíkt sé ætíð upp á yfirborðinu og að undanegndu samþykki yfirmanna í öllum tilvikum.

